Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál 2025

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið

Hvernig mætir Ísland breyttri heimsmynd?

Heimsmyndin er breytt. Á undanförnum misserum hefur molnað undan grundvallargildum alþjóðasamfélagsins – lýðræði, frelsi og mannréttindum. Á sama tíma hefur spenna í alþjóðakerfinu aukist og samstaða ríkja veikst, auk þess sem átök geisa víða. Ísland er ekki undanskilið þessari þróun þrátt fyrir landfræðilega legu okkar og smæð.

Allsherjarinnrás Rússlands í Úkraínu heldur áfram að setja svip á öryggisumhverfi Evrópu. Þar er ekki aðeins um að ræða blóðugt innrásarstríð heldur atlögu að þeim reglum og gildum sem alþjóðakerfið er byggt á. Þessi þróun er sérstaklega alvarleg fyrir lítið ríki eins og Ísland, sem reiðir sig á almenna virðingu fyrir alþjóðalögum og samvinnu ríkja. Í stuðningi okkar við Úkraínu birtist því ekki aðeins siðferðileg afstaða – hann er liður í því að tryggja öryggi okkar og stöðu í samfélagi þjóðanna.

Óvissa í samskiptum helstu bandalagsríkja hefur aukist. Samband Evrópu og Bandaríkjanna, sem lengi hefur verið burðarás í alþjóðakerfinu, hefur veikst og er ófyrirsjáanlegra en áður. Breyttar áherslur í utanríkisstefnu Bandaríkjanna og aukin verndarhyggja í alþjóðaviðskiptum kalla á endurmat meðal Evrópuríkja og bandamanna þeirra, þar á meðal Íslands.

Í ljósi þessarar þróunar er brýnt að Ísland haldi áfram að vera virkur og ábyrgur þátttakandi í alþjóðasamstarfi. Öryggi okkar byggist á sterkum og góðum tengslum við bandalagsríki og þátttöku í starfsemi alþjóðastofnana. Við þurfum jafnframt að leggja meira af mörkum sjálf, bæði í öryggis- og varnarmálum, og í samstarfi við ríki sem deila með okkur sameiginlegum gildum.

Íslenskt samfélag hefur ekki farið varhluta af þeim breytingum sem nú eiga sér stað. Nýlegar kannanir sýna að áhyggjur almennings af þróun alþjóðamála hafa aukist verulega. Flestir upplifa þó Ísland sem öruggt land og það er mjög jákvætt. Hins vegar má á sama tíma greina vissa tilhneigingu til þess að líta svo á að ástandið í heimsmálunum um þessar mundir sé tímabundið – allt muni aftur hverfa til fyrra horfs þegar storminn lægir. Það er skiljanlegt að vonast eftir slíku, en varasamt að gera ráð fyrir því. Nágrannar okkar í Evrópu telja þessa þróun kerfislæga en ekki tímabundna. Það krefst skýrra viðbragða og stefnumótunar.

Nú er ekki rétti tíminn til þess að grafa sig í fönn. Ísland getur ekki tryggt hagsmuni sína með því að halda sig til hlés. Þvert á móti felst styrkur okkar í því að taka þátt, tala skýrt og standa með þeim gildum sem hafa tryggt okkur frið og velsæld.

Reynsla síðustu áratuga sýnir að djarfar ákvarðanir í alþjóðasamstarfi hafa reynst Íslandi farsælar. Aðild að Atlantshafsbandalaginu, þátttaka í EFTA og EES-samningnum eru dæmi um stefnumótandi skref sem hafa styrkt stöðu landsins til lengri tíma. Við stöndum á krossgötum þar sem meta þarf hvernig öryggi, efnahagsleg velferð og staða Íslands í samfélagi þjóðanna verður best tryggð til framtíðar.

Í þeirri vinnu þarf að hafa hugrekki til að skoða alla valkosti og taka upplýstar ákvarðanir. Þjóðaratkvæðagreiðsla um áframhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið er liður í því að gefa þjóðinni raunverulegt val – val um það hvert hún vill stefna og á hvaða forsendum í gjörbreyttum heimi. Á slíkum tímamótum er rétt að þjóðin segi skoðun sína á því hvernig hún vill tryggja hagsmuni sína til framtíðar.

Þegar gjörningaveður geisar er freistandi að lækka róminn, halda sig til hlés og vona að storminn lægi. En það er einmitt þá sem á reynir. Við stöndum ekki vörð um hagsmuni Íslands með því að grafa okkur í fönn. Við gerum það með því að standa keik – með skýra sýn og hugrekki til að taka ákvarðanir. Það er íslenska leiðin.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, utanríkisráðherra

Umbreytingaárið 2025
– *Silent enim leges inter arma*

Á þingfundi sem settur var klukkan 2:25 aðfararnótt 10. apríl 1940 tóku Íslendingar utanríkismál að öllu leyti í eigin hendur. Daginn áður höfðu Þjóðverjar hertekið Danmörku. Venjan er að miða upphaf íslensku utanríkisþjónustunnar við þetta ár og markaði 2025 því 85 ára afmæli hennar. Fimm árum síðar lauk síðari heimsstyrjöldinni og allar götur síðan höfum við búið við það alþjóðakerfi sem þá var fest í sessi. Ljóst er að þetta kerfi leikur nú á reiðiskjálfi og eru þar að verki réttnefndir ógnarkraftar sögunnar.

Silent enim leges inter arma – „lögin þagna á tímum ófriðar" – skrifaði stjórnspekingurinn Cíceró á miklum umbrotatímum í sögu Rómaveldis og má auðveldlega heimfæra þessa áminningu hans upp á heimsmyndina sem blasir við okkur í dag. Grafið er undan alþjóðalögum, stórveldi láta hin minni kenna aflsmunar, og öryggisjónarmið hafa í auknum mæli áhrif á samskipti ríkja.

Þessi þróun setti svip sinn á hér um bil alla starfsemi íslenskrar utanríkisþjónustu á 85 ára afmælisári hennar.

Á sviði alþjóðastjórnmála hafa íslensk stjórnvöld talað skýrt fyrir virðingu fyrir lögum, mannúð, mannréttindum og sjálfsákvörðunarrétti þjóða, sem víða eiga undir högg að sækja. Ísland hefur jafnframt tekið virkan og uppbyggilegan þátt í fjölþjóðlegu samstarfi og sýnt mikla staðfestu í stuðningi sínum við Úkraínu.

Í varnarmálum hefur breytt staða í Evrópu eftir innrásina í Úkraínu kallað á róttækt endurmat. Á árinu var lögð fram fyrsta formlega stefna Íslands í öryggis- og varnarmálum og unnið að aðgerðaáætlun sem byggir bæði á henni og getumarkmiðum sem Atlantshafsbandalagið hefur sett Íslandi. Unnið var skipulega að því að styrkja stoðir varna og öryggis Íslands.

Á sviði þróunarsamvinnu var stutt af miklum þrótti við áherslustofnanir Íslands svo þær geti sinnt hlutverki sínu á tímum sem einkennast af miklu umróti og minni fjárframlögum lykilríkja til

Fyrstu fundir allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna fóru fram í London en árið 1951 flutti starfsemin loks til New York.

Thor Thors, fulltrúi ríkisstjórnar Íslands, undirritar yfirlýsingu um að Ísland samþykki sáttmála Sameinuðu þjóðanna hinn 19. nóvember 1946.

Hans G. Andersen, fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, kveður sér til hljóðs á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 1986. Honum á hægri hönd er Helgi Gíslason.



Áslaug Skúladóttir glaðbeitt við ritvélina. Myndin tekin á sjötta áratugnum. Áslaug starfaði í utanríkisþjónustunni frá 1945-1994.

Lýðveldisdaginn 17. júní 1944 var skjaldarmerki konungsríkisins Íslands fjarlægt af sendiráðinu í Washington. F.v: Þórhallur Ásgeirsson (síðar ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins), Henrik Sv. Björnsson sendiráðsritari (síðar ráðuneytisstjóri) og Thor Thors, sendiherra.

Þjóðverjar hertaka Danmörku 9. apríl 1940 sem leiddi til stofnunar íslensku utanríkisþjónustunnar næsta dag. Myndin er frá flugvellinum í Kaupmannahöfn.

Á sviði alþjóðastjórnmála hafa íslensk stjórnvöld talað skýrt fyrir virðingu fyrir lögum, mannúð, mannréttindum og sjálfsákvörðunarrétti þjóða, sem víða eiga undir högg að sækja.

málaflokksins. Þá var stuðningur við mannréttinda- og jafnréttismál aukinn þar sem áhersla var lögð á hinsegin réttindi, kynjajafnrétti og bætt kyn- og frjósemisheilbrigði og réttindi þar að lútandi.

Þá blasir sömuleiðis við nýr veruleiki í alþjóðaviðskiptum þar sem áhersla á fríverslun og opna markaði er ekki lengur sjálfgefin. Verndarhyggju hefur vaxið ásmegin og utanríkisviðskipti haldast nú í auknum mæli í hendur við öryggis- og varnarsjónarmið. Þetta breytta landslag kallar á enn ríkari hagsmunagæslu íslenskra stjórnvalda.

Á ólgutímum reynir á grundvallargildi. Rími sagan rímar ábyrgð ríkja líka. Fyrir smáríki eins og Ísland er traust alþjóðakerfi ekki aðeins stefnumál heldur forsenda fullveldis, öryggis og velferðar. Því er brýnt að standa vörð um alþjóðalög og lýðræðisleg gildi – og sjá til þess að þau þagni ekki í brotsjónum sem nú dynur á alþjóðakerfinu, heldur styrkist við álagið.

Efnisyfirlit

1 Alþjóðastjórnmál 10

1.1 Efst á baugi: Velferð Íslands helst í hendur við traust alþjóðakerfi 11

1.2 Úkraína 11
Stuðningur Íslands við Úkraínu 12
Mannúðar- og efnahagsstuðningur 12
Varnartengdur stuðningur 13
Ábyrgðarskylda 15

1.3 Átök fyrir botni Miðjarðarhafs 16

1.4 Alþjóðlegt samstarf um mannréttindi og frelsi 18
Mannréttindi og lýðræðisleg gildi 18
Alþjóðlegt kynjajafnréttisstarf 18

1.5 Starfið hjá alþjóðastofnunum 22
Sameinuðu þjóðirnar í New York 22
Ísland í mannréttindaráði Sameinuðu þj. 24
Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna 26
Evrópuráðið 27
Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu 28

1.6 Umhverfis-, loftslags- og orkumál 29
Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar 29
Aðlögunarsjóðurinn 29
Græni loftslagssjóðurinn 29
Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna 29
Sjálfbær orka fyrir alla 29
Alþjóðastofnun um endurnýjanlega orkugjafa 29
Fjármögnunarstofnun um endurnýjanlega orkugjafa 29
Norræni þróunarsjóðurinn 30
NDC-samstarfsnetið 30

1.7 Málefni hafsins og fiskveiðisamningar 31
Fiskveiðisamningar 31
Bláfæðubandalagið 32
Alþjóðahaffræðinefnd Mennta-, vísinda-, og menningarmálastofnunar Sameinuðu þj. . 32

1.8 Svæðisbundið samstarf 34
Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja ... 34
Norðurslóðir 35
Annað svæðisbundið samstarf 36

1.9 Tvíhliða samvinna 36
Norðurlöndin 36
Danmörk 37
Noregur 37
Svíþjóð 37
Finnland 38
Grænland 38
Færeyjar 38
Evrópusambandið og aðildarríki þess 38
Þýskaland 38
Frakkland 40
Spánn 40
Pólland 41
Bandaríkin 41
Bretland 42
Kína 44
Indland 44
Japan 46
Kanada 46

1.10 Þjóðréttarmál 47
Alþjóðlegir dómstólar 47
Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn 47
EFTA-dómstóllinn 48
Evrópudómstóllinn 48
Þvingunaraðgerðir 49
Hafréttur 50
Tvíhliða og alþjóðlegir samningar 50

2 Öryggis- og varnarmál 52

2.1 Efst á baugi: Breytt öryggisumhverfi – viðsjárverð staða 53

2.2 Ný varnarstefna markar tímamót 54

2.3 Atlantshafsbandalagið 55
Sögulegar ákvarðanir um aukin varnarútgjöld 55
Stuðningur við varnarbaráttu Úkraínu 55
Norður-Atlantshaf og norðurslóðir 56
Fæling og varnir í forgrunni 5
Aukið samstarf Atlantshafsbandalagsins við Evrópusambandið og samstarfsríki 57

2.4 Varnarsamstarf við Bandaríkin 58

2.5 Svæðisbundið og annað tvíhliða varnarsamstarf 59
Norræna varnarsamstarfið 5
Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin 60
Sameiginlega viðbragðssveitin (JEF) 60
Norðurslóðir 61
Tvíhliða grannríkjasamstarf 61

2.6 Afvopnunarmál 63
Afvopnunarmál 63
Efst á baugi um kjarnorkuafvopnunarmál ... 63
Jarðsprengjusamningurinn. 63
Af vettvangi Efnavopnastofnunarinnar 63
Nýjar ógnir 63
Útflutningseftirlit 63
Hergagnaflutningar 64

2.7 Fjölþáttaógnir 64
Netöryggi 64
Öryggi neðansjávarinnviða 65
Upplýsingaóreiða 65
Áfallaþol. 66

2.8 Framkvæmd varnartengdra verkefna á Íslandi 66
Loftrýmisgæsla 66
Varnaræfingar og áætlanir 67
Önnur viðvera erlends liðsafla 67
Gistiríkjastuðningur og innviðir 68
Útsendir sérfræðingar 69
Samstarf við atvinnulífið – Tækni með tvíþætt notagildi 70

3 Þróunarsamvinna 71

3.1 Efst á baugi: Breytt landslag kallar á skarpari áherslur 72
Yfirlit yfir skiptingu framlaga til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu 72

3.2 Tvíhliða þróunarsamvinna 72
Áskoranir og árangur á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis og -réttinda. 73
Skólamáltíðir ræktaðar í heimabyggð 74
Kyn- frjósemisheilbrigði helstu tölur 2025... 74
Skólamáltíðarverkefni Íslands og WFP í tvíhliða þróunarsamvinnu 75
Árangur í Nkhotakota héraði 2025 75
Malaví. 76
Síerra Leóne. 77
Árangur í Mangochi héraði 2025 77
Samstarf við UNFPA um útrýmingu fæðingarfistils í Síerra Leóne 2025 78
Úganda. 79
Árangur í Buikwe héraði í Úganda 2014-2025 79

3.3 Mannúðaraðstoð 80
Vatns- og hreinlætisverkefni í Úganda 80
Mannúðaraðstoð eftir löndum. 81
Stuðningur við áherslustofnanir 81

Efnisyfirlit

3.4 Fjölþjóðleg þróunarsamvinna 82
Alþjóðabankinn 82
Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna 82
Dæmi um árangur UN Women 2024-2025 ... 82
Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna 83
Dæmi um árangur UNICEF 83
Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna 84
Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar 84
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna 84
Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna 84

3.5 GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu . 85

3.6 Samstarf við frjáls félagasamtök 86
Framlög utanríkisráðuneytisins vegna rammasamninga við félagasamtök í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð 2025 87
Styrkveitingar til verkefna íslenskra félagasamtaka 2025 87
Kort 88
Verkefni félagasamtaka 2025 88
Sögur af vettvangi 88

3.7 Samstarf við atvinnulífið 90
Heimsmarkmiðasjóður 90
Nýsköpun 90
Aðgerðabandalag um örvun fjárfestinga í þróunarríkjum 90
Tæknileg ráðgjöf 91
Þróunarsamvinnunefnd 91

4 Utanríkisviðskipti 92

4.1 Efst á baugi: Nýr veruleiki verndarhyggju blasir við 93

4.2 Evrópska efnahagssvæðið 93

4.3 Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) 94

4.4 Aðrir samningar sem tengjast utanríkisviðskiptum 94
Loftferðasamningar 94
Tvísköttunarsamningar 95
Samningar um vinnudvöl ungs fólks 96
Samningur um loftslagsbreytingar, viðskipti og sjálfbærni 96

4.5 Schengen-samstarfið 96

4.6 Fjölþjóðlegt viðskiptasamstarf 97
Alþjóðaviðskiptastofnunin 97
Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) 97
Viðskiptaþjónusta og samstarf við Íslandsstofu 98
Endurskoðuð útflutningsstefna 98
Vel heppnuð norræn þátttaka á EXPO 2025 í Osaka 99
Feneyjatvíæringur í arkítektúr 101
Menningarsamstarf við Úkraínu 101

4.7 Vöru- og þjónustuviðskipti – helstu tölur ... 102
Út- og innflutningur eftir helstu viðskiptalöndum 102
Út- og innflutningur eftir helstu ríkjahópum og heimsálfum 103
Stærstu útflutningslönd Íslands 10
Vöruútflutningur eftir vörutegundum 10
Fiskeldi sem hluti af landbúnaðarútflutningi . 10
Þjónustuútflutningur eftir flokkum 104

5 Borgaraþjónusta og upplýsingamál 105

5.1 Efst á baugi: Metár í umsóknum um vegabréfsáritanir til Íslands 106

5.2 Borgaraþjónustumál 106

5.3 Áritanamál 107
Metár í fjölda umsókna 108

5.4 Upplýsingamál 109

6 Rekstur utanríkisþjónustunnar 111

6.1 Rekstur utanríkisþjónustunnar 112

6.2 Rekstrarmál 112
Húsnæðismál 112
Skjalastjórn 112
Tölvu-, tækni- og öryggismál 112
Skipting heildarútgjalda til utanríkismála eftir málaflokkum 114

7 Sendiskrifstofur 115

7.1 Sendiskrifstofur Íslands 116
Sendiráð Íslands í Berlín 118
Sendiráð í Brussel 119
Sendiráð í Freetown 120
Sendiráð í Helsinki 121
Sendiráð í Kampala 122
Sendiráð í Kaupmannahöfn 123
Sendiráð í Lilongwe 124
Sendiráð í London 125
Sendiráð í Madríd 126
Sendiráð í Nýju-Delí 127
Sendiráð í Osló 128
Sendiráð í Ottawa 129
Sendiráð og fastanefndir Íslands í París 130
Sendiráð í Peking 131
Sendiráð og fastanefnd í Róm 132
Sendiráð í Stokkhólmi 133
Sendiráð Íslands í Tókýó 134
Sendiráð í Varsjá 135
Sendiráð og fastanefnd í Vín 136
Sendiráð í Washington 137
Fastanefnd Atlantshafsbandalagsins 138
Fastanefnd og sendiráð í Genf 139
Fastanefnd í New York 140
Fastanefnd í Strassborg 141
Aðalræðisskrifstofa í Nuuk 142
Aðalræðisskrifstofa í Winnipeg 143
Aðalræðisskrifstofa í Þórshöfn 144

7.2 Samskipti við sendiskrifstofur erlendra ríkja 145
Afhending trúnaðarbréfa 146
Ræðisskrifstofur erlendra ríkja á Íslandi 146
Ræðismenn Íslands erlendis 146
Sendiráð Íslands, fastanefndir gagnvart alþjóðastofnunum og aðalræðisskrifstofur Íslands 146
Skammstafanir 148
Atriðisorðaskrá 150

1 Alþjóðastjórnmál

Fyrir Ísland er valið skýrt. Við munum ávallt standa vörð um jafnrétti, virðingu fyrir alþjóðalögum og frið.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, utanríkisráðherra, ásamt starfsbræðrum sínum – Marco Rubio, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Caspar Veldkamp, þáverandi utanríkisráðherra Hollands, Espen Barth Eide, utanríkisráðherra Noregs, og Lars Løkke, utanríkisráðherra Danmerkur, á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Haag í júní 2025. Mynd: Utanríkisráðuneytið.

1.1 Efst á baugi: Velferð Íslands helst í hendur við traust alþjóðakerfi

Áfram heldur að hrikta í stoðum þess alþjóðakerfis sem sett var á laggirnar í kjölfar síðari heimstyrjaldarinnar. Grafið hefur verið undan þeim lögum og skuldbindingum sem gilda í samfélagi þjóðanna og víða eiga mannréttindi, lýðræði og frelsi einstaklingsins undir högg að sækja. Þetta eru gildi sem skipta Ísland gríðarlega miklu máli. Stórveldi sækja í sig veðrið og beita æ oftar aflsmunum í samskiptum sínum við önnur ríki. Hagsmunir, öryggi og velferð Íslands eru nátengd því að alþjóðakerfið standi traustum fótum og taka íslensk stjórnvöld því virkan þátt í samstarfi ríkja, m.a. á vettvangi stofnana eins og Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagsins, með þessi grunngildi að leiðarljósi. Þá hafa stjórnvöld verið staðföst í stuðningi við Úkraínu í kjölfar allsherjarinnrásar Rússlands, enda er þróun mála þar nátengd öryggi og vörnum Evrópu. Á norðurslóðum hefur Ísland látið meira til sín taka og ljóst er að ekki mun draga úr alþjóðlegum áhuga á svæðinu. Stjórnvöld hafa einnig beitt rödd sinni með ákveðnari hætti í málefnum Palestínu – og þá sérstaklega Gaza – og veitt aðstoð til mannúðarmála og uppbyggingar.

Haustið 2024 var Ísland kjörið til setu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna 2025-2027 og á þessu fyrsta ári töluðu íslensk stjórnvöld skýrt fyrir mannréttindum og margvíslegum gildum sem nú eiga á brattann að sækja, auk þess að vera í forystu þegar kemur að mannréttindum í Íran. Þá eru þjóðréttarmál og virðing fyrir alþjóðalögum leiðarljós í allri málafylgju Íslands á alþjóðavettvangi. Þessi áhersla hefur m.a. birst í þeirri grundvallarafstöðu íslenskra stjórnvalda að það sé Grænlendinga sjálfra að ákveða framtíð Grænlands. Jafnframt eru málefni hafsins, sjálfbær nýting auðlinda og umhverfis-, loftslags- og orkumál áfram í forgangi. Samhliða er aukin áhersla lögð á að efla svæðisbundið samstarf, einkum með nánu samráði við Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin og virkum samskiptum við nánustu bandalagsríki.

1.2 Úkraína

Ólöglegt landvinningastríð Rússlands sem hófst með allsherjarinnrás í Úkraínu í febrúar 2022 er bein aðför að grundvallargildum alþjóðakerfisins og alvarlegasta öryggisógn í Evrópu frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Stuðningur við varnarbaráttu Úkraínu er barátta fyrir alþjóðalögum, fullveldi og sjálfsákvörðunarrétti allra ríkja. Ísland hefur frá fyrsta degi innrásarinnar verið samstíga bandalags- og samstarfsríkjum í stuðningi við Úkraínu og tekið virkan þátt í pólitísku samráði og samstöðuaðgerðum, þar á meðal með varnartengdum stuðningi, mannúðar- og efnahagsstuðningi, þátttöku í þvingunaraðgerðum og áherslu á ábyrgðarskyldu Rússlands.

Íslenskir ráðamenn heimsóttu Úkraínu nokkrum sinnum á árinu. Utanríkisráðherra heimsótti Úkraínu 7. janúar 2025 og átti þar fundi með með Denys Shmyhal, þáverandi forsætisráðherra, og Andrii Sybiha, utanríkisráðherra, þar sem frekari stuðningur við enduruppbyggingu orkuinnviða, útflutning á úkraínsku korni, sprengjuleit og -eyðingu, og hergagnaframleiðslu Úkraínu var í brennidepli. Forsætisráðherra heimsótti Kyiv 24. febrúar 2025 og tók þátt í minningarathöfn og leiðtogafundi í tilefni af því að þrjú ár voru liðin frá allsherjarinnrásinni. Í ávarpi sínu áréttaði forsætisráðherra eindreginn stuðning Íslands við Úkraínu og að tryggja yrði réttlátan og langvarandi frið sem byggist á öryggistryggingum. Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra undirritaði uppfærðan fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Úkraínu í Kyiv í apríl og þá heimsótti forseti Alþingis Úkraínu í mars. Auk þess heimsótti biskup Íslands Úkraínu í september ásamt höfuðbiskupum Norðurlandanna.

Á alþjóðavettvangi hófust friðarumleitanir bandarískra stjórnvalda skömmu eftir embættistöku Donalds Trump í janúar 2025. Ekki leið á löngu þar til skriður komst á samskipti Bandaríkjanna og Rússlands og stjórnvöld vestanhafs þrýstu á Evrópuríki að taka aukna forystu hvað varnartengdan stuðning áhrærir. Úkraínsk stjórnvöld áttu nokkuð í vök að verjast á pólitíska sviðinu en hafa ávallt verið reiðubúin til friðarviðræðna. Áhersla þeirra er að viðvarandi friður haldist í hendur við trúverðugar öryggistryggingar sem komi í veg fyrir að Rússar ráðist á landið á nýjan leik. Vinna við útfærslu á öryggistryggingum hefur einkum átt sér stað í ranni ríkjahóps til stuðnings Úkraínu (e. Coalition of the Willing). Ísland hefur tekið þátt í störfum hópsins, sem fundaði nokkuð reglulega á leiðtogastigi á árinu 2025, auk þess sem virkt samráð hefur verið á embættismannastigi. Bretar, Frakkar og Þjóðverjar hafa leitt þetta starf sem reynst hefur mikilvægt innlegg í friðarumleitanir.

Á sama tíma hafa rússnesk stjórnvöld drepið á dreif öllum tilraunum Bandaríkjaforseta til að stilla til friðar með því að halda til streitu ítrustu kröfum um eftirgjöf af hálfu Úkraínu. Til að mynda krefjast Rússar þess að Úkraína verði hlutlaust ríki sem ekki geti fengið aðild að Atlantshafsbandalaginu, að herafli landsins verði það veikburða að hann geti ekki varið landið og að Úkraína gefi eftir a.m.k. allt Donbass-hérað og hörfi þannig frá svæðum sem rússneska hernum hefur mistekist að leggja undir sig þrátt fyrir fjögurra ára stríðsrekstur.

Í lok árs 2025 hafa Rússar hernumið um 20 prósent af öllu landsvæði Úkraínu. Líkt og á árinu 2024 var sókn rússneskra hersveita mjög hæg en á tólf mánaða tímabili náðu þær eingöngu um 0,8% af landsvæði Úkraínu. Varnarlínur Úkraínu, einkum dróna- og loftvarnir, héldu þannig sóknaraðgerðum Rússa að mestu í skefjum og þvinguðu þá í afar mannskæðar fótgönguliðsárásir. Það er mat bandarísku hugveitunnar CSIS að frá upphafi allsherjarinnrásarinnar þar til í janúar 2026 hafi 1,2 milljónir rússneskra hermanna fallið, særst eða verið teknar til fanga.

Stríðsrekstur Rússlands hefur valdið ómældum hörmungum fyrir almenna borgara í Úkraínu. Dróna- og flugskeytaárásir jukust verulega eftir því sem leið á árið og hafa aldrei verið umfangsmeiri en á árinu 2025. Samtals skutu Rússar 54 þúsund drónum og meira en 1.900 eldflaugum á Úkraínu á árinu. Samkvæmt opinberum tölum skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna létu hið minnsta 2.514 almennir borgarar lífið og 12.142 særðust árið 2025 vegna stríðsreksturs Rússlands, sem er 31% aukning frá árinu áður. Samtals hafa fimmtán þúsund almennir borgarar látið lífið og 41 þúsund særst frá því í febrúar 2022 en Sameinuðu þjóðirnar telja að raunverulegar tölur séu hærri.

Auknar og harðari loftárásir Rússlands frá og með október 2025 beindust einkum að orkuinnviðum Úkraínu sem hefur valdið alvarlegasta neyðarástandi í landinu frá upphafi allsherjarinnrásarinnar. Rússar beita þungum hrammi vetrarins sem vopni sem ætlað er að lama baráttuþrek þjóðarinnar og veikja samningsstöðu úkraínskra stjórnvalda. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna áætlar að í árslok 2025 hafi 5,9 milljónir Úkraínumanna verið á flótta í öðrum löndum, þar af 5,3 milljónir í Evrópu og 3,7 milljónir á vergangi innanlands. Þá er áætlað að 12,7 milljónir borgara þurfi á mannúðaraðstoð að halda. Samkvæmt sameiginlegu mati Alþjóðabankans, Sameinuðu þjóðanna, Evrópusambandsins og úkraínskra stjórnvalda hafa híbýli þriggja milljóna manna, eða um fjórtán prósent allra heimila í landinu, verið lögð í rúst eða alvarlega skemmd af völdum hernaðar Rússa. Áætlað er að heildarkostnaður við endurreisn landsins nemi 588 milljörðum bandaríkjadala á næstu tíu árum.

Stuðningur Íslands við Úkraínu

Grundvöllur stuðnings Íslands við Úkraínu er samningur ríkjanna sem undirritaður var 31. maí 2024 og vísar til þingsályktunar Alþingis frá 29. apríl 2024.

Í þessari þingsályktun um stefnu um stuðning Íslands við Úkraínu 2024–2028 segir að heildarframlög vegna Úkraínu á tímabilinu skuli taka mið af stuðningi Norðurlandanna og koma til viðbótar öðrum framlögum til utanríkis-, varnar- og þróunarmála. Heildarstuðningur Íslands frá upphafi allsherjarinnrásarinnar 2022 til desember 2025 nemur samtals rúmlega 15,3 milljörðum kr. Skiptist það í um 8,9 milljarða kr. í varnartengdan stuðning og um 6,5 milljarða kr. í mannúðar- og efnahagsstuðning. Á árinu 2025 námu heildarframlög 5,9 milljörðum króna sem skiptist í 3,8 milljarða kr. í varnartengdan stuðning og 2,1 milljarða kr. í mannúðar- og efnahagsstuðning.

Mannúðar- og efnahagsstuðningur

Í mannúðar- og efnahagsstuðningi við Úkraínu hefur frá upphafi verið lögð áhersla á að veita bæði hjálp og stuðning við að viðhalda grunnþjónustu, efnahag og innviðum landsins. Stuðningurinn tekur mið af stefnu Íslands á sviði þróunarsamvinnu og byggist á þörfum og forgangsröðun úkraínskra stjórnvalda. Samhliða áframhaldandi stuðningi í gegnum áherslustofnanir Íslands voru á árinu veitt framlög í gegnum íslensk samstarfsverkefni og félagasamtök.

Stuðningur var áfram veittur fyrir atbeina Alþjóðabankans sem gegnir lykilhlutverki í Úkraínu þegar kemur að uppbyggingu innviða og efnahags, stjórnsýslulegri umbótavinnu og auknum fjárfestingum í landinu. Bankinn hefur verið lykilsamstarfsaðili íslenskra stjórnvalda frá upphafi innrásarstríðsins. Hann á náið samráð við úkraínsk stjórnvöld um að skilgreina hvar þörfin er brýnust hverju sinni og gegnir veigamiklu hlutverki við að stuðla að umbótum.

Í ljósi brýnnar þarfar á styrkingu og enduruppbyggingu orkuinnviða var áfram lögð áhersla á stuðning til orkumála. Var það annars vegar gert með framlögum í sérstakan orkusjóð fyrir Úkraínu sem fjárfestir í nauðsynlegum búnaði til að tryggja rekstur orkuinnviða í landinu og hins vegar til orkuverkefnis Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP). Þar var framlagi Íslands varið í að styðja við innviði sem tryggja munu um 25 þúsund manns bættan aðgang að rafmagni, vatni og húshitun. Til viðbótar við ofangreind verkefni var áfram horft til þróunar og nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa, einkum á sviði jarðhita. Þá felst hluti af stuðningnum í þjálfun á vegum jarðhitaskóla GRÓ og tóku um 40 sérfræðingar þátt í fyrsta námskeiðinu sem fór fram í nóvember 2025.

Ísland hélt stuðningi við jafnréttismál í Úkraínu áfram gegnum Mannfjöldasjóð Sameinuðu

þjóðanna (UNFPA). Að auki hafa íslensk stjórnvöld stutt við kvennasamtök í Úkraínu gegnum sérstakan friðar- og mannúðarsjóð sem stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (e. UN Women) heldur utan um.

Málefni barna voru ekki síður ofarlega á baugi og má þar nefna stuðning við verkefni UNICEF um barnahús í Úkraínu. Verkefnið er byggt á íslenskri fyrirmynd og miðar að því að veita börnum sem verða fyrir ofbeldi, áreiti eða misnotkun úrræði á þeirra forsendum. Fimmtán barnahús hafa nú litið dagsins ljós víðsvegar í Úkraínu. Sérfræðingar frá Barnahúsi á Íslandi hafa lagt fram stuðning til verkefnisins og var í nóvember sl. haldið námskeið í Lviv í Úkraínu þar sem íslenskir sérfræðingar veittu úkraínskum kollegum sínum fræðslu og þjálfun.

Tveimur nýjum samstarfsverkefnum var ýtt úr vör á árinu en bæði hafa þau að markmiði að styðja við fólk sem býr við skert lífsgæði vegna hreyfihömlunar eða útlimamissis. Annars vegar er um að ræða verkefnið „Römpum upp Úkraínu“ sem hefur að markmiði að byggja þúsund rampa í landinu til að bæta aðgengi. Hins vegar er það samstarfsverkefni íslenskra stjórnvalda, samtakanna Future for Ukraine og Embla Medical um að veita allt að eitt þúsund manns stoðtæki og tengda þjónustu í Kyiv. Í báðum tilfellum er um að ræða verkefni þar sem samstarfsaðilar standa straum af stórum hluta kostnaðar og eru þau því aðeins að hluta til fjármögnuð af íslenskum stjórnvöldum.

Varnartengdur stuðningur

Að hjálpa Úkraínumönnum að verja sig er einn af fimm áhersluþáttum sem tilgreindir eru í stefnu um stuðning Íslands við landið. Þar kemur jafnframt fram að þunginn í þessum varnartengda stuðningi Íslands muni áfram liggja í framlögum í fjölþjóðlega sjóði sem kaupa hergögn og birgðir og tvíhliða verkefnum sem grundvallast á beiðnum úkraínskra stjórnvalda eða bandalagsríkja um sértækan stuðning. Þó að Ísland búi ekki yfir hergögnum eða sérþekkingu á hernaðarsviðinu sem nýtist í varnarbaráttu Úkraínu er getan til að bregðast skjótt við beiðnum mikill styrkleiki.

Í júní 2024 samþykktu leiðtogar ríkja Atlantshafsbandalagsins að verja sameiginlega a.m.k. 40 milljörðum evra árlega til varnartengdra verkefna til að styðja Úkraínu. Upphæðin skiptist milli bandalagsríkja í samræmi við landsframleiðslu þeirra og nam hluti Íslands u.þ.b. 3,8 milljörðum kr. árið 2025. Þá fer fram regluleg umræða um pólitískan og hernaðarlegan stuðning við Úkraínu innan

SVIÐSLJÓS

Áherslur í mannúðaraðstoð við Úkraínu

Úkraína hlaut mesta mannúðarstuðninginn af samsstarfslöndum Íslands árið 2025. Það má meðal annars rekja til ástandsins í landinu í þeim málaflokkum sem Ísland leggur mesta áherslu á, svo sem fæðuöryggi, vernd til handa flóttafólki og kyn- og frjósemisheilbrigði. Á sama tíma var horft til þess að starfa með áherslustofnunum Íslands í mannúðarmálum og styrkja nærliggjandi ríki sem hafa þurft að takast á við aukinn fjölda flóttafólks frá Úkraínu og uppfylla skilyrðin um aðstoð. Með framangreint í huga var stutt við starfsemi Flóttamannastofnunnar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) í Úkraínu en talið er að 3,7 milljónir manna séu á flótta innan landsins af völdum stríðsins. Með sömu rökum var einnig stutt við verkefni UNHCR í Moldóvu, en um 124 þúsund Úkraínubúar hafast þar enn við og er Moldóva fátækast af níu nágrannaríkjum Úkraínu sem falla undir svæðisbundna viðbragðsáætlun stofnunarinnar.

Fæðuöryggi er áfram ógn við velferð íbúa þótt nokkuð hafi dregið úr þeirri neyð. Þörfin er hvað mest nærri víglínunni í austan- og sunnanverðri Úkraínu þar sem Ísland styður við starfsemi Matvælaáætlunnar Sameinuðu þjóðanna (WFP). Ísland hefur einnig stutt við verkefnið „Grain from Ukraine“ og nær með því að styðja við bæði landbúnað í Úkraínu og Afríkuríki sem þurfa á mannúðaraðstoð að halda í formi korns. Þá hefur Ísland stutt við landasjóð samhæfingarskrifstofu SÞ í mannúðarmálum (OCHA). Um er að ræða svokallaðan körfusjóð sem hefur nýst vel til að veita mannúðaraðstoð í samræmi við viðbragðsáætlun SÞ. Notkun hans miðar að því að efla getu úkraínskra félagasamtaka til að takast á við neyðarástand.

SVIÐSLJÓS

Af hverju er mikilvægt fyrir Ísland að styðja Úkraínu?

Allsherjarinnrás Rússlands í Úkraínu er alvarlegasta öryggisógn sem steðjað hefur að Evrópu frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Aðildarríki Atlantshafsbandalagsins líta á stuðninginn við varnarbaráttu Úkraínu sem forgangsmál fyrir öryggi, varnir og velsæld í Evrópu og sem hluta af eigin viðbúnaði og aðgerðum í öryggis- og varnarmálum.

Allsherjarinnrásin er ekki aðeins gróft brot gegn fullveldi Úkraínu heldur einnig skýr atlaga að lýðræðislegum gildum og grunnstoðum friðsamlegra alþjóðasamskipta, þar með talið stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Íslensk stjórnvöld hafa frá upphafsdögum innrásarinnar lagt sig fram við að styðja Úkraínu og standa þannig vörð um öryggishagsmuni Íslands og það alþjóðakerfi sem fullveldið byggist á, þar sem alþjóðalög, friðhelgi landamæra og landhelgi ríkja eru virt. í samræmi við viðbragðsáætlun SÞ.

bandalagsins. Samskipti við úkraínsk hermálayfirvöld hafa að stærstum hluta farið í gegnum sendiráð þeirra gagnvart Íslandi, sendiskrifstofu þeirra gagnvart Atlantshafsbandalaginu og á vettvangi ríkjahóps til stuðnings vörnum Úkraínu (e. Ukraine Defence Contact Group, UDCG).

Meginhluti fjárframlaga Íslands fóru í sameiginlega sjóði sem leggja úkraínska hernum til hergögn, búnað og þjálfun. Stærsta einstaka framlagið, 1.300 m.kr., rann í sjóð ríkjahóps um sprengjuleit og -eyðingu í Úkraínu. Hópurinn er sérhæfður undirhópur UDCG (e. Capability Coalition) og fer Ísland með forystu í ríkjahópnum ásamt Litáen. Þá voru 505 m.kr. lagðar til samstarfsverkefnis NB8-ríkjanna auk Póllands um þjálfun og búnaðarkaup fyrir Úkraínu (e. Operation Legio). Einnig var 500 m.kr. veitt í samstarfsverkefni Atlantshafsbandalagsins, PURL (e. Prioritized Ukraine Requirements List), sem felst í sameiginlegum kaupum á varnartengdum búnaði frá Bandaríkjunum. Ísland tók þátt í fjármögnun á PURL-stuðningspakka með Norðurlöndunum og öðrum bandalagsríkjum og var innihald hans í samræmi við brýnar þarfir og óskir Úkraínu, einkum á sviði loftvarna. Þá var um 1.500 m.kr. veitt í önnur áframhaldandi varnartengd verkefni sem Ísland tekur þátt í til stuðnings við Úkraínu.

Þjálfun úkraínskra hermanna í sprengjuleit og -eyðingu, sem Ísland átti frumkvæði að í samstarfi Norðurlanda og Litáen, hófst í mars 2023 og hélt áfram á árinu 2025. Sprengjusérfræðingar séraðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar önnuðust undirbúning og framkvæmd þjálfunarinnar í samstarfi við utanríkisráðuneytið. Samhliða þjálfuninni lagði Ísland til grunnbúnað fyrir þátttakendur að andvirði um 148 m.kr. sem fylgir þeim til Úkraínu að loknu hverju námskeiði. Rúmlega sjötíu úkraínskir hermenn voru þjálfaðir á síðasta ári en haldin voru þrjú námskeið sem stóðu yfir í fimm vikur í senn.

Ísland tekur þátt í samhæfingarherstjórn Atlantshafsbandalagsins fyrir Úkraínu (e. NATO Security Assistance and Training for Ukraine – NSATU) sem tók til starfa í lok árs 2024 í Wiesbaden, Þýskalandi. Markmið herstjórnarinnar eru að samhæfa og straumlínulaga hernaðarlegan stuðning, létta álaginu af einstökum ríkjum og veita Úkraínu fyrirsjáanleika varðandi varnartengdan stuðning. Ásamt fjárframlögum lagði Ísland til sérfræðing á sviði jafnréttismála sem tók til starfa í byrjun árs 2025. Sérfræðingurinn starfar sem ráðgjafi í stjórnunarhóp herstjórnarinnar og veitir herforingja NSATU ráðgjöf um framkvæmd stefnu bandalagsins um konur, frið og öryggi ásamt því að styðja við samþættingu kynjasjónarmiða í starfi herstjórnarinnar.

Í samvinnu við utanríkisráðuneytið og breska herinn tóku bráðaliðar frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins áfram þátt í þjálfun úkraínskra hermanna í fyrstu hjálp á vígvellinum. Þjálfunin fór fram í Bretlandi undir stjórn heimamanna. Ísland hefur einnig stutt aðgerðir Atlantshafsbandalagsins til að auðvelda innkaup og flutninga fyrir Úkraínu.

Ábyrgðarskylda

Mikilvæg skref voru tekin á árinu til að tryggja ábyrgðarskyldu Rússlands. Ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 14. nóvember 2022 kveður á um að Rússland beri ábyrgð á innrásinni í Úkraínu og hafi með henni gerst brotlegt við alþjóðalög. Er því lykilatriði að Rússar verði látnir sæta ábyrgð og bæta það gríðarlega tjón sem þeir hafa valdið. Ísland hefur frá upphafi tekið virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi á þessum vettvangi.

Tjónaskráin sem stofnuð var á leiðtogafundi Evrópuráðsins í Reykjavík í maí 2023 hélt áfram störfum undir forystu Róberts Spanó. Um 100.000 kröfur hafa borist vegna mann- og eignatjóns og líkamsmeiðsla sem innrás Rússa hefur valdið. Í framhaldinu er það hlutverk alþjóðlegrar kröfunefndar vegna Úkraínu að fjalla efnislega um kröfurnar og ákveða fjárhæð bóta.

Samningur um stofnun kröfunefndarinnar var samþykktur á ríkjaráðstefnu á vettvangi Evrópuráðsins sem haldin var 16. desember í Haag, Hollandi. Samningaviðræður stóðu yfir frá mars til desember 2025 með 44 þátttökuríkjum, auk Evrópusambandsins. Ísland tók virkan þátt í viðræðunum og var meðal fyrstu ríkja til að undirrita samninginn. Skrifstofa nefndarinnar mun hafa aðsetur í Haag. Áætlað er að nefndin verði að fullu starfandi árið 2029 og flytjast innsendar kröfur þá frá tjónaskrá og til alþjóðlegu kröfunefndarinnar.

Sögulegt skref var einnig tekið í átt að stofnun sérstaks dómstóls vegna Úkraínu. Forseti Úkraínu og aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins undirrituðu samning um stofnun dómstólsins, sem stofnaður var á vettvangi Evrópuráðsins. Dómstóllinn hefur það hlutverk að draga til ábyrgðar háttsetta aðila hjá rússneskum stjórnvöldum sem taldir eru bera ábyrgð á glæpum gegn friði í Úkraínu. Ísland var eitt 38 ríkja sem tók þátt í lagalegum undirbúningi fyrir stofnun dómstólsins. Í framhaldi af tvíhliða samkomulagi Úkraínu og Evrópuráðsins geta aðildarríki Evrópuráðsins og ríki utan þess gerst aðilar að dómstólnum og hefur Ísland hafið undirbúning fyrir aðild.

SVIÐSLJÓS

Þátttaka í þvingunaraðgerðum

Á árinu 2025 tók Ísland undir allar pólitískar yfirlýsingar ESB varðandi þvingunaraðgerðir gagnvart Rússlandi. Þátttaka Íslands í þessum þvingunaraðgerðum er mikilvægur þáttur í einörðum stuðningi Íslands við varnarbaráttu Úkraínu. Í lok árs 2025 sættu um 2.700 aðilar þvingunaraðgerðum á grundvelli þvingunaraðgerða vegna innrásarstríðsins í Úkraínu, en um er að ræða aðila innan stjórnkerfis og herstjórnar Rússlands, aðila sem hafa stutt við stríðsreksturinn með beinum eða óbeinum hætti, framleiðendur hergagna og aðila sem staðið hafa fyrir því að úkraínsk börn séu numin á brott frá hernumdum svæðum Úkraínu.

Þá sættu hátt í 600 skip, sem tilheyra hinum svokallaða skuggaflota, þvingunaraðgerðum í formi hafnar- og þjónustubanns í lok árs. Auk þess eru í gildi umfangsmiklar takmarkanir á inn- og útflutning ýmissa vara og þjónustu til og frá Rússlandi. Nánar er fjallað um þvingunaraðgerðir í sérstökum kafla skýrslunnar.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, utanríkisráðherra, og Andrii Sybiha, utanríkisráðherra Úkraínu í Kyiv 7. júní 2025.
Mynd: Utanríkisráðuneyti Úkraínu.

Að hve miklu eða litlu leyti telur þú að hagsæld Íslands byggi á alþjóðlegri samvinnu?

Hefur þú miklar eða litlar áhyggjur af þróun alþjóðamála?

Heimild: Maskína

1.3 Átök fyrir botni Miðjarðarhafs

Tekið var mikilvægt skref í átt að friði á Gaza með vopnahléi þann 10. október 2025. Vopnahléið er hluti af friðaráætlun Donald Trump Bandaríkjaforseta, sem var viðauki við ályktun öryggisráðsins nr. 2803 um frið á Gaza, sem samþykkt var í nóvember 2025. Öllum gíslum Hamas-samtakanna var sleppt úr haldi og opnað var fyrir aukna mannúðaraðstoð inn á Gaza. Slíkri aðstoð voru þó enn miklar hömlur settar í lok árs.

Gríðarleg neyð ríkti enn í lok árs á Gaza og stór hluti byggðarinnar hefur verið lagður í rúst síðan hernaðaraðgerðir Ísraela hófust í kjölfar hryðjuverkaárásar Hamas-samtakanna 7. október 2023. Í lok ágúst 2025 lýsti sérstök matsnefnd alþjóðasamtaka um fæðuástand yfir hungursneyð á svæðinu en í lok árs taldi nefndin að komið hefði verið í veg fyrir sárustu neyðina í kjölfar vopnahlés. Engu að síður bjuggu hundruð þúsunda manna enn við alvarlegan matarskort í lok árs.

Afstaða íslenskra stjórnvalda til átakanna á Gaza einkennist af skýrri sýn á mikilvægi alþjóðalaga og mannúðar. Í samræmi við þingsályktun Alþingis frá 9. nóvember 2023 hefur ítrekað verið kallað eftir tafarlausu vopnahléi, óheftu aðgengi neyðaraðstoðar og annarra nauðþurfta og skilyrðislausri virðingu fyrir alþjóðalögum. Þannig hefur Ísland átt aðild að fjölmörgum alþjóðlegum yfirlýsingum sem leggja áherslu á framangreind atriði, og jafnframt aukið framlög til mannúðaraðstoðar á svæðinu, þar með talið til Palestínuflóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna (UNRWA), sem gegnir þar lykilhlutverki. Einnig hafa verið veitt mannúðarframlög til Samhæfingarskrifstofu aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum (OCH) og Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP).

Samhliða átökunum á Gaza hafa hernaðaraðgerðir Ísraels á Vesturbakkanum verið umfangsmeiri en sést hefur í áratugi. Landtaka heldur áfram og ofbeldið hefur aukist til muna. Ísland, ásamt öðrum ríkjum, hefur fordæmt ákvarðanir ísraelskra yfirvalda um nýjar landtökubyggðir á Vesturbakkanum, þar með talið á svokölluðu E1-svæði. Er það í samræmi við stefnu stjórnvalda um tveggja ríkja lausn og virðingu við alþjóðalög. Frekari landtaka á Vesturbakkanum grefur undan hvoru tveggja.

Vegna stríðsrekstursins á Gaza tilkynntu íslensk stjórnvöld í september 2025 að fríverslunarsamningurinn við Ísrael yrði ekki uppfærður og ákvörðun sameiginlegrar nefndar EFTA-ríkjanna um uppfærslu samevrópskra upprunareglna ekki samþykkt. Þá var tilkynnt um komubönn á tvo ráðherra í Ísrael, þjóðaröryggisráðherrann Ben-Gvir og fjármálaráðherrann Smotrich, vegna hatursfullrar orðræðu í garð Palestínumanna og boðað að vörur sem framleiddar eru á hernumdu svæðunum verði merktar sérstaklega. Utanríkisráðuneytið hóf einnig undirbúning að því að taka þátt í máli Suður-Afríku gegn Ísrael fyrir alþjóðadómstólnum í Haag.

Íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á að beita rödd sinni á alþjóðavettvangi til þess að stuðla að varanlegri lausn á deilu Ísraels og Palestínu með tveggja ríkja lausnina í öndvegi. Árið 2011 var Ísland fyrst ríkja í Vestur-Evrópu til þess að viðurkenna sjálfstætt ríki Palestínu. Árið 2025 tók fjöldi ríkja sama skref og tilkynnti um viðurkenningu á sjálfstæðu ríki Palestínu í ráðherraviku allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, sem fram fór í september.

Í samræmi við þá afstöðu studdi Ísland New York-yfirlýsinguna (e. New York Declaration on the Peaceful Settlement of the Question of Palestine and the Implementation of the Two-State solution) sem var samþykkt af meirihluta ríkja í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september 2025. Yfirlýsingin áréttar grundavallaratriði tveggja ríkja lausnarinnar og leggur grunn að aðgerðarmiðuðum tillögum um framkvæmd hennar. Eins hafa íslensk stjórnvöld lagt áherslu á virka þátttöku í ríkjabandalagi um tveggja ríkja lausnina (e. Global Alliance for the Implementation of the Two-State Solution) og tók utanríkisráðherra þátt í ráðherrafundi bandalagsins í Madríd í júlí. Tveggja ríkja lausnin veltur á því að traust stjórnvöld geti stýrt palestínsku ríki. Árið 2025 hófu íslensk stjórnvöld því stuðning við heimastjórn Palestínu (e. Palestinian Authority) gegnum Palestínusjóð Alþjóðabankans (e. Palestinian Fund for Reconstuction and Development, PFRD). Auk þess eru veitt framlög til sjóðs Alþjóðabankans sem vinnur að uppbyggingu innviða í Palestínu.

SVIÐSLJÓS

Utanríkisráðherra Palestínu heimsækir Ísland

Pólitískur stuðningur Íslands við sjálfstætt ríki Palestínu bar hátt á síðasta ári. Á fundi utanríkisráðherra með dr. Varsen Aghabekian, utanríkisráðherra Palestínu, í júlí 2025 undirrituðu ráðherrarnir samstarfsyfirlýsingu (e. Memorandum of Understanding) til að festa böndin milli þjóðanna enn betur í sessi. Utanríkisráðherra Palestínu kom svo í vinnuheimsókn til Íslands í október og fundaði bæði með utanríkisráðherra og forsætisráðherra. Þar var staðan í Palestínu efst á baugi, ekki síst fréttir af því að samningar hefðu náðst um vopnahlé á Gaza og viðurkenning fjölda ríkja á sjálfstæðu palestínsku ríki.

Framkvæmdastjóri UNHCR á Íslandi

Filippo Grandi, framkvæmdastjóri Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR), kom í vinnuheimsókn til Íslands í október og átti hann fundi með bæði utanríkisráðherra og dómsmálaráðherra, auk þess sem hann fór á fund utanríkismálanefndar Alþingis og í kurteisisheimsókn til Bessastaða hjá forseta Íslands og í forsætisráðuneytið, þar sem Kristrún Frostadóttir forsætisráðherra tók á móti honum.

Óstöðugleiki í Mið-Austurlöndum hefur líka aukist og árið 2025 urðu vatnaskil á svæðinu hvað ítök Írans varðar. Vopnaðir hópar, sem notið hafa stuðnings íranskra stjórnvalda, eru ekki jafn atkvæðamiklir eftir hryðjuverkaárás Hamas-samtakanna í október 2023 og átaka í kjölfar hennar. Þá veikti 12 daga stríðið milli Ísraela og Írana sumarið 2025 einnig stöðu hinna síðarnefndu. Um mitt ár gerðu stjórnvöld í Ísrael fordæmalausa árás á Katar og í desember var ár liðið frá stjórnarskiptum í Sýrlandi, sem einnig hafa sett svip sinn á pólitíska landslagið í Mið-Austurlöndum.

Staða Íslands á völdum mannréttindavísum 2025

Freedom House - Freedom on the net: 1.sæti.
Global Gender Gap - World Economic Forum: 1.sæti.
Global Peace Index - IEP: 1.sæti.
Human Development Index: 1.sæti.
ILGA-Europe - Rainbow Europe: 3.sæti.
KidsRights Index: 2.sæti.
Social Progress Index: 6.sæti.
Women, Business and the Law Index: 1-10.sæti.
World Happiness Report: 3.sæti.

1.4 Alþjóðlegt samstarf um mannréttindi og frelsi

Mannréttindi og lýðræðisleg gildi

Vernd og efling mannréttinda fléttast inn í allt starf utanríkisþjónustunnar og eru leiðandi stef í alþjóðlegu málsvarastarfi og þróunarsamvinnu. Íslensk stjórnvöld beita rödd sinni til þess að standa vörð um mannréttindi og lýðræðisleg gildi um allan heim, hvort sem er á vettvangi alþjóðastofnana eða í öðru ríkjasamstarfi. Mikilvægi þessa hefur síst minnkað nú þegar stöðnunar og bakslags gætir víða í þessum málaflokki.

Ísland er með rammasamning um fjárframlög til skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (e. Office of the United Nations High Commissioner for Human Rights, OHCHR), sem er leiðandi um vernd mannréttinda í heiminum. Árlegt framlag Íslands til stofnunarinnar nemur samtals 95 milljónum króna, þar af 80 milljónum í formi kjarnaframlaga. Samningurinn er til fimm ára (2024–2028) sem er til marks um staðfastan stuðning Íslands við starf Sameinuðu þjóðanna í þágu mannréttinda.

Ísland er eitt stofnríkja bandalags um fjölmiðlafrelsi og öryggi fjölmiðlafólks (e. Media Freedom Coalition) sem samanstendur af 51 ríki. Ísland tók undir allar sameiginlegar yfirlýsingar bandalagsins á síðastliðnu ári, meðal annars um takmarkaðan aðgang erlendra fjölmiðla að Gaza, skort á fjölmiðlafrelsi í Tyrklandi, handtöku kínversku fjölmiðlakonunnar Zhang Zhan og um ofbeldi gegn fjölmiðlafólki og þá sérstaklega fjölmiðlakonum. Ísland er jafnframt eitt 42 ríkja í bandalagi um vernd mannréttinda á netinu (e. Freedom Online Coalition) sem beitir sér fyrir opnu, frjálsu og öruggu interneti og mikilvægi þess að mannréttindi séu virt jafnt á netinu sem í raunheimum.

Auk þess er Ísland aðili að bandalagi 44 ríkja sem stendur vörð um réttindi hinsegin fólks (e. Equal Rights Coalition) og vinnur að því að tryggja að það fái notið allra mannréttinda hvarvetna. Ísland tók undir allar sameiginlegar yfirlýsingar bandalagsins árið 2025 þar sem meðal annars var lýst yfir áhyggjum af því að á síðustu tveimur árum hefðu nokkur ríki gert samkynhneigð refsiverða að lögum. Kólumbía og Spánn tóku við forystu í bandalaginu árið 2025 af Þýskalandi og Mexíkó.

Alþjóðlegt kynjajafnréttisstarf

Á tímum átaka, spennu og bakslags þar sem raddir gegn kynjajafnrétti verða æ háværari, hefur þörfin fyrir öfluga málsvara þess aukist. Ísland nýtur alþjóðlegrar virðingar á sviði jafnréttismála og leggja stjórnvöld áherslu á öfluga málafylgju fyrir kynjajafnrétti og mannréttindum kvenna og stúlkna á alþjóðavettvangi. Eru jafnréttismál þannig áberandi í starfi Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, sem og hjá Evrópuráðinu, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og öðrum alþjóðastofnunum. Utanríkisráðuneytið tekur einnig virkan þátt í samstarfi og aðgerðabandalögum líkt þenkjandi ríkja á sviði kynjajafnréttismála.

Stuðningur við alþjóðlegar stofnanir og samtök er starfa á sviði kynjajafnréttis var efldur á árinu með áherslu á valdeflingu kvenna og stúlkna í þróunarlöndum og á átaksvæðum. Utanríkisráðherra bauð aðstoðarutanríkisráðherra Úkraínu í vinnuheimsókn í tengslum við Heimsþing kvenleiðtoga og á alþjóðlegt málþing um konur, frið og öryggi sem efnt var til í Háskóla Íslands. Í för ráðherrans var jafnréttissendinefnd og skipulagði ráðuneytið sérstaka dagskrá á sviði jafnréttismála fyrir hana.

Sendiskrifstofur Íslands komu að skipulagningu á fjórða hundrað verkefna sem tengdust jafnréttismálum á árinu 2025. Var það meðal annars í tengslum við Kvennaárið 2025 sem haldið var til að minnast þess að 50 ár eru frá því að íslenskar konur

lögðu niður störf til að krefjast jafnra kjara og réttinda á degi Sameinuðu þjóðanna hinn 24. október 1975. Þá leiddi Íslandsstofa samstarf við utanríkisráðuneytið, dómsmálaráðuneytið og embætti forseta Íslands um gerð vefsíðu á ensku um jafnréttismál undir merkjum Inspired by Iceland sem ætlað er að miðla jafnréttisögunni, reynslu og þekkingu Íslands á þessu sviði.

Dómsmálaráðherra leiddi sendinefnd Íslands á 69. fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna 10.–21. mars. Að þessu sinni var sjónum beint að Pekingsáttmálanum og framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna á sviði jafnréttismála, sem aðildarríkin samþykktu fyrir þrjátíu árum. Í opnunarerindi sínu lagði ráðherrann áherslu á mikilvægi baráttunnar gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi. Auk þátttöku í dagskrá og hliðarviðburði norrænna jafnréttisráðherra tók ráðherrann þátt í viðburði um árangur og áskoranir kvennabaráttunnar á Íslandi í fimmtíu ár. Fundinum var stýrt af forseta Alþingis og hann sátu einnig fulltrúar verkalýðs- og kvennahreyfingarinnar. Forseti Íslands sótti jafnframt fund kvennanefndarinnar og tók m.a. þátt í hliðarviðburði sem varaframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna bauð til undir yfirskriftinni Women Rise for all: Turning Hope into Action.

Utanríkisráðherra lagði mikla áherslu á málflutning í þágu kynjajafnréttis- og hinsegin málefna á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september. Í ávarpi sínu sagði ráðherra m.a. að litið væri á Ísland sem brautryðjanda á heimsvísu í jafnréttismálum og að fyrst nú – eftir áratuga baráttu – leiddu konur ríkisstjórn landsins. Í því samhengi væri það von íslenskra stjórnvalda að næsti aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna yrði kona. Þá fundaði ráðherra m.a. með framkvæmdastýrum stofnana á sviði jafnréttis- og hinsegin málefna.

Forsætisráðherra sat leiðtogafund Sameinuðu þjóðanna í tilefni af 30 ára afmæli Pekingsáttmálans og fjallaði þar um sameiginlega ábyrgð allra í jafnréttisbaráttunni og mikilvægi sterkra kvenfyrirmynda. Forseti Íslands leiddi sendinefnd til Kína dagana 12.–15. október og ávarpaði hátíðarfund í tilefni af 30 ára afmæli kvennaráðstefnunnar í Peking 1995.

Utanríkisráðherra lagði fram fjórðu landsáætlun Íslands um konur, frið og öryggi í ríkisstjórn í apríl. Áætlunin, sem mótuð var í víðtæku samráði, markar stefnu stjórnvalda um framkvæmd samnefndrar ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 og seinni ályktana fyrir árin 2025–2030. Alþjóðlegt málþing um málefnið var haldið í Háskóla Íslands í október og er nánar fjallað um framkvæmd ályktunarinnar hér að neðan.

SVIÐSLJÓS

Dagurinn sem Ísland stöðvaðist

Sautján sendiskrifstofur Íslands sýndu heimildarmynd Hrafnhildar Gunnarsdóttur og Pamelu Hogan, Dagurinn sem Ísland stöðvaðist, til að minnast þess að 50 ár eru liðin frá Kvennafrídeginum árið 1975. Að sýningu lokinni efndu mörg sendiráðanna til opinnar umræðu um stöðu jafnréttismála í dag, helstu áskoranir á tímum bakslags, og hvernig læra má af reynslu Íslands.

Myndir: Stjórnarráð Íslands.

SVIÐSLJÓS

Jafnréttisverðlaun Vigdísar Finnbogadóttur: Raddir palestínskra kvenna

Jafnréttisverðlaun Vigdísar Finnbogadóttur eru sameiginlegt átak íslenskra stjórnvalda og Evrópuráðsþingsins í Strassborg. Þau eru veitt einstaklingi eða samtökum sem hafa sýnt framúrskarandi framlag til valdeflingar kvenna og jafnréttis á alþjóðavettvangi. Árið 2025 hlutu palestínsku samtökin Women of the Sun verðlaunin, en samtökin vinna að valdeflingu palestínskra kvenna með því að styrkja rödd þeirra og áhrif bæði í stjórnmálum og viðskiptalífi, innan Palestínu og á alþjóðlegum vettvangi.

Mynd: PACE.

Fjórða landsáætlun Íslands

Fjórða landsáætlun Íslands um konur, frið og öryggi markar stefnu Íslands um framkvæmd samnefndrar ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 og seinni ályktana til loka árs 2030. Utanríkisráðuneytið annast eftirfylgni með framkvæmd landsáætlunarinnar. Aðilar að landsáætlun eru auk utanríkisráðuneytis: forsætisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, félags- og húsnæðismálaráðuneyti, Vinnumálastofnun, Ríkislögreglustjóri, Landhelgisgæslan, Alþjóðamálstofnun og Jafnréttisskóli GRÓ GEST. Á gildistíma landsáætlunar verður unnið að 15 aðgerðum á þremur sviðum í samráði við félagasamtök og alþjóða- og fræðastofnanir innanlands og alþjóðlega.

Þrjú megin markmið og dæmi um árangursvísa aðgerða 2025

Aukin þátttaka kvenna í öryggis- og varnarmálum og friðar- og enduruppbyggingarstarfi í kjölfar átaka	Aukin vernd kvenna og stúlkna í átökum og aukin kynjasamþætting í mannúðarstarfi í alþjóðastarfi	Ísland gengur á undan með góðu fordæmi með aukinni þátttöku kvenna í öryggis- og varnarmálum
Aukinn sýnileiki kvenna í varnarmálum með virkri málafylgju utanríkisráðherra og kvenstjórnenda og -sérfræðinga á sviði öryggis- og varnarmála Íslenskir sérfræðingar á sviði jafnréttismála kostaðir til starfa á vettvangi Atlantshafsbandalagsins í höfuðstöðvum í Brussel og NSATU í Þýskalandi Ísland varð aðili að bandalagi um jafnréttismiðaða nálgun í enduruppbyggingu í Úkraínu (e. Alliance for Gender-Responsive and Inclusive Recovery for Ukraine) og studdi nemendur frá Úkraínu til kynjajafnréttisnáms við Jafnréttisskóla GRÓ GEST	Áhersla á kynjasjónarmið við veitingu fjárframlaga í mannúðarstarfi alþjóðastofnana og samtaka, s.s. á vegum Sameinuðu þjóðanna og Rauða krossins Hækkuð kjarnaframlög til UN Women og UNFPA sem m.a. er varið til stuðnings konum og stúlkum á átakasvæðum. Framlög veitt til WPHF sjóðs til eflingar kvennasamtaka í Afganistan og Úkraínu Bætt þjónusta við flóttafólk á Íslandi með aukinni kynjasamþættingu og upplýsingamiðlun	Markvisst unnið að jöfnun kynjahlutfalla, eflingu jafnréttisfræðslu og uppfærslu jafnréttisstefna í störfum stofnana á sviði öryggis- og varnarmála Tekið mið af kynjasjónarmiðum í nýrri varnar- og öryggismálastefnu Íslands með áherslu á aðkomu kvenna að stefnumótun Áhersla á að horfa til sjónarmiða ólíkra kynja og viðkvæmra hópa við gerð lagafrumvarps um almannavarnir

310

Skipulagning og þátttaka í 310 jafnréttisverkefnum og -viðburðum um víða veröld

221

Tóku þátt í 221 jafnréttisráðstefnum, -málþingum, -kynningum og -fyrirlestrum

487

Viðtöl, greinar og tíst um jafnréttismál

59

Jafnréttisverkefni á sviði efnahags- og viðskiptamála

87

Jafnréttisverkefni á sviði þróunarsamvinnu

17

Sendiskrifstofur stóðu fyrir sýningu heimildarmyndarinnar The Day Iceland Stood Still og panel umræðum tengdum henni

118

Viðburðir um vitundarvakningu um kynjajafnrétti og fordóma gegn hinsegin fólki

16

Sendiskrifstofur tóku þátt í 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi „Orange the world“

1.5 Starfið hjá alþjóðastofnunum

Sameinuðu þjóðirnar í New York

Sameinuðu þjóðirnar fögnuðu áttatíu ára afmæli árið 2025 og í tilefni af því var ráðist í svokallað UN80 umbóta- og endurskoðunarferli að frumkvæði aðalframkvæmdastjóra. Markmiðið er að endurskoða starfshætti og skipulag, bæta vinnubrögð við ákvarðanatöku og hagræða í rekstri til að mæta fjárskorti, hnattrænum áskorunum og breyttri heimsmynd. Með því verði hægt að styrkja Sameinuðu þjóðirnar í hlutverki sínu sem þungamiðja alþjóðlegs samráðsvettvangs ríkja heims, styrkja kerfi alþjóðasamninga og -laga, en jafnframt nýta tækni og þróun, samlegð og betra skipulag til að sinna verkefnum á sviði þeirra þriggja meginstoða sem stofnsáttmáli SÞ byggir á: friðar og öryggis, mannréttinda og þróunarmála.

Ísland styður dyggilega við starf og megináherslur SÞ og það alþjóðakerfi sem ríki hafa byggt upp. Alþjóðakerfið er sérstaklega mikilvægt fyrir smærri ríki, sem eru rúmlega helmingur aðildarríkjanna 193. Í málflutningi sínum leggur Ísland því áherslu á að umbóta- og endurskoðunarferlið gagnist minni aðildarríkjum.

Vaxandi spenna í alþjóðasamskiptum og bakslag í hinum ýmsu málefnum einkenndi starf Sameinuðu þjóðanna á árinu og hafði það áhrif á umbótaferlið eins og annað. Þrátt fyrir góða samstöðu haustið 2024 um nýjan Framtíðarsáttmála, þar sem frekari eftirfylgni heimsmarkmiða var í forgrunni, hefur á undanförnu ári fjarað undan samstöðu ríkja í ýmsum áherslumálum. Vaxandi andstaða gegn ýmsum grunngildum, aukin áhersla á varnar- og öryggismál, samhliða áskorunum í mannúðarmálum, hefur áhrif á fjármögnun og framlög. Í ljósi þess að sum ríki hafna loftslagsvandanum og heimsmarkmiðunum, svo ekki sé minnst á neikvætt viðhorf þeirra til einstakra hugtaka sem varða réttindi jaðarsettra hópa, er sjaldnar mögulegt að ná einróma samstöðu um ákvarðanir. Á sama tíma fer virðing fyrir lögum alþjóðasamfélagsins, friðhelgi alþjóðastofnana og starfsmanna þeirra dvínandi, auk þess sem bakslags gætir á heimsvísu á sviði mannréttinda og jafnréttismála eins og fyrr segir. Fjárframlög til þessara málaflokka hafa dregist saman um víða veröld og mikilvægar ákvarðanir eru í auknum mæli teknar utan vettvangs Sameinuðu þjóðanna, þá í samstarfi nokkurra áhrifamikilla ríkja eða í óformlegum ríkjabandalögum.

Breytt utanríkisstefna Bandaríkjanna vó þungt á árinu 2025. Eftir stjórnarskipti í janúar varð erfiðara að komast að samdóma niðurstöðu um mál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem áður höfðu ekki farið í atkvæðagreiðslur. Á allsherjarþinginu haustið 2025 greiddu Bandaríkin atkvæði gegn um 170 ályktunum, eða í um 90% tilvika þar sem kallað var eftir atkvæðagreiðslu, og er það einsdæmi. Undanfarin ár hefðu flestar þessara ályktana verið samþykktar samhljóða án atkvæðagreiðslu. Jafnframt var eftirtektarvert að í 43 skipti voru Bandaríkin eina ríkið af 193 sem kaus gegn ályktunum. Á árinu drógu Bandaríkin sig einnig úr starfi ýmissa mikilvægra stofnana SÞ. Áhrifin á nefndastarf Sameinuðu þjóðanna voru mikil.

Ísland gerðist meðflytjandi í 23 ályktunum í þriðju nefnd sem fjallar um mannréttindi. Í annarri nefnd sem fjallar um efnahags- og þróunarmál var Ísland meðflytjandi í þremur ályktunum. Í þeirri nefnd leiddi Ísland samningaviðræður um landgræðsluályktunina 11. árið í röð, nú með Mongólíu. Ályktunin fjallar um samning SÞ um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun og er almennt lítill pólitískur ágreiningur um hana. Í þetta sinn var kallað eftir atkvæðagreiðslu um ályktunina þar sem eitt ríki hafnaði henni en 175 samþykktu hana. Í fyrstu nefnd um afvopnunarmál gagnrýndi Ísland sérstaklega ómannúðlega meðferð á íbúum Gaza og ólögmætan árásarhernað Rússa í Úkraínu. Í sjöttu nefndinni um lagaleg málefni og alþjóðalög tókst þó enn að ljúka öllum ályktunum án atkvæðagreiðslu. Nefndastarfi allsherjarþingsins lauk rétt fyrir áramót með samþykki fimmtu nefndar á fjárhagsramma SÞ fyrir árið 2026. Aðildarríkin samþykktu 15% niðurskurð á heildarfjárlögum og fækkun starfsmanna um 18,8%. Þetta var þýðingarmikið skref í framkvæmd á UN80 umbótaferlinu.

Sökum óeiningar náði öryggisráðið ekki teljandi árangri í málefnum Úkraínu, Súdan og Myanmar árið 2025. Þó tókst að afgreiða ályktun um endalok átaka á Gaza í nóvember sl. auk þess sem ráðið samþykkti aðgerðaramma vegna neyðarástands á Haíti. Vaxandi spenna í samskiptum Bandaríkjanna og Venesúela kom einnig til kasta öryggisráðsins, bæði í aðdraganda og eftir aðgerð Bandaríkjamanna sem leiddi til handtöku forseta landsins.

Utanríkisráðherra leiddi sendinefndir Íslands á stærri viðburði á árinu og nýtti jafnframt þær ferðir til að eiga fjölmargra tvíhliða fundi og sækja hliðarráðstefnur. Að venju tók utanríkisráðherra þátt í ráðherraviku allsherjarþingsins í september sl. þar sem forsætisráðherra fór fyrir sendinefnd Íslands. Í ávarpi utanríkisráðherra til allsherjarþingsins beindi hún sjónum að því hvernig árásarstríð Rússa í Úkraínu brýtur gegn stofnsáttmála SÞ og þeim gildum sem hann er byggður á. Hún áréttaði mikilvægi þess að tala af fullri hreinskilni um óásættan-

Utanríkisráðherra ávarpar ráðstefnu um tveggja ríkja lausnina svokölluðu í New York 29. júlí.
Mynd: Utanríkisráðuneytið.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, utanríkisráðherra, og Kristrún Frostadóttir, forsætisráðherra, á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 2025.
Mynd: Utanríkisráðuneytið.

lega stöðu mála á Gaza og að tveggja ríkja lausnin væri eina raunhæfa leiðin til að stilla til friðar á milli Ísraels og Palestínu. Erfitt væri að horfa upp á ríki virða að vettugi alþjóðlegar skuldbindingar og grafa þannig undan alþjóðakerfinu. Mannréttindi, lýðræði og frjáls viðskipti ættu einnig undir högg að sækja. Utanríkisráðherra sagði jafnframt að Ísland myndi beita sér af krafti í mannréttindaráðinu til að vernda jaðarsetta hópa og ítrekaði mikilvægi þróunarsamvinnu og baráttunnar gegn loftslagsbreytingum.

Í ráðherravikunni skipulagði Ísland hliðarviðburð um réttindi hinsegin fólks í samstarfi við kjarnahóp ríkja um málefnið og flutti ráðherra opnunarerindi á viðburðinum. Í byrjun júlí tók utanríkisráðherra virkan þátt í fjórðu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um fjármögnun þróunar í Sevilla og í lok sama mánaðar flutti hún ávarp á ráðstefnu í New York um tveggja ríkja lausnina í Mið-Austurlöndum. Á þessu 80 ára afmælisári lagði ráðherra mikla áherslu á að ríki heims verði að virða alþjóðalög og þjóðréttarlegar skuldbindingar og leiða til öndvegis á ný þær hugsjónir sem leiddu til stofnunar Sameinuðu þjóðanna eftir síðari heimsstyrjöld.

Ísland í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna

Ísland tók sæti í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í upphafi árs 2025, eftir kjör árið 2024 til þriggja ára kjörtímabils sem lýkur í árslok 2027. Helstu áherslur Íslands í mannréttindaráðinu eru að efla samstöðu um grundvallargildi mannréttinda, jafnréttismál, réttindi hinsegin fólks, réttindi barna, og tengsl mannréttinda og umhverfismála. Ísland beitir sér einnig sérstaklega fyrir ábyrgðarskyldu fyrir mannréttindabrot með áherslu á Íran, Afganistan, Súdan, Úkraínu og Palestínu.

Fyrsta ár kjörtímabils Íslands markaðist af því að mannréttindi eiga nú mjög undir högg að sækja. Hagsmunasamtökum sem berjast gegn réttindum kvenna og minnihlutahópa hefur vaxið ásmegin og mörg ríki telja að engin umræða megi fara fram um stöðu mannréttinda í einstökum ríkjum án samþykkis þeirra. Djúpstæður fjármögnunarvandi Sameinuðu þjóðanna bitnar ekki síst á mannréttindastarfinu þrátt fyrir að það taki einungis til sín örfá prósent framlaganna. Sjaldan hefur verið mikilvægara að ríki á borð við Ísland tali fyrir gildum og grundvallarreglum af festu en jafnframt af yfirvegun.

Frá árinu 2021 hefur Ísland leitt ríkjahóp um árlega ályktun um stöðu mannréttinda í Íran. Ísland átti frumkvæði að því, ásamt Þýskalandi, að haldinn yrði sérstakur aukafundur um málefni Írans haustið 2022 eftir að umfangsmikil mótmæli brutust út í landinu í kjölfar dauða Jina Masha Amini í haldi lögreglu. Á fundinum var samþykkt að stofna óháða rannsóknarnefnd um mannréttindabrot í tengslum við mótmælin. Í vetrarlotu ársins í febrúar 2025 fór Ísland fyrir ríkjahópi sem lagði fram ályktun um stöðu mannréttinda í Íran þar sem umboð rannsóknarnefndarinnar og sérstaks skýrslugjafa ráðsins voru endurnýjuð. Einnig kvað ályktunin á um að umboð rannsóknarnefndarinnar skyldi víkkað út þannig að hún geti fjallað um önnur mannréttindabrot en þau sem framin voru í tengslum við mótmælin 2022. Ályktunin var samþykkt í atkvæðagreiðslu í apríl 2025.

Í haustlotu mannréttindaráðsins var samþykkt að stofna óháða rannsóknarnefnd um stöðu mannréttinda í Afganistan. Ísland beitti sér markvisst fyrir stofnun nefndarinnar og leiddi sameiginlega yfirlýsingu þess efnis fyrr á árinu. Afganistan er eina ríkið í heiminum sem bannar stúlkum að ganga í skóla eftir 12 ára aldur. Þá eru konur og stúlkur útilokaðar frá opinberu lífi og bannað að sinna ýmsum störfum, þ.á m. í heilbrigðisþjónustu og réttarkerfinu. Afganskar konur hafa sjálfar lýst aðstæðum sínum sem kynbundinni aðskilnaðarstefnu og sérlegur skýrslugjafi ráðsins um málefni Afganistan sagði aðgerðir talibana jafnast á við ofsóknir á grundvelli kynferðis. Ísland hafði lengi beitt sér fyrir stofnun rannsóknarnefndar og leiddi sameiginlega yfirlýsingu þess efnis í ráðinu í mars, í samstarfi við Suður-Afríku og Síle.

Staða mannréttinda í Sri Lanka, Súdan, Búrúndí, Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó og Rússlandi var jafnframt til umræðu þar sem Norðurlönd og Eystrasaltsríki fluttu sameiginleg ávörp. Þá var haldin sérstök umræða um árásir Ísraela á Katar.

Auk þess að leiða kjarnahóp um ályktun mannréttindaráðsins um Íran situr Ísland í kjarnahópum um þrjár aðrar ályktanir, það er um réttinn til friðsamlegs samkomu- og fundafrelsis, um umönnun og stuðning og um kvennamorð.

Tveir sérstakir aukafundir mannréttindaráðsins voru haldnir árið 2025. Í febrúar var fjallað um átök í austurhluta Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó. Í ályktun sinni fordæmdi mannréttindaráðið kynferðislegt og kynbundið ofbeldi, aftökur án dóms og laga, gripdeildir og árásir á almenna borgara og og mannúðarstarfsfólk í Norður- og Suður-Kívuhéruðum. Í byrjun nóvember tók Ísland undir beiðni um aukafund í ráðinu um alvarlega stöðu mannréttinda í El Fasher í Súdan. Kallað var eftir því að rannsóknarnefnd ráðsins um Súdan rannsakaði mannréttindabrot í El Fasher og nágrenni, þ.á m. dráp á grundvelli kynþáttar, aftökur án dóms og laga, nauðganir og kynbundið ofbeldi og beitingu hungursneyðar sem vopns í átökum.

Jafningjarýni mannréttindaráðsins (Universal Periodic Review, UPR) er mikilvægur vettvangur fyrir heildstæða úttekt á stöðu mannréttinda í hverju aðildarríki Sameinuðu þjóðanna. Hvert ríki er tekið fyrir á fimm ára fresti og geta bæði aðildar- og áheyrnarríki mannréttindaráðsins komið á framfæri á tillögum um úrbætur í mannréttindamálum. Ísland leitast við að gefa öllum ríkjum tilmæli og er lögð sérstök áhersla á afnám dauðarefsinga, kynjajafnrétti og réttarstöðu hinsegin fólks.

Ísland tók á móti óháðum sérfræðingi mannréttindaráðsins um lýðræðislega og réttláta alþjóðlega skipan í maí 2025. Í yfirlýsingu sérfræðingsins var Íslandi lýst sem fyrirmynd á heimsvísu í jafnréttismálum og vernd mannréttinda en íslensk stjórnvöld voru hvött til að tryggja fulla vernd mannréttinda fyrir farendur, fatlað fólk og transfólk.

Utanríkisráðherra ávarpar mannréttindaráð sameinuðu þjóðanna. Mynd: Steph Glinski.

SVIÐSLJÓS

Stefnuræða Íslands um mannréttindamál

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna í Genf var sett á fót árið 2006 og tók við hlutverki mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna sem starfaði frá 1946. Hlutverk ráðsins er að efla og vernda mannréttindi í aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna, fjalla um mannréttindabrot, beina tilmælum til einstakra ríkja um úrbætur í mannréttindamálum og fjalla um einstök þematísk réttindamál.

Í ráðinu sitja 47 ríki, skipuð í fimm svæðishópa. Ráðið heldur þrjár reglubundnar fundalotur árlega sem standa yfir í nokkrar vikur í senn auk þess að annast allsherjarúttekt (e. UPR) á stöðu mannréttinda í aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna. Undir merkjum ráðsins starfa einnig sérstakir skýrslugjafar, rannsóknarnefndir og vinnuhópar. Skrifstofa mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (e. OHCHR) annast framkvæmd starfsins, sem Ísland styður með fjárframlögum.

Utanríkisráðherra flutti stefnuræðu Íslands um alþjóðleg mannréttindamál í árlegri ráðherraviku mannréttindaráðsins í febrúar. Í ræðunni lagði ráðherra áherslu á algildi mannréttinda sem sótt væri að sem aldrei fyrr á tímum átaka og mikilla áskorana í alþjóðasamskiptum. Ráðherra flutti einnig ávörp fyrir hönd Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna, annars vegar í umræðu um þrjátíu ára afmæli Peking-yfirlýsingarinnar um kynjajafnrétti og hins vegar á hliðarviðburði til stuðnings Úkraínu. Ráðherra nýtti ferðina enn fremur til að funda með fulltrúum frjálsra félagasamtaka í Genf og með mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna og forseta Alþjóðaráðs Rauða krossins.

Mannréttindaráðið - Árið 2025 í tölum

14
Ávörp flutt fyrir hönd Íslands auk fjölda atkvæðaskýringa

15
Ávörp flutt af Íslandi fyrir hönd Norðurlanda og Eystrasaltsríkja

90
Alls 90 sameiginleg ávörp flutt í nafni Norðurlanda og Eystrasaltsríkja

41
Sameiginleg yfirlýsing sem Ísland tók undir

3
Sameiginlegar yfirlýsingar sem Ísland leiddi

3
Hliðarviðburðir haldnir í samstarfi við önnur ríki, alþjóðastofnanir og félagasamtök

41
Ríki Sameinuðu þjóðanna gefin tilmæli í allsherjarúttekt um hvað betur mætti fara í mannréttindamálum

93
Ályktanir afgreiddar í ráðinu þar sem Ísland tók þátt í samningaviðræðum og atkvæðagreiðslum

Í tengslum við aðild Íslands að mannréttindaráðinu styðja stjórnvöld þátttöku ungmennafulltrúa á vegum Landssambands ungmennafélaga í lotum mannréttindaráðsins. Ungmennafulltrúar sóttu vorlotu og haustlotu ráðsins og tóku þátt í starfi fastanefndar.

Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna

Ísland lauk fjögurra ára setu fyrir hönd Norðurlandanna í framkvæmdastjórn Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Stjórnin er ein af grunnstoðum stofnunarinnar og í henni eiga sæti 58 ríki sem kosin eru af 194 aðildarríkjum stofnunarinnar. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni ákvarðana, starfs- og fjármálaáætlun, leiðbeinir verkefnum og sinnir eftirlitshlutverki.

Á kjörtímabilinu lagði Ísland áherslu á framkvæmd heimsmarkmiðanna, jafnrétti, mannréttindi, tjáningarfrelsi fjölmiðla-, vísinda- og listamanna, menntun fyrir öll. Þá var starf stofnunarinnar í Afganistan, Úkraínu og á Gaza einnig í brennidepli. Ísland hlaut tvisvar kjör í stjórnarnefnd UNESCO um mannréttindi. Nefndin tekur fyrir mál þar sem grunur leikur á að mannréttindabrot hafi verið framin á þeim málefnasviðum sem heyra undir stofnunina. Það eru tjáningar- og fjölmiðlafrelsi, réttur til menntunar og menningarleg réttindi.

Ísland hefur gegnt formennsku í vinahópi um jafnréttismál frá árinu 2021 og stóð fyrir fundum um jafnréttistengd málefni fyrir aðildarríki stofnunarinnar og leiddi jafnréttisvinnu vegna ályktana á vegum framkvæmdastjórnar. Fastanefnd Íslands skipulagði jafnframt stuttmyndahátíð og pallborðsumræður um hinsegin málefni í höfuðstöðvum UNESCO ásamt hópi aðildarríkja ríkja úr Equal Rights Coalition og var þar sýnd íslenska stuttmyndin Hann.

Á árinu 2025 leiddi fastanefnd Íslands í fimmta sinn vinnu og samningaviðræður í tengslum við stöðu kvenna og stúlkna í Afganistan með áherslu á rétt þeirra til menntunar. Að frumkvæði og með stuðningi Íslands var haldin alþjóðleg ráðstefna á alþjóðlegum baráttudegi kvenna í höfuðstöðvum UNESCO í París um aðgengi afganskra kvenna og stúlkna að menntun og flutti utanríkisráðherra myndbandsávarp.

Ísland tekur virkan þátt í vinahópi Úkraínu sem styður við framkvæmd neyðaráætlunar UNESCO vegna innrásarstríðs Rússlands. Í gegnum áætlunina hefur stofnunin farið fyrir sköpun öruggra rýma fyrir fjölmiðlafólk, eflingu aðbúnaðar menntastofnana, viðgerðum og endurbyggingu skóla og menningarstofnana, skipulagningu fjarnáms og vernd og skrásetningu skemmda á úkraínskum menningarminjum.

Aðalráðstefna UNESCO var að haldin í Samarkand í Úsbekistan og fór vararáðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins fyrir sendinefnd Íslands en aðrir fulltrúar komu frá fastanefndinni í París og íslensku UNESCO-nefndinni. Þar var fjármála- og starfsáætlun næstu fjögurra ára samþykkt, nýr framkvæmdastjóri kjörinn og haldin ungmennaráðstefna með þátttöku ungmennafulltrúa Íslands. Stjórnarsetu Íslands lauk formlega á aðalráðstefnunni þar sem Noregur hlaut kosningu í framkvæmdastjórn og tók þar með við sætinu fyrir hönd Norðurlandanna.

Evrópuráðið

Fastanefnd Íslands í Strassborg sinnir ýmsum verkefnum og samráði á vegum Evrópuráðsins og vinnur að framgangi þeirra gilda sem liggja til grundvallar störfum ráðsins. Markmiðið er að efla samvinnu aðildarríkjanna og standa vörð um mannréttindi, lýðræði og grundvallarreglur réttarríkisins. Fastafulltrúi Íslands situr allt árið í ráðherranefndinni sem fer með ákvarðanatöku Evrópuráðsins og utanríkisráðherra sækir ráðherrafundi stofnunarinnar sem eru oftast haldnir einu sinni á ári.

Allsherjarinnrás Rússa í Úkraínu var áfram til umfjöllunar hjá Evrópuráðinu á árinu 2025, með áherslu á samheldni með Úkraínu og að gagnrýna framferði Rússlands sem var vikið úr ráðinu vegna innrásarinnar. Reykjavíkuryfirlýsingin, sem samþykkt var á leiðtogafundi Evrópuráðsins í maí 2023, er mikilvægur grundvöllur starfsemi Evrópuráðsins og er vísað til hennar á öllum stigum samstarfs á vettvangi ráðsins. Á leiðtogafundinum í Reykjavík lýstu leiðtogarnir yfir eindregnum vilja til að undirstrika réttlæti og virðingu fyrir alþjóðalögum og lögðu þar með grunninn að alþjóðlegu ábyrgðarkerfi til að draga Rússland til ábyrgðar fyrir brot sín. Fyrsti áfanginn í þessu kerfi er tjónaskráin fyrir Úkraínu en á árinu 2025 náðist mikilvægur árangur í skráningu á bótakröfum sem nú eru um eitt hundrað þúsund. Þessar kröfur flytjast til meðferðar hjá alþjóðlegri kröfunefnd, en stofnsamningur hennar var undirritaður á fjölsóttri ríkjaráðstefnu í Haag í desember sl. Ríkin leggja áherslu á að fullgilda samninginn hið

SVIÐSLJÓS

Íslenskar sundlaugar óáþreifanlegur menningararfur

Mynd: Stjórnarráð Íslands.

Í desember komst íslensk sundlaugarmenning á skrá UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf mannkyns og var um fyrstu sjálfstæðu skráningu Íslands að ræða. Skráningin staðfestir íslenska sundlaugamenningu sem lifandi menningararf sem nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar og verndar. Um er að ræða stóran áfanga og mikla viðurkenningu á menningarlegu gildi hennar. Þá komst Snæfellsnes á skrá sem vistvangur (e. biosphere reserve) og er fyrsta svæðið á Íslandi til að hljóta slíka viðurkenningu. Fyrir báðum skráningum fór menningar-, nýsköpunar- og háskólamálaráðuneytið.

SVIÐSLJÓS

Hvað er Evrópuráðið?

Evrópuráðið (e. Council of Europe, CoE) var stofnað 5. maí 1949 í kjölfar hörmunga síðari heimsstyrjaldarinnar. Ísland gerðist aðili að Evrópuráðinu 7. mars 1950. Aðildarríki þess eru 46. Evrópuráðinu er ætlað að efla samvinnu aðildarríkjanna, með það að markmiði að standa vörð um mannréttindi, styrkja lýðræðislega stjórnarhætti, efla mannleg gildi og almenn lífsgæði Evrópubúa.

Undir Evrópuráðið heyra Mannréttindadómstóll Evrópu, þing Evrópuráðsins og þing sveitar- og héraðsstjórna í Evrópu auk fjölmargra sérfræðinganefnda með þátttöku um 50 íslenskra sérfræðinga. Þátttaka annarra ráðuneyta og þingmanna er því alla jafna meiri í störfum Evrópuráðsins en flestum öðrum alþjóðastofnunum.

fyrsta. Loks ber að nefna að mikilvægt skref var tekið er samningur um sérstakan dómstól fyrir Úkraínu var undirritaður af Selenskí, forseta Úkraínu, og Alain Berset, aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, hinn 25. júní.

Eins og fram kemur í Reykjavíkuryfirlýsingunni eru réttindi og velferð úkraínskra barna sérstakt áherslumál Evrópuráðsins. Það er ánægjuefni að Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, var í febrúar 2025 skipaður sérstakur erindreki framkvæmdastjóra Evrópuráðsins fyrir úkraínsk börn. Í því felst meðal annars málsvarastarf, að samhæfa störf innan stofnunarinnar og stuðla að öflugra alþjóðasamstarfi í þágu úkraínskra barna.

Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Jóhannesar Baldurssonar og Birkis Kristinssonar gegn Íslandi féll 21. janúar 2025. Þeir kærðu niðurstöðu íslenskra dómstóla í svokölluðu BK-máli árið 2015. Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að Hæstiréttur hafi ekki fært fullnægjandi rök fyrir sakfellingu Jóhannesar Baldurssonar og dæmdi ríkið til greiðslu skaðabóta. Að öðru leyti taldi dómurinn að ekki hafi verið brotið á rétti þeirra.

Hinn 26. ágúst 2025 féllu dómar í í tveimur málum sem rekja má til kæru níu kvenna árið 2021 á rannsókn og meðferð kynferðisbrotamála hér á landi. Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn rétti annars kærandans til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu skv. 8. gr. mannréttindasáttmálans þar sem málið fyrndist í meðförum lögreglu. Í hinu málinu var íslenska ríkið ekki talið brotlegt.

Ráðherranefnd Evrópuráðsins ber ábyrgð á eftirfylgni dómanna og mun íslenska ríkið senda greinargerð um viðbrögð við þeim og tillögur um úrbætur árið 2026 en íslensk stjórnvöld taka dóma Mannréttindadómstólsins alvarlega og munu líta til þeirra við áframhaldandi þróun og úrbætur í réttarkerfinu. Töluverðar réttarbætur hafa verið gerðar frá því atvik málanna áttu sér stað.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

Árið 2025 markaði tímamót fyrir Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) en þá voru liðin 50 ár frá undirritun Helsinki-sáttmálans (e. Helsinki Final Act) frá 1975, sem lagði grunninn að samstarfi ÖSE-ríkjanna. Þessi tímamót, ásamt Úkraínustríðinu, voru meginstefin í formennsku Finnlands á árinu, en einnig voru virðing fyrir grundvallarreglum um öryggi í Evrópu, viðbrögð við ógnum við friði, mannréttindi, lýðræði, væntingar til framtíðar og lærdómur síðustu 50 ára í brenndepli.

Frá innrásarstríði Rússlands í Úkraínu árið 2022 hefur stríðið verið í forgrunni hjá ÖSE þótt önnur átakasvæði séu einnig til umræðu. Starf ÖSE hefur því ekki verið með hefðbundnu sniði undanfarin ár og hefur viðleitni Rússlands til að grafa undan starfi stofnunarinnar haft neikvæð áhrif. Lýðræði, réttarríkið og mannréttindi eiga sérstaklega undir högg að sækja en Rússland hefur einnig hindrað nauðsynlegar ákvarðanir fyrir rekstur og fjármál stofnunarinnar og val á formennskuríki ÖSE, stundum með fulltingi annarra ríkja. Meginþorri aðildarríkja ÖSE er engu að síður samstíga um mikilvægi og markmið stofnunarinnar. Standa verði vörð um ÖSE, ekki síst vegna starfs hennar á vettvangi í einstökum aðildarríkjum við uppbyggingu og eftirlit. Þegar stríðinu í Úkraínu ljúki muni ÖSE hafa hlutverki að gegna þar. Saga ÖSE sýni, að þrátt fyrir ágreining og spennu, hafi aðildarríkin fundið fleti fyrir samstarf og aðgerðir innan ramma stofnunarinnar og hinna þriggja vídda hennar um

öryggi og stöðugleika, umhverfi og efnahag, og mannréttindi og lýðræði.

Í tilefni af 50 ára afmæli Helsinki-sáttmálans setti Finnland á laggir ferli um framtíð ÖSE sem kallast Helsinki+50. Umræður fóru fram meðal aðildarríkja í Vín og á afmælisráðstefnu í Helsinki í ágúst þar sem fjallað var um öryggi á ÖSE-svæðinu og framtíðarsýn stofnunarinnar. Í þeim kom skýrt fram að grundvallarreglur Helsinki-sáttmálans og hugmyndin um heildræna nálgun á öryggi séu lykilforsendur stöðugleika á svæðinu. Þessi vinna heldur áfram árið 2026. Ákall um umbætur á starfsemi ÖSE hefur orðið háværara á undanförnum misserum og Ísland mun leggja sitt lóð á vogaskálarnar í því ferli sem framundan er.

1.6 Umhverfis-, loftslags- og orkumál

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar

Árleg ríkjaráðstefna loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC) (COP30) fór fram í Belém, Brasilíu í nóvember 2025. Á ráðstefnunni var m.a. samþykkt að þrefalda fjárframlög til loftslagsaðgerða til ársins 2035. Einnig var ný jafnréttisáætlun samþykkt.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra leiddi sendinefnd Íslands á ráðstefnunni. Fulltrúar utanríkisráðuneytisins tóku þátt í samningaviðræðum og viðburðum og funduðu með fulltrúum samstarfsstofnana og loftslagserindrekum samstarfsríkja.

Aðlögunarsjóðurinn

Aðlögunarsjóðurinn (Adaptation Fund) fjármagnar verkefni og verkefnaáætlanir í þeim þróunarríkjum sem eru aðilar að Kyoto-bókuninni undir Rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og eru sérstaklega útsett fyrir skaðlegum áhrifum loftslagsbreytinga. Sjóðurinn er áherslustofnun í loftslagsmálum í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028. Samstarfssamningur við sjóðinn var endurnýjaður á árinu 2024 til þriggja ára.

Græni loftslagssjóðurinn

Græni loftslagssjóðurinn (e. Green Climate Fund) er stærsti samstarfsaðili Íslands á sviði umhverfis-, loftslags- og orkumála í þróunarsamvinnu. Sjóðurinn fjármagnar verkefni þróunarríkja sem stuðla að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og bæta getu þeirra til að laga sig að loftslagsbreytingum. Sjóðurinn er áherslustofnun í loftslagsmálum í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028. Samstarfssamningur er í gildi fram til ársins 2028.

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP) er lykilstofnun er varðar umhverfismál og framkvæmd alþjóðlegra umhverfissamninga og hefur markvisst verið unnið að því undanfarin misseri að styrkja samstarf Íslands við stofnunina. Í lok árs 2025 var undirritaður samningur við UNEP um fjármögnun ungliðastöðu á sviði stjórnunar sjávarvistkerfa sem starfa mun í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Naíróbí.

Sjálfbær orka fyrir alla

Ísland hefur átt aðild að Stofnun um sjálfbæra orku fyrir alla (e. Sustainable Energy for All, SEforALL) frá árinu 2011. Stofnunin vinnur í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar, ríki, fjármálastofnanir, félagasamtök, góðgerðarsamtök og einkageirann. Markmið hennar er að knýja fram aðgerðir í samræmi við sjöunda heimsmarkmiðið og að binda endi á orkufátækt. Samstarfssamningur er í gildi annars vegar um kjarnaframlög og hins vegar jafnréttisverkefni út árið 2026. Á árinu 2025 var ákveðið að veita framlag til nýs verkefnis um loftslagsvænar eldunaraðstöður (e. clean cooking) í skólum í þróunarríkjum.

Alþjóðastofnun um endurnýjanlega orkugjafa

Alþjóðastofnun um endurnýjanlega orkugjafa (e. International Renewable Energy Agency, IRENA) er lykilstofnun við að stuðla að þróun nýtingar sjálfbærra orkugjafa í þróunarríkjum. Íslensk stjórnvöld hafa starfað með stofnuninni frá árinu 2010 og hafa meðal annars stutt við verkefni sem snúa að nýtingu lághita í Afríku til matvælaframleiðslu og á sviði jafnréttismála. Þá er íslenskur sérfræðingur, fjármagnaður af íslenskum stjórnvöldum, nú að störfum hjá stofnuninni og vinnur að framgangi jarðhitanýtingar í aðildarríkjum IRENA.

Fjármögnunarstofnun um endurnýjanlega orkugjafa

Ísland er einn af stofnaðilum fjármögnunarstofnunar á vegum Alþjóðaveðurmálastofnunarinnar um kerfisbundnar veðurathuganir í þróunarríkjunum (e. Systematic Observations Financing Facility, SOFF), en fulltrúi utanríkisráðuneytisins situr

Árleg ríkjaráðstefna loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC) (COP30) fór fram í Belém í Brasilíu í nóvember 2025. Nótt Thorberg forstöðumaður Grænvangs, Víðir Reynisson þingmaður Samfylkingarinnar, María Erla Marelsdóttir sendiherra loftslags- og orkumála, Ása Berglind Hjálmarsdottir þingmaður Samfylkingarinnar og Arna Bang, sérfræðingur á alþjóðasviði Alþingis. Mynd: Guðrún Þorsteinsdóttir.

jafnframt í stýrinefnd stofnunarinnar. SOFF hefur það að markmiði að efla veðurathuganir í þróunarríkjunum með það að markmiði að bæta viðbragðsgetu þróunarríkjanna við veðurbreytingum vegna loftslagsbreytinga. Veðurstofa Íslands tekur virkan þátt í starfi SOFF og veitir sérfræðiráðgjöf til Veðurstofu Malaví í samstarfi við Veðurstofu Noregs og Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP).

Norræni þróunarsjóðurinn

Norræni þróunarsjóðurinn (e. Nordic Development Fund, NDF) er þriðja áherslustofnunin í loftslagsmálum í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Hún er í eigu Norðurlandanna og veitir lán og styrki til loftslagstengdra verkefna í þróunarríkjum. Ísland er stofnaðili sjóðsins og á fulltrúa í stjórn. Þá hafa íslensk stjórnvöld veitt framlög til sjóðs á vegum NDF, Africa Energy and Environment Trust Fund, en starfsemi hans miðar að bættum aðgangi að endurnýjanlegri orku í Afríku.

NDC-samstarfsnetið

Ísland gerðist aðili að NDC-samstarfsnetinu (e. NDC Partnership), verkefni um loftslagsmiðaða þróunarsamvinnu árið 2023 og gerði á árinu 2025 samstarfssamning við netið til þriggja ára. Netið fjármagnar verkefni þróunarríkja í samræmi við loftslagsáætlanir þeirra og styrkir alþjóðlegt samstarf á sviði loftslagsfjármögnunar. Markmið samstarfsnetsins eru að stuðla að samræmingu loftslags- og þróunaráætlana, efla aðlögun og byggja upp þol gagnvart loftslagsbreytingum, og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

1.7 **Málefni hafsins og fiskveiðisamningar**

Fiskveiðisamningar

Málefni hafsins eru grundvallarhagsmunir Íslands og mikilvægt að þeirra sé gætt í umræðu og stefnumótun á alþjóðavettvangi. Fyrirsvar í málaflokknum verður æ flóknara þar sem málefni hafsins eru rædd innan fleiri stofnana og á breiðari hátt en áður. Mikilvægar samningaviðræður standa yfir við nágranna okkar um skiptingu aflaheimilda í deilistofnum og hafa þær veruleg áhrif á íslenska hagsmuni í ljósi þess að þær varða meirihluta þess afla sem íslensk skip landa á ári hverju. Til að bregðast við þessari þróun hafa utanríkisráðuneytið og atvinnuvegaráðuneytið styrkt alþjóðlegt fyrirsvar sitt á síðastliðnum árum. Hér eru grundvallarhagsmunir Íslands í húfi og Stjórnarráðið starfar sem ein heild að því að gæta þeirra eins vel og hægt er.

Viðræðurnar eru við strand- og veiðiríki um makríl, síld og kolmunna, auk þess sem reglulega er fundað með grannríkjum um aðra stofna, t.d. loðnu. Árlega fer fram haf- og fiskveiðisamráð með Grænlandi, Færeyjum, Bretlandi og Noregi. Á næsta ári bætist Evrópusambandið í þann hóp og er Ísland þá með virkt samráð við öll strandríki Norð-Austur Atlantshafs, að Rússlandi undanskildu. Á árinu hófust sérstakar viðræður við Noreg, m.a. um loðnu, og stefnt er að því að Norðmenn gerist aðilar að loðnusamningi Íslands og Grænlands. Þá hófust einnig viðræður við Færeyinga um endurskoðun á tvíhliða samstarfi ríkjanna á sviði fiskveiða.

Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, og Jón Erlingur Jónasson, formaður Bláfæðubandalagsins, takast glaðbeittir í hendur á Hafráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Nice í Frakklandi.

SVIÐSLJÓS

Jöklar, kórallar og plastmengun á ung-hverfisþingi Sam-einuðu þjóðanna

Sjöunda umhverfisþing Sameinuðu þjóðanna (UNEA 7) var haldið í desember 2025. Þingið er helsti alþjóðavettvangur stefnumótunar um umhverfismál á heimsvísu.

Þar eru meðal annars teknar ákvarðanir um hvernig unnið skal að framgangi mikilvægra alþjóðlegra umhverfissamninga, svo sem samningsins um líffræðilega fjölbreytni og nýs samnings um plastmengun, þar með talið í hafinu.

Á fundinum lögðu íslensk stjórnvöld áherslu á að fylgja eftir ályktunum um djúpsjávarvistkerfi, jökla og freðhvolf og kóralla, enda snerta þær mikilvæga íslenska hagsmuni. Jafnframt var lögð áhersla á aðgerðir gegn plastmengun, en Ísland hefur verið meðal þeirra þjóða sem vilja metnaðarfullt samkomulag sem nær til alls lífsferils plasts.

Bláfæðubandalagið

Ísland gegnir formennsku í Bláfæðubandalaginu (e. Aquatic Blue Food Coalition) sem er bandalag ríkja, alþjóðlegra stofnana, félagasamtaka, einkafyrirtækja og fræðastofnana sem vilja auka veg fæðu sem upprunnin er í hafi eða vötnum. Markmið bandalagsins er að fylgja eftir ályktunum leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna um fæðukerfi heimsins árið 2021.

Á árinu 2025 voru fjölmargir viðburðir haldnir á vegum bandalagsins eða með þátttöku þess á alþjóðlegum fundum. Lögð var áhersla á hvernig sjálfbær nýting fæðu úr höfum og vötnum nýtist í baráttunni við loftslagsbreytingar, hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og fæðuöryggi í heiminum. Mikilvægasta framlag bandalagsins til umræðunnar var á Hafráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Nice í Frakklandi. Bandalaginu tókst þar að hafa áhrif á dagskrá ráðstefnunnar, skipulagði viðburð með þátttöku ráðherra frá fimm ríkjum, þar með talið framkvæmdastjóra sjávarútvegsmála hjá ESB. Í boði franskra stjórnvalda tók bandalagið einnig þátt í því að skipuleggja hluta viðburðasvæðis ráðstefnunnar þar sem áhersla var á sjávarafurðir og mikilvægi þeirra fyrir fæðuöryggi og sem lífsviðurværi.

Bandalagið stækkaði töluvert á árinu og deila nú fleiri sjónarmiðum Íslands um nauðsyn þess að fæða úr höfum og vötnum fái aukið rými í umræðum á alþjóðavettvangi. Í bandalaginu eru nú 16 ríki, 4 alþjóðastofnanir, 35 alþjóðleg félagasamtök, sex háskólastofnanir og sjö frá fyrirtækjum eða samtökum þeirra.

Alþjóðahaffræðinefnd Mennta-, vísinda-, og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna

Á vettvangi alþjóðahaffræðinefndar Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (IOC UNESCO) er unnið mikilvægt starf á því sviði málefna hafsins sem varðar rannsóknir og nýsköpun. Lögð er áhersla á að framfylgja heimsmarkmiði fjórtán um hafið og jafnframt að ákvarðanir í málaflokknum séu teknar á vísindalegum grunni. Ísland átti sæti í framkvæmdastjórn alþjóðahaffræðinefndarinnar tímabilið 2023–2025 en náði ekki endurkjöri fyrir tímabilið 2025–2027. Fulltrúi Hafrannsóknastofnunar vinnur með nefndinni fyrir Íslands hönd.

SVIÐSLJÓS

Sögulegur samningur um makríl

Nýr samningur um stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi milli Íslands, Færeyja, Bretlands og Noregs var undirritaður undir lok árs 2025. Samningurinn markar tímamót eftir áratugalangan ágreining og óvissu um þennan mikilvæga stofn.

Með samningnum er tekið skref í þá átt að tryggja stöðu Íslands sem veiðiríkis, draga úr veiðiálagi og styrkja samvinnu og fyrirsjáanleika í veiðum. Einn stærsti ávinningurinn er að Ísland fær nú formlega viðurkenningu á hlutdeild sinni í makrílstofninum – 12,5% af heildaraflamarki – eftir að hafa lengi verið fyrir utan formlegra strandríkjasamninga.

SVIÐSLJÓS

Hafráðstefna Sameinuðu þjóðanna

Þriðja hafráðstefna Sameinuðu þjóðanna (e. UN Ocean Conference, UNOC) var haldin í Nice í Frakklandi, dagana 9.–13. júní og reyndist sú umfangsmesta og fjölmennasta hingað til. Fimmtán þúsund þátttakendur voru skráðir til leiks og eitt hundrað þúsund gestir heimsóttu opna sýningarsvæðið. Frakkland og Kosta Ríka stóðu sameiginlega að skipulagningunni.

Ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála leiddi sendinefnd Íslands og tóku fulltrúar Íslands virkan þátt í pallborðum, bæði í aðaldagskrá og á hliðarviðburðum ráðstefnunnar. Í málflutningi Íslands var lögð áhersla á sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins, vernd viðkvæmra vistkerfa þess, og mikilvægi næringarríks sjávarfangs með lágt kolefnisspor til að auka fæðuöryggi í heiminum.

Í aðdraganda ráðstefnunnar voru franskir gestgjafar óþreytandi við að hvetja ríki heimsins til að fullgilda samninginn um líffræðilega fjölbreytni utan lögsögu ríkja (BBNJ) sem vafalaust flýtti fyrir ferlinu. Sextíu ríki þurftu að fullgilda samninginn til að hann gengi í gildi. Það náðist þremur mánuðum eftir ráðstefnuna, 19. september 2025 .

Suður Kórea og Síle hafa tilkynnt að þau verði gestgjafar næstu hafráðstefnu SÞ sem fyrirhuguð er í júní árið 2028.

1.8 Svæðisbundið samstarf

Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja

Ísland er þátttakandi í umfangsmiklu og mikilvægu norrænu samstarfi, sem er einstakur vettvangur fyrir samráð og upplýsingamiðlun. Norræn samvinna byggir á sameiginlegu gildimati og styrkir hagsmuni landanna. Norðurlöndin vinna náið saman og koma jafnframt fram sem hópur þegar við á. Samstarfið fer fram meðal leiðtoga, þingmanna, embættismanna og borgaralegs samfélags og er bæði formlegt og óformlegt. Fjallað er sérstaklega um samstarf ríkisstjórna Norðurlanda í skýrslu samstarfsráðherra Norðurlanda til Alþingis. Finnland fór með formennsku í norræna samstarfinu árið 2025 en Ísland mun næst halda um stjórnartaumana árið 2029.

Utanríkispólitískt samstarf Norðurlandanna (N5) og samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna (NB8) hefur aukist verulega, ekki síst eftir allsherjarinnrás Rússlands í Úkraínu. Samstarfið styrkir rödd ríkjanna og hefur samlegðaráhrif í störfum og stefnumótun á alþjóðavettvangi, t.d. á formi sameiginlegra yfirlýsinga. N5-samstarfið er lykilþáttur í starfi sendiskrifstofa Íslands, sérstaklega innan alþjóðastofnana. NB8-samstarfið er ekki síður mikilvægt og hefur verið mikil virkni í því. Danmörk var þar í forystu á árinu.

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna (NB8) í apríl á Borgundarhólmi var lögð áhersla á stuðning við Úkraínu og viðbrögð við fjölþáttaógnum, en fundinn sóttu einnig utanríkisráðherrar Þýskalands, Póllands og vara-Evrópumálaráðherra Frakklands. Á utanríkisráðherrafundi Norðurlandanna í Nuuksio í Finnlandi í ágúst voru málefni Úkraínu efst á baugi og var utanríkisráðherra Kanada sérstakur gestur fundarins. Utanríkisráðherrar Norðurlandanna áttu einnig fund í tengslum við 77. þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í október og var utanríkisráðherra Nýja-Sjálands sérstakur gestur fundarins. Þá styðja íslensk stjórnvöld við samstarfsverkefni NB8-ríkjanna og utanríkisráðuneytis Moldóvu sem sett var á laggirnar í september 2025 í kjölfar heimsóknar utanríkisráðherranna til Moldóvu ári fyrr. Verkefnið miðar að því að efla getu ráðuneytisins til að verjast fjölþáttaógnum og er framkvæmt af þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP).

Í október fór fram reglulegur fundur utanríkisráðherra Norðurlandanna og Afríkuríkja og fór hann fram í Simbabve að þessu sinni. Áherslumál fundarins voru annars vegar viðskipti, nýsköpun og fjárfestingar og hins vegar fjölþjóðasamvinna, öryggismál og heimsmarkmiðin.

SVIÐSLJÓS

Ríkisheimsóknir forseta Íslands til Noregs, Svíþjóðar og Finnlands

Á árinu fór forseti Íslands í ríkisheimsóknir til Noregs, Svíþjóðar og Finnlands og var utanríkisráðherra í fylgdarliði forseta í þeim öllum, ásamt opinberri sendinefnd og viðskiptasendinefnd, sem Íslandsstofa leiddi. Heimsóknin til Noregs var í apríl, til Svíþjóðar í maí og til Finnlands í október. Markmið heimsóknanna var að styrkja hin góðu tengsl Íslands og landanna. Í ferðunum átti ráðherra jafnframt tvíhliða fundi með ráðherrum í löndunum sem fara með sömu málaflokka innan sinna landa. Á fundunum gafst mikilvægt tækifæri til að stilla saman strengi og styrkja tvíhliða samskipti landanna.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir utanríkisráðherra ásamt forsetahjónunum og Masud Gharahkhani forseta norska Stórþingsins.
Mynd: Skrifstofa forseta Íslands/Myriam Farti og FS Foto

SVIÐSLJÓS

Norðurskautsráðið á ólgutímum

Norðurskautsráðið hefur fest sig í sessi sem mikilvægasti samstarfsvettvangurinn um málefni norðurslóða. Í kjölfar allsherjarinnrásar Rússlands í Úkraínu var allt starf ráðsins stöðvað. Smátt og smátt hafa vinnuhópar ráðsins, sem eru sex talsins og fyrst og fremst vettvangur vísindasamstarfs, hafið störf sín á ný. Fundirnir hafa til þessa aðeins verið fjarfundir og engir fundir háttsettra embættismanna eða ráðherra hafa farið fram.

Konungsríkið Danmörk tók við formennsku í Norðurskautsráðinu af Norðmönnum 12. maí 2025 til tveggja ára. Grænland mun hafa forystu í formennskunni, sem er nýbreytni og fagnaðarefni.

Norðurslóðir

Málefni norðurslóða eru ofarlega á baugi í alþjóðlegri umræðu. Sem norðurslóðaríki skipar Ísland sér í forystusveit þeirra sem mest hafa að segja um þróun svæðisins. Í ljósi þess að öryggisástandið hefur farið versnandi teljast norðurslóðir tæplega lágspennusvæði lengur.

Samstarf og samráð ríkjanna sjö (þ.e. án Rússlands) hefur aukist mjög, ekki síst eftir að Finnland og Svíþjóð gengu í Atlantshafsbandalagið. Fulltrúar ríkjanna sjö hittast þegar færi gefst og ræða hagsmuni sína og þróun mála á svæðinu, ekki síst á sviði öryggis- og varnarmála.

Alþjóðleg samkeppni um að tryggja matvælaöryggi, orkuöryggi og aðgengi að fágætum málmum, mögulegar nýjar siglingarleiðir o.s.frv. hafa smátt og smátt þokað norðurslóðum inn í hringiðu heimsmálanna. Áhugi ríkja utan svæðisins, m.a. Kína, er merki um þetta og fer vaxandi. Þessi þróun felur í sér tækifæri en einnig áskoranir fyrir þau ríki sem svæðið tilheyrir.

Þannig einkennast norðurslóðir nú af aukinni spennu. Rússland hefur styrkt hernaðarlega viðveru sína, endurnýjað herstöðvar og aukið getu sína til að stjórna siglingaleiðum og lofthelgi. Atlantshafsbandalagið hefur brugðist við með aukinni viðveru og hernaðarmætti á svæðinu, sérstaklega eftir að Finnland og Svíþjóð gengu í bandalagið. Þá hafa Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið aukið eftirlit og viðbragðsgetu á svæðinu, m.a. frá Íslandi.

Nú er gert ráð fyrir að íshellan á norðurskauti hopi um rúm 12% hvern áratug og má fullyrða að áhrifa loftslagbreytinga gæti frekar á norðurslóðum en víða annars staðar í heiminum. Þiðnun sífrera er sömuleiðis mikið áhyggjuefni, enda hafa slíkar breytingar mikil áhrif á þær ríflega fjórar milljónir manna sem byggja norðurslóðir. Loftlagsbreytingar hafa þegar bein áhrif á lífsafkomu, beitiland og veiði, sem og á innviði á norðurslóðum.

Ísland hefur vissulega notið góðs af vaxandi áhuga á norðurslóðum og fulltrúar annarra ríkja hafa sóst eftir áliti stjórnvalda og þekkingu á hinum ýmsu málum er varða okkar heimshluta. Í því ljósi er mikilvægt að sinna þessum málum vel og tryggja þannig hagsmuni Íslands og stöðu á þessum vettvangi.

Hið ótrygga öryggisástand sem nú ríkir í Evrópu, þ.m.t. á norðurslóðum, hefur vikið til hliðar öðrum málum, sem voru í deiglunni þegar stefna Íslands var í mótun fyrir um fimm árum síðan. Þó er enn mikilvægt að gefa þessum málum gaum. Nauðsynlegt er að hyggja að öryggi í víðu samhengi. Mikil og vaxandi skipaumferð er um svæðið, hvort sem um er að ræða olíu-, skemmtiferða- eða fiskveiðiskip, svo ekki sé minnst á skip úr skuggaflota Rússa. Slys, hvort sem um er að ræða olíuleka eða skemmtiferðaskip sem strandar, kalla á þétt samstarf ríkjanna á svæðinu. Hröð bráðnun íss á norðurslóðum er ógn við lífsviðurværi fólks á svæðinu, ekki síst frumbyggja.

SVIÐSLJÓS

Kólnandi samskipti í hlýnandi heimi: Akureyri sem miðstöð norðurslóða á Íslandi

Í stefnu Íslands í málefnum norðurslóða er kveðið á um að styrkja Akureyri sem miðstöð málaflokksins hér á landi. Þar hafa aðsetur tvær nefndir Norðurskautsráðsins, skrifstofa alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndarinnar (IASC) og stofnun Vilhjálms Stefánssonar, sem nýverið var færð undir Háskólann á Akureyri. Háskólinn gegnir einnig sérstöku hlutverki á sviði rannsókna og málefna norðurslóða. Þá hefur svokallað Norðurslóðanet, sem sameinar íslenskar stofnanir, fyrirtæki og samtök sem vinna að málefnum norðurslóða, einnig aðsetur á Akureyri. Utanríkisráðuneytið hefur lagt lóð á vogarskálar í þessu uppbyggingarstarfi á Akureyri, m.a. með beinum fjárframlögum til áðurnefndra stofnana.

Utanríkisráðherra lagði jafnframt áherslu á mikilvægt hlutverk Akureyrar í umræðu um málefni norðurslóða á fundi Háskólans á Akureyri í júní og lýsti yfir eindregnum stuðningi við áframhaldandi uppbyggingu þekkingar og starfsemi á svæðinu.

Ráðherra sagði jafnframt að: „Á meðan hlýnun jarðar opnar upp hafið fyrir norðan okkur þá horfum við upp á hraðfara kólnun og afturför í alþjóðasamskiptum sem birtist hvað skýrast í allsherjarinnrás Rússa í Úkraínu og sífelldum skæruárásum þeirra á Evrópuríki – hvort sem er í netheimum eða raunheimum, jafnvel með aðstoð glæpahópa. Þetta hefur skapað öldurót í öryggis- og varnarmálum sem ekki sér fyrir endann á. Líka á Íslandi.“

Annað svæðisbundið samstarf

Í Eystrasaltsráðinu (e. Council of the Baltic Sea States, CBSS) fer fram samstarf aðildarríkjanna um fjölbreytt málefni á borð við barnavernd, málefni ungmenna, mansal og almannavarnir. Á utanríkisráðherrafundi ráðsins í Vihula í Eistlandi í maí voru málefni Úkraínu og viðbrögð við fjölþáttaógnum ofarlega á baugi. Í ljósi þess hvernig aðstæður á svæðinu hafa breyst var þar ákveðið að hefja endurskoðun á starfsemi Eystrasaltsráðsins svo að það geti mætt þessum nýja veruleika betur. Pólland tók við formennsku í ráðinu í júlí 2025 og fer endurskoðunin fram í formennskutíð þess. Ísland tekur við formennsku í Eystrasaltsráðinu 1. júlí 2026 til eins árs. Verulega hefur dregið úr starfi á vettvangi Barentsráðsins (e. Barents Euro-Arctic Council, BEAC). Finnland hefur sagt sig úr því ráðinu og er framtíð þess því óljós. Hvorki Ísland né Danmörk gegna formennsku í ráðinu né borga til þess. Starfsemi Norðlægu víddarinnar (e. Northern Dimension) sem var samráðsvettvangur um málefni Norðvestur-Evrópu var lögð niður á árinu.

1.9 Tvíhliða samvinna

Norðurlöndin

Tvíhliða samskipti Íslands við Norðurlöndin eru lykilþáttur í hagsmunagæslu utanríkisráðuneytisins og ná yfir svið alþjóðastjórnmála, öryggis- og varnarmála, viðskipta sem og menningarsamstarfs og fleira. Hlutdeild Norðurlandanna, þ.m.t. Færeyja, Grænlands og Álandseyja, var 9% af heildarútflutningi á vöru og þjónustu frá Íslandi árið 2024. Vöruviðskiptin 2024 námu alls 421 milljörði króna og þjónustuviðskipti 204 milljörðum króna. Undanfarinn áratug hafa Norðurlöndin verið á meðal helstu viðskiptalanda Íslands. Árið 2024 röðuðust Noregur og Danmörk í 6. og 8. sæti yfir stærstu viðskiptalöndin en Svíþjóð var í 15. sæti. Norðurlöndin gegna þar af leiðandi lykilhlutverki í utanríkisverslun Íslands. Náið og vaxandi samstarf er um öryggis- og varnarmál milli Norðurlandanna á vettvangi norræna varnarsamstarfsins NORDEFCO og um öryggismál í Norður-Evrópu og norðurslóðum. Þá hefur markvisst verið unnið að því að styrkja tvíhliða varnarsamstarf við Norðurlöndin.

Hér að neðan fylgir stutt yfirlit yfir tvíhliða samvinnu við einstök ríki Norðurlanda. Nánari útlistun er jafnframt að finna í sendiskrifstofukafla skýrslunnar.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir utanríkisráðherra, Vivian Motzfeldt, utanríkisráðherra Grænlands, Tore O. Sandvik, varnarmálaráðherra Noregs, og Troels Lund Poulsen, varnarmálaráðherra Danmerkur fylgjast með varnaræfingunni Arctic Light 2025 úti fyrir ströndum Grænlands. 15. september 2025. Mynd: Utanríkisráðuneytið.

Danmörk

Samskipti Íslands og Danmerkur eru traust og víðtæk og byggjast á langri sameiginlegri sögu, nánu samstarfi á fjölmörgum sviðum og sameiginlegum hagsmunum á alþjóðavettvangi. Samskipti ráðamanna ríkjanna eru jafnframt regluleg og náin. Samstarf Íslands og Danmerkur um öryggis- og varnarmál á sér langa sögu og hefur haldið áfram að vaxa í tengslum við aukna áherslu danska konungsríkisins á eftirlit og aðgerðir á norðurslóðum. Á árinu 2025 gegndi Danmörk formennsku í Evrópusambandinu, átti sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og þá fer Grænland með formennsku í Norðurskautsráðinu fyrir hönd danska konungsríkisins. Utanríkisráðherra sótti óformlegan fund utanríkisráðherra ESB um Úkraínu í Kaupmannahöfn í ágúst á liðnu ári. Þá sótti forsætisráðherra í september fund leiðtoga NB8-ríkjanna með Úkraínuforseta í Kaupmannahöfn í boði forsætisráðherra Danmerkur. Þar var staða mála í Úkraínu í brennidepli ásamt staðföstum stuðningi NB8-ríkjanna við Úkraínu.

Noregur

Noregur er einn stærsti viðskiptamarkaður Íslands og gagnkvæmir hagsmunir eru miklir, meðal annars í viðskiptamálum, Evrópumálum, öryggis- og varnarmálum, utanríkispólitísku samstarfi og málefnum Norðurslóða. Í apríl fór forseti Íslands í ríkisheimsókn til Noregs sem styrkti einstakt samband ríkjanna menningarlega, viðskiptalega og sögulega. Forseti heimsótti bæði Osló og Þrándheim og vakti heimsóknin mikla athygli þar í landi. Utanríkisráðherra fylgdi forseta til Noregs og fundaði þar með varnarmálaráðherra og utanríkisráðherra Noregs. Á fundum ráðherrana var stuðningur ríkjanna við varnarbaráttu Úkraínu í brennidepli ásamt hörmulegu ástandi fyrir botni Miðjarðarhafs. Utanríkisráðherra fundaði jafnframt með formanni utanríkis- og varnarmálanefndar norska Stórþingsins og fylgdi forseta Íslands á fundi með forseta þingsins og forsætisráðherra Noregs.

Svíþjóð

Tengsl Íslands og Svíþjóðar halda áfram að styrkjast, ekki síst á sviði stjórnmála, viðskipta og menningar. Ímynd Íslands hefur styrkst í Svíþjóð samhliða þeirri þróun. Í maí fór forseti Íslands í ríkisheimsókn til Svíþjóðar. Utanríkisráðherra og heilbrigðisráðherra voru í för með forseta og tóku þátt í dagskrá heimsóknarinnar ásamt opinberri sendinefnd og fulltrúum viðskipta- og menningarlífs. Markmið heimsóknarinnar var að efla enn frekar góð tengsl ríkjanna og kanna tækifæri til aukins samstarfs, meðal annars á sviði heilbrigðismála, kvikmyndagerðar og öryggis- og varnarmála. Í tengslum við heimsóknina átti utanríkisráðherra fundi með sænsku ráðafólki í Stokkhólmi, þar á meðal utanríkisráðherra, þróunarsamvinnu- og utanríkisviðskiptaráðherra og varnarmálaráðherra. Á fundunum voru norrænt samstarf, sameiginlegar áskoranir, málefni norðurslóða, staða og stuðningur við Úkraínu, viðskipti, sem og varnar- og öryggismál efst á baugi.

Finnland

Ísland og Finnland eiga í góðum tvíhliða samskiptum sem byggja á sameiginlegum gildum og gagnkvæmum stuðningi. Finnland fór með formennsku í norrænu samstarfi og Norrænu ráðherranefndinni árið 2025 og sóttu fjölmargir íslenskir ráðherrar fundi í Finnlandi á árinu. Þá fór forseti Íslands í ríkisheimsókn til Finnlands í október. Utanríkisráðherra var með í för ásamt viðskiptasendinefnd sem skipuð var 25 fulltrúum íslenskra fyrirtækja á sviði orkumála, hátækni og leikjaiðnaðar. Við það undirrituðu utanríkisráðherra Íslands og varnarmálaráðherra Finnlands tvíhliða yfirlýsingu um varnarmál enda er öryggis- og varnarsamstarf ríkjanna náið, ekki síst í kjölfar aðildar Finnlands að Atlantshafsbandalaginu árið 2023. Finnar tóku í fyrsta skipti þátt í loftrýmisgæsluverkefni Atlantshafsbandalagsins á Íslandi 2025 og var öll framkvæmd verkefnisins til fyrirmyndar. Tengsl Finnlands við Eystrasaltsríkin eru einnig sterk, sem hefur meðal annars leitt til þess að samstarfið milli Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna hefur aukist enn frekar.

Grænland

Samstarf Íslands og Grænlands er náið og hefur aukist síðustu ár í takt við breyttar aðstæður og vaxandi mikilvægi norðurslóða. Utanríkisráðherra heimsótti Grænland í september á liðnu ári og átti þar tvíhliða fund með utanríkisráðherra landsins. Í brennidepli voru öryggis- og varnarmál, áskoranir og tækifæri á norðurslóðum og möguleikar á frekara samstarfi ríkjanna. Ráðherra fylgdist jafnframt með alþjóðlegu varnaræfingunni Arctic Light. Forsætisráðherra heimsótti Grænland í október og fundaði þar með formanni grænlensku landsstjórnarinnar. Áhersla var lögð á áframhaldandi starf á grundvelli samstarfsyfirlýsingar Íslands og Grænlands frá 2022 og undirbúningsvinnu fyrir gerð viðskiptasamnings milli landanna. Þá tók utanríkisráðherra Grænlands þátt í Hringborði Norðurslóða í Reykjavík í október, þar sem hún lagði áherslu á virkt hlutverk Grænlands í alþjóðlegu samstarfi og sjálfsákvörðunarrétt íbúa og stjórnvalda á norðurslóðum.. Fundur háttsettra embættismanna Íslands og Grænlands fór fram í Reykjavík í janúar á liðnu ári. Fundurinn er liður í reglulegu samráði landanna og var leiddur af ráðuneytisstjórum utanríkisráðuneyta ríkjanna.

Færeyjar

Færeyjar eru meðal nánustu samstarfsríkja Íslands og eru pólitísk samskipti mikil og fundir ráðamanna tíðir. Utanríkisráðherrar Íslands, Grænlands og Færeyja áttu þríhliða fund í tengslum við Hringborð norðurslóða þar sem rætt var um sameiginleg hagsmunamál ríkjanna, stöðuna á vestnorræna svæðinu og samstarf á vettvangi norðurslóðamála. Í kjölfar fundarins áttu utanríkisráðherrar Íslands og Færeyja tvíhliða fund þar sem náin samskipti ríkjanna voru til umræðu. Forsætisráðherra heimsótti Færeyjar í maí á liðnu ári í boði lögmanns Færeyja og var það fyrsta opinbera heimsókn ráðherrans erlendis. Ráðherra fundaði þar með lögmanni og var náið samstarf ríkjanna á sviði menningar, viðskipta og stjórnmála í brennidepli. Í heimsókninni kynntist forsætisráðherra jafnframt uppbyggingu samgönguinnviða í Færeyjum, vernd umhverfis og þjóðminja á eyjunni Koltur og fylgdist með karlalandsliði Færeyja í handbolta vinna frækinn sigur á Úkraínumönnum.

Evrópusambandið og aðildarríki þess

Innri markaður Evrópu er mikilvægasta markaðssvæði Íslands og samskiptin við Evrópusambandið (ESB) veigamikill þáttur í utanríkismálum landsins. Ísland og ESB eiga samleið um margt á sviði utanríkismála.. Á grundvelli EES-samningsins tekur Ísland þátt í þvingunaraðgerðum ESB og tekur jafnframt undir fjölda yfirlýsinga sambandsins, bæði á vettvangi alþjóðastofnana og á sviði samræmingar við sameiginlega utanríkis- og öryggisstefnu ESB. Samráð við ríki innan EES-samstarfsins er einnig öflugt. Á fundi EES-ráðsins í Brussel í maí undirrituðu utanríkisráðherrar EFTA-ríkjanna innan EES — Íslands, Noregs og Liechtenstein — sameiginlega yfirlýsingu um að efla samstarf sitt á sviði utanríkis- og öryggismála. Í henni er kveðið á um aukið pólitískt samráð, að ríkin samræmi afstöðu til alþjóðamála og vinni saman að því að standa vörð um mannréttindi.

Formlegt og reglubundið samráð við Evrópusambandið hefur verið fest í sessi og eflt á árinu. Samstarf Íslands og ESB á sviði öryggis- og varnarmála hefur einnig dýpkað og lokið var við gerð samstarfsyfirlýsingar á því sviði á árinu. Hún var síðan undirrituð snemma árs 2026.

Schengen-samstarfið gegnir áfram lykilhlutverki í að efla sameiginlegt öryggi og auðvelda ferðalög milli aðildarríkja. Þá á Ísland jafnframt reglulegt tvíhliða samráð við fjölda aðildarríkja ESB.

Þýskaland

Þýskaland hefur um langt skeið verið eitt traustasta samstarfsríki Íslands á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, innan Evrópu og Sameinuðu þjóðanna. Samstarf ríkjanna einkennist af nánu

SVIÐSLJÓS

Heimsókn Ursulu von der Leyen til Íslands

Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, heimsótti Ísland dagana 16.–18. júlí. Í heimsókninni voru öryggismál í víðum skilningi í brennidepli, þ.m.t. staða þeirra á Íslandi og Norður-Atlantshafssvæðinu, framlag Íslands til sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsins, almannavarnir og áfallaþol.

Von der Leyen fundaði með forsætisráðherra og utanríkisráðherra á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Þá var ákveðið að hefja viðræður um gerð samstarfsyfirlýsingar á milli Íslands og Evrópusambandsins um öryggis- og varnarmál. Von der Leyen heimsótti einnig Grindavík þar sem hún fékk kynningu á starfsemi almannavarna og áfallaþoli á Íslandi. Þá var haldið í þjóðgarðinn á Þingvöllum undir leiðsögn þjóðgarðsvarðar og loks rætt um stöðu alþjóðamála í vinnukvöldverði í Þingvallabænum.

Kristrún Frostadóttir, forsætisráðherra, Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, utanríkisráðherra, undir blaktandi íslenskum fána á Þingvöllum sumarið 2025. Mynd: Evrópusambandið.

pólitísku samráði og sameiginlegri sýn á mikilvægi alþjóðalaga, fjölþjóðasamvinnu og öryggis. Í febrúar tók utanríkisráðherra þátt í árlegri ráðstefnu um öryggismál í München, þar sem vaxandi áhyggjur af þróun alþjóðamála og mikilvægi áframhaldandi stuðnings við Úkraínu voru efst á baugi. Varnarmálaráðherra Þýskalands heimsótti Ísland í október og átti fundi með forsætisráðherra og utanríkisráðherra. Í tengslum við heimsóknina var undirrituð tvíhliða viljayfirlýsing um samstarf í varnarmálum. Þá heimsótti utanríkisráðherra Þýskaland í byrjun desember og átti tvíhliða fund með utanríkisráðherra Þýskalands þar sem rætt var um stöðu mála í Úkraínu, Evrópumál ásamt öryggismálum á alþjóðavísu, á Norðurslóðum og í Mið-Austurlöndum. Yfirhershöfðingi þýska hersins heimsótti Ísland í ágúst og fundaði með utanríkisráðherra ásamt skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Þá heimsótti ráðuneytisstjóri þýska varnarmálaráðuneytisins Ísland í janúar og fundaði m.a. með staðgengli ráðuneytisstjóra.

Frakkland

Frakkland er mikilvægt samstarfsríki Íslands jafnt á alþjóðavettvangi sem og í Evrópusamstarfi og samband ríkjanna hefur styrkst undanfarin ár. Reglubundið samráð við Frakkland á sviði Evrópusamvinnu og alþjóðapólitískra málefna fór fram í París í desember og á sviði öryggis- og varnarmála í Reykjavík í júní þar sem viljayfirlýsing um tvíhliða varnarsamstarf ríkjanna var undirrituð. Frakkland leggur mikið upp úr samstarfi um málefni norðurslóða og skip sjóhersins koma reglulega í hafnarheimsóknir til Íslands og eru virkir þátttakendur í varnaræfingum og eftirlitsaðgerðum á hafsvæðinu í kringum landið. Eftirspurn eftir íslenskri menningu er jafnframt mikil í Frakklandi, sem er stærsti markaður í heimi fyrir íslenskar bókmenntir og kvikmyndir, auk þess sem Frakkland er einn helsti útflutningsmarkaður Íslands fyrir ferskan fisk. Frakkland hefur verið leiðandi í samræmingarvinnu vinaríkja Úkraínu, ekki síst hvað varðar mögulegar öryggistryggingar ef og þegar átökum linnir og á árinu var boðað til reglulegra funda í París þar sem m.a. forsætisráðherra Íslands og skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu tóku þátt.

Spánn

Sendiráð Íslands í Madríd var opnað við hátíðlega athöfn 1. desember. Utanríkisráðherra sótti opnunina ásamt ráðuneytisstjóra og átti við það tækifæri tvíhliða fundi með José Manuel Albares utanríkisráðherra og Amparo López Senovilla, aðstoðarefnahags- og viðskiptaráðherra. Í tilefni af opnun sendiráðsins var efnt til tveggja viðburða í Madrid. Sá fyrri var helgaður umræðu um tvíhliða samstarf ríkjanna, bæði sín á milli og í utanríkispólitísku samhengi. Utanríkisráðherrar Íslands og Spánar lögðu línurnar en síðan fóru fram pallborðsumræður um norðurslóðir annars vegar og samstarf undir merkjum mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna hins vegar. Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins tók þátt í fyrri viðburðinum en fastafulltrúar

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, utanríkisráðherra og Boris Pistorius, varnarmálaráðherra Þýskalands, undirrita viljayfirlýsingu um varnarmál í október. Mynd: Utanríkisráðuneytið.

Forsætisráðherra og utanríkisráðherra ræða við Bandaríkjaforseta á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins 25. júní 2025. Mynd: Utanríkisráðuneytið.

Íslands og Spánar hjá mannréttindaráði SÞ í þeim síðari. Síðar um daginn var efnt til viðburðar um hvernig auka megi viðskiptatengsl landanna sem þegar eru töluverð.

Utanríkisráðherra ferðaðist einnig til Madríd í mars og átti þá tvíhliða fundi með utanríkisráðherra Spánar og Margarita Robles varnarmálaráðherra Spánar. Þá sótti hún ráðherrafund um málefni Palestínu í Madríd í maí og fjórðu ráðstefnu um fjármögnun þróunar (FfD-4) í Sevilla 30. júní – 2. júlí.

Í ágúst átti utanríkisráðherra fund með utanríkisráðherra Spánar á hliðarlínum Gymnich, óformlegs utanríkisráðherrafundar ESB í Kaupmannahöfn.

Spánn sinnti í fyrsta sinn loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins við Ísland síðasta sumar og flugsveitin sem hingað kom lýsti mikilli ánægju með reynsluna af æfingum við strendur landsins.

Pólland

Tvíhliða samskipti Íslands og Póllands byggja á sameiginlegum gildum, nánu samstarfi innan alþjóðlegra stofnana og sívaxandi tengslum á ýmsum sviðum. Löndin eiga í öflugu samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins og Evrópuráðsins, auk Eystrasaltsráðsins, og efnahagsleg tengsl þeirra hafa styrkst jafnt og þétt. Menningar- og samfélagstengsl ríkjanna eru einnig sterk.

Í ljósi breyttra öryggisaðstæðna í Evrópu hefur samstarf Íslands og Póllands á sviði öryggis- og varnarmála orðið sífellt mikilvægara. Ríkin hafa átt í nánu samstarfi um stuðning við Úkraínu í kjölfar innrásarstríðs Rússlands árið 2022. Sendiráð Íslands í Varsjá fer með málefni Úkraínu, og hafa umsýsla sendiráðsins og vinnuheimsóknir starfsmanna til Úkraínu aukist jafnt og þétt frá opnun þess í desember 2022.

Utanríkisráðherra var fulltrúi Íslands við minningarathöfn í Auschwitz í lok janúar, þar sem þess var minnst að 80 ár voru liðin frá frelsun Auschwitz-Birkenau útrýmingarbúða nasista. Í kjölfarið átti utanríkisráðherra fundi með utanríkisráðherra Póllands og öðrum pólskum ráðamönnum í Varsjá.

Í lok september heimsótti utanríkismálanefnd Alþingis Pólland og átti fundi með pólskum starfsbræðrum sínum, auk aðstoðarutanríkisráðherra Póllands. Formaður utanríkismálanefndar og fyrrverandi utanríkisráðherra tóku jafnframt þátt í Warsaw Security Forum.

Pólland, ásamt Búlgaríu og Rúmeníu, er meðal mikilvægustu samstarfsríkja Uppbyggingarsjóðs EES. Ísland leggur sérstaka áherslu á verkefni á sviði sjálfbærni og endurnýjanlegra orkugjafa, lýðræðisþróunar og jafnréttismála innan ramma sjóðsins. Samkomulag við Búlgaríu um nýtt framkvæmdatímabil Uppbyggingarsjóðs EES var undirritað í nóvember.

Bandaríkin

Bandaríkin eru lykilsamstarfsríki Íslands á sviði öryggis-, varnar- og viðskiptamála. Að hlúa að og treysta góð tvíhliða samskipti milli Íslands og Bandaríkjanna á þessum sviðum og gæta íslenskra hagsmuna er því alltumlykjandi í íslenskri utanríkisstefnu. Árið 2025 ræddi utanríkisráðherra Íslands við Marco Rubio utanríkisráðherra Bandaríkjanna

David Lammy, þáverandi utanríkisráðherra Bretlands, heimsótti Ísland vorið 2025. Mynd: Utanríkisráðuneytið.

í tengslum við utanríkisráðherrafund Atlantshafsbandalagsins í maí og fundaði einnig með Brendan Hanrahan, háttsettum embættismanni um málefni Evrópu og Evrasíu í utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna á hliðarlínum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Utanríkisráðherra ræddi jafnframt við Pete Hegseth, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, samhliða varnarmálaráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins í Brussel í október.

Þá var reglubundið tvíhliða samráð Íslands og Bandaríkjanna um öryggis- og varnarmál haldið í Washington í byrjun maí. Náið samstarf er við Bandaríkin um öryggis- og varnarmál á grundvelli tvíhliða varnarsamnings ríkjanna og hefur það verið styrkt mjög á síðustu árum, ekki síst við varnar- og hermálayfirvöld. Á grundvelli sameiginlegra varnarhagsmuna styður Ísland við virka kafbátaleit Bandaríkjanna og annarra bandalagsríkja á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum frá Íslandi. Í samstarfi við Bandaríkin er búið að styrkja og þróa innviði á öryggissvæðinu í Keflavík sem styðja við þær aðgerðir og varnir Íslands.

Hagsmunagæsla Íslands birtist einnig í reglulegu og virku samtali sendiráðs Íslands í Washington við stjórnkerfi Bandaríkjanna. Á árinu voru haldnir fjölmargir fundir með þingmönnum í báðum deildum Bandaríkjaþings, meðal annars með Íslandsvinahópi þingmanna í fulltrúadeildinni (e. Iceland Caucus) í mars. Sendiráð Norðurlandanna í Washington vinna þétt saman og skipa málefni norðurslóða þar mikilvægan sess. Hefur vinahópur þingmanna í öldungadeild Bandaríkjaþings um málefni norðurslóða (e. Arctic Caucus) stutt við málaflokkinn um árabil.

Breytt viðskiptastefna Bandaríkjanna setti svip sinn á alþjóðaviðskipti á árinu 2025. Hinn 2. apríl gaf Bandaríkjaforseti út tilskipun um hækkanir á vörutollum við innflutning til Bandaríkjanna. Þá var lagður 10% viðbótartollur á íslenskar vörur. Tollurinn var hækkaður í 15% hinn 7. ágúst en sá tollur er lagður á þau ríki sem eru með hlutfallslega lítinn afgang af vöruviðskiptum við Bandaríkin. Hærri tollar voru lagðir á ríki sem eru með hlutfallslega mikinn afgang. Lyf og stoðtækjavörur hafa verið undanþegnar nýjum tollum en óvíst er hvort og þá hversu lengi þær undanþágur verða í gildi. Íslensk og bandarísk stjórnvöld hófu á seinni hluta árs mat á því hvort forsendur væru fyrir samningaviðræðum milli ríkjanna um viðskiptasamning. Bandaríkin hafa lagt áherslu á að ná fyrst samningum við stærri viðskiptaríki og þau sem fengu á sig hærri tolla. Helstu útflutningsafurðir frá Íslandi til Bandaríkjanna eru stoðtæki, lyf, kísiljárn, vatn og sjávarafurðir.

Bretland

Náið samstarf er á milli Íslands og Bretlands á hinum ýmsu sviðum. Í takt við breytt landslag í alþjóðamálum hefur það einkum beinst að öryggis- og varnarmálum. Málaflokkurinn var ofarlega á baugi í vinnuheimsókn David Lammy, þáverandi utanríkisráðherra Bretlands, til Íslands í maí 2025 þar sem hann fundaði með utanríkisráðherra á öryggissvæðinu í Keflavík.

Öryggis- og varnarmál voru einnig í brennidepli á reglulegu tvíhliða samráði Íslands og Bretlands sem fór fram í London í maí, auk stöðu alþjóðamála almennt. Sameiginlega viðbragðssveitin JEF (e. Joint Expeditionary Force) er mikilvægur vettvangur

SVIÐSLJÓS

Opinber heimsókn forseta Íslands til Peking og Shanghai

Opinber heimsókn Höllu Tómasdóttur, forseta Íslands til Peking og Shanghai var mikilvæg lyftistöng fyrir samskipti ríkjanna. Tilefni hennar var að ávarpa hátíðarfund í tilefni af 30 ára afmæli kvennaráðstefnunnar í Peking 1995. Í för með forseta voru m.a. dómsmálaráðherra Íslands og staðgengill ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins. Í tilefni af fundi forseta með Xi Jinping, forseta Kína, var gefin út yfirlýsing Íslands og Kína um aukið samstarf á sviði jarðvarma og grænna umskipta. Þá var og undirrituð ný bókun við fríverslunarsamninginn um heilbrigðiseftirlit með villtum sjávarafurðum, sem mun liðka enn frekar fyrir útflutningi íslenskra sjávarafurða til Kína. Heimsóknin fékk mikla umfjöllun í kínverskum samfélags- og fjölmiðlum og vakti forseti þar í viðtölum athygli á vaxandi viðskiptum ríkjanna, hraðri fjölgun ferðamanna og samstarfstækifærum á sviði jarðvarma og grænnar tækni. Áætlað er að viðtöl við forseta hafi náð til milljóna lesenda og áhorfenda. Þá átti forseti fundi með fulltrúum íslenskra fyrirtækja í Kína með aðstoð sendiráðsins í Peking og Icelandic Business Forum.

Halla Tómasdóttir forseti Íslands og Xi Jinping forseti Kína ræða saman í forsetahöllinni í Peking. Mynd: Xinhua.

varnarsamstarfs við Bretland sem hefur þróast mjög hratt á síðustu árum með aukinni áherslu á eftirlit og viðbragð, m.a. á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum. Horft hefur verið til þess að efla tvíhliða samstarf við Bretland á grundvelli sameiginlegra öryggishagsmuna á Norður-Atlantshafi og hafa Bretar m.a. aukið þátttöku í kafbátaeftirliti frá Íslandi.

Þá skipuðu viðskiptamál áfram stóran sess í samstarfi ríkjanna. Sameiginleg nefnd fríverslunarsamnings EES-EFTA ríkjanna við Bretland fundaði í Tromsö í nóvember á árlegum fundi sínum, þar sem meðal annars var staðfest að fjarskiptafyrirtæki skuli bjóða viðskiptavinum sínum heimaverðskrá (e. Roam Like Home) þegar þeir ferðast milli samningsríkjanna. Sömu skilmálar skulu þannig gilda um reikiþjónustu í Bretlandi gagnvart íslenskum notendum og almennt gilda samkvæmt evrópsku reikiregluverki. Árið 2025 var einnig staðfest gagnkvæm viðurkenning á hæfni og menntun á grundvelli samningsins og fjarfundir fóru fram í undirnefndum samningsins um heilbrigðismál, vöruviðskipti og tollamál, þjónustuviðskipti og fjárfestingar, sem og viðskipti og sjálfbæra þróun. Þá fór fram í Brussel árlegur fundur nefndar EES-EFTA ríkjanna og Bretlands um aðskilnaðarsamning vegna útgöngu Bretlands úr ESB.

Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, heimsótti London í nóvember til þess að eiga einkafund með Karli 3. Bretakonungi í Buckingham-höll þar sem meðal annars var rætt um alþjóðamál og jarðvarma.

Kína

Tvíhliða samskipti Íslands og Kína standa á góðum og traustum grunni, allt frá því stjórnmálasambandi milli ríkjanna tveggja var komið á árið 1971. Opinber heimsókn Höllu Tómasdóttur, forseta Íslands til Peking og Shanghai var mikilvæg lyftistöng fyrir samskipti ríkjanna. Í tilefni af fundi forseta með Xi Jinping forseta Kína var gefin út yfirlýsing Íslands og Kína um aukið samstarf á sviði jarðvarma og grænna umskipta.

Óhætt er að fullyrða að viðskipti eru ein grundvallarstoð samskipta ríkjanna. Árið 2025 var metár í viðskiptum við Kína frá því að fríverslunarsamningur ríkjanna tók gildi árið 2014. Útflutningsverðmæti íslenskra vara til Kína var rúmlega 23 milljarðar, sem er tæplega 19% aukning frá árinu á undan. Langstærstur hluti útflutnings Íslands til Kína eru sjávarafurðir en um tvö prósent íslensks útflutnings hefur farið til Kína undanfarin ár. Fjölbreytni vöruútflutnings fer vaxandi og munar þar mest um snyrtivörur, heilsutengdar vörur og ál. Vélbúnaður til fiskvinnslu og þjónusta tengd jarðvarma og á sviði kolefnisföngunar fer vaxandi. Vöruinnflutningur frá Kína jókst einnig á milli ára og sló nýtt met. Vermæti hans árið 2025 var rúmir 166 milljarðar, sem er rúmlega 13% aukning milli ára. Þetta voru einkum bifreiðar, hjólbarðar, varahlutir í bifreiðar, ísskápar, þvottavélar, sjónvarpstæki og fólksflutningabifreiðar.

Ísland hefur ásamt öðrum ríkjum hvatt Kína til þess að taka afgerandi afstöðu gegn ólöglegri allsherjarinnrás Rússlands í Úkraínu og jafnframt til þess að beita áhrifum sínum á þann veg að rússnesk stjórnvöld láti af hernaði sínum þar.

Straumur ferðamanna frá Kína heldur áfram að aukast. Áætlað er að vel rúmlega 100 þúsund Kínverjar hafi sótt landið heim á árinu 2025. Áhugi Kínverja á Íslandi er enn mikill og fjölgaði áritunarumsóknum til sendiráðsins í Peking um 82% á árinu. Búast má við áframhaldandi aukningu í fjölda ferðamanna frá Kína. Áritunardeild sendiráðsins í Peking hefur verið styrkt til muna til að mæta þessari fjölgun.

Indland

Árið 2025 urðu þáttaskil í samskiptum Íslands og Indlands með gildistöku efnahags- og fríverslunarsamnings Indlands og EFTA (e. Trade and Economic Partnership Agreement, TEPA) þann 1. október. TEPA er tímamótasamningur fyrir EFTA-ríkin vegna þess að í honum er kveðið á um vilja þeirra til að fjárfesta á Indlandi á næstu fimmtán árum fyrir 100 milljarða bandaríkjadala. Þrátt fyrir umfang þessara skuldbindinga telja fulltrúar EFTA-ríkjanna markmið þetta vera raunhæft, m.a. í ljósi þess að indversk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að liðka fyrir viðskiptum milli ríkjanna. Í því skyni hefur verið sett á laggirnar sérstök EFTA-þjónustumiðstöð sem hefur það hlutverk að styðja við framkvæmd samningsins. TEPA felur jafnframt í sér verulegur tollaívilnanir fyrir íslenskt atvinnulíf á helstu útflutningsafurðir landsins.

Vararáðherra Indlands í umhverfis-, skógar- og loftslagsmálum heimsótti Íslands í byrjun september. Á fundi hans með utanríkisráðherra var rætt um verndun líffræðilegrar fjölbreytni hafsins, aðgerðir til að draga úr plastmengun í hafi, og leiðir ríkjanna til að efla samstarf sitt á sviði jarðhitamála.

Utanríkisráðherra tók einnig á móti Hardeep Singh Puri, olíu- og gasmálaráðherra Indlands. Indverski ráðherrann var hér á landi til að kynna sér nýtingu jarðhita og íslenska þekkingu á því sviði. Ráðherrann fer fyrir tveimur helstu ríkisfyrirtækj-

SVIÐSLJÓS

Þjóðardagur á Expo 2025 og Taste of Iceland Tokyo

Japan var gestgjafi heimssýningarinnar Expo 2025 sem haldin var Osaka. Meðal markmiða sýningarinnar var að efla alþjóðleg tengsl, innviði á svæðinu og milliríkjaviðskipti. Ísland tók nú í áttunda skipti þátt í sýningunni, sem hluti af norrænum skála, en sýningarnar standa að jafnaði yfir í hálft ár. Ísland tók fyrst þátt í New York 1939 og síðast í Shanghai 2010. Var þetta í fjórða sinn sem Norðurlöndin sameinast um sýningarskála. Þátttaka Íslands á sýningunni var unnin í samstarfi Íslandsstofu, utanríkisráðuneytisins og sendiráðs Íslands í Tókýó.

Forseti Íslands var heiðursgestur á þjóðardegi Íslands á sýningunni hinn 29. maí. Yfirskrift hans var Friður og jafnrétti. Borgarstjóri Reykjavíkur og sendinefnd þeirra sex íslensku fyrirtækja sem voru bakhjarlar norræna skálans voru með í för forseta. Samhliða Þjóðardeginum stóð Íslandsstofa fyrir hátíðinni Taste of Iceland í Tókýó í maí, en þátttaka Íslands á Expo og Taste of Iceland hátíðin í Tókýó eru á meðal stærstu menningarkynninga á Íslandi í Asíu.

Myndir frá þjóðardegi Íslands á Expo í Osaka 2025.
Myndir: Timothée Lambrecq.

um landsins á þessu sviði – ONGC (Oil and Natural Gas Corporation) og OIL (Oil India Limited). Bæði fyrirtækin hafa átt í samstarfi við íslensk fyrirtæki og stofnanir, þar á meðal ÍSOR, Verkís og Geotropy. Ráðherrann hefur umtalsverð áhrif á verkefnaval þessara orkufyrirtækja og gegnir þar með lykilhlutverki í ákvörðunum um alþjóðlegt samstarf og fjárfestingar á sviði jarðhita.

Japan

Japan er eitt helsta samstarfsríki Íslands í Asíu. Ljóst er að hagsmunir ríkjanna fara að mörgu leyti saman, enda eru þau bæði málsvarar alþjóðalaga og alþjóðakerfisins. Samskipti ríkjanna hafa einkum snúist um sjávarútveg, viðskipti, vísindi og menningu en Japan er jafnframt náið samstarfsríki Atlantshafsbandalagsins. Þrátt fyrir sterka stöðu japanskra bifreiða og hátæknivara á íslenskum markaði endurspeglast viðskipti landanna ekki að fullu í opinberum viðskiptatölum. Sama á við um útflutning íslenskra sjávarafurða til Japans, þar sem hluti þeirra hefur viðkomu í þriðja ríki og telst því ekki með í beinum inn- og útflutningstölum milli landanna. Raunveruleg viðskiptatengsl eru því umfangsmeiri en tölur gefa til kynna. Ferðamannastraumur á milli landanna jókst á árinu. Ferðamönnum frá Íslandi til Japans hefur fjölgað þónokkuð, en einnig hefur orðið aukning á áhuga japanskra ferðamanna á Íslandi.

Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, var heiðursgestur á þjóðardegi Íslands á heimssýningunni Expo 2025 í Osaka í maí. Þá hélt forseti á fund Japanskeisara í keisarahöllinni í Tókýó og átti ennfremur hádegisverðarfund með Shigeru Ishiba, þáverandi forsætisráðherra Japans. Hann lét af störfum í október og við embætti forsætisráðherra tók Sanae Takaichi, fyrst kvenna. Í september fór atvinnuvegaráðherra, Hanna Katrín Friðriksson, fyrir viðskiptasendinefnd um 30 fulltrúa fyrirtækja sem tóku m.a. þátt í dagskrá á Expo í Osaka, viðskiptaþingi í Tókýó, móttöku og kynningu um japönsk efnahagsmál.

Í október kom hennar keisaralega hátign Takamado prinsessa frá Japan til Íslands í tengslum við Hringborð norðurslóða. Prinsessan flutti ávarp við upphaf þingsins þar sem hún lagði áherslu á alþjóðlegt samstarf og mikilvægi norðurslóða í hnattrænu samhengi. Þetta var hennar önnur heimsókn til Íslands, en hún sótti Ísland einnig heim fyrir 29 árum ásamt eiginmanni sínum heitinum, Takamado prins. Í heimsókninni kynnti hún sér starfsemi Háskóla Íslands og heimsótti Þingvelli þar sem hún fékk kynningu á sögu og náttúru landsins.

Kanada

Áhersla hefur verið lögð á að styrkja enn frekar tvíhliða samskipti Íslands og Kanada á sviði menningar-, viðskipta-, öryggis- og varnarmála og jafnframt auka samskipti við norðurhéruð Kanada. Ríkin hafa reglulegt samráð og áfram hefur verið haldið með röð vinsælla fjarfunda í samstarfi við sendiráð Kanada í Reykjavík. Árið 2025 var jafnframt stofnaður Kanada-Íslands vinahópur á vettvangi þingsins í Ottawa, og íslensk stjórnvöld buðu Kanada að samnýta húsnæði með Íslandi tímabundið þegar það opnar fyrstu ræðismannaskrifstofu sína í Nuuk á Grænlandi árið 2026.

Stjórnvöld í Kanada hafa áhuga á að halda áfram að styrkja samstarf og samskipti við Norðurlöndin og hefur sendiráð Íslands átt í góðum og öflugu samstarfi við norrænu sendiráðin í Ottawa. Árið 2025 markaði upphaf nýs samstarfsverkefnis milli þeirra og Norrænu ráðherranefndarinnar, sem vonir standa til að standi fram til 2030. Framlag Íslands til þeirrar vinnu fólst m.a. í skipulagningu samnorrænnar heimsóknar sendiráðanna til Nova Scotia.

Í júní 2025 var þriðja ráðstefna Íslands og Kanada á sviði öryggis- og varnarmála haldin í Reykjavík. Á ráðstefnunni kom fram aukinn áhugi á að styrkja samstarf um netöryggi og á sviði björgunar á norðurslóðum. Seinni hluta árs hófust svo viðræður milli utanríkisráðuneytisins og kanadískra stjórnvalda um endurnýjun á samkomulagi frá 2010 um samstarf ríkjanna í öryggis- og varnarmálum, sem og samtal um mögulega samvinnu við kanadísku netöryggismiðstöðina. Þá undirritaði Landhelgisgæslan í lok árs samstarfssamning við kanadísku strandgæsluna um aukið samstarf á Norður-Atlantshafi, m.a. varðandi upplýsingamiðlun, sameiginlega þjálfun og æfingar ásamt samstarfi á sviði umhverfismála.

Loks markaði árið 2025 150 ára afmæli landnáms Nýja–Íslands í Manitoba og skipulagði sendiráðið tvo fjarfundi með sendiráði Kanada á Íslandi til að minnast þess. Í tilefni af tímamótunum tók forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, þátt í Íslendingadeginum í Gimli í ágúst og átti jafnframt fundi með ráðamönnum í Manitoba m.a. um jafnréttismál, heilsuvernd eldra fólks og heilsugæslu á norðurslóðum.

Sesselja Sigurðardóttir, skrifstofustjóri laga- og stjórnsýsluskrifstofu utanríkisráðuneytisins, ávarpar fund aðildarríkja Alþjóðlega sakamáladómstólsins í Haag í desember 2025. Mynd: Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn.

1.10 **Þjóðréttarmál**

Á viðsjárverðum tímum þegar alþjóðalög eiga undir högg að sækja vegna átaka og aukinnar samkeppni stórvelda er afar mikilvægt að Ísland standi vörð um réttarríkið og virðingu fyrir alþjóðalögum. Ísland á allt undir því að farið sé að þjóðarrétti í samskiptum ríkja. Virðing fyrir fullveldi ríkja, friðhelgi landamæra og friðsamlegri lausn deilumála eru grundvallarstef í utanríkisstefnu Íslands. Utanríkisráðuneytið gegnir lykilhlutverki í að verja hagsmuni landsins og tryggja að rödd Íslands heyrist á alþjóðavettvangi. Samkvæmt stjórnarskrá og forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna fer utanríkisráðherra með fyrirsvar samningagerðar á alþjóðavettvangi. Að auki sinnir ráðuneytið vaxandi samráði á sviði þjóðaréttar, m. a. um starfsemi alþjóðlegra dómstóla, á sviði hafréttar og tengt þátttöku Íslands í þvingunaraðgerðum.

Alþjóðlegir dómstólar

Ein birtingarmynd vaxandi spennu í samskiptum ríkja er fjölgun mála sem rata á borð alþjóðlegra dómstóla. Á sama tíma og vinnuálagið eykst sæta þessar stofnanir einnig vaxandi þrýstingi, hótunum og jafnvel árásum af hálfu ríkja sem una ekki úrlausnum þeirra. Íslensk stjórnvöld leggja höfuðáherslu á að standa vörð um sjálfstæða og óháða dómstóla enda gera þeir ríkjum eins og Íslandi kleift að standa vörð um hagsmuni sína og réttindi í alþjóðasamfélaginu.

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn hefur það hlutverk að rétta yfir einstaklingum sem framið hafa alvarlegustu glæpina gegn samfélagi manna, svo sem hópmorð, stríðsglæpi og glæpi gegn mannúð, þegar ríki annað hvort skortir getu eða vilja til verksins. Allt frá stofnun hefur dómstóllinn sætt gagnrýni fyrir störf sín í þágu réttvísinnar enda eru gerendur oft áhrifafólk í sínum samfélögum. Undanfarin misseri hefur dómstóllinn og starfsfólk hans mátt þola ógnanir, netárásir og þvingunaraðgerðir af hálfu ríkja og aðila sem hafa það markmið að grafa undan starfsemi hans.

Íslensk stjórnvöld hafa andmælt slíkum aðgerðum og unnið dyggilega með öðrum vinaþjóð-

SVIÐSLJÓS

Ísrael fylgi alþjóðlegum skuldbindingum um mannúðaraðstoð

Undir lok árs 2024 ákvað allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna að óska ráðgefandi álits Alþjóðadómstólsins í Haag um skyldur Ísraels gagnvart þeirri mannúðaraðstoð sem stofnanir þeirra, önnur hjálparsamtök og ríki veita á hernumdu svæðum Palestínu. Álitsins var óskað í kjölfar aðgerða sem ísraelsk stjórnvöld gripu til í því skyni að hindra starfsemi Palestínuflóttamannaaðstoðarinnar (UNRWA) sem um árabil hefur veitt íbúum Vesturbakkans og Gaza nauðsynlega grunnþjónustu.

Íslensk stjórnvöld þáðu boð dómstólsins um að koma afstöðu sinni til álitsbeiðninnar á framfæri og skiluðu í lok febrúar 2025 greinargerð sem undirstrikaði ófrávíkjanlegar skyldur Ísraels sem hernámsaðila í Palestínu að mannúðarrétti. Var greinargerðinni meðal annars ætlað að fylgja eftir afstöðu Íslands vegna átaka fyrir botni Miðjarðarhafs, sem samþykkt var með þingsályktun árið 2023 og fól í sér kröfu um að alþjóðalögum sé fylgt í einu og öllu í þágu mannúðar, öryggis almennra borgara og borgaralegra innviða. Þátttaka í málinu var ekki síst þýðingarmikil þar sem þetta var í fyrsta skipti sem Ísland stóð eitt að greinargerð til dómstólsins. Álit dómstólsins var kveðið upp í október 2025 og hefur Ísland beint því til ísraelskra stjórnvalda að framfylgja þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem þar eru áréttaðar.

um dómstólsins að því að vernda hlutverk hans við breyttar aðstæður. Á þeim viðsjárverðu tímum sem blasa við heimsbyggðinni eru skilaboð stjórnvalda að alþjóðasamfélagið þurfi sem aldrei fyrr á sterkum Alþjóðlegum sakamáladómstól að halda. Á árinu 2025 var Ísland meðal þeirra ríkja sem talaði fyrir því að styrkja lögsögu dómstólsins yfir glæpum gegn friði, en um mitt ár samþykktu aðildarríkin að boða til viðræðuferlis til að ná fram því sameiginlega markmiði. Þá hafa stjórnvöld haldið áfram að styðja við verkefni dómstólsins í þágu þolenda alþjóðaglæpa sem fjármögnuð eru með sérstökum styrktarsjóði (e. Trust Fund for Victims).

EFTA-dómstóllinn

EES-samningurinn hvílir á tveggja stoða kerfi þar sem EFTA-dómstóllinn rýnir framkvæmd samningsins í EFTA-ríkjunum innan EES og dómstóll Evrópusambandsins fyrir aðildarríki þess. Árið 2025 höfðu íslensk stjórnvöld aðkomu að rekstri 17 mála fyrir EFTA-dómstólnum. Þar ber hæst þátttöku Íslands í máli E-25/24 Dartride AS gegn norska ríkinu, þar sem dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að skaðabótaábyrgð EES-ríkja vegna brota á ákvæðum samningsins næði til athafna innlendra dómstóla. Í ljósi sérstaks eðlis dómsvaldsins og lögmætra krafna um réttaröryggi gætu ákvarðanir innlendra dómstóla einungis stofnað til bótaábyrgðar ríkisins í sérstökum undantekningartilfellum þar sem bersýnilega væri brotið gegn EES-rétti. Einnig ber að nefna mál E-30/24 þar sem tekist er á um skyldu íslenska ríkisins til að framfylgja ákvæðum starfsreglna Evrópusambandsins sem vísað er til í EES-reglum, en hafa ekki verið sérstaklega teknar upp í samninginn. Hafa íslensk stjórnvöld tekið kirfilega til varna og andmælt því að EES-ríkjum geti verið skylt að framfylgja reglum sem ekki hafa verið teknar upp í samninginn og innleiddar í íslenskan rétt, enda stríði það gegn grunnreglum þjóðaréttar og eðli EES-samningsins. Bæði Noregur og Liechtenstein stefndu sér inn í málið til stuðnings málstað Íslands og vænta má niðurstöðu EFTA-dómstólsins í málinu á árinu 2026.

Evrópudómstóllinn

Íslensk stjórnvöld höfðu einnig aðkomu að þremur málum sem voru til umfjöllunar á vettvangi dómstóls Evrópusambandsins á árinu 2025. Í júlí staðfesti Almenni dómstóllinn ákvörðun Hugverkastofu Evrópusambandsins um að fella úr gildi orðmerkið „Iceland“ sem fyrirtækið Iceland Foods Ltd. hafði fengið skráð árið 2014. Dómurinn var fullnaðarsigur í langvarandi baráttu íslenskra stjórnvalda, í samstarfi við Íslandsstofu og Samtök atvinnulífsins, til að standa vörð um rétt íslenskra

fyrirtækja til að auðkenna íslenskar vörur og þjónustu með upprunalandi sínu við markaðssetningu EES-svæðinu. Einnig féll dómur Danmörku í vil í máli C-482/23 sem framkvæmdastjórn ESB höfðaði vegna ágreinings um útfærslu á hámarkslengd gestaflutninga erlendra rútufyrirtækja. Bæði Ísland og Noregur höfðu stutt við málsvörn Danmerkur. Íslensk stjórnvöld hafa jafnframt stefnt sér inn í mál T-8/24 Meta Platforms Ireland gegn Evrópska persónuverndarráðinu, en Meta sækist þar eftir því að ógilda ákvörðun ráðsins sem varðaði vinnslu fyrirtækisins á persónuupplýsingum fyrir atferlismiðaðar auglýsingar.

Þvingunaraðgerðir

Ísland framfylgir þvingunaraðgerðum gagnvart 30 ríkjum, auk fjögurra aðgerða vegna þverlægra málefna, þ.e. vegna hryðjuverkasamtaka, efnavopna, alvarlegra mannréttindabrota og netárása. Aðgerðir af þessum toga eru ákveðnar í samvinnu við alþjóðastofnanir, ríkjahópa eða samstarfsríki samkvæmt lögum nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna, í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis.

Árið 2025 tók Ísland undir allar pólitískar yfirlýsingar ESB varðandi þvingunaraðgerðir, þ.m.t. gagnvart Rússlandi vegna innrásarstríðsins í Úkraínu. Þá voru fjórir nýir þvingunaraðgerðapakkar einnig samþykktir gagnvart Rússlandi og hafa þeir allir verið lögformlega innleiddir hér á landi. Markmiðið er m.a. að draga úr getu Rússa til fjölþáttahernaðar á borð við árásir svokallaðs skuggaflota á sæstrengi og aðra neðansjávarinnviði.

Í lok árs 2025 sættu um 2700 aðilar og 600 skip í skuggaflotanum slíkum þvingunaraðgerðum. Auk þess eru í gildi umfangsmiklar takmarkanir á inn- og útflutningi ýmissa vara og þjónustu til og frá Rússlandi.

Á árinu reyndi í fyrsta sinn á frystingu fjármuna hér á landi á grundvelli laga nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna og 1. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðs Evrópusambandsins nr. 2024/2642 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika, sbr. reglugerð nr. 893/2024 um þvingunaraðgerðir varðandi Rússland. Frystingin var framkvæmd af innlendum fjármálastofnunum á grundvelli 10. gr. laganna. Utanríkisráðuneytið veitti undanþágu frá frystingunni að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Sú undanþága rann sitt skeið 10. nóvember 2025. Síðar sama mánaðar kvað héraðsdómur Reykjavíkur upp dóm í tveimur málum sem vörðuðu tilteknar ákvarðanir ráðuneytisins

SVIÐSLJÓS

Farsæl niðurstaða um landgrunn Íslands

Í mars 2025 féllst landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna á endurskoðaðar kröfur Íslands til landgrunns á Reykjaneshrygg. Landgrunnssvæðið sem samþykkt var af nefndinni er víðfeðmt og nær rúmar 570 sjómílur frá grunnlínum. Ferlið stóð yfir í meira en tvo og hálfan áratug og niðurstaðan er afar farsæl fyrir Ísland. Einnig hefur samþykki landgrunnsnefndarinnar fyrir landgrunni Íslands í Ægisdjúpi legið fyrir frá árinu 2016. Náttúruauðlindir sem tilheyra landgrunninu eru jarðefnaauðlindir á borð við málma, olíu og gas, aðrar ólífrænar auðlindir hafsbotnsins og botnlaganna, t.d. jarðhiti og lífverur í flokki botnsetutegunda og erfðaefni þeirra.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til breytinga á lögum nr. 41/1979 um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn. Markmið laganna er að afmarka landgrunn Íslands á Reykjaneshrygg og í Ægisdjúpi með bindandi hætti. Verði frumvarpið samþykkt, verður afmörkunin tilkynnt skrifstofu Sameinuðu þjóðanna sem endanleg og bindandi afmörkun gagnvart öðrum ríkjum samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna. Vinnu að landgrunnsmálum er þó ekki lokið, því unnið er að greinargerð Íslands fyrir Hatton Rockall svæðið og útistandandi er svo umfjöllun landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um kröfur Íslands og fleiri ríkja á því svæði.

vegna málsins þar sem íslenska ríkið var sýknað. Í lok árs var beðið niðurstöðu um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar í báðum málum.

Ísland tók jafnframt virkan þátt í samstarfi líkt þenkjandi ríkja um þvingunaraðgerðir. Markmiðið er að tryggja samræmda framkvæmd þeirra, efla samræmt eftirlit og upplýsingaskipti og samhæfa samtalsherferðir gagnvart fánaríkjum skipa er tilheyra flotanum.

Samhliða þessu voru á árinu gerðar ýmsar breytingar á öðrum gildandi þvingunaraðgerðum. Sem dæmi var létt á þvingunaraðgerðum gagnvart Sýrlandi í kjölfar stjórnarskipta þar í landi og þvingunaraðgerðir auknar á Belarús, Íran og Norður-Kóreu, bæði vegna stuðnings við innrásarstríðið í Úkraínu og vegna stöðu mannréttinda í framangreindum ríkjum.

Hafréttur

Hafréttur er sem fyrr mikilvægt réttarsvið fyrir Ísland og í mikilli deiglu bæði innanlands og á alþjóðavísu. Utanríkisráðherra lagði tvö frumvörp á sviði hafréttar fyrir Alþingi haustið 2025. Annað frumvarpið snýr að ytri mörkum landgrunns á Reykjaneshrygg og í Ægisdjúpi í kjölfar niðurstöðu landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna á árinu. Hitt frumvarpið varðar fullgildingu Íslands á svokölluðum BBNJ-samningi um lífríki úthafsins, sem er undirsamningur hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Með BBNJ-samningnum, eins og hann er jafnan kallaður, er í fyrsta sinn komið á fót allsherjarvettvangi sem fjallar um starfsemi ríkja á úthafinu. Markmið samningsins er að tryggja vernd og sjálfbæra nýtingu lífríkisins utan lögsögu ríkja. Efnissvið samningsins eru í fyrsta lagi söfnun og nýting erfðaauðlinda sjávar utan lögsögu ríkja; í öðru lagi svæðisbundin stjórnunarúrræði, svo sem verndarsvæði í hafi; í þriðja lagi mat á umhverfisáhrifum vegna starfsemi á úthafinu; og loks samstarf um uppbyggingu á getu og miðlun haftækni til þróunarríkja.

Á árinu lauk alþjóðalaganefndin, sem skipuð er virtum lögfræðingum hvaðanæva að, margra ára vinnu um lagalegar afleiðingar hækkunar sjávarmáls. Útgangspunktar Íslands voru annars vegar samstaða með ríkjum sem hækkun sjávarmáls bitnar verst á og hins vegar mikilvægi þess að lagalegar lausnir séu í takt við hafréttarsamninginn.

Tvíhliða og alþjóðlegir samningar

Á árinu 2025 hélt Ísland áfram virkri þátttöku í alþjóðlegu samningsstarfi með fullgildingu, staðfestingu, samþykkt og aðild að þjóðréttarsamningum.

Árið 2025 fullgilti Ísland, staðfesti, samþykkti eða gerðist aðili að eftirfarandi þjóðréttarsamningum:

- Vínarsamningur um milliríkjasamninga, dags. 8. september 2025,
- Samningur um viðskipti og efnahagslega samvinnu milli EFTA-ríkjanna og Lýðveldisins Indlands, dags. 17. maí 2025,
- Bókun um breytingu á fríverslunar-samningi milli EFTA-ríkjanna og Lýðveldisins Chile, dags. 17. maí 2025,
- Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkjanna og Konungsríkisins Taílands, dags. 12. júní 2025,
- Samningur um Alþjóðastofnun um leiðarmerki í siglingum, dags. 7. júlí 2025,
- Samningur milli Íslands og Sambandslýðveldisins Brasilíu um að komast hjá tvísköttun að því er varðar tekjuskatt og að koma í veg fyrir skattsvik og skattaundanskot, dags. 8. september 2025,
- Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Konungsríkisins Sádi-Arabíu um að komast hjá tvísköttun að því er varðar tekjuskatt og að koma í veg fyrir skattsvik og skattaundanskot, dags. 8. september 2025,
- Samningur undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja, dags. 13. desember 2025,
- Uppfærður fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkjanna og Úkraínu, dags. 17. desember 2025,
- Samningur um efnahagslega samvinnu milli EFTA-ríkjanna og Malasíu, dags. 17. desember 2025,
- Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkjanna og Kósovó, dags. 17. desember 2025,
- Ákvörðun sameiginlegrar nefndar EFTA-ríkjanna og Úkraínu nr. 1/2025 frá 8. apríl 2025, um breytingu á bókun um upprunareglur við fríverslunar-samning EFTA-ríkjanna og Úkraínu, dags. 24. nóvember 2025,
- Ákvörðun sameiginlegrar nefndar EFTA-ríkjanna og Túnis nr. 1/2024 frá 1. október 2024, um breytingu á bókun B við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Túnis, dags. 24. nóvember 2025,
- Ákvörðun sameiginlegrar nefndar EFTA-ríkjanna og Jórdaníu nr. 1/2025 frá 10. júní 2025, um breytingu á bókun B við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Jórdaníu, dags. 24. nóvember 2025.

Málflutningsteymi Íslands, Liechtenstein og Noregs í máli E-30/24 fyrir EFTA-dómsstólnum. Martie Munthe-Kaas frá norska utanríkisráðuneytinu Emil Moss Skjelland frá embætti ríkislögmanns Noregs, Dr. Andrea Entner-Koch, forstöðumaður á skrifstofu EES-samræmingar í Liechtenstein, Hendrik Daði Jónsson, lögfræðingur hjá utanríkisráðuneytinu, Fanney Rós Þorsteinsdóttir, ríkislögmaður og Jóhanna Katrín Magnúsdóttir, lögmaður hjá embætti ríkislögmanns.
Mynd: EFTA.

SVIÐSLJÓS

Vínarsamningurinn – Táknrænt skref í þágu alþjóðalaga

Utanríkisstefna Íslands hefur ávallt grundvallast á því að alþjóðalög séu sverð, skjöldur og skjól friðsamlegrar smáþjóðar í heimi stórvelda. Nú þegar alþjóðamálin einkennast af aukinni ólgu hafa íslensk stjórnvöld leitast við að tryggja enn frekar réttarvernd alþjóðalaga. Var þetta tilefni þess að utanríkisráðherra afhenti aðildarskjöl Íslands að Vínarsamningnum um milliríkjasamninga frá 1969 til vörslu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna á meðan á leiðtogaviku allsherjarþingsins stóð í september 2025.

Samningurinn er viðurkenndur sem gildandi heimild þjóðaréttar um gerð, gildi og túlkun þeirra samninga sem ríki gera sín á milli og er litið til hans sem einnar helstu lagastoðar alþjóðakerfisins. Íslensk stjórnvöld höfðu um langt skeið framfylgt samningnum í ljósi þess að efni hans endurspeglar bindandi þjóðréttarvenju, en með aðild Íslands voru réttindi og skyldur samkvæmt honum formlega fest í sessi. Við afhendingu aðildarskjalanna varð Ísland 118. aðildarríki samningsins.

2 Öryggis- og varnarmál

Staðan í varnar- og öryggismálum í Evrópu hefur ekki verið jafn viðsjárverð frá því kalda stríðið stóð sem hæst. Landvinningastríð Rússlands gegn Úkraínu hefur fest í sessi langvarandi óstöðugleika í Evrópu og breytt öryggisumhverfi álfunnar.

Spánverjar sinntu loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins á Íslandi sumarið 2025.

2.1 Efst á baugi: Breytt öryggisumhverfi – viðsjárverð staða

Staðan í varnar- og öryggismálum í Evrópu hefur ekki verið jafn viðsjárverð frá því að kalda stríðið stóð sem hæst.

Landvinningastríð Rússlands gegn Úkraínu hefur fest í sessi langvarandi óstöðugleika í Evrópu og breytt öryggisumhverfi álfunnar. Hernaðarleg átök, orkuóvissa, fjölþáttaógnir og víðtæk upplýsingaóreiða eru orðin að viðvarandi þáttum í öryggismati bandalagsríkja. Um alla álfuna á sér stað róttækt endurmat á varnarviðbúnaði og bandalagsríki Íslands keppast við að bregðast við vaxandi óvissu og hugsanlega frekari árásum eða jafnvel útbreiðslu á stríðsrekstri Rússlands í Evrópu.

Ógnin sem steðjar að Íslandi er sama eðlis og sú sem önnur ríki Atlantshafsbandalagsins standa frammi fyrir. Landfræðileg lega Íslands gerir að verkum að átök eða aukið spennustig í Evrópu hefðu nær óhjákvæmilega bein áhrif á Ísland. Beinar hernaðaraðgerðir Rússa gegn Íslandi eru ólíklegar, en þó ekki útilokaðar. Ísland er eina herlausa aðildarríki bandalagsins en ráðist Rússland gegn Atlantshafsbandalaginu og þar með aðildarríkjum þess verður Ísland óhjákvæmilega hluti af þeim átökum. Birtingarmyndir slíkra aðgerða eru m.a. óvinveittar aðgerðir, þ.m.t. fjölþáttaárásir er hefðu að markmiði að takmarka getu bandalagsríkja til að nýta sér legu Íslands og aðstöðu.

Fjölþáttaárásir eru nú mest aðkallandi áskorun lýðræðisríkja í breyttu öryggis- og varnarumhverfi Evrópu. Þær fela í sér samspil hefðbundinna og óhefðbundinna aðferða, s.s. netárásir, upplýsingaóreiðu, og efnahagslegan þrýsting, sem geta haft mikil áhrif án beinnar hernaðarlegrar árásar. Árásaraðilar leita uppi og ráðast á veikleika í samfélögum og stjórnsýslu ríkja og herja jafnframt markvisst á grunnstoðir og -kerfi þeirra.

Norðurslóðir skipa sífellt stærri sess í öryggis- og varnarmálum vegna loftslagsbreytinga, nýrra siglingaleiða og aukinna hernaðarlegra umsvifa. Rússland hefur eflt norðurflota sinn og byggt upp varnarkerfi sem nær yfir stóran hluta Norður-Íshafsins. Þetta hefur kallað fram viðbrögð innan Atlantshafsbandalagsins, þar sem áhersla er lögð á eftirlit, viðbúnað og aukna getu og samhæfingu bandalagsríkja á norðurslóðum.

Hversu vel eða illa þekkir þú til Atlantshafsbandalagsins, NATO?



Hversu jákvæð(ur/tt) eða neikvæð(ur/tt) ert þú gagnvart aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, NATO?

Ísland á að auka framlög til öryggis- og varnarmála

Upplifir þú Ísland sem öruggt eða óöruggt land?

Heimild: Maskína 2025

Frá leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins sem fór fram í Haag í júní 2025.
Mynd: Atlantshafsbandalagið.

2.2 Ný varnarstefna markar tímamót

Árið 2025 var ráðist í vinnu við mótun sérstakrar stefnu á sviði varnarmála í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Samráðshópur þingmanna, skipaður fulltrúum allra flokka er sæti eiga á Alþingi, var skipaður í mars og fór fram víðtækt samráð við innlenda og erlenda aðila. Á grunni skýrslu samráðshóps þingmanna var í október lögð fram tillaga til þingsályktunar um fyrstu formlegu stefnu Íslands í varnar- og öryggismálum.

Stefnan er efnislega samhljóða þeim tillögum sem samráðshópurinn lagði fram en settar eru fram þrettán megináherslur er verði leiðarljós stefnu í varnar- og öryggismálum. Dregin eru fram markmið Íslands í alþjóðlegu varnar- og öryggissamstarfi. Það samstarf byggir á tveimur meginstoðum, annars vegar aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og hins vegar tvíhliða varnarsamstarfi við Bandaríkin. Þá er í auknum mæli lögð áhersla á svæðisbundið og tvíhliða samstarf við nágrannaríki og lykilbandamenn. Í öðru lagi horfir stefnan til innlends varnarviðbúnaðar, þekkingar og getu sem þarf að byggja hér upp á næstu árum til að styðja við og styrkja þessar meginstoðir. Í þriðja lagi er horft til þess að styrkja og þróa laga- og stofnanaumgjörð varnarmála. Vinna hófst jafnframt við mótun aðgerðaráætlunar sem byggir á stefnunni, getumarkmiðum sem Atlantshafsbandalagið hefur úthlutað Íslandi, varnaráætlunum og eflingu áfallaþols til að styðja við varnartengdar aðgerðir. Unnið verður áfram í þéttu samstarfi við helstu stofnanir, ráðuneyti og erlenda samstarfsaðila að þróun aðgerðaráætlunarinnar.

Lögð er rík áhersla á að vinna þvert á stjórnsýsluna til að efla viðnámsþrótt og viðbragðsgetu gagnvart margvíslegum ógnum og áskorunum. Í upphafi árs var sett á fót ráðherranefnd um öryggis- og varnarmál en oddvitar ríkisstjórnarinnar og dómsmálaráðherra eiga fast sæti í nefndinni. Aðrir ráðherrar sitja fundi nefndarinnar eftir þörfum, samkvæmt ákvörðun forsætisráðherra sem stýrir nefndinni. Hlutverk hennar er að vera vettvangur upplýsingaskipta um öryggismál innan Stjórnarráðsins, samræma upplýsingagjöf ríkisstjórnarinnar við stærri atburði sem varða öryggismál og að undirbúa framlagningu mála sem varða öryggismál í ríkisstjórn eftir því sem við á. Til að tryggja skilvirkni og hagkvæmni hefur verið lögð rík áhersla á að efla samstarf þvert á stofnanir og ráðuneyti, m.a. með reglubundnu samráði og sameiginlegum verkefnum, og starfa fulltrúar lykilstofnana saman á varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Einnig var á árinu settur á fót samstarfvettvangur

varnarmála á varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins í samvinnu við ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæsluna og CERT-IS.

2.3 Atlantshafsbandalagið

Aðild að Atlantshafsbandalaginu er önnur meginstoðin í vörnum landsins ásamt varnarsamningnum við Bandaríkin. Sem bandalagsríki nýtur Ísland sameiginlegra varnarskuldbindinga og leggur jafnframt sitt af mörkum á grundvelli gagnkvæmra skuldbindinga sem birtast í Atlantshafssáttmálanum, grunnstefnu bandalagsins, pólitískum stefnuyfirlýsingum, samningum og margvíslegum öðrum hagnýtum skuldbindingum sem snúa að aðgerðum og samvinnu.

Sögulegar ákvarðanir um aukin varnarútgjöld

Árið 2025 var viðburðaríkt á vettvangi Atlantshafsbandalagsins í ófyrirsjáanlegu og krefjandi öryggisumhverfi. Stríðið í Úkraínu hefur geisað í fjögur ár og Atlantshafsbandalagið skilgreinir Rússland sem bráða og langvarandi ógn við aðildarríki þess. Á sama tíma reynir á tengslin yfir Atlantshafið og gerð er krafa um að Evrópa og Kanada axli aukna ábyrgð á sameiginlegum vörnum bandalagsins, og jafnframt á stuðningnum við Úkraínu.

Tímamótaákvarðanir á leiðtogafundi bandalagsins í Haag í júní sl. bera þessum nýja raunveruleika glöggt vitni en til að tryggja nauðsynlegan fælingarmátt og varnargetu bandalagsins andspænis vaxandi ógn af hálfu Rússlands samþykktu leiðtogar skuldbindingu um stóraukin og stigvaxandi framlög til varnarmála fram til ársins 2035. Markmiðið er að fyrir þann tíma muni ríkin verja a.m.k. 5% af vergri landsframleiðslu til varnarmála. Þar af verður 3,5% varið til hefðbundinna varna en auk þess samþykktu aðildarríkin að verja 1,5% til varnartengdra verkefna og fjárfestinga sem styðja við varnaráætlanir og aðrar skuldbindingar bandalagsríkja. Í ljósi breyttrar stöðu í heiminum liggur fyrir að Ísland þarf líkt og öll önnur ríki bandalagsins að uppfylla 1,5% viðmiðið vegna varnartengdra útgjalda. Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að auka útgjöld til varnartengdra verkefna og fjárfestinga upp í 1,5% með þessa skuldbindingu að leiðarljósi.

Framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins er vel metið og þar ríkir skilningur á sérstöðu Íslands sem aðildarríkis án eigin hers. Ísland er hins vegar ekki – fremur en önnur ríki – undanskilið ákvörðunum að auka við varnartengd framlög og uppfylla þannig þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist og snúa ekki síst að getumarkmiðum, varnaráætlunum og gistiríkjastuðningi.

Stuðningur við varnarbaráttu Úkraínu

Kappkostað er við að viðhalda öflugum langtímastuðningi við Úkraínu sem berst áfram af miklum eldmóði við mulningsvél rússneska hersins. Þrátt fyrir miklar mannfórnir, ekki síst af hálfu Rússlands, hreyfist víglínan lítið og er það til marks um þá öflugu mótspyrnu sem Úkraína hefur náð að veita með stuðningi bandamanna. Staðan er engu að síður tvísýn. Rússland herjar á borgaralega innviði Úkraínu, þ.m.t. orkuinnviði, sem hefur valdið ómældum þjáningum yfir hörðustu vetrarmánuðina og reynt mjög á þolgæði úkraínsku þjóðarinnar. Þörfin fyrir loftvarnarkerfi og annan varnartengdan búnað verður áfram mikil og vaxandi og skiptir nýtt stuðningsfrumkvæði Atlantshafsbandalagsins, PURL (e. Prioritized Ukraine Requirement List), sköpum í að mæta henni.

Segja má að PURL tilheyri ákveðnu vistkerfi stuðningsverkefna bandalagsríkja fyrir Úkraínu. Verkefnið tryggir Úkraínu aðgengi að nauðsynlegum búnaði og getu sem eingöngu Bandaríkin búa yfir og brýnust þörf er fyrir. Þannig er loftvarnabúnaður í algjörum forgangi í því dróna- og eldflaugaregni sem dynur nær daglega á úkraínskum innviðum og borgurum. Þjálfunar- og samræmingaraðgerð Atlantshafsbandalagsins fyrir Úkraínu (NSATU) sannaði í þessu samhengi gildi sitt á árinu en hún leikur lykilhlutverk í að tryggja samhæfingu stuðningsaðgerða bandalagsríkja, þ.m.t. PURL, og þjálfun fyrir úkraínskan herafla, auk þess sem hún tryggir að búnaður skili sér hratt og vel til Úkraínu. Þá þarfnast Úkraína skotfæra en þar er hið svokallaða tékkneska frumkvæði mikilvægast og var rík áhersla lögð á það innan bandalagsins að viðhalda nauðsynlegum stuðningi við það verkefni. Fjárfestingar í varnariðnaði- og framleiðslu í Úkraínu, t.d. í gegnum danska módelið svokallaða, vó jafnframt þungt, einkum fyrir framleiðslu á drónum þar sem Úkraína stendur framar öðrum. Þá styðja bandalagsríki Úkraínu í gegnum sjóði og verkefni á vegum Atlantshafsbandalagsins þar sem áherslan er á langtímaverkefni og þjálfun. Íslensk stjórnvöld hafa stutt öll þessi verkefni og frumkvæði í því augnamiði að styðja við varnarbaráttu Úkraínu og friðarumleitanir, sem vonandi leiða að endingu til vopnahlés og réttláts friðar.

Hitt er ljóst að hvað sem líður þróun og jafnvel endalokum stríðsins í Úkraínu, þá mun Rússland áfram verða bein og langavarandi ógn við Atlantshafsbandalagið og aðildarríki þess. Varnarviðbúnaður og fælingarstefna bandalagsins mun því áfram

Segja má að vitundarvakning hafi orðið á vettvangi Atlantshafsbandalagsins um mikilvægi norðurslóða. Norðurskautsríkin sjö hafa haldið málstað svæðisins hátt á lofti á síðustu árum, sem hefur skilað sér í ríkri áherslu á nauðsyn þess að efla stöðuvitund, viðveru og getu bandalagsins til að beita sér á svæðinu.

miðast við það og að áfram verði stutt við bakið á Úkraínu til lengri tíma. Bandalagið horfir einnig til annarra áhættuþátta, eins og ógnar af hryðjuverkum og aukinna áskorana og fjölþáttaógna sem stafa frá Kína. Þá veldur aukið samstarf Kína og Rússlands sérstökum áhyggjum, bæði í Úkraínu þar sem Kína styður við stríðshagkerfi Rússlands, en einnig innan ábyrgðarsvæðis Atlantshafsbandalagsins, t.d. á norðurslóðum.

Norður-Atlantshaf og norðurslóðir

Segja má að vitundarvakning hafi orðið á vettvangi Atlantshafsbandalagsins um mikilvægi norðurslóða. Norðurskautsríkin sjö hafa haldið málstað svæðisins hátt á lofti á síðustu árum, sem hefur skilað sér í ríkri áherslu á nauðsyn þess að efla stöðuvitund, viðveru og getu bandalagsins til að beita sér á svæðinu. Mikilvægi svæðisins fyrir öryggi og varnir bandalagsins í heild hefur enda vaxið töluvert á síðustu misserum vegna árásarhneigðar Rússlands, sem teygir sig líka inn á norðurslóðir og Norður-Atlantshaf. Þá hafa aðild Finnlands og Svíþjóðar að bandalaginu og loftslagsbreytingar aukið strategískt vægi svæðisins og er vaxandi áhugi Kína, samhliða vaxandi alþjóðlegum efnahagslegum og pólitískum styrk, til marks um þetta.

Norðurskautsríkin sjö innan bandalagsins hafa haldið áfram að þróa varnarsamstarf og efla pólitískt samráð og umræður innan bandalagsins um helstu áherslur ríkjanna á þessu svæði, m.a. um aukna árvekni og getu á svæðinu. Segja má að heimsókn Mark Rutte, framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, til Íslands í nóvember sl. hafi verið tímabær nú þegar norðurslóðir skipa æ veigameiri sess á vettvangi bandalagsins. Framkvæmdastjórinn fékk tækifæri til að kynnast aðstæðum á Íslandi, þ.m.t. á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, og varð tíðrætt um stöðu Íslands sem augu og eyru bandalagsins á norðurslóðum.

Í desember færðust Danmörk, Finnland og Svíþjóð undir svæðisherstjórn Atlantshafsbandalagsins í Norfolk Bandaríkjunum (e. Joint Forces Command Norfolk, JFCNF) sem sameinar Norðurlöndin öll undir sömu herstjórn sem ber ábyrgð á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum. Á næstu árum munu nýjar undirherstjórnir JFCNF taka til starfa, m.a. flugaðgerðaherstjórn í Bodö í Noregi (CAOC-N) sem var formlega opnuð undir lok árs 2025, en hún mun gegna lykilhlutverki fyrir loftrýmiseftirlit Íslands.

Þessu til viðbótar var nýrri framlínusveit fyrir landhernað hleypt af stokkunum í Mikkeli-herstöðinni í suðausturhluta Finnlands sem mun skipta miklu fyrir landvarnir á norður- og norðausturvæng bandalagsins. Öll Norðurlöndin ásamt öðrum bandalagsríkjum munu taka þátt í þeirri starfsemi.

Fæling og varnir í forgrunni

Segja má að sífellt óábyrgari og hættulegri hegðun Rússlands hafi fært yfirstandandi átök í Úkraínu nær Evrópubúum á árinu. Í skugga ítrekaðra atvika á Eystrasalti þar sem neðansjávarmannvirki urðu endurtekið fyrir skemmdum ákvað yfirhershöfðingi Atlantshafsbandalagsins (SACEUR) að ýta úr vör árveknisaðgerðinni Baltic Sentry. Í henni felst aukið eftirlit og viðbúnaður á svæðinu til stuðnings fælingu og vörnum. Fjöldi sjó- og loftfara sinna aðgerðinni hverju sinni og þykir aðgerðin vel heppnuð enda hefur dregið stórum úr atvikum í kjölfar hennar. Þessi atvik hafa orðið til þess að á vettvangi bandalagsins hefur samráð og upplýsingamiðlun um málefni tengd öryggi neðansjávarinnviða stóraukist en það sama á við um aðgerðir rússneska skuggaflotans. Rússland beitir enda skuggaflotanum til að fjármagna stríðsrekstur í Úkraínu og verða æ fleiri rússnesk olíuflutningaskip nú fyrir barðinu á þvingunaraðgerðum og inngripum bandamanna.

Í kjölfar þess að 4. grein Atlantshafssáttmálans var virkjuð í tvígang vegna lofthelgisbrota Rúss-

lands í Póllandi og Eistlandi setti SACEUR á fót aðra árveknisaðgerð, Eastern Sentry, en hún felur í sér stóraukinn viðbúnað og eftirlit á gjörvöllum austurjaðri bandalagsins, sérstaklega gagnvart drónum. Aðgerðin er svar við ítrekuðum lofthelgisbrotum af hálfu Rússlands, sem einskorðast raunar ekki við Pólland og Eistland því fleiri bandalagsríki hafa einnig þurft að takast á við ítrekuð lofthelgisbrot. Eastern Sentry styður við yfirstandandi vinnu við heildstæða stefnu í loft- og eldflaugavörnum bandalagsins sem til stendur að samþykkja á leiðtogafundi bandalagsins í Ankara í júlí 2026.

Stöðugar fjölþáttaógnir gegn bandalagsríkjum héldu áfram á öllum sviðum og er markmiðið sem endranær að hafa áhrif á ákvarðanatöku, valda samfélagslegri sundrung, grafa undan pólitískum og efnahagslegum stöðugleika og veikja traust almennings á lýðræðislegum stofnunum. Sem lið í að efla viðnámsþrótt bandalagsins og ríkja þess, samþykkti bandalagið áætlun um eflingu sameiginlegs viðnámsþols og uppfærða stefnu um fjölþáttaaðgerðir, en báðar styðja við eflingu forvarnar- og viðbragðsaðgerða til samræmis við fordæmalausa þróun í öryggisumhverfi bandalagsins.

Aukið samstarf Atlantshafsbandalagsins við Evrópusambandið og samstarfsríki

Samband Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins heldur áfram að dýpka. Samlegðin er mikil, t.d. í varnarbaráttu Úkraínu, og gegnir Evrópusambandið lykilhlutverki við fjármögnun og stuðning við varnariðnað aðildarríkja og framkvæmd þvingunaraðgerða. Þá heldur samstarf Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins áfram að styrkjast á sviði nýrrar tækni, fjölþáttaógna og netöryggismála.

Samstarfið við Indó-Kyrrahafsríkin fjögur, Ástralíu, Nýja-Sjáland, Japan og Suður-Kóreu heldur líka áfram að eflast en öll hafa þau stillt sér upp með vestrænum ríkjum og öflugum stuðningi við Úkraínu. Auk þess er mikil gerjun þegar kemur að samstarfi á sviði geimmála og fjölþáttaógna, einkum frá Kína.

Bandalagið hefur jafnframt lagt áherslu á að rækta tengsl við ríki í suðurjaðri bandalagsins, á Sahel-svæðinu, Norður-Afríku og í ríkjum Flóabandalagsins. Þá hefur bandalagið opnað tengiliðaskrifstofu í Amman í Jórdaníu. Er hún sú fyrsta sinnar tegundar á þessu svæði og verður lykilþáttur í að efla tengsl við ríki Miðausturlanda og Persaflóa.

Mynd: Atlantshafsbandalagið

SVIÐSLJÓS

Heimsókn Mark Rutte

Mark Rutte, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, heimsótti Ísland þann 27. nóvember og átti fundi með forsætisráðherra og utanríkisráðherra.

Mikilvægi Íslands fyrir öryggi og varnir Evrópu og Norður-Ameríku var á meðal helstu umræðuefna í heimsókninni og á fundum framkvæmdastjórans með forsætisráðherra og utanríkisráðherra var áréttað veigamikið hlutverk Íslands fyrir fælingar- og varnargetu bandalagsins.

Auk funda með forsætisráðherra og utanríkisráðherra heimsótti Rutte Alþingi þar sem Þórunn Sveinbjarnardóttir, forseti Alþingis, tók á móti honum og átti framkvæmdastjórinn síðan fund með fulltrúum í utanríkismálanefnd og Íslandsdeild NATO-þingsins. Þá flaug framkvæmdastjórinn með þyrlu Landhelgisgæslunnar yfir eldsumbrotasvæðin á Reykjaneskaga þar sem hann fékk mikilvæga innsýn inn í baráttu Íslendinga við náttúruöflin og margvíslegar áskoranir sem því fylgja.

Bandarískur kafbáturinn USS Newport News kom í þjónustuheimsókn til Grundartangahafnar sumarið 2025. Mynd: Bandaríska sendiráðið.

Staða mála á Vestur-Balkanskaga er áfram viðkvæm, einkum vegna innanríkismála og skaðlegra afskipta utanaðkomandi aðila, og þá sér í lagi Rússlands og Kína, auk þess sem Serbía reynir að hafa áhrif á nágrannaríki sín. Þá lita viðkvæmar þjóðernisdeilur, skipulögð glæpastarfsemi, skortur á sjálfstæði dómsstóla og víðtæk spilling stöðu mála. Bandalagið viðheldur áfram starfsemi KFOR í Kósóvó, sem er stærsta aðgerð bandalagsins á svæðinu og telur um 5200 manns. Þá styður bandalagið við Belgrad-Pristínu ferlið sem leitt er af Evrópusambandinu. Staða mála í Bosníu og Hersegóvínu er sömuleiðis viðkvæm og flókin en Atlantshafsbandalagið styður við stöðugleika á svæðinu með viðveru og samstarfi við Evrópusambandið. Íslensk stjórnvöld, með þátttöku Samgöngustofu, og í samstarfi við KFOR/NATO, vinna að því að gera neðra loftrými yfir Kósóvó aðgengilegra fyrir borgaralegt flug. KFOR fer með yfirráð yfir loftrýminu og felst hlutverk Samgöngustofu að stærstum hluta í því að hafa eftirlit með stofnunum í Kósovó sem hafa með notkun og stjórnun loftrýmisins að gera, hvað varðar hlítni við reglugerðir ESB og gildandi staðla. Framlag og reynsla Íslands er vel metin en samningur Íslands við KFOR vegna þessa verkefnis tók fyrst gildi 2019 og hefur verið tvíframlengdur. Samstarf þetta byggir á gömlum grunni en Ísland fór með stjórn Pristína flugvallar fyrir KFOR árin 2003–2004 og sá um vottun og þjálfun á því sviði fram til ársins 2010.

2.4 Varnarsamstarf við Bandaríkin

Varnarskuldbindingar Bandaríkjanna gagnvart Íslandi í varnarsamningnum frá 1951 eru önnur helsta stoð varnarmála ásamt aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og hafa Bandaríkin allt frá stofnun lýðveldisins verið mikilvægasta bandalagsríki Íslands í varnar- og öryggismálum.

Virkt og reglulegt samstarf á sér stað við stjórnvöld vestanhafs um framkvæmd varnarsamningsins, sem á 75 ára afmæli árið 2026. Árlegt tvíhliða samráð Íslands og Bandaríkjanna um öryggis- og varnarmál fór fram í Washington í maí. Öflug tvíhliða varnarsamvinna ríkjanna og staða öryggismála á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum voru meðal helstu umræðuefna.

Samráð er haft um allar aðgerðir og verkefni Bandaríkjanna og Íslands m.a. hvað varðar kafbátaeftirlit á Norður-Atlantshafi, flug herflugvéla og margvíslegar sameiginlegar framkvæmdir á öryggissvæðinu. Búið er að styrkja samráð við yfirherstjórn Bandaríkjanna í Evrópu (US-EUCOM), og reglubundið samráð er við stofnanir Bandaríkjahers.

Þjónustuheimsóknir kjarnorkuknúinna kafbáta til Íslands hófust 2023. Þær eru liður í varnarskuldbindingum Íslands og mikilvægt

framlag til sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsins. Kafbáturinn USS Newport News kom í höfn á Grundartanga í júlí og var það í fyrsta skipti sem kjarnorkuknúinn kafbátur kom til hafnar í þjónustuheimsókn. Í tengslum við hafnarkomu bátsins kom Stuart Munsch aðmíráll, yfirmaður Evrópu- og Afríkuflota Bandaríkjanna (NAVEUR) í heimsókn til Íslands, en hann átti einnig samráðsfundi með ráðherra og kynnti sér aðstæður á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Christopher G. Cavoli, yfirhershöfðingi Atlantshafsbandalagsins (SACEUR), heimsótti Ísland í maí og átti fund með utanríkisráðherra. Hann átti einnig fund með samráðshópi þingmanna um mótun stefnu í varnar- og öryggismálum og kynnti sér aðstæður á öryggissvæðinu í Keflavík.

2.5 Svæðisbundið og annað tvíhliða varnarsamstarf

Tvíhliða og svæðisbundið samstarf við bandalagsríki styður við og styrkir meginstoðirnar, aðildina að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamninginn við Bandaríkin. Saman myndar þetta víðtæka samstarf við önnur ríki, ásamt uppbyggingu innlends viðbúnaðar og getu, órofa heild sem stuðlar að því að tryggja varnir og getu til að mæta fjölbreyttum ógnum.

Á árinu var aukin áhersla lögð á svæðisbundið og tvíhliða varnarsamstarf Íslands við mikilvæg samstarfs- og nágrannaríki, enda styður það og styrkir meginstoðirnar tvær. Þá stuðlar svæðisbundið og tvíhliða varnarsamstarf að auknu öryggi og vörnum þátttökuríkja ásamt því að efla framlag þeirra til fælingar og varna Atlantshafsbandalagsins.

Varnarsamstarf af þessum toga verður sífellt umfangsmeira og öðlast aukið vægi. Í takt við þá þróun hefur þátttaka Íslands aukist undanfarin ár. Má sérstaklega nefna norræna varnarsamstarfið (NORDEFCO), samstarf á vettvangi sameiginlegu viðbragðssveitarinnar (JEF) og samstarf bandalagsríkja á norðurslóðum. Einnig mætti nefna samvinnu við Evrópusambandið um varnar- og öryggismál. Svæðisbundið varnarsamstarf hefur þá kosti að þátttökuríkin deila svæðisbundnum öryggisáskorunum og þekkja vel til aðstæðna og getu hvers annars. Þannig eykst getan til að bregðast hratt við ef þörf krefur. Það þjónar einnig þeim tilgangi að efla pólitískt samráð og stöðuvitund um öryggisáskoranir á svæðinu en einnig mætti nefna samhæfingu á stuðningi líkt þenkjandi ríkja við varnarbaráttu Úkraínu.

Utanríkisráðuneytið hefur skilgreint borgaralega varnarmálafulltrúa í sendiráðum Íslands í Osló, Berlín, París, og London í því skyni að efla tvíhliða samstarf við þessi ríki á sviði öryggis- og varnarmála. Þau verkefni eru viðbót við önnur verkefni sendifulltrúa í sendiráðum. Þá eru reglulega haldnir samráðsfundir með varnarmálafulltrúum erlendra ríkja með fyrirsvar gagnvart Íslandi. Flestir þeirra eru staðsettir í sendiráðum í Osló, Kaupmannahöfn eða London.

Norræna varnarsamstarfið

Norðurlöndin eiga með sér þétt öryggispólitískt og hernaðarlegt samstarf. Norræna varnarsamstarfið á vettvangi NORDEFCO hefur styrkst til muna og tekur Ísland virkan þátt í því samstarfi á öllum sviðum. Norðurlöndin hafa mótað sameiginlega sýn og stefnu á varnarsamstarfið, útbúið viðbragðsáætlanir og horfa til þess að þróa sameiginlega getu sem styður fælingar- og varnargetu Atlantshafsbandalagsins.

Forsendur norræna varnarsamstarfsins (NORDEFCO) hafa gjörbreyst og á síðustu árum hefur verið lögð rík áhersla á að uppfæra samstarfsrammann og stefnuna til þess að endurspegla þá breytingu að Norðurlöndin öll eru aðildarríki að Atlantshafsbandalaginu. Utanríkisráðuneytið hefur tekið virkan þátt í því að efla samstarfið, gætt hagsmuna Íslands og lagt sitt af mörkum til stefnumótunar þess til framtíðar. Þá hefur þátttaka Íslands í þeirri hlið samstarfsins sem snýr að hermálum einnig farið vaxandi, þar á meðal í áætlanagerð og í sameiginlegum verkefnum á ýmsum sviðum.

Árið 2025 héldu Finnar um stjórnartaumana í NORDEFCO. Helsta forgangsmálið í stjórnartíð þeirra var að uppfæra marghliða samkomulag (e. Memorandum of Understanding) Norðurlandanna um varnarsamstarf, sem upprunalega er frá árinu 2009. Brýn þörf var á þessu til þess að straumlínulaga samstarfið með tilliti til nýrrar langtímastefnu NORDEFCO (e. Vision 2030), sem samþykkt var árið 2024, varnaráætlana (e. Nordic Defence Concept) og inngöngu Svía og Finna í Atlantshafsbandalagið. Þá var regluverk um starfshætti NORDEFCO (e. Terms of Reference) einnig uppfært.

Varnarmálaráðherrar Norðurlandanna héldu fyrri fund sinn á árinu í maí 2025 í Rovaniemi í Finnlandi þar sem þeir skrifuðu undir uppfærða útgáfu af marghliða samkomulaginu og ræddu

SVIÐSLJÓS

Hver er saga norræns varnar-samstarfs?

Fram undir lok kalda stríðsins voru utanríkis-, varnar- og öryggismál ekki veigamikill þáttur í Norðurlandasamstarfinu. Samvinna ríkjanna á þessu sviði var bundin við að samhæfa framlög landanna til friðargæsluverkefna Sameinuðu þjóðanna. En þegar leið á fyrsta áratug tuttugustu og fyrstu aldar tók áhugi á auknu samstarfi Norðurlandanna á sviði varnar- og öryggismála að glæðast. Margvíslegar ástæður voru fyrir þessu. Alþjóðastofnanir höfðu veikst, Evrópa glímdi við eftirköst efnahagshrunsins 2008, sjónir Bandaríkjamanna tóku í auknum mæli að beinast til Asíu og mikilvægi norðurslóða fór sívaxandi.

Árið 2009 kom út hin svonefnda „Stoltenberg-skýrsla“, sem innihélt þrettán tillögur Thorvalds Stoltenberg, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs, um það hvernig auka mætti samvinnu Norðurlandanna á sviði utanríkis-, varnar- og öryggismála á skynsamlegan hátt í ljósi breyttra aðstæðna. Sama ár var norræna varnarsamstarfið NORDEFCO sett á laggir. Hlutverk þess er að þjóna sem samstarfsvettvangur varnarmálaráðuneyta og herstjórna Norðurlandanna. Samstarfinu hefur eðli málsins samkvæmt vaxið ásmegin eftir inngöngu Finna og Svía í Atlantshafsbandalagið.

Meginþungi samstarfs Norðurlandanna á vettvangi NORDEFCO miðar að því að efla getu þeirra til að mæta sameiginlegum áskorunum í öryggismálum, hvort sem er á tímum friðar, spennu eða átaka, og að auka framlag þeirra til sameiginlegra varna og fælingar Atlantshafsbandalagsins.

margvíslega fleti varnarsamstarfsins, þar á meðal á sviði flugherja. Fulltrúar frá varnarmálasviði Landhelgisgæslunnar taka þátt í þessu samstarfi fyrir Íslands hönd. Þá var einnig rætt um varnarsamvinnu Norðurlandanna á sviði Atlantshafsbandalagsins og stuðning þeirra við Úkraínu. Seinni fundur ráðherranna fór fram í Helsinki í Finnlandi í nóvember og voru yfirmenn herafla ríkjanna einnig viðstaddir fundinn. Sérstakur gestur var Radmila Šekerinska, varaframkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, sem ræddi um hlutverk bandalagsins á norðurslóðum og aukinn varnarviðbúnað á svæðinu. Í kjölfarið fór fram sameiginlegur fundur með varnarmálaráðherrum Eystrasaltsríkjanna (NB8) þar sem sjónum var beint að skuggaflotanum sem Rússar beita til þess að komast hjá viðskiptaþvingunum, og öryggissástandinu á austurjaðri Atlantshafsbandalagsins. Þá tilkynnti ríkjahópurinn um 500 milljóna bandaríkjadala framlag til stuðnings varnarbaráttu Úkraínu gegnum PURL-verkefnið (e. Prioritised Ukraine Requirement List.)

Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin

Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin (NB8) eiga reglulegt pólitískt samráð um stöðu öryggis- og varnarmála og þetta samstarf hefur aukist, sérstaklega í stuðningnum við varnarbaráttu Úkraínu. Í tengslum við ferð leiðtoga NB8-ríkjanna til Kyiv þann 24. febrúar var tilkynnt um stuðningsverkefni ríkjanna sem fól í sér að sett var á laggir þjálfunarmiðstöð í Póllandi fyrir úkraínska hermenn. Þá tóku varnarmálaráðherrar Eystrasaltsríkjanna þátt í hluta haustfundar NORDEFCO þar sem tilkynnt var um sameiginlegt framlag ríkjanna til PURL-verkefnisins eins og segir hér að ofan.

Sameiginlega viðbragðssveitin (JEF)

Sameiginlega viðbragðssveitin er vettvangur líkt þenkjandi ríkja um varnar- og öryggismál sem Bretland leiðir og Ísland gerðist aðili að í apríl 2021. Samstarfið innan JEF skiptir Ísland miklu máli, ekki síst þegar kemur að viðbragði við öryggisástandi sem fellur ekki undir virkjun 5. greinar Atlantshafssáttmálans. Á þessum samstarfsvettvangi er sérstök áhersla á Norður-Atlantshaf, Eystrasalt og norðurslóðir.

Sameiginlega viðbragðssveitin öðlaðist enn fastari sess í öryggisumgjörð Evrópu í kjölfar þess að Finnland og Svíþjóð gerðust aðildarríki Atlantshafsbandalagsins, og enda mikil áhersla á að varnarsamstarf ríkjanna styðji við markmið og hlutverk bandalagsins.

Aðgerðir JEF hafa að undanförnu beinst að vörnum gegn fjölþáttahernaði, einkum gegn innviðum á og í hafi. Í upphafi árs brást JEF við vegna skemmda á neðansjávarinnviðum í Eystrasalti. Aðgerðin sneri að eftirliti og studdi við árveknisaðgerðir Atlantshafsbandalagsins sem tóku við í kjölfarið. Útsendur starfsmaður ráðuneytisins starfar í höfuðstöðvum JEF í Northwood á Englandi. Í mars hélt Ísland, í samstarfi við JEF, alþjóðlega vinnustofu um öryggi neðansjávarinnviða.

Leiðtogafundur JEF fór fram Osló í maí og voru öryggis- og varnarmál í Evrópu til umræðu, ekki síst árásarstríð Rússlands í Úkraínu og staðan á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum. Formaður grænlensku landsstjórnarinnar og lögmaður Færeyja tóku þátt í hluta fundarins og áttu leiðtogarnir einnig fjarfund með forseta Bandaríkjanna annars vegar og fund með forseta Úkraínu hins vegar.

Frá september og út október stóð yfir umfangsmesta og stærsta varnaræfing JEF frá upphafi samstarfsins. Um var að ræða aðgerðir á svæði sem spannaði allt svæði Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, þar með talið á Íslandi. Þátttaka Íslands fólst í vörnum lykilinnviða hér á landi.

Á fundi varnarmálaráðherra JEF í Bodö í Noregi, í nóvember, var samþykkt að efna til enn þéttara samstarfs JEF og Úkraínu, en þátttökuríki JEF hafa verið í fararbroddi þeirra ríkja sem veitt hafa Úkraínu varnartengdan stuðning. Varnarmálaráðherra Úkraínu, Denys Shmyhal, tók þátt í hluta fundarins og var það í fyrsta sinn sem varnarmálaráðherra Úkraínu tók þátt í fundi varnarmálaráðherra JEF.

Norðurslóðir

Ísland tekur virkan þátt í samstarfi um öryggis- og varnarmál á norðurslóðum sem hefur snúist um að styrkja stöðuvitund, upplýsingaflæði, efla getu og æfingar á svæðinu. Mikilvægt er í samvinnu við önnur ríki að fylgjast áfram náið með öryggispólitískri þróun á norðurslóðum og þá ekki síst hernaðarumsvifum Rússlands og vaxandi áhuga Kína á norðurslóðum.

Í ljósi aukinnar spennu á norðurslóðum og gjörbreytts öryggisumhverfis hafa norðurskautsríkin sjö í Atlantshafsbandalaginu, þ.e. Bandaríkin, Kanada og Norðurlöndin, stóreflt samstarf sín á milli um öryggis- og varnarmál á svæðinu. Hernaðarumsvif Rússlands á norðurslóðum hafa aukið spennu á svæðinu og áhyggjur eru af vaxandi samstarfi Rússlands og Kína, sem beitir sér í auknum mæli á svæðinu. Samstarf bandalagsríkjanna á norðurslóðum hefur snúið að því að styrkja stöðuvitund, upplýsingaflæði og að efla getu og æfingar á svæðinu. Ísland lagði enn sem áður sitt af mörkum, s.s. með loftrýmiseftirliti, gistiríkjaþjónustu og fjar- og rauneftirliti. Ísland hefur verið virkur þátttakandi og beitt sér fyrir því að bandalagsríkin sjö á norðurslóðum taki forystu í stefnumótun og umræðu um öryggis- og varnarmál á svæðinu, á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og á alþjóðavettvangi. Þá hefur samstarf við bandalagsríki utan norðurslóða, sem hafa tengsl, getu og vilja til að beita sér fyrir öryggi og vörnum á svæðinu, jafnframt aukist. Má þar sérstaklega nefna samstarf við Bretland, Frakkland, Þýskaland og Holland.

Yfirmenn herafla norðurskautsríkjanna hafa eflt samráð sín á milli og unnið að því að styrkja samstarf sitt, m.a. á sviði upplýsingaskipta og stöðuvitundar. Ísland tók að sér leiðandi hlutverk við að formfesta það samstarf. Þá fundaði samráðshópur um varnaraðgerðir á norðurslóðum í mars í Kirkenes í Noregi, þar sem komu saman norðurskautsríkin sjö, ásamt Þýskalandi, Frakklandi, Hollandi og Bretlandi. Voru fjölþáttaógnir á norðurslóðum einkum til umræðu.

Í maí var Ísland gestgjafi samráðsfundar bandalagsríkja á norðurslóðum, þ.m.t. Grænlands og Færeyja, með þátttöku háttsettra embættismanna varnarmálaráðuneytanna þar sem til umræðu var viðbúnaður og eftirlit á svæðinu. Áhersla var lögð á að varnarsamstarf ríkjanna efli fælingarmátt og varnir Atlantshafsbandalagsins.

Þá ferðaðist utanríkisráðherra til Nuuk í september en utanríkisráðherra Grænlands og varnarmálaráðherra Danmerkur buðu varnarmálaráðherrum norðurskautsríkjanna sjö til að fylgjast með varnaræfingunni Arctic Light 2025. Einnig var fundað um leiðir til að styrkja samvinnu um öryggismál á svæðinu.

Tvíhliða grannríkjasamstarf

Undanfarið hefur Ísland markvisst eflt tvíhliða varnarsamstarf og samráð um öryggispólitísk og varnartengd málefni við helstu grannríki í því augnamiði að tryggja sameiginlega varnarhagsmuni, styrkja stöðuvitund og upplýsingaflæði. Slíkt samráð treystir gagnkvæman skilning og þekkingu á öryggisáskorunum og viðbragðsgetu. Á árinu undirritaði Ísland tvíhliða yfirlýsingar um varnarsamstarf við Frakkland, Þýskaland og Finnland. Áður hefur Ísland gert samkomulag við Bretland, Danmörku, Kanada, Noreg og Svíþjóð. Þá er hafin vinna við uppfærslu á samkomulagi Íslands

Finnst þér Ísland njóta fullnægjandi eða ófullnægjandi herverndar í dag?

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur/t) því að haldnar séu varnaræfingar við Ísland?

Hversu jákvæð(ur/tt) eða neikvæð(ur/tt) ert þú gagnvart varnarsamstarfi Íslands við Norðurlöndin?

Heimild: Maskína 2025

við Noreg annars vegar og Kanada hins vegar. Lögð hefur verið áhersla á að efla samskipti sendiráða Íslands við ráðuneyti, herstjórnir og stofnanir sem sinna öryggis- og varnartengdum verkefnum, m.a. með því að tilnefna sérstaka varnarmálafulltrúa til að sinna slíkum samskiptum, þ.e. í sendiráðum Íslands í Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi, Noregi og Þýskalandi.

Árlegt samráð Íslands og Frakkland um öryggis- og varnarmál fór fram í júní 2025 á Íslandi og var í því samhengi undirrituð viljayfirlýsing um aukið varnarsamstarf, sérstaklega hvað varðar öryggi og varnir á Norður-Atlantshafi. Á árinu efldu Ísland og Þýskaland tvíhliða samstarf sitt á sviði öryggis- og varnarmála enn frekar og sótti varnarmálaráðherra Þýskalands Ísland heim í október. Í heimsókninni undirrituðu utanríkisráðherra og varnarmálaráðherrann tvíhliða viljayfirlýsingu um varnarsamstarf ríkjanna þar sem áhersla er á eftirlit og aðgerðir á Norður-Atlantshafi, auk þess sem hann heimsótti öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli og átti fund með forsætisráðherra. Einnig kom ráðuneytisstjóri þýska varnarmálaráðuneytisins í heimsókn til Íslands í janúar og yfirmaður herafla Þýskalands í ágúst þar sem tvíhliða samstarf var til umræðu.

Þá undirrituðu utanríkisráðherra Íslands og varnarmálaráðherra Finnlands tvíhliða viljayfirlýsingu um varnarsamstarf í október í Helsinki í tengslum við ríkisheimsókn forseta Íslands til Finnlands. Er þetta fyrsta tvíhliða samstarfsyfirlýsing Íslands og Finnlands á þessu sviði. Með samstarfinu leitast ríkin við að styrkja varnir sínar og framlög til svæðisbundinna öryggismála og auka samskipti og upplýsingagjöf um sameiginlega varnarhagsmuni. Í tengslum við loftrýmisgæslu sem tékkneski flugherinn sinnti á Íslandi í júní kom varnarmálaráðherra Tékklands í heimsókn og átti fund með utanríkisráðherra. Frá 2019 hafa Ísland og Bretland átt árlegt samráð um öryggismál og 2025 var sérstakt samráð á sviði varnarmála og rætt tækifæri til aukins tvíhliða varnarsamstarfs, m.a. á norðurslóðum. Í júní stóðu utanríkisráðuneyti Kanada, sendiráð Íslands í Ottawa og sendiráð Kanada í Reykjavík, auk annarra, fyrir sameiginlegri ráðstefnu þar sem til umræðu voru öryggismál á norðurslóðum.

Evrópusambandið (ESB) leggur nú vaxandi áherslu á öryggis- og varnarmál, sér í lagi eftir allsherjarinnrás Rússlands í Úkraínu. Um vorið 2025 kynnti ESB hvítbók um varnarmál þar sem útlistaður er stuðningur sambandsins við uppbyggingu varnarviðbúnaðar, hergagnaframleiðslu og hernaðargetu. Ísland hefur á grundvelli EES-samningsins átt samstarf við Evrópusambandið um alþjóða- og öryggismál, aðgerðir gegn fjölþáttaógnum og eflingu áfallaþols. Í júlí sótti Ísland heim forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, Ursula von der Leyen. Átti hún fund með forsætisráðherra og utanríkisráðherra á öryggissvæðinu í Keflavík. Öryggismál í víðum skilningi voru í brennidepli í heimsókninni, einkum m.t.t. almannavarna og áfallaþols, öryggis- og varnarmála á Íslandi og Norður-Atlantshafssvæðinu, svo og framlag Íslands til sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsins. Þá var ákveðið að hefja viðræður um gerð samstarfsyfirlýsingar á milli Íslands og Evrópusambandsins um öryggis- og varnarmál. Um haustið fór fram árlegt samráð við ESB um öryggis- og varnarmál í Reykjavík, þar sem ofangreind samstarfsyfirlýsing var m.a. til umræðu.

2.6 **Afvopnunarmál**

Afvopnunarmál

Í þjóðaröryggisstefnu Íslands er lögð skýr áhersla á mikilvægi afvopnunarmála fyrir öryggi þjóðarinnar og alþjóðasamfélagsins. Ísland tekur virkan þátt á vettvangi stofnana á þessu sviði til að standa vörð um alþjóðlegt regluverk á sviði afvopnunar, vígbúnaðartakmarkana og eftirlits. Slíkt regluverk er ein af meginstoðum alþjóðaöryggismála.

Samhliða versnandi öryggisástandi í heiminum hefur vaxandi erfiðleika gætt í alþjóðlegu samstarfi um afvopnunarmál og hið margslungna regluverk sem nær utan um málaflokkinn hefur átt undir högg að sækja. Það birtist til dæmis í brotthvarfi frá samningum, samningsbrotum, dvínandi trausti, deilum um framkvæmd og tregðu við framþróun og fjármögnun. Eðli máls samkvæmt fylgir átökum einnig hætta á notkun og útbreiðslu vopna í bága við ákvæði afvopnunarsamninga. Í þessu samhengi má benda á áframhaldandi ógnandi og óábyrgan málflutning rússneskra stjórnvalda um kjarnavopn og viðvarandi skeytingarleysi þeirra um öryggi kjarnorkuvera í Úkraínu.

Efst á baugi um kjarnorkuafvopnunarmál

Þrátt fyrir erfiðleika og vaxandi spennu í alþjóðakerfinu hefur þungi færst í umræður um afvopnunarmál á síðustu árum og því er mikilvægt fyrir stefnu og hagsmuni Íslands að taka þar virkan þátt. Það er áhyggjuefni að enginn samningur er lengur í gildi á milli tveggja stærstu kjarnavopnaveldanna um fjölda kjarnavopna og flest af viðurkenndu kjarnavopnaríkjunum hafa á undanförnum árum unnið að því að uppfæra getu sína. Talið er að uppbyggingin á kjarnavopnabúri Kína hafi verið hröðust, auk þess sem Rússar halda áfram þróun og prófunum á nýjum vopnum.

Samningurinn um bann við útbreiðslu kjarnavopna og friðsamlega nýtingu kjarnorku (NPT) er einn af hornsteinum alþjóðlega regluverksins sem hér um ræðir. Haldin verður ráðstefna um endurskoðun samningsins vorið 2026. Brýnt er að standa vörð um samninginn og stuðla að því að hann sé virtur. Mikilvægi hans endurspeglast ekki síst í þeirri ógn sem felst í kjarnavopnauppbyggingu Norður-Kóreu og þróun kjarnorkuáætlunar Írans.

Jarðsprengjusamningurinn

Samningur um bann við notkun jarðsprengja (Ottawa-samningurinn) frá árinu 1997 var einn þeirra samninga sem mest samstaða ríkti um. 166 ríki áttu aðild að honum og flest ríki sem stóðu utan hans fylgdu honum í raun. Það var því nokkuð áhyggjuefni að Pólland, Eistland, Lettland og Litáen tilkynntu sameiginlega að ríkin hyggðust segja upp samningnum og Finnland fylgdi fljótlega á eftir. Ákvarðanir ríkjanna tóku gildi í ágúst á síðasta ári. Rekja má þær til áhyggja sem þessi ríki hafa af ógninni frá Rússlandi sem þau eiga öll landamæri að. Rússar hafa enda beitt jarðsprengjum í miklum mæli í árásarstríði sínu í Úkraínu og eiga ekki aðild að samningnum.

Af vettvangi Efnavopnastofnunarinnar

Endurtekin notkun Rússa á ólöglegum efnavopnum í Úkraínu er mikið áhyggjuefni. Við rannsóknir á vegum Efnavopnastofnunarinnar (OPCW) á sýnum frá víglínunni í Úkraínu hafa komið í ljós leifar af táragasi, sem er bannað að nota í hernaði samkvæmt Efnavopnasamningnum.

Í Sýrlandi átti sér stað öllu jákvæðari þróun árið 2025. Assad-stjórnin hafði ekki staðið við skuldbindingar um að upplýsa um og eyða með staðfestum hætti öllum birgðum efnavopna, en eftir fall hennar hafa ný stjórnvöld í landinu heitið fullu samstarfi við OPWC.

Nýjar ógnir

Áhyggjur fara jafnframt vaxandi af þeim ógnum sem tækniframfarir í vígbúnaðargerð og hröð þróun gervigreindar kunna að hafa í för með sér. Þessi mál hafa verið ofarlega á baugi í umfjöllun um afvopnunarmál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Fyrsta nefnd allsherjarþingsins, sem fjallar um afvopnunarmál, hefur til að mynda samþykkt ályktanir sem snerta ábyrga notkun gervigreindar í hernaði.

Ísland mun áfram leggja sitt af mörkum til framgangs raunhæfrar og gagnkvæmrar afvopnunar með virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og samráði við bandalagsþjóðir.

Útflutningseftirlit

Íslandi er skylt að hafa eftirlit með ákveðnum útflutningi á grundvelli alþjóðaskuldbindinga sem eiga m.a. rætur að rekja til stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, efnavopnasamninga, vopnaviðskiptasamninga, EES-samningsins og aðildar Íslands að ákveðnum eftirlitskerfum. Útflutningseftirlitið varðar bæði vörur og þjónustu sem getur haft tvíþætt notagildi og varnartengdar vörur (hergögn). Núgildandi regluverk byggir á tveimur reglugerðum sem tóku gildi á árinu 2024 í kjölfarið á lögum nr. 67/2023 um afvopnun, takmörkun víg-

búnaðar og útflutningseftirlit og breytingum á ákvæðum vopnalaga nr. 16/1998 um útflutning á varnartengdri vöru. Á árinu 2025 voru veitt sjö einstök útflutningsleyfi, auk þess sem vörur og þjónusta sem geta haft tvíþætt notagildi voru fluttar út í 72 skipti á grundvelli almenns leyfis.

Hergagnaflutningar

Ísland hefur skuldbundið sig að þjóðarrétti til að hafa eftirlit með hergagnaflutningunum frá og um landið. Samgöngustofa sér um umsýslu og samskipti við umsækjendur en meðferð og mat umsókna fer fram í utanríkisráðuneytinu. Árið 2025 bárust 50 beiðnir um leyfi, einni beiðni var hafnað en 49 leyfi veitt. 41 þeirra voru vegna flutninga til landa sem Ísland á í öryggis- og varnarsamstarfi við.

2.7 Fjölþáttaógnir

Sífellt meiri athygli beinist að ógninni af fjölþáttaaðgerðum sem óvinveitt ríki eða aðilar þeim tengdir beita til að ná fram markmiðum sínum, svo sem að hafa áhrif á ákvarðanatöku og lýðræðislega ferla, ýta undir sundrungu, draga úr trausti og veikja þannig stoðir samfélaga og traust almennings og kjósenda. Fjölþáttaógnir, svo sem skemmdarverk, ofbeldisverk, banatilræði, netárásir, rafræn íhlutun og herferðir til að dreifa röngum upplýsingum og falsfréttum, eru orðnar nánast daglegt brauð víða í Evrópu og hefur Ísland ekki farið varhluta af því, t.d. í gegnum netárásir. Fjölþáttaógnir birtast iðulega með þeim hætti að erfitt er að draga gerendur til ábyrgðar og eru til þess fallnar að gera mörkin milli stríðs og friðar óskýrari.

Á síðustu árum hefur stóraukin áhersla verið lögð á samstarf um viðbúnað vegna fjölþáttaógna og styrkingu áfallaþols, meðal annars á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, Evrópusambandsins og í svæðisbundinni og tvíhliða samvinnu. Innanlands hefur samstarf einnig verið eflt milli ráðuneyta og stofnana á þessu sviði, og á utanríkisráðuneytið til dæmis í nánu samráði við embætti ríkislögreglustjóra og fjölmiðlanefnd.

Netöryggi

Netöryggissveit íslenskra stjórnvalda, CERT-IS, fluttist frá Fjarskiptastofu til utanríkisráðuneytisins um mitt ár 2025 með breytingu á varnarmálalögum. Markmiðið með þeirri breytingu var fyrst og fremst að ná fram auknum samlegðaráhrifum í tengslum við vaxandi alþjóðlegt samstarf og stefnumótun á þessu sviði og tryggja netöryggissveitinni viðeigandi umgjörð, meðal annars með tilliti til húsnæðis og öryggismála. Einnig er markmiðið að efla greiningargetu sveitarinnar sérstaklega með þéttu samstarfi við varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Í kjölfar flutnings CERT-IS var fjármagn tryggt til þátttöku í stofnun netöryggismiðstöðvar (e. cyber hub), sem miðar að því að efla greiningu, viðbrögð og varnir gegn netógnum í samstarfi við Noreg, Danmörku, Finnland, Eistland, Lettland og Litháen. Jafnframt er unnið að uppbyggingu nýrrar vaktstöðvar netöryggis (e. National Security Operations Center), sem mun tryggja sólarhringsvöktun og skjót viðbrögð við netógnum. Með vaktstöðinni verður fylgst með rauntímagögnum úr íslenska netumdæminu allan sólarhringinn, frávik greind samstundis og brugðist hratt við áhættu til að draga úr mögulegum skaða. Vaktstöðin mun jafnframt hafa beina tengingu við netöryggismiðstöð Norðurlanda- og Eystrasaltsríkjanna.

CERT-IS tekur virkan þátt í öflugu alþjóðlegu samstarfi, einkum á sviði upplýsingaskipta og sameiginlegra æfinga. Sérstaklega ber að nefna að CERT-IS tók við formennsku í Nordic CERT Cooperation, sem er afar mikilvægt og öflugt samstarf Norðurlandanna á sviði netöryggis.

Árið 2025 tók CERT-IS þátt í þremur netöryggisæfingum. Fyrsta æfing ársins var Ísland ótengt, sem CERT-IS skipulagði og hélt í samvinnu við Almannavarnir. Um var að ræða eina umfangsmestu skrifborðsæfingu sem haldin hefur verið á Íslandi, þar sem nærri 200 sérfræðingar úr ólíkum geirum komu saman til að ræða og greina það ástand sem gæti myndast ef allir sæstrengir til Íslands rofna á sama tíma. Markmið æfingarinnar var að meta viðbúnað Íslands gagnvart skyndilegu rofi á sæstrengjum, efla samvinnu, samhæfa aðgerðir og auka skilning á viðbragðsgetu landsins við slíku ástandi.

Í maí tók CERT-IS þátt í stærstu netöryggisæfingu heims, Locked Shields, sem haldin er af netvarnarsetri Atlantshafsbandalagsins (e. NATO Cooperative Cyber Defence Centre of Excellence, CCDCOE). Æfingin fer fram í sýndarumhverfi þar sem lið verja í sameiningu skáldað land gegn netárásum á tölvukerfi og mikilvæga innviði, svo sem orku-, vatnsveitu- og fjarskiptakerfi. Jafnframt þurfa liðin að takast á við upplýsingaóreiðu, lagaleg úrlausnarefni tengd átökum og sinna markvissri upplýsingagjöf. Ísland myndaði sameiginlegt lið með Svíþjóð

og Bandaríkjunum og tóku 24 sérfræðingar frá 14 opinberum stofnunum og einkafyrirtækjum þátt fyrir hönd Íslands.

Í lok árs fór fram netöryggisæfingin Cyber Coalition, þar sem Ísland tók þátt ásamt 35 aðildar- og samstarfsríkjum Atlantshafsbandalagsins. Æfingin hefur verið haldin árlega frá árinu 2008 og markmiðið með henni er að efla samvinnu og viðbragðsgetu þjóða gegn net- og fjölþáttaógnum. Í þetta sinn var lögð áhersla á samhæfingu, samskipti, og sameiginlega ákvarðanatöku innanlands þegar margþætt netógn steðjar að.

Öryggi neðansjávarinnviða

Í kjölfar alvarlegra atvika á borð við það þegar Nord-Stream gasleiðslan var eyðilögð árið 2022, hófu bandalagsríki Atlantshafsbandalagsins að byggja upp getu til að hafa eftirlit með og vernda mikilvæga neðansjávarinnviði.

Fyrsta skrefið var stigið í maí 2024 þegar bandalagið setti á laggirnar sérstaka samhæfingamiðstöð innan siglingaherstjórnar bandalagsins (e. NATO - Maritime Centre for Security of Critical Underwater Infrastructure) sem gegnir lykilhlutverki í langtímaöryggi sæstrengja, orku- og fjarskiptatenginga á svæðinu. Miðstöðin samhæfir upplýsingar milli bandalagsríkja, styrkir varnir og stuðlar að aukinni stöðuvitund, auk þess sem hún vinnur markvisst að forvörnum, greiningu og samræmdum viðbragðsaðgerðum gegn bæði vísvitandi skemmdarverkum, gáleysislegum atvikum og öðrum tegundum fjölþáttaógna.

Til að bregðast við áframhaldandi skaða og skemmdum á neðansjávarinnviðum og aukinni áhættu hóf Atlantshafsbandalagið árveknisaðgerðina Baltic Sentry í Eystrasalti í upphafi árs 2025. Aðgerðin felur í sér aukna viðveru skipa, kafbáta og flugvéla, ásamt innleiðingu nýrrar tækni, þar á meðal flota af ómönnuðum sjóförum, með það að markmiði að styrkja eftirlit, fælingu og viðbragðsgetu bandalagsins. Aðgerðinni er jafnframt ætlað að tryggja stöðugt eftirlit, bætta stöðuvitund og fælingarmátt gagnvart skuggaflota Rússlands, sem talinn er fela í sér vaxandi áhættu fyrir mikilvæga innviði á svæðinu.

Samhliða aukinni árvekni á vettvangi Atlantshafsbandalagsins á árinu 2025 fylgdi einnig efld svæðisbundin samvinna ríkja við Eystrasalt. Á ráðherrafundi tíu aðildarríkja Eystrasaltsráðsins, þar á meðal Íslands, auk fulltrúa frá Evrópusambandinu, sem haldinn var í Eistlandi í maí 2025, var undirrituð sameiginleg yfirlýsing um aukið samstarf um öryggi sæstrengja og annarra neðansjávarinnviða. Samkomulagið byggði á pólitískri niðurstöðu leiðtogafundar bandalagsríkja við Eystrasalt í Helsinki í janúar sama ár og markar skýrt skref í átt að aukinni svæðisbundinni samhæfingu, bættri stöðuvitund og sameiginlegri varnargetu. Í kjölfar viljayfirlýsingarinnar var stofnaður sérfræðingahópur sem hefur það hlutverk að þróa samþætt eftirlitskerfi með neðansjávarinnviðum í Eystrasalti, byggt á neti öryggismiðstöðva aðildarríkjanna.

Ísland hefur lagt sitt af mörkum bæði innan Atlantshafsbandalagsins og í svæðisbundnu samstarfi ríkja við Eystrasalt. Innanlands hafa ráðuneyti, fyrirtæki og lykilstofnanir, ekki síst Landhelgisgæsla Íslands og embætti ríkislögreglustjóra, styrkt eftirlit, verklag og viðbragðsgetu og haldið úti reglubundnu samráði um forvarnir, áhættumat og viðbrögð til að treysta öryggi mikilvægra innviða. Á alþjóðavettvangi hefur Ísland tekið virkan þátt í upplýsingaskiptum og miðlun bestu starfsvenja innan bandalagsins og stutt við og tekið þátt í, vinnustofum um öryggi neðansjávarinnviða, m.a. í samvinnu við Írland. Þá hafa íslensk stjórnvöld komið að eftirlits- og samhæfingaverkefnum á Norður-Atlantshafi, þar á meðal Nordic Warden undir merkjum Sameiginlegu viðbragðssveitarinnar (e. Joint Expeditionary Force, JEF), sem miða að virku eftirliti og aukinni stöðuvitund um neðansjávarinnviði samstarfsríkja. Íslensk þátttaka á þessum vettvangi styrkir þannig öryggi og áfallaþol mikilvægra innviða, sem eru forsenda traustra fjarskipta, orkuöryggis og efnahagslegs stöðugleika í okkar heimshluta

Upplýsingaóreiða

Óvinveitt ríki hafa um langt skeið beitt kerfisbundnum aðferðum til að skapa upplýsingaóreiðu í þeim tilgangi að grafa undan trausti á lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum og aðgerðum þeirra, valda klofningi í samfélaginu og hafa áhrif á hegðun og afstöðu borgaranna. Gerendur þróa stöðugt nýjar aðferðir, tækni og verkfæri til að hafa áhrif á upplýsingar og almenningsálit með það að markmiði að valda skaða og auka spennu. Skýr dæmi um þetta eru skipulagðar aðgerðir Rússlands til þess að hafa áhrif á kosningar í Moldóvu og Rúmeníu, sem og í vestrænum löndum á borð við Bandaríkin, Bretland og Frakkland. Þá hafa stjórnvöld í Moskvu ráðist í fjölmargar herferðir til þess að réttlæta innrásarstríð sitt í Úkraínu, grafa undan trausti almennings á stjórnvöldum í Úkraínu og draga úr stuðningi við aðstoð frá ríkjum Atlantshafsbandalagins við Úkraínu. Slíkur upplýsinga-

Þótt telja megi að upplýsingaaðgerðir séu fátíðari á Íslandi en í stærri ríkjum er landið jafn útsett fyrir þessari ógn og önnur vestræn ríki sem byggja sína samfélagsgerð á lýðræði og tjáningarfrelsi. Skilvirkar varnir gegn upplýsingaógnum krefjast tæknilegrar þekkingar og getu við vöktun, upplýsingaskipta, greiningar og samræmdra viðbragða og virkrar samvinnu við önnur ríki og innan samfélaga.

hernaður er hluti af fjölþáttaógnum og getur haft beina þýðingu fyrir þjóðaröryggi.

Þótt telja megi að upplýsingaaðgerðir séu fátíðari á Íslandi en í stærri ríkjum er Ísland jafn útsett fyrir þessari ógn og önnur vestræn ríki sem byggja sína samfélagsgerð á lýðræði og tjáningarfrelsi. Skilvirkar varnir gegn upplýsingaógnum krefjast tæknilegrar þekkingar og getu við vöktun, upplýsingaskipta, greiningar og samræmdra viðbragð og virkrar samvinnu við önnur ríki sem og innan samfélaga. Upplýsingaógnir beinast fyrst og fremst að þeim lýðræðislegu gildum sem móta og sameina okkar samfélög. Varnargarðar Íslands gagnvart upplýsingaógnum þurfa því að samanstanda af samfélagslegu trausti, samvinnu og gagnsæi.

Alþjóðlegt samstarf er einn af lykilþáttum varna gegn fjölþáttaógnum á borð við upplýsingaóreiðu. Ísland tekur virkan þátt í samstarfi við önnur ríki og er virkur þátttakandi í fjölþjóðlegu samstarfi, m.a. á vegum Atlantshafsbandalagsins og Evrópska öndvegissetursins í Helsinki um fjölþáttaógnir, til þess að efla varnir og viðbúnað gagnvart upplýsingaógnum og upplýsingahernaði.

Áfallaþol

Samstarfsverkefni dómsmálaráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins, forsætisráðuneytisins og embættis ríkislögreglustjóra um hvernig íslensk stjórnvöld eru að uppfylla grunnviðmið Atlantshafsbandalagsins um áfallaþol var ýtt úr vör í lok ársins 2024. Grunnviðmiðin eru eftirfarandi: 1) Tryggja samfellu í stjórnsýslu og lykilþjónustu stjórnvalda. 2) Áfallaþol orkuaðgengis. 3) Skilvirk geta til að framkvæma ófyrirséða fólksflutninga. 4) Áfallaþol matar- og vatnsaðfanga. 5) Geta til að meðhöndla fjölda slasaðra og heilbrigðisvá. 6) Áfallaþolið borgaralegt fjarskiptakerfi. 7) Áfallaþolið borgaralegt samgöngukerfi.

Stýrihóp var falið að kanna áfallaþol í íslensku samfélagi með hliðsjón af grunnviðmiðunum og skilaði hópurinn áfangaskýrslunni Áfallaþol á grundvelli viðmiða Atlantshafsbandalagsins í desember 2025. Helstu niðurstöður skýrslunnar undirstrika að Ísland hefur á ýmsum sviðum byggt upp öflugan grunn, einkum í almannavörnum og áhættugreiningu. Á sama tíma er bent á tækifæri til úrbóta, m.a. þegar kemur að samhæfingu innan stjórnkerfisins, vernd mikilvægra innviða, auknu samstarfi við einkaaðila og markvissari forgangsröðun í öryggis- og varnarmálum. Tillögur skýrslunnar taka einnig mið af þeirri þróun sem hefur átt sér stað undanfarið, til að mynda tillögu utanríkisráðherra til þingsályktunar um stefnu í varnar- og öryggismálum, en ein megináhersla þeirrar stefnu er að efla áfallaþol íslensks samfélags.

Að tillögu hópsins hefur verið stofnaður samstarfsvettvangur ráðuneyta um uppbyggingu áfallaþols sem tryggir yfirsýn, samhæfingu og forgangsröðun þvert á Stjórnarráðið.

2.8 Framkvæmd varnartengdra verkefna á Íslandi

Loftrýmisgæsla

Eitt mikilvægasta framlag Íslands til sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsins er stuðningur við eftirlit og aðgerðir bandalagsins og ríkja þess á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum. Samhliða vaxandi mikilvægi svæðisins hefur umfang verkefna aukist, sem kallar á meiri virkni og þátttöku Íslands.

Loftrýmiseftirlit fer fram allan ársins hring í stjórnstöð Atlantshafsbandalagsins á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, NATO Control and Reporting Center – Keflavik, sem er hluti af samþættu loftrýmiseftirliti Atlantshafsbandalagsins undir sameiginlegri stjórn þess.

Samhliða því fer fram reglubundin loftrýmisgæsla Atlantshafsbandalagsins við Ísland sem ætlað er að tryggja öryggi loftrýmis á nyrðri mörkum bandalagsins. Slík gæsla fer jafnan fram þrisvar

sinnum á ári og er sinnt af flugsveitum bandalagsríkja. Verkefnið fer fram innan þess skilgreinda svæðis sem Ísland ber ábyrgð á með kerfisbundnu rauntímaeftirliti og auðkenningu allra óþekktra loftfara þegar orrustuvélar bandalagsríkja eru hér á landi.

Loftrýmisgæsluverkefnið er framkvæmt í samvinnu erlendu flugsveitanna, stjórnstöðvar Atlantshafsbandalagsins á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og stjórnstöð bandalagsins í Uedem í Þýskalandi. Mikið mæðir á þeim sem sinna gistiríkjaþjónustunni og loftrýmiseftirlitinu hér á landi meðan gæslan stendur yfir og gestir eru almennt ánægðir með þann stuðning og aðstöðu sem þeir fá til að sinna verkefninu. Helsta áskorun loftrýmisgæslu heldur áfram að vera að tryggja nægjanlega leitar- og björgunarþjónustu, sem er eitt meginframlag Íslands til verkefnisins og forsenda þess að hægt sé að tryggja öryggi liðsafla sem sinnir þessu mikilvæga verkefni. Árið 2025 sinntu flugherir Finnlands, Tékklands, Spánar og Belgíu loftrýmisgæslu við Ísland. Hver flugsveit kom hingað til lands með fjórar til sex orrustuþotur af ólíkum toga – Finnar og Spánverjar með F18, Tékkar með JAS-39C og Belgar með F18 – og um 60–120 liðsmenn hverju sinni. Ráðgert er að Svíþjóð, Spánn og Belgía sinni loftrýmisgæslu á Íslandi árið 2026.

Varnaræfingar og áætlanir

Varnaræfingar hér við land fara fram á grundvelli aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningsins við Bandaríkin. Fleiri og umfangsmeiri varnaræfingar á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum eru til marks um breytingar á öryggishorfum í nærumhverfi Íslands á síðustu árum. Æfingar eru mikilvægur liður í fælingu og varnarviðbúnaði því þær viðhalda viðbragðsgetu, og tryggja að bandalagsríki geti starfað hnökralaust saman í hættuástandi eða átökum. Varnaræfingar stuðla að nauðsynlegri þekkingu á varnarumhverfi Íslands innan Atlantshafsbandalagsins og hjá Bandaríkjunum, nánar tiltekið á aðstæðum á Íslandi, sérstöðu landsins og varnarhagsmunum. Íslenska varnaráætlunin var uppfærð og samþykkt á vormánuðum. Í kjölfarið var henni deilt með bandalagsríkjum og samráð hefur átt sér stað við lykilherstjórnir bandalagsríkja og Atlantshafsbandalagið.

Sprengjueyðingaræfingin Northern Challenge fór fram 8. til 18. september. Um 400 sprengjusérfræðingar frá 18 aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins og samstarfsríkjum þess tóku þátt. Þátttakendur æfðu samhæfð viðbrögð, meðal annars með eftirlíkingum af sprengjum sem fundist hafa víða um heim. Æfingin fór að mestu fram á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, en einnig í Helguvík og Hvalfirði og veitti sprengjusérfræðingum einstakt tækifæri til að miðla reynslu og efla samstarf milli þátttökuríkjanna. Ísland tók þátt í TARASSIS, varnaræfingu sameiginlegu viðbragðssveitarinnar (JEF) í september. Í æfingunni var horft til getu JEF til þess að styðja íslensk yfirvöld við vernd mikilvægra innviða á hættutímum og fór hluti hennar fram á Íslandi. Þá fór kafbátaeftirlitsæfing Atlantshafsbandalagsins, Dynamic Mongoose 2025, fram í lok apríl á hafsvæðinu milli Íslands og Noregs en Noregur var gistiríkið. Þá hófst undirbúningur fyrir varnaræfinguna Norður-Víkingur 2026 en sú æfing mun fara fram um mánaðarmótin ágúst-september 2026. Norður-Víkingur er tvíhliða varnaræfing Bandaríkjanna og Íslands sem haldin er á tveggja ára fresti. Um svipað leytið verður haldið upp á 75 ára afmæli tvíhliða varnarsamningsins við Bandaríkin og gert er ráð fyrir því að Bandaríkjaher ásamt bandalagsríkjum leggi ríka áherslu á þátttöku á æfingunni.

Önnur viðvera erlends liðsafla

Sýnileg og virk viðvera erlends herafla á Íslandi er mikilvægur liður í fælingarmætti Atlantshafsbandalagsins á Norður-Atlantshafi og vörnum Íslands. Bandarískt sjóherinn hefur frá 2014 haft aðstöðu á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli til að fylgjast með umferð kafbáta og herskipa um Norður-Atlantshafið og taka þátt í æfingum. Flugvélar sjóhersins voru hér alla daga ársins með allt að níu flugvélar.

Í tengslum við kafbátaleit og aðgerðir á Norður-Atlantshafi hafa kjarnorkuknúnir kafbátar bandarískra sjóhersins sótt þjónustu úti fyrir ströndum Íslands frá 2023 en í júlí tók Ísland á móti bandarískum kafbáti til hafnar í fyrsta skipti. Varnarmálaskrifstofa ber ábyrgð á þessum heimsóknum, en fjölmargir innlendir aðilar komu að undirbúningi og framkvæmd þessa viðamikla verkefnis og má þar nefna Landhelgisgæslu Íslands, sérsveit ríkislögreglustjóra, almannavarnir, Geislavarnir ríkisins, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og á Vesturlandi. Önnur bandalagsríki hafa einnig haft aukna viðveru á Íslandi vegna kafbátaeftirlits á svæðinu, þ.m.t. flugvélar frá kanadíska og breska flughernum.

Í júlí fór fram æfing á vegum annars flota bandarískra sjóhersins á öryggissvæðinu í Keflavík. Æfingin stóð frá 15. júlí til 15. ágúst og var hluti af stærri æfingu bandarískra sjóhersins.

Atlantshafsbandalagið var með aukinn viðbúnað á Íslandi til að styðja við rauntímaeftirlit í lofti og á hafi yfir Norður Atlantshafinu í júlí og sept-



Frá ratsjárstöðinni á Gunnólfsvíkurfjalli. Mynd: Landhelgisgæsla Íslands.

ember og tóku AWACS-eftirlitsflugvélar frá NATO, Svíþjóð og Ítalíu þátt í verkefnunum. Á vormánuðum kom svo flugsveit frá þjóðvarðliði Texas og sinnti héðan æfinga- og eftirlitsflugi með ómannaðri flugvél af gerðinni RQ-9. Varnarmálasvið LHG og Isavia höfðu veg og vanda af því að undirbúa verkefnið. Sú vinna gekk vel en undirbúningur verkefnisins tók umtalsverðan tíma þar sem þróa þurfti verkferla frá grunni. Í samvinnu við Isavia og Samgöngustofu er unnið að gerð verkferla fyrir ómannaðar eftirlitsflugvélar Atlantshafsbandalagsins, RQ-4D, sem þegar sinna eftirliti á norðurslóðum. Ráðgert er að vélarnar muni nota Keflavíkurflugvöll sem varaflugvöll.

Þá hefur franski sjóherinn í auknum mæli komið með herskip til hafnar á Íslandi á undanförnum árum. Sú þróun helst í hendur við áherslu Frakka á aukna viðveru á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum og áherslur íslenskra stjórnvalda að styðja betur við eftirlit og aðgerðir bandalagsríkja.

Gistiríkjastuðningur og innviðir

Mikilvægur þáttur í framlagi Íslands til sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsins felur meðal annars í sér skuldbindingu um gistiríkjastuðning við önnur bandalagsríki sem hafa hér viðveru, t.a.m. í tengslum við loftrýmisgæslu, kafbátaleit eða æfingar. Í því felst til dæmis að geta boðið aðstöðu, fæði og gistingu og öryggi.

Áfram er unnið að því að efla gistiríkjastuðning íslenska ríkisins með því að bæta aðbúnað erlends liðsafla hér á landi í samræmi við nýjar og uppfærðar kröfur Atlantshafsbandalagsins. Hvað fjölda liðsmanna varðar voru umsvifin á árinu 2025 nokkuð sambærileg því sem verið hefur síðustu ár. Mest voru hér 713 erlendir liðsmenn en að meðaltali voru hér um 285 manns á degi hverjum. Gistinætur erlends liðsafla voru samtals ríflega eitt hundrað þúsund, þar af um sjötíu þúsund á öryggissvæðinu í Keflavík, og um þrjátíu þúsund utan þess. Inni í þessum tölum er ekki sá umtalsverði fjöldi sjó- og

loftfara með liðsafla sem ekki sinnti verkefnum á Íslandi heldur kom við til að taka birgðir eða hafa áhafnaskipti.

Árið 2025 var einnig unnið áfram að margvíslegum öðrum verkefnum á öryggisvæðinu í Keflavík og grunnur lagður að frekari uppbyggingu á svæðinu. Nýtt aðgangs- og öryggishlið var tekið í notkun á svæðinu og einnig var unnið stöðugt að því að bæta og halda við þeim fjölbreyttu innviðum og upplýsinga- og öryggiskerfum sem þar eru. Framkvæmdir við birgðageymslu fyrir flugher Bandaríkjanna gengu vel og stefnt er að verklokum um áramótin 2026/2027. Þá hófust framkvæmdir við heildarendurnýjun á aðalskrifstofubyggingu á svæðinu og fjölnotaaðstöðu sem nýtast mun fyrir æfingar, skjalageymslu og almenn skrifstofustörf. Einnig hófust umfangsmiklar framkvæmdir við endurnýjun þriggja bygginga sem bandarískt sjóherinn hefur haft til afnota undanfarin ár.

Undirbúningur fyrir endurnýjun fjögurra þotugildra á Keflavíkurflugvelli hélt áfram í nánu samstarfi við Isavia og og innkaupa- og þjónustustofnun Atlantshafsbandalagsins (NSPA). Þá var fullnaðarhönnun vegna stækkunar olíubirgðastöðvarinnar í Helguvík boðin út. Þar verður bætt við geymsluaðstöðu fyrir skipaeldsneyti og reistur nýr viðlegukantur.

Ofangreind verkefni eru fjármögnuð af Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins, bandarískum hermálayfirvöldum og íslenskum stjórnvöldum.

Útsendir sérfræðingar

Í takt við breytt öryggisumhverfi og ákall um aukin framlög og eflingu sameiginlegra varna á vettvangi Atlantshafsbandalagsins hefur vaxandi áhersla verið lögð á framlag Íslands í formi borgaralega sérfræðinga í langtímaverkefni og sérfræðistörf á vettvangi þess. Með því móti leggur Ísland sitt af mörkum til starfsemi bandalagsins, auk þess að stuðla að frekari uppbyggingu þekkingar og þjálfunar á sviði öryggis- og varnarmála innanlands til lengri tíma litið.

Árið 2025 störfuðu sautján borgaralegir sérfræðingar erlendis við fjölbreytt langtímaverkefni á sviði öryggis- og varnarmála, ellefu konur og sex karlar, og er um fjölgun að ræða frá fyrri árum. Þessir sérfræðingar störfuðu í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins í Brussel og á starfsstöðvum þess í öllum Eystrasaltsríkjunum; í Netöryggissetrinu í Mons, Evrópuherstjórninni í Mons í Belgíu, flotaherstjórninni í Bretlandi og herstjórninni í Norfolk í Bandaríkjunum, flugherstjórninni í Þýskalandi og í höfuðstöðvum bandalagsins fyrir samræmingu öryggisstuðnings og þjálfunar til Úkraínu (NSATU) í Þýskalandi. Auk þess starfaði útsendur sérfræðingur í höfuðstöðvum sameiginlegrar viðbragðssveitar JEF í Englandi, einn hjá Evrópska öndvegissetrinu um fjölþáttaógnir í Helsinki í Finnlandi og annar hjá Öndvegissetri Atlantshafsbandalagsins um netvarnir í Tallinn í Eistlandi.

Stefnt er að því að styrkja enn frekar þátttöku útsendra sérfræðinga í fjölbreyttri starfsemi Atlantshafsbandalagsins, sem og í svæðisbundnu samstarfi bandalagsríkja sem hluta af framlagi Íslands og til að gæta að hagsmuna landsins í því samstarfi. Mikilvægt er að sérhæfð þekking og reynsla Íslands á ákveðnum sviðum nýtist sem best í þessum störfum og hafa sérfræðingar varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, fulltrúar ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæslunnar, CERT-IS og annarra ráðuneyta tekið þátt í undirbúningi og framkvæmd verkefna. Á sama tíma er mikilvægt að auka sérfræðiþekkingu og reynslu fulltrúa Íslands í þeim víðtæku og krefjandi verkefnum sem tengjast öryggis- og varnarmálum.

Þá var listi yfir borgaralega sérfræðinga á sviði öryggis- og varnarmála endurvakinn, þar sem kallað var eftir skráningum einstaklinga sem hafa áhuga á að starfa erlendis á vegum ráðuneytisins á sviði öryggis- og varnarmála, og hefur fjöldi einstaklinga með víðtæka reynslu skráð sig á listann.

Meginforsenda þess að hægt verði til framtíðar að byggja upp nauðsynlegan mannauð og getu á sviði varnar- og öryggismála er að tryggja að í landinu verði til reynsla og sérfræðiþekking á þessu sviði. Búið er að efla starf varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og starfar þar öflugur hópur sérfræðinga í öryggis- og varnarmálum ásamt föstum tengiliðum frá Landhelgisgæslu Íslands og ríkislögreglustjóra. Náið reglulegt samráð og samstarf er milli fyrrgreindra stofnana um stöðumat, verkefni og greiningar. Verkefni varnarmála dreifast, eins og fyrr segir, á ráðuneyti og stofnanir. Árið 2025 störfuðu ríflega 130 manns við varnarmál Íslands eingöngu, bæði hérlendis og erlendis.

Í lok árs 2025 höfðu um 100 manns útskrifast af ítarlegu námskeiði um öryggis- og varnarmál sem varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins og skrifstofa almanna- og réttaröryggis dómsmálaráðuneytisins standa að í sameiningu. Tilgangur námskeiðsins er að efla þekkingu og skilning á málaflokknum meðal fagráðuneyta, stofnana, há-

skóla og fyrirtækja eða samtaka sem tengjast öryggis- og varnarmálum á einn eða annan hátt. Þá var í fyrsta skipti á Íslandi haldinn svonefndur módel NATO viðburður. Þar komu saman um 100 ungmenni á málþingi þar sem líkt var eftir starfi og ákvarðanatöku á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Viðburðurinn var skipulagður af breska sendiráðinu í Reykjavík, Alþingi og utanríkisráðuneytinu, í samvinnu við Skjöld–YATA og Varðberg.

Samstarf við atvinnulífið
– Tækni með tvíþætt notagildi

Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og í samstarfi bandalagsríkja er nú lögð rík áhersla á að efla nýsköpun og iðnað og hvetja til aukins samstarfs milli stjórnvalda og fyrirtækja þvert á landamæri.

Samhliða þörf á auknum framlögum og eflingu sameiginlegra varna á vettvangi Atlantshafsbandalagsins er mikilvægt að Ísland horfi til þess að styðja við innlendan iðnað sem getur lagt sitt af mörkum í uppbyggingu sameiginlegra varna. Þá er sérstaklega horft til hugbúnaðar og tækni er hefur tvíþætt notagildi, þ.e. getur nýst jafnt í borgaralegum sem hernaðarlegum tilgangi. Landfræðileg lega landsins, sérhæfð þekking á norðurslóðum og nýsköpunardrifið hagkerfi skapa tækifæri á lausnum með tvíþætt notagildi, m.a. í orkuiðnaði, líftækni, og siglinga- og sjávartækni.

Utanríkisráðuneytið, í samvinnu við Íslandsstofu og Samtök iðnaðarins, hélt í mars ráðstefnu um tækni með tvíþætt notagildi í öryggis- og varnarmálum sem bar yfirskriftina „Nýr markaður fyrir íslensk tæknifyrirtæki“. Fyrirlesarar komu frá Íslandi, Kanada, Bandaríkjunum og Evrópu og ræddu einkenni markaðarins, nýsköpun og fjárfestingar (þar á meðal nýsköpunarhraðla og sjóði), reynslu íslenskra fyrirtækja og lög og reglur sem gilda og þarf að uppfylla til að starfa á þessum markaði.

Íslandsstofa hefur í framhaldinu unnið að því í samstarfi við ráðuneytið að kortleggja umhverfi íslenskra fyrirtækja er vinna að verkefnum á þessu sviði og móta tillögur um hvernig styðja megi við bak þeirra.

Ísland er aðili að DIANA-nýsköpunarhraðlinum og Nýsköpunarsjóði Atlantshafsbandalagsins (NIF). DIANA styður við fyrirtæki frá bandalagsríkjum við að þróa nýsköpunarlausnir með tvíþætt notagildi og NIF fjárfestir í slíkum fyrirtækjum og öðrum er Atlantshafsbandalagið sér hag sinn í að fjárfesta í. Aðild að sjóðnum er valkvæð en beinar fjárfestingar hans eru aðeins í fyrirtækjum þátttökuríkja sjóðsins. Með þátttöku í sjóðnum styður Ísland markmið bandalagsins að byggja upp tæknilegt forskot til að standa vörð um öryggi bandalagsríkjanna. Á sama tíma er einnig litið á þátttöku sem tækifæri fyrir íslensk tækni- og nýsköpunarfyrirtæki til að koma vörum sínum á framfæri beggja vegna Atlantsála.

Á árinu 2025 tók utanríkisráðuneytið þátt í samstarfsverkefni með Landhelgisgæslu Íslands og íslenska fyrirtækinu Teledyne Gavia, sem sérhæfir sig í framleiðslu ómannaðra neðansjávarfara. Neðansjávarfarið er útbúið hliðarsónar (e. Side Scan Sonar) sem getur kortlagt hafsbotninn og hluti sem þar eru með mikilli nákvæmni. Farið verður gert út frá varðskipum Landhelgisgæslunnar og sjómælingaskipinu Baldri og er ætlað að vakta hafnarinnviði, sæstrengi o.fl.

Þá er í undirbúningi að kynna atvinnulífinu hér á landi tækifæri innan innkaupa- og þjónustustofnunar NATO (e. NATO Support and Procurement Agency) og fjarskipta- og upplýsingatæknistofnunar NATO (e. NATO Communication and Information Agency).

3 Þróunarsamvinna

Með þróunarsamvinnu er Ísland að fjárfesta í velsæld, öryggi og sjálfbærni sem getur af sér stöðugleika, allri heimsbyggðinni til heilla. Sem smáríki hefur Ísland grundvallarhagsmuni af auknum stöðugleika og jöfnuði, bættum mannréttindum og sterkara lýðræði á heimsvísu.

Börn í Úganda við svokallaðan leikskóla á hjólum. Hátt í þúsund fátækar mæður á unglingsaldri og börn þeirra njóta góðs af fjárstuðningi í tengslum við verkefni Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna í Úganda sem Ísland fjármagnar. Mynd: UNICEF/Rutherford

3.1 Efst á baugi: Breytt landslag kallar á skarpari áherslur

Á tímum mikils umróts í fjölþjóðlegu samstarfi og breytts landslags í alþjóðlegri þróunarsamvinnu var árið 2025 lögð rík áhersla á að styrkja áherslustofnanir Íslands og hjálpa þeim að sinna hlutverki sínu. Þá var aukinn þungi lagður í að styðja við mannréttinda- og jafnréttismál, sér í lagi réttindamál hinsegin fólks, kynjajafnrétti, bætt kyn- og frjósemisheilbrigði og réttindi þar að lútandi.

Tvíhliða samstarfslönd Íslands á sviði þróunarsamvinnu eru Malaví, Sierra Leóne og Úganda og var starf á vettvangi í öndvegi á árinu 2025 sem fyrr. Meginmarkmið þess er að bæta lífskjör hinna fátækustu og stuðla að aukinni velferð í samræmi við þróunaráætlanir ríkjanna þriggja. Í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu eru áherslustofnanir Íslands fjórar: Alþjóðabankinn, Barnahjálp SÞ (UNICEF), Mannfjöldasjóður SÞ (UNFPA) og Stofnun SÞ um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women). Virku aðhaldi og eftirfylgni með framlögum Íslands er sinnt með samráði og reglulegri skýrslugjöf einstakra verkefna, úttektum og vettvangsferðum ásamt virkri þátttöku í framkvæmdastjórnum áherslustofnana.

Árið í mannúðaraðstoð einkenndist af auknum árásum á starfsfólk í þessum málaflokki, erfiðara aðgengi að fólki í neyð auk þess sem víða þurfti að draga úr lífsnauðsynlegri aðstoð vegna lægri framlaga. Átök eru nú útbreiddari en nokkru sinni síðan seinni heimsstyrjöldinni lauk. Þá gætir víða áhrifa loftslagsbreytinga sem veruleg áhrif hafa á viðkvæm samfélög, ekki síst í þróunarríkjum. Þessu fylgja uppskerubrestur, hungursneyðir og ofbeldi, meðal annars gegn konum og börnum. Ber þar hæst ástandið á Gaza, í Súdan og Afganistan, en neyðin ríkir víðar, s.s. í Sýrlandi og Jemen. Íslensk stjórnvöld hafa m.a. brugðist við með auknum stuðningi við Matvælaáætlun SÞ og Flóttamannastofnun SÞ, og jafnframt með því að halda á lofti þeim gildum sem Ísland stendur fyrir, s.s. jafnrétti, mannréttindum og virðingu fyrir alþjóðalögum.

Stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir tímabilið 2024–2028 er leiðarljós í starfi íslenskra stjórnvalda á þessu sviði. Meginmarkmið hennar er útrýming fátæktar, virðing fyrir mannréttindum og bætt lífsskilyrði, auk þess sem áhersla er lögð á fjóra málaflokka: mannréttindi og jafnrétti kynjanna, mannauð og grunnstoðir samfélaga, loftslagsmál og náttúruauðlindir, og mannúðaraðstoð og störf í þágu stöðugleika og friðar. Opinber framlög til þróunarsamvinnu námu 0,34% af vergum þjóðartekjum á árinu 2025 (bráðabirgðatölur).

Við framkvæmd stefnunnar leggja íslensk stjórnvöld ríka áherslu á skilvirkni – þróunarfé á að stuðla að sem mestum árangri og ná til þeirra sem helst þurfa á aðstoð að halda.

Yfirlit yfir skiptingu framlaga til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu



Almennur rekstur	650.4 m.kr.
Þróunarsamvinna í samstarfsríkjum og svæðasamstarf	3.273.9 m.kr.
Svæðasamstarf og samstarfssjóður við atvinnulífið	228.3 m.kr.
Stofnanir Sameinuðu þjóðanna	1.566.5 m.kr.
GRÓ - Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu	848.2 m.kr.
Mannúðarmál og neyðaraðstoð	2.166.0 m.kr.
Alþjóðabankinn	664.2 m.kr.
Sértæk verkefni fyrir þverlæg málefni	1.168.4 m.kr.
Samstarf við frjáls félagasamtök	866.3 m.kr.
Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	957.8 m.kr.
Mannúðar- og neyðaraðstoð við Úkraínu	2.089.4 m.kr.

3.2 Tvíhliða þróunarsamvinna

Kjarni tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands er, líkt og fram kemur hér að ofan, samstarf við þrjú fátæk ríki í Afríku: Malaví, Síerra Leóne og Úganda. Unnið er samkvæmt héraðsnálgun, með lykiláherslu á staðbundið eignarhald og bætta grunnþjónustu. Framkvæmd verkefna er í höndum héraðsyfirvalda og sinnir starfslið sendiráðs Íslands á vettvangi reglubundnu eftirliti með fjármálum og veitir tæknilegan stuðning. Einnig er starfað með stofnunum Sameinuðu þjóðanna að afmörkuðum verkefnum innan áherslusviða Íslands, sem og staðbundnum félagasamtökum.

Meginmarkmið tvíhliða þróunarsamvinnu er að stuðla að bættum lífskjörum. Það er meðal annars gert með því að bæta aðgang að heilnæmu vatni og hreinlætisaðstöðu, uppbyggingu á sviði heilsu

Nemendur í kennslustund í Dohwe-skólanum í Namayingo í Úganda. Skólinn var endurbyggður nánast frá grunni árið 2023 með stuðningi Íslands. Mynd: Kibuuka Mukisa

þar sem mæðra- og ungbarnavernd er í fyrirrúmi og grunnskólastarfi. Þá er leitast við að byggja upp stofnanir og efla mannauð og styrkja stoðir mannréttinda, kynjajafnréttis og loftslagsmála. Hefur nálgun Íslands á samstarf á héraðsstigi vakið athygli og áhuga annarra framlagsríkja í þróunarsamvinnu.

Stuðningur Íslands í tvíhliða samstarfslöndum hefur skilað verulegum árangri. Fylgst er náið með framvindu verkefna í samræmi við verklag ráðuneytisins í tvíhliða þróunarsamvinnu og gerir ráðuneytið reglulegar úttektir á verkefnum frjálsra félagasamtaka, stofnana Sameinuðu þjóðanna og í héruðum. Í úttektum þessa árs kom í ljós að stuðningur íslenskra stjórnvalda hefur m.a.:

Tryggt 14 þúsund nemendum mat í skólum í samstarfi við Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) í Mangochi héraði í Malaví, bætt næringargildi skólamáltíða og bætt heilsu nemenda. Verkefnið hefur auk þess átt þátt í að bæta skólasókn.

Eflt mæðravernd og fæðingarþjónustu í Síerra Leóne í samstarfi við Mannfjöldastjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA). Aðgerðirnar eru hluti af víðtæku verkefni til að bæta fæðingarþjónustu í landinu.

Leitt til aukinnar lýðræðisþátttöku íbúa í Síerra Leóne í gegnum samvinnu við Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) og aðra samstarfsaðila. Verkefnið miðar að því að veita langtímastuðning til að tryggja friðsamlegar kosningar í landinu, en mikilvægt er að styðja viðvarandi frið og stöðugleika í löndum eins og Síerra Leóne sem hafa upplifað alvarleg átök.

Veitt 30 þúsund manns aðgang að heilnæmu vatni og hreinlætisaðstöðu í viðtöku- og flóttamannabúðum í Úganda í samstarfi við UNICEF. Verkefnið hefur einnig átt þátt í að auka skólasókn barna.

Áskoranir og árangur á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis og -réttinda

Mannréttindi og jafnrétti eru þverlæg áhersluatriði í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands og birtist sú áhersla meðal annars í verkefnum Íslands á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis og -réttinda í samstarfslöndunum þremur.

Takmörkuð kyn- og frjósemisheilbrigðisþjónusta hefur í för með sér háa tíðni ungbarna- og mæðradauða, sem og hátt hlutfall kvenna sem fær alvarlega áverka í kjölfar fæðinga. Þá á að jafnaði tæplega þriðjungur 15-18 ára táningsstúlkna í löndunum barn með tilheyrandi áhættu og áhrifum á framtíð þeirra. Kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi snúast ekki eingöngu um heilbrigðisþjónustu, heldur einnig sjálfsákvörðunarrétt kvenna yfir eigin líkama. Ísland vinnur með Mannfjöldasjóði SÞ (UNFPA) að því að útrýma fæðingarfistli í Malaví, Sierra Leóne og Úganda. Fæðingarfistill er alvarlegt og viðvarandi vandamál þar sem kyn- og frjósemisheilbrigðisþjónustu er ábótavant og er þessi áverki óþekktur á Íslandi. Orösk hans er rifa í fæðingar-

SVIÐSLJÓS

Tvöfaldur íbúafjöldi Íslands nýtur bættra lífsskilyrða

Umtalsverður árangur hefur náðst í tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands. Í löndunum þremur hafa til að mynda um 700 þúsund manns, eða tvöfaldur íbúafjöldi Íslands, fengið aðgang að hreinu vatni og bættu hreinlæti, sem hefur dregið mjög úr tíðni niðurgangspesta og vatnstengdra sjúkdóma.

Einnig njóta árlega um 80 þúsund börn þar jafnframt árlega góðs af betri aðbúnaði í skólakerfinu og hafa úttektir sýnt fram á jákvæð áhrif þess á námsárangur barna í skólum sem stjórnvöld styðja með þróunarsamvinnu.

Kyn- frjósemisheilbrigði helstu tölur 2025

409
konur undirgengust skurðaðgerð vegna fæðingarfistils í Malaví, Úganda og Síerra Leóne.

5
skurðstofur endurbættar og búnaður uppfærður.

1.355
Aðbúnaður bættur í 34 heilsugæslum og 1.355 starfsmenn þjálfaðir.

50.000
Vitundarvakning um kyn- og frjósemisréttindi og -heilbrigði náði til tæplega 50.000 einstaklinga.

vegi sem ekki er meðhöndluð og leiðir oft til mikilla og langvarandi áhrifa á líf kvenna þar sem þær geta ekki haldið þvagi eða saur í kjölfar fæðingar. Þær verða því oft fyrir samfélagslegri útskúfun og geta ekki séð fyrir sér eða fjölskyldum sínum. Verkefni Íslands miða að því að styrkja heilbrigðiskerfið, bæta mæðravernd og fæðingarþjónustu á afskekktum svæðum, þjálfun skurð- og svæfingarlækna og endurhæfingu kvenna eftir aðgerð.

Útrýming fæðingarfistils er mikilvæg ein og sér fyrir þær þúsundir kvenna sem örkumlast á ári hverju, en með heildrænni nálgun stuðla verkefni Íslands að umbótum fyrir allar fæðandi konur og börn þeirra á verkefnasvæðunum.

Íslensk stjórnvöld starfa með samtökunum Ipas sem beita sér fyrir bættri umönnun og þjónustu við konur í kjölfar þungunarrofs bæði í Malaví og Úganda. Löggjöf um þungunarrof er afar ströng í báðum löndum og fjöldi aðgerða fer því fram við ótryggar aðstæður. Bætt umönnun getur því bjargað lífi kvennanna. Heilbrigðisstarfsfólk hlýtur þjálfun og starfað er með grasrótarsamtökum og yfirvöldum til að auðvelda konum að nálgast nauðsynlega þjónustu.

Skólamáltíðir ræktaðar í heimabyggð

Í rúman áratug hafa íslensk stjórnvöld, í samstarfi við Matvælaáætlun SÞ (WFP), verið leiðandi í verkefnum sem snúa að skólamáltíðum í grunnskólum. Ísland styður slík verkefni í öllum þremur tvíhliða samstarfslöndunum. Áhersla er lögð á sjálfbærni og samþættingu loftlags- og umhverfissjónarmiða. Þannig eru skólamáltíðir heimagerðar úr hráefni sem keypt er af bændum í nærsamfélagi, orkusparandi eldunaraðstaða sett upp í skólum og áhersla lögð á að gróðursetja tré umhverfis þá. Úttekt á verkefni Íslands með WFP í Mangochi-héraði í Malaví á árinu sýndi fram á bætta skólasókn, stundvísi, viðveru og námsárangur. Þá batnaði næring og heilsa nemenda í þeim skólum sem hlutu stuðning í gegnum verkefnið.

Skólamáltíðarverkefni Íslands og WFP í tvíhliða þróunarsamvinnu

110.000
börn fengu daglega næringarríka máltíð.

67
Orkusparandi eldunaraðstaða sett upp í 67 grunnskólum.

127
bændahópar studdir.

211.000
tré gróðursett.

Árangur í Nkhotakota-héraði 2025

80.000
tré gróðursett við grunnskóla og nærsamfélög.

1.300
nemendur njóta góðs af byggingu og endurbótum á 3 grunnskólum.

120
ungmenni í viðkvæmri stöðu luku verkmenntanámskeiðum.

25
ný sólarorkukerfi á 14 stöðum, t.d. í skólum, á heilsugæslum og á einu sjúkrahúsi.

Alls tryggðu verkefnin 110.000 börnum næringaríka máltíð daglega árið 2025. Til samanburðar má geta þess að sem stendur eru samtals 47.000 grunnskólabörn á Íslandi

SVIÐSLJÓS

Nýtt upphaf í Namayingo

Alice er frá Namayingo-héraði í Úganda. Hún hafði þjáðst af fæðingarfistli í 28 ár þegar hún heyrði af verkefni íslenskra stjórnvalda gegn fæðingarfistli í útvarpinu í lok árs 2024. Alice hafði upplifað mikla skömm vegna áverkans og verið utanveltu í samfélaginu öll þessi ár með tilheyrandi afkomubresti. Fyrir tilstuðlan verkefnisins gekkst hún undir aðgerð og í kjölfarið fékk hún smávægilegan fjárstuðning, um 4.000 kr., til að leigja sér ræktarland. Með afrakstri fyrstu uppskerunnar keypti hún sér geithafur og er með áform um að kaupa sér huðnu til undaneldis. Alger viðsnúningur hefur orðið á högum Alice, hún getur framfleytt sér með reisn og er nú orðin gjaldkeri þorpsstjórnarinnar eftir að hafa sigrað í kosningum. Stuðningur Íslands hefur gjörbylt lífi Alice.

Malaví

Héraðsþróunarverkefni í Mangochi og Nkhotakota eru hornsteinn þróunarsamvinnu Íslands og Malaví. Árið 2025 var áfram lögð áhersla á menntun, aðgang að hreinu vatni, heilsu ungabarna og verðandi mæðra, sem og kynjajafnrétti, valdeflingu ungmenna, umhverfis- og loftslagsmál. Framgangur verkefna í Nkhotakota var ákaflega góður. Á sviði menntamála var heildrænn stuðningur við grunnskóla í Lupachi, Mbonekera og Kaombe þar sem tæplega 1.300 nemendur stunda nám. Stuðningurinn fól meðal annars í sér nýjar skólastofur, salerni, eldhús og einn leikskóla.

Árið 2025 var nýtt fæðingarsjúkrahús byggt í Makanjira fyrir tilstuðlan íslenskra stjórnvalda og er stefnt að opnun þess á vormánuðum ársins 2026. Það mun þjónusta um 210 þúsund manns sem áður þurftu að ferðast hundruð kílómetra til að sækja læknisþjónustu. Þetta mun breyta sérstaklega miklu fyrir barnshafandi konur, en algengt er á þessum slóðum að konur leggi í slíka langferð til að sækja fæðingarþjónustu eða mæðravernd. Einnig voru byggðar heilsugæslur í Mangochi og Nkhotakota sem eru ýmist teknar til starfa eða eru langt á veg komnar og munu þjóna yfir 40 þúsund manns.

Í samræmi við áherslur íslenskra stjórnvalda í umhverfis- og loftslagsmálum var stutt við viðnámsþrótt samfélaga í Malaví sem eru alla jafna afar illa í stakk búin til að fást við afleiðingar loftslagsbreytinga. Samvinnufélög í býflugnarækt fengu til að mynda stuðning fyrir 230 býflugnabú og hófu sölu á hunangi á árinu. Þá voru um 416 þúsund tré gróðursett. Í vatnsverkefnum var jafnframt gerð tilraun með að nýta borholur í Mkanda og Makusanya bæði fyrir neysluvatn og áveitu, sem eykur möguleika landbúnaðarsamfélaga á allt að þremur uppskerutímabilum á ári í stað eins.

Íslands og Noregur héldu áfram stuðningi við mannréttindaverkefni á vegum Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP). Sérstök áhersla var lögð á undirbúning mannréttindastofnunar Malaví fyrir allsherjarúttekt Sameinuðu þjóðanna á stöðu mannréttinda í landinu auk þess sem að stutt var við malavísk félagasamtök sem sinna hagsmunagæslu fyrir jaðarsetta hópa í Malaví. Félagasamtökin unnu í ár m.a. að stofnun regnhlífasamtaka fyrir hinsegin samfélagið í Malaví og að bæta aðgang fatlaðra barna að hjálpartækjum og endurhæfingu.

Jafnrétti kynjana og valdefling kvenna og stúlkna hafa lengi verið áherslumál í starfi Íslands í Malaví. Nýtt jafnréttisverkefni hófst á árinu á vegum femínísku grasrótarsamtakanna Go Fund a Girl Child. Þau vinna að efnahagslegri valdeflingu stúlkna og ungra kvenna í Mangochi, m.a. með ýmiss konar fræðslu og þjálfun, auk styrkja til að stofna til reksturs. Fyrir árslok höfðu 118 stúlkur tekið þátt í verkefninu.

Árangur í Mangochi héraði 2025

328.000
tré gróðursett við grunnskóla og nærsamfélög.

14.000
nemendur í 10 grunnskólum fá næringarríka skólamáltíð í gegnum samstarfsverkefnis með WFP.

14.000
Nýjar heilsugæslur koma til með að veita um 14 þúsund manns heilbrigðisþjónustu.

Síerra Leóne

Árið 2025 var annað starfsár sendiráðs Íslands í Freetown þar sem áfram var unnið að verkefnum á sviði jafnréttis, menntunar, vatns og hreinlætis, lýðræðisuppbyggingar og loftslags- og umhverfismála. Þá voru mikilvæg skref tekin í átt að aukinni samvinnu við einstök héruð, en slík nálgun í þróunarsamvinnu hefur reynst vel í öðrum tvíhliða samstarfslöndum Íslands. Gerð var könnun í fimm strandhéruðum á fýsileika þess að hefja beint samstarf við stjórnvöld þar, en mörg þessara héraða eru afar afskekkt með takmarkaðan aðgang að félagslegum innviðum og fá framlagsríki sem sinna þar þróunarsamvinnu. Þá hafa tengsl við lykilráðuneyti og félagasamtök í þessum héruðum verið efld gegnum samstarfsverkefni með stofnunum Sameinuðu þjóðanna.

Limlestingar á kynfærum kvenna er útbreiddur siður í Síerra Leóne. Talið er að átta af hverjum tíu konum og stúlkum á aldrinum 15-49 ára hafi sætt slíkri limlestingu. Siðurinn er rótgróinn í menningu landsins og hefur tengsl við stöðu og vald innan samfélagsins, sem kallar á heildræna nálgun til að stemma stigu við iðkun hans.

Á árinu hófu íslensk stjórnvöld samstarf við Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) til að leggja sitt af mörkum í baráttunni við afnám kynfæralimlestinga. Samhliða þessu var unnið að nýrri stefnu um afnám kynfæralimlestinga á veg-

SVIÐSLJÓS

Vatn og hreinlæti í öndvegi

Ísland er stærsta framlagsríkið í vatns- og hreinlætismálum í Síerra Leóne. Árið 2023 hófst metnaðarfullt fimm ára samstarfsverkefni með UNICEF sem miðar að því að bæta vatns- og hreinlætisaðstöðu í afskekktum fiskimannasamfélögum þar sem lögð er áhersla á konur og börn.

Með stuðningi Íslands hafa verið gerðar 25 borholur og stór hluti þeirra tengdur við sólarorku, yfir 10 skólar hafa fengið salernisaðstöðu og handþvottastöðvar og aðrir 10 skólar eru langt á veg komnir, níu heilsugæslustöðvar njóta nú aðgangs að vatni, salerni og þvottaaðstöðu og níu leikskólar hafa verið byggðir með aðgang að vatni og salerni.

Þegar verkefninu lýkur árið 2027 er gert ráð fyrir að 55 þúsund einstaklingar hafi fengið aðgang að heilnæmu vatni og salernisaðstöðu í nærumhverfi sínu.

SVIÐSLJÓS

Íslenskir sérfræðingar styðja við sjávarútveg í Síerra Leóne

Fiskveiðar eru mikilvægur þáttur í atvinnulífi og fæðuöryggi íbúa Síerra Leóne, enda skilar sjávarútvegur um 12% landsframleiðslu. Á árinu veittu tveir íslenskir sérfræðingar á sviði fiskimála, Gunnar Haraldsson og Þorsteinn Hilmarsson, og einn innlendur sérfræðingur sendiráðsins, Dr. Salieu Sankoh, tæknilega aðstoð við mótun nýrrar stefnu um framþróun sjávarútvegs í landinu í nánu samstarfi við sjávarútvegsráðuneyti Síerra Leóne og Alþjóðabankann.

Framlag íslensku sérfræðinganna var einkar mikilvægt fyrir ýmsa greiningarvinnu sem stefnan grundvallast á. Við gerð stefnunnar var haft víðtækt samráð við fiskimannasamfélög, smábátaveiðimenn, fiskvinnslur og aðra aðila sem koma að sjávarútvegi í landinu. Vonast er til að Síerra Leóne verði leiðandi í sjálfbærum fiskveiðum og fiskeldi í vesturhluta Afríku. Stjórnvöld ýttu stefnunni formlega úr vör um mitt ár 2025.

Samstarf við UNFPA um útrýmingu fæðingarfistils í Síerra Leóne 2025

33.000

Vitundarvakning um fæðingarfistil og orsakir hans náði til um 33 þúsund einstaklinga.

30.000

Um 30 þúsund fæðingar á ári eiga sér stað á fæðingardeild Makeni héraðssjúkrahússins, hún var endurbætt, sérhæfð skurðstofa opnuð og búnaður afhentur.

500+

Rúmlega 500 heilbrigðisstarfsmenn fengu þjálfun í skimun og meðhöndlun kvenna og stúlkna með fæðingarfistil.

200.000

Stutt var við mæðra- og ungbarnavernd í 11 afskekktum heilsugæslustöðvum sem þjóna hátt í 200 þúsund manns.

um jafnréttis- og barnamálaráðuneytisins í Síerra Leóne sem Ísland studdi. Þessi vinna fól í sér víðtækt samráð við þolendur, samfélagsleiðtoga, grasrótarsamtök, lögreglu og aðra aðila. Þrátt fyrir að viðfangsefnið sé erfitt og viðkvæmt í Síerra Leóne eru teikn á lofti um að árangur geti náðst, ekki síst með þátttöku þolenda, sem taka í auknum mæli þátt í baráttunni.

Jafnréttismál voru áfram í forgrunni í starfi sendiráðs Íslands í Síerra Leóne, en stuðningur íslenskra stjórnvalda snýst m.a. um að aðstoða stjórnvöld við innleiðingu jafnréttislöggjafar sem samþykkt var árið 2023. Í samstarfi við UNDP og UN Women var gerð greining á getu héraðsyfirvalda til að innleiða löggjöfina og lagðar fram tillögur til úrbóta. Sérstök áhersla var lögð á fimm strandhéruð, en í þeim héruðum voru meðal annars mótaðar jafnréttisáætlanir og staðið að fræðslu. Íslensk stjórnvöld hyggjast auka markvisst stuðning sinn við þetta verkefni í samstarfi við UN Women á næstu árum.

Samhliða þessu verkefni tóku íslensk stjórnvöld virkan þátt í 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi í Síerra Leóne og studdu ýmis verkefni þar að lútandi, þ.á m. fjölmiðlaherferð á vegum innlendra

Skólabörn að leik við Senyi-skólann í Buikwe-héraði í Úganda. Hann var endurbyggður nánast frá grunni snemma árs 2023 með stuðningi Íslands. Mynd: Kibuuka Mukisa.

félagasamtaka og fræðslu um kynbundið ofbeldi. Þá veittu íslensk stjórnvöld styrk til samtakanna Girls Advocacy Development Network (GADNET) sem miða að því að bæta aðstæður viðkvæmra og jaðarsettra stúlkna í Síerra Leóne með valdeflingu og þjálfun. Stutt var við landsmót samtakanna í október en alls tóku 450 stúlkur og 50 drengir þátt frá öllum 16 héruðum Síerra Leóne.

Áframhaldandi stuðningur var veittur til kosningaverkefnis UNDP sem hleypt var af stokkunum fyrir forseta- og þingkosningarnar árið 2023. Íslensk stjórnvöld taka þátt í slíkum verkefnum til að tryggja stöðugleika og öryggi í tengslum við kosningar í samstarfslöndum sínum.

Árangur í Buikwe-héraði í Úganda 2014-2025

235
Alls hafa 235 skólastofur verið byggðar og 166 skólastofur verið endurbættar.

50
skólar í héraðinu hafa hlotið stuðning, þar af 4 gagnfræðaskólar. Hátt í tuttugu og fjögur þúsund skólabörn njóta góðs af.

168
sjálfvirkir vatnssjálfsalar settir upp í héraðinu.

Úganda

Árið 2025 markaði tímamót í tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands og Úganda því þá var aldarfjórðungur liðinn frá upphafi samstarfsins. Nánast frá byrjun hefur verið lögð áhersla á bætt lífskjör og betri grunnþjónustu fyrir fátækt fólk í strandsamfélögum við Viktoríuvatn, fyrst í Kalangala-eyjum 2004–2019 og svo Buikwe (2014–2025) og Namayingo (2023).

Eftir að afar ströng lög gegn hinsegin fólki voru sett þar árið 2023 gerðist Ísland bakhjarl mannréttindasamtakanna DefendDefenders, sem meðal annars beita sér fyrir vernd þeirra sem vinna að réttindum þessa viðkvæma hóps. Í desember 2025 var svo samið við samtökin FIDA Uganda um nýtt verkefni í tveimur héruðum við Viktoríuvatn sem hefur að markmiði að valdefla konur til að þekkja og sækja lagalegan rétt sinn og styðja þær til að knýja á um aukin réttindi, meðal annars til að vernda sig gegn kynbundnu ofbeldi.

Tæplega þriðja hver unglingsstúlka í Úganda hefur ýmist eignast barn eða er þunguð og þessum hópi er sérlega hætt við að festast í fátæktargildru.

SVIÐSLJÓS

Skref í átt að sjálfstæði

Dorika er ein þeirra stúlkna sem nýtur góðs af stuðningi Íslands við unglingsmæður í Kikuube-héraði. Hún er sextán ára flóttakona frá Kongó og á barnunga dóttur sem heitir Miracle. Amma barnsins er 27 ára. Dorika segir að fjárstuðningurinn frá Íslandi, um 1.500 kr. á mánuði, hafi þegar skipt sköpum. Fyrstu greiðsluna notaði hún til að tryggja dóttur sinni nauðsynlega læknisþjónustu en þær næstu til að hefja framleiðslu á skyndibita úr kassavarót og þannig búa sér til lífsviðurværi. Hún er staðráðin að fara aftur í grunnskóla og afla sér líka viðskiptaþekkingar. Dorika hefur þannig á ný öðlast trú á að hún geti séð þeim mægunum farborða til framtíðar.

Fyrir tilstuðlan nýs verkefnis Íslands og Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna fékk 871 unglingsmóðir heildrænan stuðning, 4.383 börn voru skimuð fyrir fötlunum og svokallaður leikskóli á hjólum náði til 2.853 barna.

Úganda er það land Afríku sem tekur á móti flestu flóttafólki og undir lok árs 2025 nam fjöldi þess hátt í tveimur milljónum. Flestir koma frá átakasvæðum í grannríkjunum Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó og Suður-Súdan. Helmingur unglingsmæðranna sem njóta góðs af áðurnefndu UNICEF-verkefni kemur úr röðum fólks á flótta frá Kongó. Í norðvesturhluta Úganda eru svo fjölmennustu flóttamannabyggðir landsins. Þar hefur Ísland undanfarin átta ár stutt við verkefni UNICEF sem miðar að því að bæta aðgang að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu í grunnskólum og heilsugæslustöðvum.

3.3 Mannúðaraðstoð

Miklar breytingar áttu sér stað í mannúðarmálum í heiminum árið 2025. Átök höfðu ekki verið fleiri frá lokum seinni heimsstyrjaldar og við lok ársins voru 239 milljónir manna aðstoðar þurfi. Loftslagsbreytingar bæði ýttu undir og juku á alvarleika aðstæðna þeirra sem verst höfðu það og á sama tíma dró verulega úr bolmagni mannúðarstofnana vegna áherslubreytinga mikilvægra framlagsríkja. Í lok árs 2024 var ljóst í hvað stefndi og brást Tom Fletcher, varaframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna og yfirmaður mannúðarmála, við með sérstöku átaki í mannúðarmálum (e. Humanitarian Reset), sem er ætlað að bregðast við lægri framlögum mikilvægra framlagsríkja og ná fram enn frekari hagræðingu í starfsemi og verkefnum mannúðarstofnanna. Í þessari vinnu hafa íslensk stjórnvöld lagt áherslu á að viðhalda þeim árangri sem hefur náðst í mannréttinda- og jafnréttismálum og hvað varðar réttindi barna, þannig að gæði mannúðaraðstoðar haldist, að aukin áhersla sé sett á að vinna með samtökum á vettvangi, og að hugað sé að uppbyggingu á getu mannúðarsamtaka og stjórnvalda

Vatns- og hreinlætisverkefni í Úganda

Hlutfall þeirra sem hafa aðgang að neysluvatni



Hlutfall niðurgangspesta hjá 0-4 ára börnum



Mannúðaraðstoð Íslands 2025 eftir löndum

Fjárhæðir í m. kr.



Stuðningur Íslands við áherslustofnanir 2025

Fjárhæðir í m. kr.



á svæðum þar sem aðstoð er veitt. Á fundi framlagsríkja með Tom Fletcher í lok árs náðist samkomulag um að leggja sérstaka áherslu á vernd til handa þeim sem búa við hvað verstar aðstæður, til að mynda flóttafólki og fólki sem býr við viðvarandi hungur. Í samæmi við áherslur íslenskra stjórnvalda voru samtök og stjórnvöld styrkt á þeim svæðum þar sem mannúðaraðstoð er veitt, og tryggt að framlög Íslands tvinnuðust saman við aðgerðir alþjóðlegra hjálparstofnana og stofnanna Sameinuðu þjóðanna.

Áherslur í mannúðaraðstoð á vegum íslenskra stjórnvalda eru í samræmi við stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024–2028 og stefnumið um mannúðaraðstoð. Áhersla er lögð á matvælaöryggi, aðgang að vatni, heilbrigðismál og félagsvernd, ásamt bættu aðgengi mannúðaraðstoðar. Mannréttindi, kynjajafnrétti og umhverfismál eru bæði sértæk og þverlæg mál.

Áherslustofnanir í mannúðaraðstoð eru Matvælaáætlun SÞ (WFP), Flóttamannastofnun SÞ, (UNHCR) og Samhæfingarskrifstofa aðgerða SÞ í mannúðarmálum (OCHA). Annars vegar er um að ræða kjarnaframlög sem stofnanirnar geta nýtt þar sem þörfin er mest, hins vegar framlög sem eyrnamerkt eru ákveðnum svæðum og falla að áherslum íslenskra stjórnvalda. Gerðir hafa verið rammasamningar til fjögurra ára, þar sem kveðið er á um árleg framlög. Á síðasta ári voru nokkur svæði og lönd í brennidepli, þar sem mannúðarástand var einstaklega slæmt, til að mynda í Palestínu, Afganistan, Súdan, Sýrlandi, Jemen, Úganda og í Úkraínu, ásamt framlagi til svæðisbundinna verkefna á Sahel-svæðinu í vestanverðri og miðri Afríku.

Palestínuflóttamannaaðstoð SÞ (UNWRA) gegnir lykilhlutverki við að veita íbúum Palestínu grunnþjónustu, svo sem menntun, heilbrigðisþjónustu og félagslega aðstoð. Mannúðarástand á Gaza er gífurlega alvarlegt og lýsti sérstök matsnefnd alþjóðasamtaka um mat á fæðuástandi yfir hungursneyð á í lok ágúst en uppfært mat hópsins í lok árs sýndi að komist hafði verið fyrir sárustu neyðina í kjölfar vopnahlés sem samið var um 10. október sl. Þrátt fyrir það búa hundruð þúsunda enn við alvarlegan matvælaskort og hefur utanríkisráðherra tekið undir fjölmargar yfirlýsingar um aukið aðgengi fyrir mannúðaraðstoð, nú síðast í lok árs 2025. Framlög Íslands til Palestínuflóttamannaaðstoðarinnar voru aukin á árinu til þess að bregðast við ástandinu. Á árinu var mannúðaraðstoð til Palestínu einnig veitt í gegnum Samhæfingarskrifstofu aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum og Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna.

3.4 Fjölþjóðleg þróunarsamvinna

Samstarf íslenskra stjórnvalda við fjölþjóðlegar stofnanir á sviði þróunarsamvinnu er lykilhluti af framkvæmd stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Áhersla er lögð á virka þátttöku og vel skilgreindar áherslur svo hámarka megi áhrif og árangur af framlögum íslenskra stjórnvalda.

Alþjóðabankinn

Alþjóðabankinn er stærsti alþjóðlegi þróunarbanki í heimi og ein af áherslustofnunum Íslands í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu. Stjórn bankans samanstendur af fulltrúum 25 kjördæma bankans, þar sem Ísland er hluti af kjördæmi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Íslensk stjórnvöld taka virkan þátt í stefnumótun Alþjóðabankans í gegnum kjördæmastarf, einna helst á þeim sviðum sem lögð er áhersla á í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Í ljósi samdráttar í framlögum til þróunarsamvinnu á heimsvísu er hlutverk Alþjóðabankans mikilvægara en nokkru sinni fyrr. Er það ekki síst vegna þess hversu umfangsmikil starfsemi hans er, traustsins sem hann nýtur meðal þróunarríkja og getu hans til að virkja fjármögnun til þeirra. Þá er Alþjóðabankinn stærsti aðili í heimi þegar kemur að loftslagsfjármögnun – yfir 45% af fjármögnun hans á síðasta fjármagnsári var í samræmi við Parísarsáttmálann. Um þessar mundir leggur bankinn megináherslu á atvinnusköpun, einkum gegnum auknar fjárfestingar í grunninnviðum, bætt viðskiptaumhverfi með skýrum lagarömmum og öflugum skattkerfum, og aukinni fjárfestingu einkageirans í þróunarríkjum.

Bankinn er einnig lykilsamstarfsaðili íslenskra stjórnvalda hvað varðar efnahagslegan stuðning til úkraínskra stjórnvalda. Starfsemi hans í Úkraínu miðar að því að stuðla að umbótum í samræmi við aðildarferli landsins að ESB og verkefnin snúa að nær öllum geirum samfélagsins, þ. á m. heilbrigðis-, orku-, samgöngu-, húsnæðis- og landbúnaðarmálum (sjá nánar kafla um Úkraínu 1.2).

Íslensk stjórnvöld eiga einnig öflugt tvíhliða samstarf við bankann á þeim sviðum sem lögð er áhersla á í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Þannig eru veitt framlög til sjóða sem vinna að málefnum hafsins (PROBLUE), endurnýjanlegri orku (ESMAP), jafnréttismálum (UFGE), mannréttindamálum (HRTF) og málefnum hinsegin fólks (SOGI) auk þess sem stutt er við innviðasjóð fyrir Palestínu, tvo sjóði fyrir Úkraínu og jafnréttisverkefnið Women, Business and the Law (WBL). Þá fjármagna íslensk stjórnvöld stöður tveggja íslenskra sérfræðinga í höfuðstöðvum, annars vegar í jarðhita- og hins vegar sjávarútvegsmálum, auk stöðu ungliða hjá WBL. Þessu til viðbótar veita íslensk stjórnvöld bankanum stuðning í gegnum ráðgjöf íslenskra sérfræðinga, einkum á sviði jarðhita, vatnsafls og sjávarútvegs.

Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna

Íslensk stjórnvöld hafa átt gott samstarf við Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) frá því stofnuninni var komið á fót fyrir 15 árum og er Ísland meðal stærstu framlagsríkja UN Women miðað við höfðatölu. Rammasamningur er í gildi milli Íslands og UN Women fyrir tímabilið 2024–2026.

Stór hluti stuðnings íslenskra stjórnvalda felst í kjarnaframlögum sem gerir stofnunum kleift að starfa í takt við stefnur sínar og áætlanir og bregðast við þar sem þörfin er mest eða þegar neyð skapast. Auk þeirra var veittur stuðningur við tiltekin verkefni stofnunarinnar ásamt samstarfi í tvíhliða samstarfslöndum Íslands (sjá umfjöllun í kafla 3.2). Áframhaldandi stuðningur við starfsemi UN Women í Afganistan er afar þýðingarmikill en konur og stúlkur eru útilokaðar frá nær öllum sviðum samfélagsins og brotið á mannréttindum þeirra með kerfisbundnum hætti. Þá var veitt framlag til verkefnis UN Women í Jórdaníu sem snýr að vernd gegn kynbundnu ofbeldi og valdeflingu sýrlenskra flóttakvenna og jórdanskra kvenna í viðkvæmri stöðu með því að auka tækifæri til atvinnusköpunar. Ísland hefur stutt við verkefnið um árabil og er íslenskur ungliði (e. Junior Professional Officer) nú á sínu þriðja ári að störfum við verkefnið. Annar íslensku ungliði hóf störf hjá svæðisskrifstofu UN Women í Kenía á árinu.

Dæmi um árangur UN Women 2024-2025

2,9 milljarðar
kvenna og stúlkna í 83 löndum hafa fengið aukna vernd í kjölfar breytinga á lagaumhverfi.

2,3 milljónir
Yfir 2,3 milljónir kvenna og stúlkna í neyð fengu lífsbjargandi aðstoð.

16.600
stofnanir og félagasamtök í 95 ríkjum hafa aukið getu til að veita konum þjónustu.

Íslensk stjórnvöld styðja við verkefni UN Women sem miða að aukinni þátttöku karla og drengja í jafnréttismálum. Eitt verkefnanna eru svokallaðir rakarastofuviðburðir (e. Barbershop) sem eru mikilvægur vettvangur fyrir samtal karla og drengja um jafnréttismál. Uppfærð Barbershop-verkfærakista UN Women, var kynnt með þátttöku Íslands í tengslum við allsherjarþing SÞ í september, en hún er hönnuð til að bregðast við þeim áskorunum sem einkenna jafnréttismál í dag.

Þessu til viðbótar hefur landsnefnd UN Women á Íslandi notið stuðnings íslenskra stjórnvalda en hún heldur úti málsvarastarfi á Íslandi um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna á heimsvísu ásamt og leiddi á árinu 2025 alþjóðlegu herferðina March forward. Þá vinnur landsnefndin að fjáröflun fyrir UN Women og skilar hærri kjarnaframlögum til stofnunarinnar en nokkur önnur landsnefnd, óháð höfðatölu.

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) vinnur að því að efla og verja réttindi allra barna, bæta lífsgæði þeirra og veita þeim aðgang að nauðsynlegri þjónustu, auk þess sem stofnunin sinnir umfangsmiklu mannúðarstarfi. Rammasamningur er í gildi milli Íslands og UNICEF fyrir tímabilið 2024–2026. Kjarnaframlög íslenskra stjórnvalda til stofnunarinnar eru umtalsverð og hafa farið hækkandi í takt við auknar þarfir víða um heim, en auk þeirra er veittur stuðningur við sértæk verkefni, þar á meðal í tvíhliða samstarfsríkjunum þremur (sjá umfjöllun í kafla 3.2) og á sviði mannúðaraðstoðar (sjá kafla 3.3).

Dæmi um árangur UNICEF

45%
allra barna undir fimm ára aldri njóta verndar bóluefnis frá UNICEF

25%
fæðingum í heiminum eiga sér stað á heilsugæslum sem studdar eru af UNICEF.

Yfir 100 milljónir
manns í neyð hafa fengið aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu á síðustu þremur árum.

Á árinu 2025 veittu íslensk stjórnvöld framlög til verkefnis UNICEF í Úkraínu um uppbyggingu barnahúsa að íslenskri fyrirmynd í landinu (sjá nánar umfjöllun í kafla 1.2). Þá hafa stjórnvöld frá árinu 2011 veitt framlög til samstarfsverkefnis UNFPA og UNICEF sem miðar að því að útrýma limlestingum á kynfærum kvenna og stúlkna í samstarfi við stjórnvöld, félagasamtök, trúarleiðtoga, þorpsleiðtoga og þolendur í 18 ríkjum þar sem þessi skaðlega venja er enn við lýði og var á árinu 2025 skrifað undir nýjan samning um verkefnið fyrir tímabilið 2026-2028. Þá veittu íslensk stjórnvöld áfram framlög til jafnréttissjóðs UNICEF, en hann vinnur að því að efla menntun stúlkna á unglingsaldri í þróunarríkjum. Á sl. ári fjármögnuðu stjórnvöld stöðu íslensks sérfræðings í jafnréttisteymi UNICEF í New York og stöðu ungliða hjá UNICEF í Síerra Leóne.

Auk framangreinds styðja íslensk stjórnvöld við starf Landsnefndar UNICEF á Íslandi sem sinnir málsvarastarfi og fjáröflun fyrir UNICEF, sem skilar sér í kjarnaframlögum sem eru með þeim hæstu í heimi miðað við höfðatölu.

SVIÐSLJÓS

Stóru línurnar lagðar á umbreytingatímum

Á liðnu ári fór fram fjórða ráðstefna SÞ um fjármögnun þróunar (e. Financing for Development 4, FFD4) í Sevilla á Spáni. Umbreytingatímar í alþjóðlegri þróunarsamvinnu settu sitt mark á ráðstefnuna sem fer að jafnaði fram á áratugs fresti og leggur stóru línurnar fyrir fjármögnun til þróunarríkja. Íslensk stjórnvöld tóku virkan þátt í samningaferli FFD4, og inniheldur niðurstöðuskjal ráðstefnunnar jákvætt og markvisst orðalag um mörg lykilatriði sem Ísland leggur áherslu á í sinni þróunarsamvinnu. Í Sevilla tók utanríkisráðherra þátt fyrir hönd Íslands og lagði þar megináherslu á mikilvægi kynjajafnréttis sem forsendu framfara og bættra lífskjara.

Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna

Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) leiðir vinnu innan Sameinuðu þjóðanna í þágu kyn- og frjósemisheilbrigðis og -réttinda þar að lútandi og gegnir einnig lykilhlutverki í þjónustu við þolendur kynbundins og kynferðislegs ofbeldis á átakasvæðum. Í ljósi vaxandi bakslags og mikilvægis málaflokksins hafa íslensk stjórnvöld hækkað kjarnaframlög til UNFPA á undanförnum árum, auk þess sem veittur er stuðningur til ýmissa verkefna stofnunarinnar á vettvangi, þar á meðal í tvíhliða samstarfsríkjum (sjá umfjöllun í kafla 3.2) og á sviði mannúðaraðstoðar (sjá umfjöllun í kafla 3.3). Þannig var stutt við verkefni stofnunarinnar, bæði í Afganistan og Úkraínu. Þá fjármagna stjórnvöld stöðu íslensks ungliða hjá UNFPA í Úganda. Í september sl. heimsóttu fulltrúar UNFPA Ísland þegar efnt var til viðburðar í Loftskeytastöðinni til að kynna árlega skýrslu um mannfjöldamál og kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi þar að lútandi, State of the World Population Report.

Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar

Þróunarsamvinnunefnd OECD (e. Development Assistance Committee, DAC) er meginvettvangur framlagsríkja opinberrar þróunaraðstoðar til að móta faglega umgjörð og starfsvenjur fyrir málaflokkinn. Fyrir utan virka þátttöku í nefndinni sjálfri taka íslensk stjórnvöld þátt í margvíslegum vinnuhópum DAC. Þá gegnir DAC mikilvægu aðhaldshlutverki gagnvart aðildarríkjum, ekki síst í gegnum svokallaða jafningjarýni sem felur í sér úttekt á þróunarsamvinnu einstakra framlagsríkja og gerir þeim þannig kleift að gera umbætur á stefnumótun og umgjörð starfsemi sinnar. Á liðnu ári tóku fulltrúar þróunarsamvinnuskrifstofu þátt í jafningjarýni DAC á alþjóðlegri þróunarsamvinnu ítalskra stjórnvalda. Þróunarsamvinna á vegum íslenskra stjórnvalda var síðast rýnd árið 2022.

Árlegur fundur háttsettra embættismanna aðildarríkja DAC, sem kennd er við hótelið Tidewaterinn í Maryland, þar sem fyrsti fundurinn af þessum toga var haldinn, fór fram í Reykjavík í september 2025. Martin Eyjólfsson, ráðuneytisstjóri, stýrði fundinum ásamt Carsten Staur, formanni Þróunarsamvinnunefndar OECD. Þar var breytt landslag alþjóðlegrar þróunarsamvinnu efst á baugi, en fyrirséð er að miklar breytingar verði á hefðbundinni fjármögnun opinberrar þróunarastoðar. Fundurinn var haldinn í kjölfar fjórðu ráðstefnu um fjármögnun þróunar (FFD4) og markaði hann upphaf umbótaferlis DAC, m.a. til að mæta ákalli um bætt samráð við þróunarríki og sterkari tengsl við kerfi og stofnanir Sameinuðu þjóðanna.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna

Ísland á sæti í framkvæmdastjórn Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO Council) til 30. júní 2026, er Spánn tekur við keflinu. Í stjórnarsetunni hefur af Íslands hálfu verið lögð höfuð áhersla á málefni hafsins, fiskveiðar, fiskveiðistjórnun, bláfæðu, vistkerfi heimshafanna, kynjajafnrétti og heimsmarkmið sem lúta að útrýmingu hungurs og fæðuóöryggis.

Á aðalráðstefnu stofnunarinnar sumarið 2025 voru í fyrsta sinn samþykkt fjárlög fyrir næstu tvö ár (2026–27) með lægra raunvirði en fjárlög tímabilsins á undan (2024–25). Alls hafa 177 stöðugildi verið lögð niður hjá stofnuninni, jafnt í höfuðstöðvum í Róm sem á svæðisskrifstofum. Einnig var samþykkt að fara í endurskoðun á starfsemi stofnunarinnar og verður það gert samhliða því endurskoðunarferli sem hrundið var af stað hjá Sameinuðu þjóðunum á árinu, UN80. Gert er ráð fyrir að endurskoðunarferli FAO ljúki á næstu aðalráðstefnu hennar, sumarið 2027.

Þá tók Ísland virkan þátt í fundi Alþjóðlegu fæðuöryggisnefndarinnar (CFS) hjá FAO og lagði þar sérstaka áherslu á mikilvægi fæðu úr höfum og vötnum í allri umræðu um fæðuöryggi og næringu. Samstarfssamningur (MoU) Íslands við FAO var endurnýjaður til fimm ára í tengslum við heimsókn forstjóra stofnunarinnar í september. Í kjölfar heimsóknarinnar hefur verið unnið að auknu samstarfi milli FAO og GRÓ, þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu.

Einnig er fjallað um FAO í kafla um starf Fastanefndar Íslands í Róm.

Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna

Samstarf við Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) hefur aukist á undanförnum árum. Má þar nefna stuðning við verkefni sem lúta að eflingu réttarríkisins í þróunarríkjum og framlög til verkefnis stofnunarinnar í Úkraínu á sviði orkumála, sem er viðbragð við þeirri neyð sem skapast hefur sökum kerfisbundinna árása Rússlands á úkraínska orkuinnviði. Þá voru á sl. ári áfram veitt framlög til sjóðsins Loftslagsloforð Sameinuðu þjóðanna (e. Climate Promise) sem styður þróunarríki við gerð áætlana

GRÓ - lykiltölur í lok árs 2025

1.858
hafa útskrifast frá GRÓ-skólunum fjórum.

117
hafa lokið meistaranámi.

27
hafa lokið doktorsnámi.

5.795
hafa lokið styttri námskeiðum.

og framkvæmd skuldbindinga þeirra samkvæmt Parísarsamningnum. Í tvíhliða þróunarsamvinnu veita stjórnvöld framlög til verkefna UNDP í mannréttindamálum í Malaví og til kosningaverkefnis í Síerra Leóne. Einn íslenskur ungliði var við störf hjá UNDP í Malaví.

3.5 GRÓ

GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu

Alls útskrifaðist 91 sérfræðingur frá 37 þróunarlöndum úr fimm til sex mánaða þjálfun á vegum GRÓ – Þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu árið 2025 og var rúmur helmingur þeirra konur. Öll starfa þau hjá samstarfsstofnunum skólanna í heimalöndum sínum. Við árslok höfðu 1.858 sérfræðingar útskrifast úr GRÓ-skólunum fjórum, Jafnréttisskólanum, Jarðhitaskólanum, Landgræðsluskólanum og Sjávarútvegsskólanum. GRÓ starfar undir merkjum UNESCO, Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, og miðar að því að koma íslenskri sérþekkingu, sem stuðlar að framgangi heimsmarkmiðanna, á framfæri við þróunarríkin.

GRÓ styrkir einnig útskrifaða nemendur til framhaldsnáms og nutu 17 slíkra styrkveitinga á árinu, níu til doktorsnáms og átta til meistaranáms. Alls útskrifuðust níu styrkþegar á árinu, þrír með doktorsgráðu og sex með meistaragráðu, en alls hafa 117 lokið meistaragráðu með styrk frá GRÓ-skólunum og 27 doktorsnámi.

Þá voru nokkur styttri námskeið haldin árið 2025, ýmist í samstarfslöndunum eða á netinu. Jarðhitaskólinn hélt námskeið um þróun jarðhita í Kenía og í El Salvador. Einnig voru haldin námskeið á Íslandi fyrir sendinefndir sérfræðinga frá samstarfslöndum, m.a. kom háttsett sendinefnd frá Kyrrahafseyjum í fræðsluferð sem Sjávarútvegsskólinn skipulagði, þar sem ráðherra og ráðuneytisstjóri voru meðal þátttakenda, og sendinefnd frá Indlandi sótti fræðslu hjá Jarðhitaskólanum um þróun og nýtingu jarðhita.

Nemendur frá Mongólíu fyrstir til að stofna félag útskrifaðra GRÓ-nema

Áfram var unnið að því að efla stuðning við útskrifaða nemendur. Fyrsta félag útskrifaðra GRÓ-nema, þar sem sérfræðingar úr skólunum öllum starfa saman, var stofnað í Mongólíu og er unnið að stofnun fleiri slíkra félaga. Auk Mongólíu var haldinn fundur fyrir útskrifaða nemendur GRÓ í Kína í samstarfi við sendiráð Íslands í Peking. Þá skipulögðu nemendurnir sjálfir fundi, m.a. stóðu nemendur Jafnréttisskólans fyrir fræðslu- og umræðufundi á netinu um stafrænt ofbeldi og leiðir til að uppræta það í samstarfi við Jafnréttisskólann og sendiráð Íslands í Malaví. Þá héldu tveir útskrifaðir nemendur Jafnréttisskólans námskeið í samstarfi við skólann þar sem staðbundinni kennslu var blandað við námsefni úr netnámskeiðum skólans. Slík námskeið fóru fram í Pakistan, annars vegar um karlmennsku og pólitíska orðræðu, og hins vegar um inngildandi kennsluaðferðir með áherslu á kynferði, og í Kenía þar sem haldið var leiðtoganámskeið fyrir femínísk grasrótarsamtök. Einnig voru veittir tveir styrkir til verkefna útskrifaðra nemenda Jafnréttisskólans sem báðir hafa það markmið að styðja jafnréttisstarf í tengslum við blæðingar kvenna og kvára, á Indlandi og í Pakistan.

Við árslok höfðu 1.858 sérfræðingar útskrifast úr GRÓ-skólunum fjórum, Jafnréttisskólanum, Jarðhitaskólanum, Landgræðsluskólanum og Sjávarútvegsskólanum.

SVIÐSLJÓS

Margfeldisáhrif af samstarfi Kenía og Íslands á sviði jarðhita

Í nóvember 2025 hleypti utanríkisráðherra af stokkunum fundaröð, sem haldin er í samstarfi við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, um áhrifin af starfi GRÓ-skólanna fjögurra sem hafa um áratuga skeið verið mikilvægur þáttur af þróunarsamvinnu Íslands. Á fyrsta viðburðinum var fjallað um nærri 50 ára sögu Jarðhitaskólans, sem var stofnaður árið 1978 þegar Ísland var að stíga sín fyrstu skref í þróunarsamvinnu. Sögðu nemendur þar frá því hvernig þjálfunin hefur nýst þeim við að nýta jarðhita í sínum heimalöndum. Kom þar m.a. fram að Kenía, sem er stærsta samstarfsland skólans, með rúmlega 160 nemendur útskrifaða, er í dag sjötta stærsta jarðhitaland í heimi, þegar horft er til uppsetts afls. Landið hefur þannig tekið fram úr Íslandi sem er í 9. sæti á sama lista. Segja má að margfeldisáhrif séu einnig af þjálfuninni, en Kenía og Ísland vinna í dag saman að því að halda námskeið fyrir lönd í Austur-Afríku sem búa yfir miklum jarðhitaauðlindum. Alls hafa 839 nemar útskrifast frá Jarðhitaskólanum, frá 68 löndum um heim allan.

3.6 Samstarf við frjáls félagasamtök

Í samræmi við stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands er rík áhersla lögð á öflugt samstarf við félagasamtök. Til að styrkja stoðir íslenskra félagasamtaka og efla enn frekar þekkingu og reynslu í þróunarsamvinnu styður utanríkisráðuneytið við verkefni fjölda félagasamtaka á ári hverju.

Í byrjun árs 2025 var skrifað undir rammasamninga við fjögur félagasamtök; Hjálparstarf kirkjunnar, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Rauða krossinn á Íslandi og SOS Barnaþorpin á Íslandi. Rammasamningarnir eru til fjögurra ára, 2025–2028. Markmið samstarfsins er að auka árangur og skilvirkni verkefna og veita samtökunum fyrirsjáanleika í starfi og rými til að skipuleggja starfsemi sína heima og á vettvangi. Við undirskriftina sagði utanríkisráðherra það mikilvægara en nokkru sinni fyrr að standa saman vörð um mannréttindi og áherslur Íslands í þróunarsamvinnu.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggur áherslu á verkefni sem beinast að því að draga úr hvers kyns ofbeldi gagnvart börnum. Samtökin héldu áfram stuðningi við slíkt verkefni í Síerra Leóne og er ætlunin að fjölga þeim sem verkefnið nær til. Undirbúningur hófst að nýju verkefni í Tansaníu, sem miðar að því að draga úr kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi gegn konum og stúlkum á Zanzibar. Þá lauk verkefni fyrir götubörn í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó um mitt ár. Á sviði mannúðaraðstoðar runnu framlög til neyðaraðstoðar í Írak og á Madagaskar, sem og í alþjóðlegan viðbragðssjóð Save the Children.

Hjálparstarf kirkjunnar leggur áherslu á að bæta lífsafkomu fólks, auka viðnámsþrótt samfélaga gagnvart loftslagsbreytingum og draga úr fátækt. Á árinu unnu samtökin áfram að þremur verkefnum í Eþíópíu, Úganda og Malaví. Á sviði mannúðaraðstoðar veittu samtökin framlög til neyðaraðstoðar í Malaví, Suður-Súdan, Úganda og Úkraínu, en samtökin fengu á árinu viðbótarframlag til að bregðast við ástandinu í Úkraínu.

Rauði krossinn á Íslandi leggur áherslu á að auka seiglu samfélaga, efla jafnrétti og sjálfbæra endurheimt skóglendis í Malaví, Sómalíu, Síerra Leóne og Líbanon. Mannúðaraðstoð á vegum Rauða krossins á Íslandi rann til neyðaraðgerða vegna stríðsátaka í Súdan, Sýrlandi, Úkraínu, Líbanon og á Gaza. Samtökin fengu á árinu viðbótarframlag til að bregðast við ástandinu í Úkraínu.

SOS Barnaþorpin á Íslandi leggja áherslu á að veita sárafátækum fjölskyldum stuðning og tækifæri til að búa börnum sínum betra heimili. Samtökin unnu að slíkum verkefnum í Eþíópíu, Malaví, Rúanda og Úganda árið 2025. Þá lauk verkefni í Tógó um mitt ár. Á sviði mannúðaraðstoðar var stutt við neyðaraðstoð í Eþíópíu og Úkraínu, en samtökin fengu viðbótarframlag til að bregðast við ástandinu í Úkraínu.

Auk rammasamninga við ofangreind félagasamtök voru á árinu veittir styrkir til átta smærri félagasamtaka. Verkefnin samræmast áherslum íslenskra stjórnvalda í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð og mynda samlegðaráhrif við tvíhliða og fjölþjóðlegt starf stjórnvalda á þessu sviði. Félagasamtök sem hlutu styrk á árinu voru ABC Barnahjálp, Candle Light Foundation, Íslenska barnahjálpin, Lífgrös, Vinir Kenía og Tansaníu og Öryrkjabandalag Íslands. Þá hlutu Broskallar og Samband íslenskra kristniboðsfélaga stærri verkefnastyrki til fimm ára.

Utanríkisráðuneytið styður verkefni sem stuðla að kynningu og fræðslu á Íslandi um þróunarsamvinnu, mannúðarmál, starfsemi Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmiðin í gegnum rammasamninga við landsnefndir UN Women, UNICEF á Íslandi og Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Rammasamningarnir runnu sitt skeið á enda í árslok 2025, en heildarframlög til samtakanna þriggja hafa numið 39 milljónum króna á ári síðastliðin þrjú ár.

Framlög utanríkisráðuneytisins vegna rammasamninga við félagasamtök í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð 2025

Fjárhæðir í milljónum króna.



Styrkveitingar til verkefna íslenskra félagasamtaka 2025

Fjárhæðir í milljónum króna.



Verkefni félagasamtaka 2025

Sögur af vettvangi

Verkefni íslenskra félagasamtaka í þróunarlöndum og mannúðaraðstoð eru fjölbreytt. Hér á eftir fara tvö dæmi um verkefni sem hafa notið stuðnings utanríkisráðuneytisins í gegnum rammasamninga við félagasamtök.

SVIÐSLJÓS

Komið í veg fyrir ofbeldi gegn börnum í Síerra Leóne

Í Pujehún-héraði í Síerra Leóne hefur Barnaheill – Save the Children á Íslandi, með stuðningi utanríkisráðuneytisins, náð að draga verulega úr ofbeldi gegn börnum, hvort sem er í skólum eða heima fyrir. Unnið er náið með börnum, foreldrum, kennurum, skólayfirvöldum og öðrum í samfélaginu til að bæta ferla sem auðvelda börnum að tilkynna ofbeldi og skipuleggja fræðslu um öryggi og velferð barna. Þá hefur verið lögð áhersla á að vinna með barnaverndaryfirvöldum og miðstöðvum fyrir þolendur kynferðisofbeldis til bæta viðbrögð og umönnun þeirra sem þangað leita.

Einn þeirra sem hefur notið góðs af verkefninu er Omar, 8 ára, en hann býr í afskekktu þorpi við ána Wanjei í Pujehún-héraði. Omar og aðrir samnemendur hans urðu vitni að og upplifðu ofbeldi reglulega í sínu nærumhverfi. Kennarar refsuðu börnum með ýmsum hætti og foreldrar beittu ofbeldi þegar börnin sinntu ekki heimilisstörfum eða hlýddu ekki öðrum skipunum. Foreldrar og kennarar Omars hafa nú sótt þjálfun í jákvæðum uppeldisaðferðum og réttindum barna á vegum verkefnisins.

Á undanförnum fimm árum hefur verkefnið náð til hátt í 10 þúsund manns, þar af rúmlega 3.000 barna. Samkvæmt óháðri úttekt hefur hlutfall ofbeldis meðal drengja lækkað úr 40,7% niður í 16,6% og meðal stúlkna lækkaði hlutfallið úr 22% niður í 4,7%.

Tveir sendifulltrúar Rauða krossins á Íslandi voru við störf á neyðarsjúkrahúsi Rauða krossins á Gaza yfir hátíðirnar, þau Orri Gunnarsson og Hrönn Håkansson.

SVIÐSLJÓS

Neyðarsjúkrahús Rauða kross hreyfingarinnar á Gaza

Rauði krossinn og Rauði hálfmáninn hafa starfrækt neyðarsjúkrahús á Gaza frá árinu 2024. Það tryggir þolendum stríðsins aðgang að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu. Vegna stuðnings utanríkisráðuneytisins og fjölda annarra samstarfsaðila var hægt að tvöfalda fjölda legurýma á árinu, úr 60 í 120. Þörfin er þó mikil og sinnir sjúkrahúsið nauðsynlegum skurðlækningum, fæðingar- og kvensjúkdómalækningum og barnalækningum, sem og endurhæfingu sjúklinga og sálfélagslegum stuðningi.

Á fyrsta starfsári sjúkrahússins fengu yfir 80 þúsund einstaklingar aðstoð. Rauði krossinn á Íslandi hefur stutt sjúkrahúsið með beinum framlögum samhliða styrkjum ráðuneytisins og hafa sendifulltrúar frá Íslandi farið til starfa þar síðastliðin tvö ár.

3.7 Samstarf við atvinnulífið

Heimsmarkmiðasjóður

Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífsins um þróunarsamvinnu hefur hægt en örugglega fest sig í sessi frá því að fyrstu styrkjum var úthlutað árið 2019 og hafa nú verið veittir styrkir til 41 verkefnis frá upphafi. Markmið sjóðsins er að fá íslenskt atvinnulíf til að koma að sjálfbærri uppbyggingu í þróunarríkjum, til dæmis með tekju- og atvinnuskapandi verkefnum og fjárfestingum sem stuðla að aukinni hagsæld og draga úr fátækt. Verkefni geta fengið styrk fyrir allt að 50% af heildarkostnaði verkefnisins en að hámarki 30 milljónir króna á þriggja ára tímabili. Úthlutað var til tveggja nýrra verkefna á árinu, til Laka Power vegna Ukraine Energy Resilience Project og til Laufanna ehf. vegna Laufsins í Kenía. Styrkirnir byggjast á að framlag fyrirtækjanna sé að minnsta kosti jafnhátt framlagi sjóðsins, að unnið sé með innlendum aðilum í þróunarríkjunum, í samræmi við þróunaráætlun viðkomandi ríkis og stefnu íslenskra stjórnvalda, og hafi mælanleg þróunaráhrif.

Nýsköpun

Þróunarfræ er sjóður sem ætlað er að styðja nýsköpun í þróunarríkjum og er áhersla lögð á að styrkirnir geti leitt til stærri verkefna og annarra fjárfestinga. Hámarksstyrkur er tvær milljónir króna án kröfu um mótframlag. Einn styrkur var veittur á árinu, til Modulina vegna hagkvæmniathugunar á einingum fyrir landbúnaðardróna í Bangladess.

Utanríkisráðuneytið tók þátt í Nýsköpunarvikunni sem haldinn var í maí 2025. Þar er jafnan einn dagur helgaður umhverfis- og orkumálum. Markmið ráðuneytisins er að vekja athygli fjárfesta og nýsköpunarfyrirtækja á mikilli þörf fyrir fjárfestingar og nýskapandi lausnir í orkumálum þróunarríkja. Settur var upp bás þar sem Heimsmarkmiðasjóðurinn var kynntur fyrir þátttakendum á Nýsköpunarvikunni, bæði til þess að vekja athygli á fyrirtækjunum sem sjóðurinn hefur styrkt og á sjóðnum sjálfum og hlutverki hans.

Aðgerðabandalag um örvun fjárfestinga í þróunarríkjum

Ísland gekk til liðs við aðgerðabandalag Norðurlanda og Bandaríkjanna um blendingsfjármögnun (e. The Investment Mobilisation Collaboration Alliance, IMCA) , árið 2024. IMCA er ætlað að hraða fjárfestingum á sviði orku- og loftslagsmála í þróunarríkjum, og miðar starfsemin að því að nýta opinbert

Útsendingarstúdíó héraðsútvarps í Namayingo sem Ísland átti þátt í að koma á fót.
Mynd: Kibuuka Mukisa.

Utanríkisráðuneytið heldur utan um lista sérfræðinga á ýmsum sviðum sem alþjóðastofnanir geta leitað í þegar þörf er á faglegri ráðgjöf á sviðum sem íslenskir sérfræðingar hafa þekkingu á.

þróunarfé til að taka fyrstu áhættu af fjárfestingum og gera þær þannig að álitlegri kosti fyrir fjárfesta. Árið 2025 var ákveðið framlagið rynni til Norræna þróunarsjóðsins (NDF) og að það yrði nýtt til að fjármagna verkefni undir hatti IMCA sem hefur það markmið að hvetja til fjárfestinga í viðnámsþrótti og aðlögun Afríkuríkja að loftslagsbreytingum (e. Adaptation Finance Window for Africa, AFWA). Verkefnið var kynnt á hliðarviðburði á ríkjaráðstefnu loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC) (COP30) í nóvember sl.

Tæknileg ráðgjöf

Utanríkisráðuneytið heldur utan um lista sérfræðinga á ýmsum sviðum sem alþjóðastofnanir geta leitað í þegar þörf er á faglegri ráðgjöf á sviðum sem íslenskir sérfræðingar hafa sérhæfða þekkingu á. Þannig er hægt að nýta íslenska sérþekkingu í þágu uppbyggingar í þróunarríkjum í samræmi við stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Ráðgjafalistarnir hafa verið virkir frá árinu 2018 og eru helst á sviði jarðhitanýtingar, vatnsafls, málefna hafsins, sjálfbærrar landnýtingar og jafnréttismála. Samstarfsstofnanir á borð við Alþjóðabankann óska reglulega eftir tæknilegri aðstoð í gegnum ráðgjafalistana og var nýr samstarfssamningur til að mynda gerður við Alþjóðastofnun um endurnýjanlega orku (IRENA) síðastliðið sumar. Á liðnu ári hafa íslenskir sérfræðingar komið að verkefnum meðal annars í Kólumbíu, Djíbútí, Marshalleyjum og Kyrrahafsríkjum.

Þróunarsamvinnunefnd

Þróunarsamvinnunefnd starfar samkvæmt lögum nr. 121/2018 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands og sinnir ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands ásamt því að hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Utanríkisráðherra skipar fulltrúa og varamenn til fjögurra ára í senn. Þróunarsamvinnunefnd var endurskipuð fyrri hluta árs 2025 og samanstendur af fimm fulltrúum íslenskra félagasamtaka sem starfa á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar, tveimur fulltrúum skipuðum í samráði við samstarfsnefnd háskólastigsins og tveimur fulltrúum skipuðum í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Að auki sitja í nefndinni fulltrúar allra þingflokka á Alþingi en formaður nefndarinnar er skipaður af ráðherra. Á árinu fjallaði nefndin meðal annars um þróunarsamvinnu í ljósi minnkandi framlaga gjafríkja, stöðuna á vettvangi í kjölfar niðurskurðar, mannúðaraðstoð Íslands, héraðsnálgun íslenskra stjórnvalda og val á nýjum samstarfshéruðum í tvíhliða þróunarsamvinnu.

4 Utanríkisviðskipti

Þegar óvissa eykst í alþjóðaviðskiptum reynir í auknum mæli á virka hagsmunagæslu, samskipti og samninga.

Þorgerður Katrín, ásamt Marie Bjerre, Evrópumálaráðherra Danmerkur. Myndin er tekin á ráðstefnu um hvernig nýta megi EES-samstarfið í þágu aukins öryggis og viðnámsþols í EES-ríkjunum. Ráðstefnan fór fram 20. nóvember í tengslum við EES-ráðsfund. Mynd: EFTA.

4.1 Efst á baugi: Nýr veruleiki verndarhyggju blasir við

Eitt af meginhlutverkum utanríkisþjónustunnar er að gæta hagsmuna Íslands á sviði alþjóðaviðskipta. Þessir hagsmunir hvíla að stórum hluta á þeim leikreglum sem settar hafa verið í gegnum samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, EES-samningnum og þéttriðnu neti fríverslunarsamninga, sem flestir hafa verið gerðir á grundvelli þátttöku í Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA).

Líkt og aðrar þjóðir stendur Ísland frammi fyrir breyttum veruleika á þessu sviði. Ríki heims leggja ekki sama kapp og áður á að auka hagkvæmni gegnum fríverslun og opna markaði. Utanríkisviðskipti eru orðin samtengdari öryggis- og varnarmálum og sjónir beinast í auknum mæli að efnahagslegu öryggi – að ríki eða ríkjahópar séu í stakk búin að mæta hvers kyns áföllum eða aðsteðjandi ógn í viðsjárverðum heimi. Þannig einkennast alþjóðaviðskipti meira af verndarhyggju, ekki síst hvað varðar aðgang að mikilvægum hráefnum, hátæknibúnaði og hátækniþekkingu. Verndarráðstöfunum er beitt til að verja iðnað sem metinn er þjóðhagslega mikilvægur út frá öryggi og viðnámsþoli samfélaga.

Þessi breytti veruleiki kallar á enn ríkari hagsmunagæslu íslenskra stjórnvalda. Breytt tollastefna Bandaríkjanna hefur haft áhrif á Ísland sem aðra en könnunarviðræður hófust árið 2025 um bætt viðskipti ríkjanna. Í ljósi aðildar Íslands að EES-samningnum og mikilvægi innri markaðar EES fyrir landið þarf að gera hið sama gagnvart Evrópusambandinu (ESB). Greina þarf áhættu snemma og bregðast tímanlega við áskorunum. Því hefur verið skipaður starfshópur sem er ætlað að skilgreina hagsmuni Íslands m.t.t. efnahagslegs öryggis í alþjóðaviðskiptum og hvernig best verði stuðlað að því.

Þegar vegið er að hinu reglumiðaða alþjóðakerfi verður Ísland áfram málsvari viðskiptahátta sem byggja á sameiginlegum grunnreglum. Áfram verður lögð áhersla á gerð fríverslunarsamninga og að uppfæra gildandi samninga þar sem það á við. Brýnt er að kynna þau tækifæri sem felast í fríverslunarsamningum og horfa ekki síst í því sambandi til stórra markaðssvæða sem geta opnað á nýja möguleika, meðal annars Indlands, Suðaustur-Asíu og Mercosur-ríkjanna í Suður-Ameríku, sem samið var við á árinu 2025. Slíkir fríverslunarsamningar geta styrkt stöðu Íslands á tímum þar sem verndarhyggja fer vaxandi. Áfram verður lögð áhersla á að eiga náið samstarf og samráð við atvinnulífið um mál sem varða utanríkisviðskipti.

4.2 Evrópska efnahagssvæðið

Breytingar í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi og aukin verndarhyggja hafa haft áhrif á samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sem er langmikilvægasti viðskiptasamningur Íslands og tryggir aðgang að innri markaði sem telur um 450 milljónir manna. Víðtækt samstarf á grundvelli samningsins skapar jafnframt tækifæri á fjölmörgum sviðum samfélagsins.

Hagsmunagæsla vegna verndartolla ESB á járnblendi setti sterkan svip á árið 2025. Hún snerist í grunninn um að tryggja stöðu Íslands á innri markaði EES á tímum þar sem ESB hefur í auknum mæli gripið til aðgerða til að verja efnahagslegt öryggi sitt og lykiliðnað. Aldrei hefur áður verið ráðist í eins víðtæka hagsmunagæslu með samstilltu átaki íslenskra stjórnvalda og atvinnulífs. Utanríkisráðherra mótmælti aðgerðunum, m.a. á fundi EES-ráðsins hinn 20. nóvember 2025. Þrátt fyrir að Ísland hafi að lokum ekki fengið undanþágu frá aðgerðunum leitaðist sambandið við að útfæra þær á þann hátt sem minnst áhrif hefði á íslenskan útflutning. Það mun hins vegar ráðast af markaðsaðstæðum hvort sú verður raunin.

Ísland var í formennsku EES-samstarfsins seinni hluta árs og stóð meðal annars fyrir viðburði um öryggisvídd EES-samningsins.

Um framkvæmd EES-samningsins er að öðru leyti fjallað í sérstakri skýrslu um efnið, sem utanríkisráðherra leggur reglulega fram á Alþingi.

Líkt og aðrar þjóðir stendur Ísland frammi fyrir breyttum veruleika á þessu sviði. Ríki heims leggja ekki sama kapp og áður á að auka hagkvæmni gegnum fríverslun og opna markaði.

4.3 Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA)

Eitt af meginverkefnum EFTA er gerð nýrra fríverslunarsamninga, auk þess að viðhalda og uppfæra þá samninga sem þegar eru í gildi. Með 35 fríverslunarsamninga við 49 ríki er EFTA-samstarfið ein af meginstoðum utanríkisviðskiptastefnu Íslands. Þó að Ísland sé jafnframt aðili að tvíhliða fríverslunarsamningum við Færeyjar og Kína þá eru aðrir fríverslunarsamningar Íslands gerðir í samstarfi við hin EFTA-ríkin.

EFTA-samstarfið sannaði rækilega gildi sitt á síðastliðnu ári þegar fjórir nýir fríverslunarsamningar voru undirritaðir við sjö mismunandi samstarfsríki. Í byrjun árs voru undirritaðir samningar við Kósovó og Taíland í Davos í Sviss. Fríverslunarsamningur við Malasíu var undirritaður í júní á ráðherrafundi EFTA í Tromsö í Noregi og í september var undirritaður samningur við Mercosur-ríkin (Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ). Sömuleiðis var tekinn upp þráðurinn í viðræðum við Víetnam, en viðræður höfðu þá legið niðri um nokkurn tíma. Fríverslunarsamningur EFTA-ríkjanna og Indlands gekk í gildi á árinu og eru bundnar miklar vonir við að samningurinn muni efla til muna viðskipti við landið.

Þrátt fyrir mjög annasamt ár við gerð nýrra samninga var líka unnið öflugt starf á vettvangi EFTA við að uppfæra þá sem nú þegar eru í gildi. Í september var undirritaður samningur við Singapúr um stafræn viðskipti, sem mun bætast við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Singapúr, og í apríl fór fram undirritun á uppfærðum fríverslunarsamningi EFTA-ríkjanna og Úkraínu. Sömuleiðis hafa EFTA-ríkin unnið að því að uppfæra upprunareglur í fjölmörgum fríverslunarsamningum. Á árinu var unnið áfram að greiningu á þeim tollsparnaði sem íslenskir útflytjendur njóta á grundvelli fríverslunarsamninga. Niðurstöður fyrir árið 2025 eru væntanlegar á næstunni, en árið 2024 nam ávinningur af tollfríðindum á grundvelli EES-samningsins, tvíhliða samninga og annarra fríverslunarsamninga á vettvangi EFTA að minnsta kosti 33 milljörðum króna.

Ráðherrafundur EFTA fór fram í Tromsö í Noregi í júní. Á fundinum tók Ísland við formennsku innan EFTA-samstarfsins af heimamönnum og mun leiða það fram að næsta ráðherrafundi sem fram fer í Reykjavík í júní 2026.

4.4 Aðrir samningar sem tengjast utanríkisviðskiptum

Loftferðasamningar

Utanríkisráðuneytið annast gerð loftferðasamninga Íslands í samvinnu við innviðaráðuneytið og Samgöngustofu og jafnframt í samráði við íslensk flugfélög.

Með loftferðasamningum er kveðið á um flugsamgöngur milli ríkja, þar á meðal hvaða flugfélög mega starfa á tilteknum leiðum, tíðni flugs og hvaða loftför eru heimil. Samningarnir stuðla þannig að auknum aðgangi að erlendum mörkuðum og styðja við ferðaþjónustu og útflutning.

Á árinu voru undirritaðir loftferðasamningar við Georgíu, Nýja-Sjáland og Lýðveldið Kóreu. Jafnframt var áritaður loftferðasamningur á milli Íslands og Argentínu sem er víðtækasti loftferðasamningur sem Ísland hefur gert utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Frá fundi EES-ráðsins í nóvember 2025. Með ráðherra eru Sabine Monauni utanríkisráðherra Liechtenstein, Espen Barth Eide utanríkisráðherra Noregs, Marie Bjerre, Evrópumálaráðherra Danmerkur og Valdis Dombrovskis framkvæmdastjóri efnahagsmála innan ESB og fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar á fundinum. Mynd: Utanríkisráðuneytið.

Frá fundi EES-ráðsins í nóvember 2025. Ráðherra með fulltrúum Íslands í þingmanna- og ráðgjafarnefnd EES. Mynd: Utanríkisráðuneytið.

Logi Már Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra undirritar fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna við Mercosur-ríkin í Ríó de Janeiro í september 2025. Mynd: EFTA.

Íslenska samninganefndin náði talsverðum árangri á loftferðasamningaráðstefnu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í nóvember 2025. Fólst hann meðal annars í auknum flugréttindum við endurskoðun og jafnframt endurskoðun og uppfærslu tiltekinna loftferðasamninga. Það leiðir til þess að ferðalög Íslendinga til fjarlægra áfangastaða með íslenskum flugfélögum verða einfaldari, til dæmis með auknu samstarfi íslenskra flugrekenda við erlenda. Þá átti samninganefndin gagnlega fundi um aukna möguleika íslenskra flugrekenda á farmflutningum erlendis.

Þá áritaði samninganefndin nýjan loftferðasamning við Panama. Jafnframt var loftferðasamningur Íslands við Sameinuðu arabísku furstadæmin uppfærður og íslenskir flugrekendur tilnefndir samkvæmt samningnum. Þá hóf samninganefndin viðræður um gerð loftferðasamninga við Ekvador, Tansaníu og Haítí. Að auki náðist samkomulag við Brasilíu um tilnefningu íslenskra flugrekenda á grundvelli áritaðs samnings frá árinu 2010. Á öllum fundum nefndarinnar var lögð áhersla á heimildir til samnýtingar flugnúmera og aukin flugréttindi til handa íslenskum flugfélögum.

Ísland var með aðalfulltrúa í ráði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar frá 2022 til 2025 og stýrði NORDICAO-samstarfi Norðurlandanna, Eistlands og Lettlands hjá stofnuninni þar til Danir tóku við. Ísland tók virkan þátt í málsmeðferð ráðsins við lausn deilumála samkvæmt 84. gr. Chicago-samningsins, meðal annars máli sem rekið var af Hollandi og Ástralíu gegn Rússlandi sökum þess að Boeing 777 farþegaflugvél Malaysia Airlines – einnig þekkt sem flug MH17 – var skotin niður yfir Úkraínu árið 2014. Ísland hefur næst tök á að bjóða sig fram í ráðið eftir fimmtán ár.

Þann 1. janúar 2025 gerðist Ísland aðili að evrópsku milliríkjastofnuninni Eurocontrol, sem veitir stuðning við flug og flugleiðsögu í Evrópu.

Tvísköttunarsamningar

Utanríkisráðuneytið annast, í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið, milligöngu um gerð tvísköttunarsamninga við erlend ríki. Markmið samninganna er að bæta skilyrði íslenskra fyrirtækja á erlendum mörkuðum með því að draga úr hindrunum sem stafa af tvísköttun og styrkja þannig samkeppnisstöðu Íslands.

Nefnd um gerð fjárfestingar- og tvísköttunarsamninga metur við hvaða ríki skuli ganga til viðræðna og í hvaða forgangsröð. Hún á jafnframt í nánu samráði við atvinnulífið. Ríki þar sem íslensk fyrirtæki eiga verulegra hagsmuna að gæta njóta jafnan forgangs, auk þess sem horft er til tækifæra á nýjum mörkuðum. Langtímamarkmið er að gera tvísköttunarsamninga við aðildarríki OECD, Evrópuríki og ríki sem Ísland á fríverslunarsamninga við.

Þegar hafa verið gerðir tvísköttunarsamningar

Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra, og Winston Peters, utanríkisráðherra Nýja-Sjálands, undirrita tvísköttunarsamning landanna 22. október 2025. Mynd: Stjórnarráð Íslands.

við 47 ríki og landssvæði. Samningur við Sádi-Arabíu tók gildi á árinu. Þá bíða samningar við Brasilíu, Nýja-Sjáland, Katar, Kenía, Svartfjallaland og Kúveit undirritunar eða gildistöku. Viðræður standa yfir við Marokkó, Singapúr, Sameinuðu arabísku furstadæmin, auk þess sem unnið er að uppfærslu gildandi samnings við Þýskaland.

Samningar um vinnudvöl ungs fólks

Utanríkisráðuneytið gerir, í samráði við dómsmálaráðuneytið og félags- og húsnæðismálaráðuneytið, samninga um vinnudvöl ungs fólks við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins. Samningarnir gera ungu fólki kleift að búa og starfa í allt að tvö ár í samningsríkjunum.

Ísland hefur gert samninga um vinnudvöl við Japan, Bretland, Kanada og Andorra. Á árinu 2025 bættist við samningur við Síle og samningurinn við Japan var uppfærður. Frágenginn samningur við Ástralíu liggur einnig fyrir, en undirritun hans bíður þess að áströlsk stjórnvöld ljúki endurskoðun á löggjöf sinni. Þá náðu Ísland og Nýja-Sjáland samkomulagi á árinu um að hefja undirbúning að samningi um vinnudvöl ungs fólks.

Á haustþingi lagði dómsmálaráðherra fram frumvarp um endurskoðun á fyrirkomulagi atvinnuréttinda útlendinga á Íslandi. Í kjölfarið var viðræðum um frekari vinnuorlofssamninga frestað þar til ákvörðun hefur verið tekin um framtíðarfyrirkomulag málaflokksins.

Samningur um loftslagsbreytingar, viðskipti og sjálfbærni

Árið 2024 undirrituðu Ísland, Nýja-Sjáland, Sviss og Kosta Ríka samning um loftslagsbreytingar, viðskipti og sjálfbærni (e. Agreement on Climate Change, Trade and Sustainability, ACCTS). Um er að ræða fyrsta sértæka samninginn á sviði alþjóðaviðskipta sem hefur það að markmiði að nýta hefðbundin ákvæði viðskiptasamninga til að styðja við orkuskipti og aðrar aðgerðir í loftslags- og umhverfismálum. Utanríkisráðherra mælti fyrir þingsályktunartillögu um fullgildingu samningsins hinn 4. nóvember 2025 og var hún samþykkt á Alþingi 3. febrúar 2026.

4.5 Schengen-samstarfið

Í tilefni af 40 ára afmæli undirritunar Schengen-samningsins gaf ráðherraráð ESB út yfirlýsingu í júní 2025 þar sem mikilvægi samstarfsins fyrir evrópska samvinnu var áréttað og skuldbindingar aðildarríkjanna endurnýjaðar. Með yfirlýsingunni er jafnframt staðfest að Schengen-samstarfið verði áfram hornsteinn evrópsks öryggissamstarfs. Þá á að styrkja ytri vídd samstarfsins með heildstæðri nálgun, m.a. með skilvirkri vegabréfsáritunarstefnu, markvissri landamærastjórnun og öflugu samstarfi við þriðju ríki um endursendingar ríkisborgara sem uppfylla ekki eða uppfylla ekki lengur skilyrði fyrir komu, dvöl eða búsetu í aðildarríkjum Schengen.

Í sama mánuði samþykkti ráðherraráð Schengen helstu forgangsmál sín fyrir tímabilið 2025–2026. Til stendur að flýta stafvæðingu verkferla, efla stóru upplýsingatæknikerfin, styrkja viðnámsþol ytri landamæra og auka innra öryggi. Afar mikilvægt skref í þessa átt var tekið í október 2025 þegar innleiðing komu- og brottfararkerfisins (Entry/Exit System) hófst. Upplýsingakerfið verður sett upp á öllum ytri landamærastöðvum Schengen-svæðisins, þ. á m. á Íslandi, og er ætlað að nútímavæða og einfalda landamæraeftirlit, bæta eftirlit með ferðum ríkisborgara þriðju ríkja og koma í veg fyrir ólöglega fólksflutninga. Loks náðist samkomulag innan ráðherraráðs ESB um verulega endurskoðun á stefnu og regluverki sambandsins í málefnum flótta- og farandfólks í desember 2025. Eftir miklar og krefjandi viðræður var samþykkt afstaða til þriggja löggjafartillagna sem eru taldar endurspegla þá skýru viðhorfs- og stefnubreytingu sem hefur átt sér stað í málaflokknum innan ESB á undanförnum árum. Markmið tillagnanna er m.a. að fækka komum fólks í óreglulegri för og auka skilvirkni í öllu kerfinu, þ. á m. er kemur að endursendingum.

4.6 Fjölþjóðlegt viðskiptasamstarf

Alþjóðaviðskiptastofnunin

Markmið Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) er að efla alþjóðaviðskipti með því að lækka tolla og takmarka aðrar viðskiptahömlur. Bann við mismunun milli viðskiptaríkja, gagnkvæmni og gagnsæi eru grunngildi í samningum stofnunarinnar. Þrjár meginstoðirnar í starfsemi hennar eru samningaviðræður um nýjar og uppfærðar viðskiptareglur, eftirlit með viðskiptastefnu aðildarríkjanna og úrlausn deilumála.

Óhætt er að segja að stofnunin eigi undir högg að sækja um þessar mundir sökum aukinnar togstreitu innan alþjóðaviðskiptakerfisins þar sem stærri aðildarríki stofnunarinnar hafa í síauknum mæli tekið upp verndarhyggju og viðskiptahindranir færast í aukana. Það er Íslandi mikið hagsmunamál að viðhalda því regluverki alþjóðaviðskipta sem byggst hefur upp á vettvangi WTO. Það eykur fyrirsjáanleika í viðskiptum og takmarkar möguleika stærri aðildarríkja til að láta þau smærri kenna aflsmunar. Því hefur Ísland skipað sér í hóp ríkja sem tala fyrir því að vægi stofnunarinnar sé aukið og unnið markvisst að því að samninganet hennar sé útvíkkað og nútímavætt.

Ísland var meðal fyrstu ríkja til að fullgilda samning stofnunarinnar um bann við skaðlegum ríkisstyrkjum í sjávarútvegi sem tók formlega gildi 15. september 2025. Þá gegndi sendiherra Íslands í Genf formennsku í samningaviðræðum um viðbótarákvæði við samninginn fram á mitt ár 2025. Ísland er auk þess í hópi ríkja sem unnið hefur að framgangi nýrra samninga, m.a. um rafræn viðskipti, og að því að liðka fyrir fjárfestingum, en erfitt hefur reynst að ná árangri þar sem lítill hópur ríkja stendur í vegi fyrir framgangi þeirra.

Fjórtándi ráðherrafundur WTO mun fara fram í Kamerún í mars 2026. Í ljósi þeirra áskorana sem stofnunin stendur frammi fyrir verða hugsanlegar umbætur á starfsemi hennar í brennidepli á fundinum. Stöðnun hefur einkennt starfsemi stofnunarinnar undarfarin ár.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD)

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) sinnir víðtækum greiningum og stefnumótun á nær öllum sviðum stjórnsýslu- og efnahagsmála. Fulltrúar íslenskra ráðuneyta og stofnana taka virkan þátt í starfi hennar. Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra, sótti ráðherrafund OECD í júní þar sem fjallað var um alþjóðaviðskipti, fjárfestingar og tækninýjungar sem forsendu sjálfbærrar velsældar, auk samskipta OECD við önnur ríki og ríkjahópa.

Þá sótti Inga Sæland, þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra, sérstakan ráðherrafund OECD um félagsmál. Á fundinum var fjallað um þær áskoranir sem félagsleg kerfi standa frammi fyrir, meðal annars vegna loftslagsbreytinga, hraðrar tækniþróunar, stríðsátaka, þróunar í alþjóðastjórnmálum og lýðfræðilegra breytinga, auk þeirra áhrifa sem heimsfaraldurinn hefur haft. Í máli sínu lagði félags- og húsnæðismálaráðherra sérstaka áherslu á baráttuna gegn fátækt – einkum að börn eigi ekki að alast upp í örbirgð.

Á árinu kynnti OECD skýrslu sína um íslenskt efnahagslíf. Slíkar skýrslur eru gefnar út á tveggja ára fresti fyrir öll aðildarríki. Í skýrslunni kemur fram að íslenskt efnahagslíf standi styrkum fótum og viðnámsþróttur þess sé mikill en að aðhalds sé þörf. Auk venjubundinnar umfjöllunar um íslensk efnahagsmál er í skýrslunni einnig fjallað um menntamál, raforkumál og umbætur í lagaumhverfi viðskiptalífsins.

Sýningin í norræna skálanum á EXPO 2025. Mynd: Íslandsstofa.

Viðskiptaþjónusta og samstarf við Íslandsstofu

Sendiskrifstofur Íslands gegna lykilhlutverki í að styðja við útflutning og alþjóðlega starfsemi íslenskra fyrirtækja. Viðskiptaþjónusta er veitt í nánu samstarfi við Íslandsstofu, undir faglegri verkstjórn hennar, og í samstarfi við viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, í því augnamiði að greiða leið fyrirtækja inn á erlenda markaði, stuðla að nýjum viðskiptasamböndum og auka eftirspurn eftir íslenskum vörum og þjónustu. Sérstakir viðskiptafulltrúar starfa nú á 11 sendiskrifstofum og stóð Íslandsstofa fyrir heimsókn þeirra til Íslands í maí 2025 í því skyni að efla samstarfið og styrkja tengsl þeirra við íslenskt atvinnulíf.

Utanríkisþjónustan og Íslandsstofa standa árlega að fjölmörgum viðskipta- og menningarviðburðum og viðskiptasendinefndum, með það að markmiði að kynna íslensk fyrirtæki, efla tengslanet og styðja við fjárfestingu og samstarf á forgangsmörkuðum samkvæmt útflutningsstefnu. Sem dæmi um viðskiptaviðburði á árinu 2025 má nefna ráðstefnuna Our Climate Future í Brussel, Íslandsviðburð á nýsköpunarhátíðinni TechBBQ í Kaupmannahöfn með þátttöku yfir 50 íslenskra fyrirtækja og ráðstefnu í Peking um framlag kvenna í endurnýjanlegri orku og grænum lausnum. Þá tóku fjölmörg íslensk fyrirtæki þátt í viðskiptasendinefnd til Spánar í tengslum við opnun sendiráðs Íslands þar, og stóðu sendiráðið, Íslandsstofa og viðskiptaráð Spánar fyrir hringborðsumræðum um bláa hagkerfið og grænar lausnir.

Fulltrúar rúmlega 80 íslenskra fyrirtækja og samtaka tóku einnig þátt í þremur viðskiptasendinefndum í tilefni af ríkisheimsóknum Höllu Tómasdóttur forseta Íslands til Noregs, Svíþjóðar og Finnlands á árinu 2025. Markmið sendinefndanna var að efla viðskipti, fjárfestingu og samstarf ríkjanna, með áherslu á sjávarútveg og grænar lausnir í Noregi, lífvísindi, heilbrigðismál og nýsköpun í Svíþjóð og nýsköpun, tækni og sjálfbær verkefni í Finnlandi.

Endurskoðuð útflutningsstefna

Í júní 2025 samþykkti útflutnings- og markaðsráð endurskoðaða langtímastefnu fyrir íslenskan útflutning. Íslandsstofa leiddi endurskoðunarstarfið í samvinnu við fulltrúa atvinnulífs, stjórnvalda og sendiskrifstofa. Stefnan miðar að því að styrkja stöðu Íslands sem leiðandi lands á sviði sjálfbærs útflutnings og byggir á samkeppnisforskoti hágæðavara, tækniþekkingar og sjálfbærrar nýtingar auðlinda, með skýrum áherslum eftir atvinnugeirum og forgangsmörkuðum.

Vel heppnuð norræn þátttaka á EXPO 2025 í Osaka

Norðurlöndin voru með sameiginlegan sýningarskála á heimssýningunni í Osaka í Japan dagana 13. apríl til 13. október 2025. Alls tóku 161 ríki þátt í sýningunni, auk fjölda fyrirtækja og stofnana. Fáheyrt er að ríki standi sameiginlega að sýningarskálum á heimssýningum og er norræni skálinn skýrt dæmi um þétta samvinnu og gagnkvæmt traust milli Norðurlandanna. Verkefnið var eitt stærsta sameiginlega kynningarverkefni Norðurlandanna til þessa og fór árangur þess fram úr væntingum, enda náðust öll helstu árangursmarkmið og kostnaður hélst innan áætlunar.

Heildarfjöldi gesta á heimssýningunni var rúmlega 25 milljónir, þar af heimsóttu um 1,7 milljónir gesta norræna skálann, eða um 9000 manns á dag. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra (92 %) sagði heimsóknina hafa aukið áhuga sinn á Norðurlöndunum. Mikil ánægja var meðal þeirra norrænu fyrirtækja sem tóku þátt í heimssýningunni, en um 96% þeirra sögðu hana hafa leitt til nýrra viðskiptasambanda. Þá varð norræna þátttakan á EXPO til þess að norrænu viðskiptaráði á Kansai-svæðinu var komið á fót (Nordic-Kansai Business Alliance).

Miðað var við að norræni skálinn endurspeglaði framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Lögð var áhersla á að þróa samstarf Norðurlandanna og Japans á sem flestum sviðum og stóðu Norðurlöndin saman að 11 viðburðum, m.a. á sviði orkumála, lífvísinda, leikjaiðnaðar, bókmennta, arkitektúrs, norðurslóða og jafnréttismála.

Sýningin í norræna skálanum var hönnuð af íslensku hönnunarstofunni Gagarín, norsk-íslensku arktitektastofunni Rintala Eggertsson og dönsku stofunni Kvorning Design. Sýningin hlaut gullverðlaun í flokknum Best Exhibit / Display á World Expolympics en verðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi útfærslur í nýsköpun og upplifunarhönnun á heimssýningunni.

Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, var heiðursgestur á heimssýningunni á þjóðardegi Íslands, 29. maí. Dagskrá þjóðardagsins var unnin í samvinnu við listamiðstöðvarnar og var kastljósinu m.a. beint að íslenskri tónlist, hönnun og bókmenntum, auk jafnréttismála og sjálfbærni. Samhliða þjóðardeginum stóð Íslandsstofa fyrir menningarhátíðinni Taste of Iceland í Tokyo. Alls birtust yfir 500 umfjallanir í japönskum fjölmiðlum um þjóðardaginn og Taste of Iceland hátíðina, þar á meðal heil opna í *Asahi Shimbun*, einu stærsta dagblaði Japans. Að mati Íslandsstofu nemur virði fjölmiðlaumfjöllunarinnar hundruðum milljóna króna og greinir stofnunin aukinn áhuga á Íslandi frá Japan í kjölfar verkefnisins, bæði í fjölda gesta og fyrirspurnum frá japönskum fjölmiðlum.

Mikill áhugi var á þátttöku á heimssýningunni meðal íslenskra fyrirtækja. Fimm fyrirtæki, Blue Lagoon, Icelandair, Icelandic, Ísey skyr og Kerecis, auk Reykjavíkurborgar, voru formlegir samstarfsaðilar sýningarinnar en alls nýttu rúmlega 50 fyrirtæki, stofnanir og listafólk sér vettvanginn til kynningar og tengslamyndunar. Þá tóku yfir 30 fulltrúar úr íslensku viðskiptalífi þátt í viðskiptasendinefnd til Japan í september sem var leidd af Hönnu Katrínu Friðriksson atvinnuvegaráðherra. Tilefni ferðarinnar var þátttaka Íslands á heims-

Heildarfjöldi gesta á heimssýningunni var rúmlega 25 milljónir, þar af heimsóttu um 1,7 milljónir gesta norræna skálann, eða um 9000 manns á dag. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra (92 %) sagði heimsóknina hafa aukið áhuga sinn á Norðurlöndunum. Mikil ánægja var meðal þeirra norrænu fyrirtækja sem tóku þátt í heimssýningunni, en um 96% þeirra sögðu hana hafa leitt til nýrra viðskiptasambanda.

Ísland tók í fyrsta sinn þátt í Feneyjatvíæringnum í arkítektúr með eigin skála en sýningin stóð yfir frá 10. maí til 23. nóvember. Framlag Íslands var verkið Hraunmyndanir (e. Lavaforming) eftir Arnhildi Pálmadóttur og teymi hennar hjá s.ap arkitektum. Mynd: Miðstöð hönnunar og arkitektúrs.

sýningunni en sendinefndin nýtti jafnframt tækifærið til að kynna sér viðskiptaumhverfið í Japan, hitta samstarfsaðila og efla tengsl við japönsk fyrirtæki og stofnanir.

Ísland er þekkt alþjóðlega fyrir fjölbreytt menningarlíf og sköpunarkraft. Íslenskt listafólk ber hróður landsins víða og fyrstu kynni margra af landi og þjóð eru í gegnum íslenska tónlist, bókmenntir eða kvikmyndir. Útflutningstekjur af listum og skapandi greinum hafa meira en tvöfaldast frá því að fyrsta útflutningsstefnan var kynnt árið 2019 og er gert ráð fyrir að þær geti aukist enn frekar á næstu árum. Samkvæmt endurskoðaðri útflutningsstefnu, sem samþykkt var í júní 2025, liggja helstu tækifæri einkum á sviði kvikmynda, tónlistar og hönnunar, auk aukins samstarfs við ferðaþjónustuna.

Utanríkisþjónustan gegnir lykilhlutverki í kynningu íslenskrar menningar og alþjóðlegu samstarfi á sviði lista og skapandi greina. Sendiskrifstofur standa að jafnaði fyrir á annað hundrað menningarviðburðum árlega og styðja listafólk og menningarstofnanir í alþjóðlegu samstarfi, í nánu samstarfi við menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið, listamiðstöðvar og Íslandsstofu.

Á árinu 2025 tóku sendiskrifstofur m.a. þátt í Nordic Film Days í París, þar sem kvikmyndin Snerting eftir Baltasar Kormák var opnunarmynd hátíðarinnar, sýningunni Icelandic Warehouse á dönsku hönnunarhátíðinni 3DaysofDesign, tónlistarhátíðinni Reykjavík Rising í Stokkhólmi og sýningum íslenskra listamanna í Gallerie Käytävä í sendiráðsbústaðnum í Helsinki. Utanríkisráðuneytið, Sviðslistamiðstöð og Íslandsstofa hófu samstarfsverkefnið Allur heimurinn er leiksvið, með viðburðum í Berlín, Helsinki og Osló. Árið 2025 lauk þriggja ára samstarfsverkefni utanríkisráðuneytisins, Myndlistarmiðstöðvar og Íslandsstofu um kynningu íslenskrar samtímalistar erlendis, þar sem þróuð var ferðasýning sem sett var upp í samstarfi við sendiskrifstofur í nokkrum stórborgum.

Áfram var unnið markvisst að tengslum og stuðningi við þýðendur íslenskra bókmennta, m.a. í samvinnu við Félag íslenskra bókaútgefanda. Í samvinnu við Íslandsstofu var unnið að framkvæmd Taste of Iceland hátíða í fjórum borgum Norður-Ameríku, þar sem íslensk menning, matur og skapandi greinar voru kynnt á völdum markaðssvæðum.

Í tilefni þess að liðin voru 30 ár frá samþykkt Peking-yfirlýsingarinnar og ályktunar Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi, og 50 ár frá kvennaverkfallinu á Íslandi, stóðu 15 sendiskrifstofur Íslands fyrir sýningum á heimildarmyndinni Dagurinn sem Ísland stöðvaðist. Í tengslum við

sýningarnar var efnt til umræðna um jafnréttismál og alþjóðlegan lærdóm af reynslu Íslands. Viðburðirnir vöktu mikla athygli og undirstrikuðu framlag Íslands til alþjóðlegrar umræðu um jafnrétti kynjanna.

Feneyjatvíæringur í arkítektúr

Ísland tók í fyrsta sinn þátt í Feneyjatvíæringnum í arkítektúr með eigin skála en sýningin stóð yfir frá 10. maí til 23. nóvember. Hraunmyndanir (e. Lavaforming) eftir Arnhildi Pálmadóttur og teymi hennar hjá s.ap arkitektum var framlag Íslands. Í sýningunni er sögð saga framtíðarsamfélags sem þróar framsæknar lausnir í mannvirkjagerð. Hraunrennsli er beislað, nýtt sem byggingarefni og tekst með því að umbreyta staðbundinni ógn í auðlind. Framlag Íslands vakti mikla athygli í erlendum fjölmiðlum og valdi *Financial Times* sýninguna meðal fimm áhugaverðustu verka hátíðarinnar.

Menningarsamstarf við Úkraínu

Undir lok árs 2025 ákváðu utanríkisráðuneytið og ráðuneyti menningar, nýsköpunar og háskóla að vinna saman að því að efla menningarsamstarf við Úkraínu, í samræmi við markmið þingsályktunar um stefnu um stuðning Íslands við Úkraínu. Ýmis verkefni eru í undirbúningi, en áhersla verður lögð á tvíhliða verkefni sem tengja saman listafólk, söfn og menningarstofnanir á Íslandi og í Úkraínu.

Úkraínsk stjórnvöld skilgreina menningarmál sem hluta af þjóðaröryggi og hafa óskað eftir stuðningi Íslands, m.a. við varðveislu menningarminja, en Rússar hafa gert markvissar árásir á úkraínska menningu og menningarminjar frá upphafi innrásar. Samkvæmt upplýsingum frá UNESCO hafa rúmlega 500 menningarlega mikilvægir staðir orðið fyrir skemmdum, m.a. sögulegar eða trúarlegar byggingar, söfn og minnismerki.

Framlag Íslands til Feneyjatvíæringsins vakti mikla athygli í erlendum fjölmiðlum og valdi Financial Times sýninguna meðal fimm áhugaverðustu verka hátíðarinnar. Mynd: Miðstöð hönnunar og arkitektúrs.

4.7 Vöru- og þjónustuviðskipti – helstu tölur

Í eftirfarandi kafla má finna tölulegar upplýsingar um vöru- og þjónustuviðskipti Íslands, þar með talið heildarútflutning, skiptingu eftir vörutegundum og viðskiptalöndum, og þróun útflutningstekna. Hafa ber í huga að stór hluti útflutnings til meginlands Evrópu fer um Holland, þar sem stærsta uppskipunarhöfn álfunnar er staðsett, en óljóst er hversu mikið af varningi heldur áfram til annarra ríkja. Sama getur einnig átt við um hafnir annarra Evrópuríkja.

Út- og innflutningur eftir helstu viðskiptalöndum

		2025 Vöruviðskipti				2024 Þjónustuviðskipti			
	Land/ríkjahópur	út	%	inn	%	út	%	inn	%
1	Holland	317.459	34%	71.628	5%	42.594	4.5%	66.172	9%
2	Bretland	91.448	10%	50.407	4%	86.122	9%	84.555	12%
3	Bandaríkin	85.438	9%	96.473	7%	315.260	32%	90.213	12,5%
4	Frakkland	67.399	7%	34.793	3%	30.111	3%	12.773	2%
5	Spánn	48.026	5%	25.516	2%	17.812	2%	50.022	7%
6	Þýskaland	40.416	4,5%	120.783	9%	62.850	6.5%	36.010	5%
7	Noregur	33.553	3.5%	137.567	10%	22.900	2.5%	30.069	4%
8	Pólland	27.796	3%	38.168	3%	7.439	1%	15.174	2%
9	Kína	25.394	3%	166.389	12%	11.008	1%	3.008	0.5%
10	Litháen	24.593	2,5%	21.285	2%	2.272	0.2%	6.091	1%
11	Portúgal	24.070	2,5%	4.195	0,3%	4.142	50%	6.785	1%
12	Danmörk	20.224	2%	82.919	6%	28.570	3%	40.953	6%
13	Svíþjóð	10.560	1%	57.361	4%	16.738	2%	25.294	3,5%
14	Belgía	9.923	1%	21.557	2%	9.832	1%	16.862	2%
15	Sviss	9.326	1%	10.372	1%	28.269	3%	13.644	2%
16	Japan	9.080	1%	17.734	1%	4.204	50%	986	0,1%
17	Nígería	8.328	1%	5	0%	52	0%	274	0%
18	Færeyjar	8.161	1%	3.185	0,2%	4.814	0.5%	14.242	2%
19	Kanada	8.071	1%	11.104	1%	35.366	3.5%	7.225	1%
20	Ungverjaland	4.904	0,5%	4.796	0,4%	4.114	50%	7.118	1%
	Heildarviðskipti	922.632		1.337.553		982.794		717.962	

* Rotterdam er stærsta uppskipunarhöfn Evrópu og stór hluti alls útflutnings til meginlands Evrópu fer þar um. Erfitt er að meta hversu stórt hlutfall þess útflutnings sem skráður er til Hollands verður eftir í Hollandi.
** Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð ásamt Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi.
*** Miðast við fríverslunarsamninga sem EFTA ríkin hafa gert og tekið hafa gildi 01.01.2025.

Heimild: Hagstofa Íslands. Fjárhæðir í milljónum króna.

Út- og innflutningur eftir helstu ríkjahópum og heimsálfum

	Útflutningur		Innflutningur	
	Vörur 2025	Þjónusta 2024	Vörur 2025	Þjónusta 2024
EES	647.290	781.054	768.938	477.720
ESB 27	613.699	279.029	631.350	404.000
Norðurlönd	78.527	318.847	296.928	120.886
Fríverslunarnet Íslands	51.364	84.997	239.785	43.248
Afríka	10.042	1.802	7.228	3.087
Ameríka	101.911	369.267	180.022	106.523
Asía	44.948	56.315	338.791	35.982
Eyjaálfa	4.814	18.615	32.616	2.667
Evrópa	760.917	515.077	847.200	565.763

Heimild: Hagstofa Íslands. Fjárhæðir í milljónum króna.

Stærstu útflutningslönd Íslands

		Útflutningur			Innflutningur		
	Land/Ríkjahópur	Vörur	Þjónusta *	Alls	Vörur	Þjónusta *	Alls
1	**Bandaríkin**	85.438	315.260	400.698	96.473	90.213	186.686
2	**Holland**	317.459	42.594	360.053	71.628	66.172	137.800
3	**Bretland**	91.448	86.122	177.570	50.407	84.555	134.962
4	**Þýskaland**	40.416	62.850	103.265	120.783	36.010	156.793
5	**Frakkland**	67.399	30.111	97.510	34.793	12.773	47.566
6	**Spánn**	48.026	17.812	65.838	25.516	50.022	75.538
7	**Noregur**	33.553	22.900	56.453	137.567	30.069	167.636
8	**Írland**	4.256	45.616	49.872	12.841	57.285	70.126
9	**Danmörk**	20.224	28.570	48.794	82.919	40.953	123.872
10	**Kanada**	8.071	35.366	43.437	11.104	7.225	18.329
11	**Malta**	168	39.187	39.355	364	15.668	16.032
12	**Sviss**	9.326	28.269	37.594	10.372	13.644	24.016
13	**Kína**	25.394	11.008	36.402	166.389	3.008	169.397
14	**Pólland**	27.796	7.439	35.235	38.168	15.174	53.342
15	**Portúgal**	24.070	4.142	28.212	4.195	6.785	10.980
16	**Svíþjóð**	10.560	16.738	27.298	57.361	25.294	82.655
17	**Litháen**	24.593	2.272	26.865	21.285	6.091	27.376
18	**Ítalía**	4.365	15.567	19.932	35.549	11.856	47.405
19	**Belgía**	9.923	9.832	19.756	21.557	16.862	38.419
20	**Japan**	9.080	4.204	13.284	17.734	986	18.720
	Heildarviðskipti	922.632	982.794	1.905.426	1.337.553	717.962	2.055.515

* 2024

Heimild: Hagstofa Íslands. Fjárhæðir í milljónum króna.

Vöruútflutningur eftir vörutegundum



Vörutegundir	2023		2024		2025	
Sjávarafurðir	352.186	38%	346.048	36%	358.662	38%
Afurðir áls	323.723	35%	324.965	34%	318.179	34%
Iðnaðarvörur, aðrar	174.410	19%	201.116	21%	175.649	19%
Landbúnaðarvörur	54.645	6%	62.580	7%	62.247	7%
Aðrar vörur	32.749	3%	36.008	4%	24.183	3%
Vöruútflutningur alls	**937.711**	**100%**	**958.416**	**100%**	**940.945**	**100%**

Fiskeldi sem hluti af landbúnaðarútflutningi



Þjónustuútflutningur eftir flokkum



Þjónustuflokkur	2022		2023		2024	
Farþegaflutningar með flugi	118.348	15,6%	173.095	17,8%	174.347	18%
Ferðalög	336.173	44,3%	430.439	44,2%	447.828	46%
Gjöld fyrir notkun hugverka ót.a.	71.201	1,5%	52.606	5,4%	35.424	4%
Fjarskipta-, tölvu- og upplýsingaþjónusta	65.708	8,6%	74.848	7,7%	73.397	7%
Önnur viðskiptaþjónusta	70.042	9,2%	77.499	8,0%	82.377	8%
Önnur þjónusta	157.668	20,8%	164.681	16,9%	169.343	17%
Þjónustuútflutningur alls	**819.140**	**100,0%**	**973.168**	**100,0%**	**982.716**	**100%**

Heimild: Hagstofa Íslands. Fjárhæðir í milljónum króna.

5 Borgaraþjónusta og upplýsingamál

Þegar Íslendinga rekur í nauðir á erlendri grundu geta þeir alltaf treyst því að borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins veiti þeim vernd og aðstoð.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, utanríkisráðherra, og José Manuel Albares Bueno, utanríkisráðherra Spánar, við opnun sendiráðsins í Madríd í desember 2025. Þörf fyrir borgaraþjónustu á Spáni hefur stóraukist undanfarin ár. Mynd: Utanríkisráðuneytið.

5.1 Efst á baugi: Metár í umsóknum um vegabréfsáritanir til Íslands

Borgaraþjónusta er ein af grunnstoðum utanríkisþjónustunnar og felst í því að aðstoða íslenska ríkisborgara í neyð erlendis. Á árinu var tekinn í notkun nýr skráningargrunnur borgaraþjónustu sem nefnist Borg og við það kom í ljós að umfang borgaraþjónustumála hafði verið verulega vanmetið. Á síðustu sex mánuðum ársins voru um 6.500 mál skráð. Þá var ný stefna á sviði borgaraþjónustu fyrir árin 2026–2030 birt í lok ársins.

Annasamt var í áritanamálum á árinu. Umsóknum um vegabréfsáritanir fjölgaði um 91% á milli ára og voru um 68.000 talsins árið 2025 – fleiri en nokkru sinni áður Um 40 starfsmenn sinna áritanamálum í utanríkisþjónustunni, bæði í ráðuneytinu sjálfu og á sendiskrifstofum. Utanríkisráðherra hefur lagt fram frumvarp þess efnis að framkvæmd áritanamála flytjist frá Útlendingastofnun til ráðuneytisins. Markmiðið er að tryggja skilvirka og samhæfða framkvæmd við útgáfu vegabréfsáritana.

5.2 Borgaraþjónustumál

Þegar Íslendinga rekur í nauðir á erlendri grundu geta þeir alltaf treyst því að borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins veiti þeim vernd og aðstoð. Þetta á til dæmis við í tilfelli veikinda, andláts, sakamála, afplánunar refsidóma eða tapaðra persónuskilríkja utan landsteinanna. Þá vaktar borgaraþjónustan hættu- og hamfarasvæði erlendis, miðlar upplýsingum og skipuleggur nauðsynlegar aðgerðir til hjálpar Íslendingum á hættustundu.

Gildi borgaraþjónustunnar eru þjónustulund, lipurð og lausnir.

Nærri 70 prósent aðspurðra, eða 69%, telja að borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins veiti góða þjónustu, þar af rúmlega 47 prósent sem telja að þar sé veitt mjög góð þjónusta. Þetta kemur fram í nýrri viðhorfskönnun sem Maskína gerir árlega fyrir utanríkisráðuneytið. Síðast þegar spurt var um þekkingu á og viðhorf til borgaraþjónustunnar, í apríl 2020, töldu 55% aðspurðra að borgaraþjónustan veitti góða þjónustu.

Könnunin leiðir í ljós að 14 prósent aðspurðra segjast þekkja vel til borgaraþjónustu utanríkisráðuneytisins og 34% í meðallagi vel. Tæplega 3,5 prósent aðspurða höfðu nú þegar leitað á náðir borgaraþjónustunnar til að leita aðstoðar eða úrvinnslu sinna mála á ferðalögum erlendis og 86,2% sögðust líklega myndu hafa samband við borgaraþjónustuna ef þau lentu í vandræðum erlendis.

Um mitt ár 2025 var Borg, nýtt skráningarkerfi fyrir borgaraþjónustu heima og að heiman, sett í loftið. Strax mátti sjá að fjöldi erinda hafði áður verið vanmetinn og á síðustu sex mánuðum ársins voru skráð um 6.500 erindi. Séu vegabréf og vegabréfsáritanatengd mál tekin út fyrir sviga eru málin um 2.300 talsins. Ný og endurskoðuð stefna utanríkisráðuneytisins á sviði borgaraþjónustu var gefin út í lok árs 2025. Hún gildir frá 2026 til 2030.

Borgaraþjónustan tekur við umsóknum um vegabréf og gefur út neyðarvegabréf erlendis. Þá vottar hún skilríki og skjöl, veitir þjónustu vegna fjarprófa við íslenskar menntastofnanir og framkvæmir utankjörfundaratkvæðagreiðslu erlendis. Umfang verkefnanna hefur vaxið jafnt og þétt á undanförnum árum.

Þá heldur ráðuneytið úti víðtæku neti kjörræðismanna sem aðstoða Íslendinga á þeim svæðum þar sem ekki eru íslenskar sendiskrifstofur. Kjörræðismenn Íslands voru í lok árs 204 talsins (fækkaði um níu á milli ára). Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands gáfu þeir og sendiskrifstofur Íslands út 285 neyðarvegabréf á árinu 2024. Það er töluverð fækkun frá fyrra ári og helst í hendur við hertar verklagsreglur um útgáfu þeirra. Sótt var um 4295 almenn vegabréf og 572 nafnskírteini á sendiskrifstofum Íslands og er aukning þar á milli ára. Langflestar umsóknir um vegabréf, eða 3112, koma frá sendiskrifstofum okkar á Norðurlöndunum.

Apostille-vottun skjala, sem eingöngu er framkvæmd af utanríkisráðuneytinu, telst til verkefna borgaraþjónustu. Einnig fer fram í ráðuneytinu vottun sem kölluð er keðjustimplun. Jafnan er um að ræða upprunastaðfestingu íslenskra skjala (stimplun) sem nota á erlendis. Í fyrra var ákveðið að vottun færi fram í húsnæði sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu með það að leiðarljósi að auka þjónustustig. Árið 2025 voru tæplega 8000 skjöl keðjustimpluð eða Apostille-vottuð sem er töluverð aukning frá fyrra ári.

Eðli málsins samkvæmt er mest álag á sendiskrifstofum og kjörræðismönnum á stöðum þar sem Íslendingar eru fjölmennir, svo sem í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og á Spáni. Nýtt sendiráð Íslands í Madríd var formlega opnað þann 1. desember 2025 enda hefur þörf fyrir borgaraþjónustu á Spáni stóraukist á undanförnum árum. Óformlega

Mynd: KSÍ.

Viðbragðsæfing í Genf vegna Evrópumóts í knattspyrnu

Á árinu 2025 fór fram viðbragðsæfing með sendiráði Íslands í Genf vegna Evrópumóts kvenna í knattspyrnu. Slíkar æfingar fyrir neyðartilvik Íslendinga erlendis eru virkur liður í samstarfi borgaraþjónustu ráðuneytisins og sendiskrifstofa. Æfingar eru haldnar með sendiskrifstofum til að tryggja og skýra hlutverk hvers viðbragðsaðila. Samhæfð og örugg viðbrögð sendiskrifstofa við umfangsmiklum neyðartilvikum erlendis eru eitt af meginmarkmiðum borgaraþjónustunnar.

er metið að rúmlega fjögur þúsund Íslendingar búi á Alicante-svæðinu hluta úr ári og talsverður fjöldi dvelur sömuleiðis á Kanaríeyjum. Þörf fyrir borgaraþjónustu á Spáni hefur stóraukist undanfarin ár. Mörg þeirra sem dveljast langdvölum á Spáni nýta talsvert þjónustu kjörræðismanna og borgaraþjónustu. Huga þarf sérstaklega að þörfum þess hóps varðandi t.d. útgáfu skilríkja, upplýsingagjöf um aðgengi að opinberri þjónustu, utankjörfundaratkvæðagreiðslum og fleiru.

5.3 Áritanamál

Áritanamál felast í afgreiðslu umsókna ríkisborgara þriðju landa um vegabréfsáritanir til Íslands og eru ört vaxandi málaflokkur innan utanríkisþjónustunnar. Eftir því sem vinsældir Íslands meðal ferðamanna aukast, verður þörfin fyrir útgáfu vegabréfsáritana meiri.

Utanríkisráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um vegabréfsáritanir sem felur í sér að framkvæmd áritanamála flyst frá Útlendingastofnun til utanríkisráðuneytisins. Markmið frumvarpsins er að tryggja skilvirka og samhæfða framkvæmd við útgáfu vegabréfsáritana í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar samhliða tryggri landamæravörslu. Um leið verða lögfestar heimildir til áhættugreininga o.fl. sem stuðla að tryggri landamærastjórn og öruggri framkvæmd landamæravörslu.

Alls starfa um 40 starfsmenn við áritanamál í utanríkisþjónustunni og áritanadeild ráðuneytisins fer með yfirumsjón þeirra. Þar starfa 10 fulltrúar sem sinna umsóknum um vegabréfsáritanir. Sendiráð Íslands í Peking og Nýju Delí afgreiða umsóknir frá Kína, Indlandi, Sameinuðu arabísku furstadæmunum og Malasíu. Sendiráð Íslands í London sér um umsóknir frá Bretlandi og Írlandi og Sendiráð Íslands í Washington afgreiðir umsóknir frá Bandaríkjunum og Kanada.

Á árlegu friðarráðstefnunni The Imagine Forum fór fram samtal ungmenna við Jessicu Stern, fyrrum sendifulltrúa Bandaríkjanna í málefnum LGBTQI+fólks. Þátttakendur voru Sylvía Martinsdóttir, forseti Landssambands ungmennafélaga, Stefanía Sigurdís Jóhönnudóttir, ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, sem hér heldur á hljóðnemanum, og Snæ Humadóttir, fulltrúi ungmennaráðs Samtakanna '78.
Mynd: Höfði friðarsetur.

Óformlega er metið að yfir fjögur þúsund Íslendingar búi á Alicante-svæðinu hluta úr ári. Þá sækja tugþúsundir Íslendinga Spán heim ár hvert.

Þá stendur til að opna áritanadeild í sendiráðinu í Tókýó sem mun annast umsóknir frá Japan, Taílandi, Filippseyjum, Indónesíu og Singapúr. Að auki mun utanríkisþjónustan taka við fyrirsvari umsókna frá Hong Kong á vormánuðum 2026 og verða þær sendar til sendiráðsins í Peking. Danir hafa hingað til afgreitt þessar umsóknir fyrir hönd Íslands. Utanríkisþjónustan annast því afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritanir sem lagðar eru inn í yfir 60 borgum í 13 löndum og sjálfstjórnarhéraðinu Hong Kong.

Á öðrum stöðum hafa verið gerðir fyrirsvarssamningar við níu ríki um útgáfu vegabréfsáritana fyrir hönd Íslands. Á grundvelli slíkra samninga má sækja um vegabréfsáritun hingað til lands í um það bil 120 borgum víðs vegar um heim.

Fyrirsvarssamningar hafa verið endurskoðaðir með það fyrir augum að Ísland taki við afgreiðslu umsókna í stað fyrirsvarsríkja. Við það fjölgar umsóknum sem Ísland afgreiðir sjálft og þannig aukast möguleikar á tekjuöflun gegnum umsóknargjöld.

Metár í fjölda umsókna

Þegar ráðist var í úrbætur á áritanastarfsemi utanríkisþjónustunnar árið 2024 var áætlað að fjölga umsóknum í um 35 þúsund árið 2025 og að þær yrðu komnar í 90 þúsund árið 2029. Árið 2025 bárust tæplega 68 þúsund umsóknir. Þannig fjölgaði innlögðum umsóknum um 91% á milli ára og hefur fjöldinn þrefaldast á tveimur árum. Hlutfallslega hefur fjölgunin verið mest í Bretlandi og Indlandi þar sem aukning er yfir 85% á milli ára en tæplega helmingur allra umsókna var lagður inn í Kína. Gert er ráð fyrir að umsóknum fjölgi áfram, einkum vegna opnunar áritanadeildar í Tókýó. Gróflega áætlaðar beinar tekjur af umsóknargjöldum árið 2025 nema um 900 milljónumkr. miðað við 68.000 umsóknir.

5.4 **Upplýsingamál**

Utanríkisráðuneytið hefur líkt og aðrar opinberar stofnanir ríka upplýsingaskyldu gagnvart almenningi. Upplýsingamiðlun ráðuneytisins tekur mið af upplýsingastefnu utanríkisþjónustunnar sem og upplýsingastefnu stjórnvalda frá 2022. Þar er lögð áhersla á gagnsæi í störfum stjórnvalda, öfluga miðlun upplýsinga og greiðan aðgang að upplýsingum. Ráðuneytið á frumkvæði að því að birta eftir föngum tiltækar upplýsingar um starfsemi sína sem eiga erindi við almenning. Árið 2025 birtust þannig 220 fréttatilkynningar á vef ráðuneytisins, þar af 44 á ensku. Þá heldur ráðuneytið úti sérstökum upplýsingasíðum um viðbrögð Íslands vegna átakanna fyrir botni Miðjarðarhafs og um viðbrögð íslenskra stjórnvalda við innrásinni í Úkraínu. Á síðunum er að finna upplýsingar um afstöðu Íslands, yfirlit yfir mannúðaraðstoð og varnartengda aðstoð í tilfelli Úkraínu og ræður og ályktanir sem Ísland hefur flutt eða tekið undir á vettvangi alþjóðastofnana. Upplýsingadeild heldur gjarnan utan um samskipti við fjölmiðla í tengslum við heimsóknir háttsettra erlendra leiðtoga til Íslands, s.s. heimsókn Ursulu von der Leyen, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, í júlí, Filippo Grandi, framkvæmdastjóra Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, í nóvember og Mark Rutte, framkvæmdastjórastjóra Atlantshafsbandalagsins, í sama mánuði. Einnig lék upplýsingadeild veigamikið hlutverk í undirbúningi og framkvæmd fjölmiðlaferðar til Úkraínu í febrúar sem fréttastofur RÚV, Stöðvar 2/Sýnar og *Morgunblaðið* tóku þátt í. Upplýsingadeild utanríkisráðuneytisins starfar náið með borgaraþjónustudeild og er lögð áhersla á að koma boðum og leiðbeiningum hratt og örugglega til íslenskra borgara sem eru staddir erlendis þar sem hættuástand skapast, til dæmis vegna náttúruhamfara eða öryggisógna, í náinni samvinnu við sendiskrifstofur Íslands. Þá berst jafnframt fjöldi fyrirspurna frá íslenskum fjölmiðlum um þess háttar mál. Ráðuneytið notar samfélagsmiðla í auknum mæli til þess að koma upplýsingum, fréttum og fróðleik á framfæri við

Rússneski stjórnarandstæðingurinn og blaðamaðurinn Vladimir Kara-Murza tók þátt í The Imagine Forum í október 2025. Mynd: Höfði friðarsetur.

Hversu vel eða illa fylgist þú með erlendum fréttum og fréttum af alþjóðamálum?

Hversu miklar eða litlar áhyggjur hefur þú af dreifingu falsfrétta?

Telur þú að fjölmiðlafrelsi sé mikið eða lítið á Íslandi?

Heimild: Maskína 2025

almenning. Utanríkisráðuneytið ber einnig ábyrgð á vöktun umræðu um land og þjóð í erlendum fjölmiðlum, bregst við umfjöllun þegar tilefni er til og miðlar upplýsingum í málum sem tengjast stöðu og orðstír Íslands og stefnu stjórnvalda eftir því sem þörf krefur. Upplýsingadeild tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi um miðlun upplýsinga um þróunarsamvinnu og tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi um viðbrögð við upplýsingaóreiðu og dreifingu falsfrétta.

Utanríkisráðuneytið hefur um árabil átt í góðu samstarfi við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands sem miðar að því að stuðla að aukinni umræðu um utanríkismál hér á landi. Árið 2025 stóð Alþjóðamálastofnun, í samstarfi við utanríkisráðuneytið og fleiri samstarfsaðila, að tveimur árlegum ráðstefnum, annars vegar Alþjóðasamvinna á krossgötum: Hvert stefnir Ísland? sem haldin var síðasta vetrardag og hins vegar árlegu friðarráðstefnunni Imagine Forum sem jafnan er haldin 10. október. Auk þess var á grundvelli þessa samstarfs efnt til ýmissa funda um alþjóðamál, gjarnan í tengslum við komu erlendra gesta hingað til lands, til að mynda í tengslum við 30 ára afmæli EES-samningsins á árinu. Utanríkisráðuneytið starfar einnig með Varðbergi, félagi um vestræna samvinnu og alþjóðamál, um kynningu og fræðslu á sviði öryggis- og varnarmála.

Undanfarin ár hefur ráðuneytið fengið rannsóknafyrirtækið Maskínu til þess að kanna viðhorf Íslendinga til alþjóðasamstarfs. Yfirgnæfandi meirihluti Íslendinga, eða 80 prósent, telur skv. könnun sem gerð var í mars 2025 hagsæld Íslands byggja á alþjóðlegum viðskiptum. Þá segja 81 prósent skipta miklu máli að Ísland hafi gott orðspor í alþjóðasamfélaginu og 70 prósent segja að þátttaka Íslands í alþjóðasamvinnu styrki fullveldi landsins. Íslendingar eru sem fyrr afar jákvæðir gagnvart norrænu samstarfi en alls segjast 87 prósent landsmanna jákvæðir gagnvart því að Ísland taki virkan þátt í því. Þá eru 82,2 prósent landsmanna jákvæðir gagnvart vestnorrænu samstarfi, það er samstarfi með Færeyjum og Grænlandi. Spurt um mikilvægi þess að Ísland styðji fullveldi og friðhelgi landamæra Konungsríkisins Danmerkur og sjálfsákvörðunarrétt Grænlendinga, segja 81,4% það vera mikilvægt en einungis 5,3% segja það lítilvægt. Fram kemur einnig að 72% landsmanna segja hafa miklar áhyggjur af þróun alþjóðamála, eða 72 prósent.

6 Rekstur utanríkis-þjónustunnar

Starfsemi utanríkisráðuneytisins er nú alfarið í Austurhöfn í sameiginlegu húsnæði með menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu. Flutningum lauk á árinu 2025 og höfðu allir starfsmenn flutt inn á fyrri hluta ársins.

Frá höfuðstöðvum utanríkisráðuneytisins við Austurhöfn í Reykjavík.
Mynd: Utanríkisráðuneytið.

6.1 **Rekstur utanríkisþjónustunnar**

Heildarfjárheimildir utanríkisráðuneytisins á árinu 2025, að teknu tilliti til gengisleiðréttinga, verðbóta og yfirfærslu fjárheimilda frá fyrra ári, námu 35.672,0 milljónum kr. Þessar fjárheimildir skiptast á tvö málefnasvið. Annars vegar sviðið 04 Utanríkismál, sem skiptist í fjóra málaflokka, 4.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála, 4.20 Utanríkisviðskipti, 4.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál, og 4.50 Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs. Hins vegar er málefnasvið 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna sem er einn málaflokkur: 35.10 Þróunarsamvinna.

6.2 **Rekstrarmál**

Húsnæðismál

Starfsemi utanríkisráðuneytisins er nú alfarið í Austurhöfn í sameiginlegu húsnæði með menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu. Flutningum lauk á árinu 2025 og höfðu allir starfsmenn flutt inn á fyrri hluta ársins. Um mitt ár afhenti utanríkisráðuneytið ríkinu fyrri höfuðstöðvar að Rauðarárstíg 25.

Skjalastjórn

Skilvirk skjalastjórn er mikilvæg í allri opinberri starfsemi. Það á ekki síst við um utanríkisþjónustuna. Með flutningsskyldu starfsfólks og árlegum starfsmannaskiptum henni tengdri er mikilvægt að starfsfólk geti treyst á áreiðanlega skráningu gagna og virkt aðgengi að skjölum. Innleiðingu málaskrárkerfisins Arkar lauk á árinu og er stefnt er að fræðsluferðum skjaladeildar um notkun kerfisins, á sendiskrifstofur á komandi misserum, sem og fræðslufyrirlestrum eftir þörfum í Austurhöfn. Á árinu var einnig lokið frágangi á skjalasafni utanríkisráðuneytisins á Rauðarárstíg. Þá hlaut skjalageymsla ráðuneytisins vottun Þjóðskjalasafns Íslands um mitt árið.

Tölvu-, tækni- og öryggismál

Tölvudeild ráðuneytisins sinnir allri tækniþjónustu við ráðuneytið og sendiskrifstofur Íslands erlendis. Deildin þjónustar rúmlega 300 notendur á 27 sendiskrifstofum um allan heim og í ráðuneytinu sjálfu.

Öryggismál hafa verið í fararbroddi síðustu ár hjá utanríkisþjónustunni. Ríkt áhersla er lögð á að sendiskrifstofur séu ætíð starfhæfar þótt samband við Ísland kunni að rofna. Til að tryggja örugga og góða þjónustu við sendiskrifstofur og starfsmenn heldur tölvudeildin úti neyðarsímavakt allan sólarhringinn, allan ársins hring.

Á árinu sameinuðust tölvudeild og deild öryggis- og húsnæðismála. Mikil uppbyggingarvinna er fram undan á árinu 2026. Ráðuneytið hefur tekið þá ákvörðun að segja upp núverandi þjónustusambandi við Umbru, þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins, og hyggst taka yfir rekstur á hugbúnaðarkerfum og skýjalausnum. Uppbyggingarverkefnið er umfangsmikið en það er talið nauðsynlegt fyrir starfsemi og öryggi ráðuneytisins og utanríkisþjónustunnar allrar.

Á árinu 2025 bárust tölvudeild um 5.700 verkbeiðnir, sem er aukning um 28% á milli ára.

Reglulegir flutningar starfsfólks milli starfsstöðva kalla á mun meiri vinnu tölvudeildar en gerist í öðrum ráðuneytum. Á árinu 2025 bárust tölvudeild um 5.700 verkbeiðnir. Það er 28% aukning frá árinu 2024 en þá bárust rúmlega 4.450 verkbeiðnir. Skýrist þetta að hluta til með fjölgun starfsfólks ráðuneytisins og flóknara tækniumhverfi.

Heildarfjárheimildir utanríkisráðuneytisins á árinu 2025, að teknu tilliti til gengisleiðréttinga, verðbóta og yfirfærslu fjárheimilda frá fyrra ári, námu 35.672,0 milljónum króna.

SVIÐSLJÓS

Mynd: Utanríkisráðuneytið.

Rauðarárstígur kvaddur eftir 30 ára þjónustu

Síðan Íslendingar tóku meðferð utanríkismála í eigin hendur hinn 10. apríl 1940 hefur utanríkisráðuneytið verið til húsa á fjórum stöðum í miðbæ Reykjavíkur. Fyrst um sinn var ráðuneytið í Stjórnarráðshúsinu en árið 1972 flutti það svo með allt sitt hafurtask að Hverfisgötu 115. Þar var ráðuneytið allt til 10. mars 1995 þegar það flutti að Rauðarárstíg 25. Áður höfðu landbúnaðarráðuneyti, Byggðastofnun og Framkvæmdasjóður verið þar til húsa. Ráðuneytið kvaddi svo Rauðarárstíginn að fullu árið 2025 þegar höfuðstöðvar þess voru fluttar í Austurhöfn.

Skipting heildarútgjalda til utanríkismála eftir málaflokkum



Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála	7.164.110.262	20,1%
Utanríkisviðskipti	1.214.000.000	3,4%
Samstarf um öryggis- og varnarmál	9.011.279.146	25,3%
Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs	3.629.800.000	10,2%
Þróunarsamvinna	14.652.792.716	41,1%

Þar af útgjöld til utanríkisþjónustu og stjórnsýslu utanríkismála



Sendiráð Íslands	4,501,889,059	12.6%
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	2,034,567,321	5.7%
Þýðingamiðstöð	462,176,626	1.3%
Önnur verkefni	165,477,256	0.5%

7 Sendiskrifstofur

Ísland starfrækir 27 sendiskrifstofur í 23 ríkjum, og skiptast þær í sendiráð, fastanefndir gagnvart alþjóðastofnunum og aðalræðisskrifstofur.

Kristján Andri Stefánsson, sendiherra Íslands í Madríd, afhendir Felipe VI, Spánarkonungi, trúnaðarbréf sitt við hátíðlega athöfn 12. september 2025. Kristján Andri er fyrsti sendiherra Íslands með aðsetur á Spáni. Mynd: Casa de S. M. el Rey.



7.1 Sendiskrifstofur Íslands

Ísland starfrækir 27 sendiskrifstofur í 23 ríkjum, og skiptast þær í sendiráð, fastanefndir gagnvart alþjóðastofnunum og aðalræðisskrifstofur.

Í forsetaúrskurði frá 2025 um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og aðalræðisskrifstofur segir til um staðsetningu íslenskra sendiskrifstofa en á árinu 2025 var sendiráð opnað í Madríd á Spáni og fastanefnd Íslands í Róm uppfærð í sendiráð.

Ísland er með 204 ólaunaða kjörræðismenn í 102 ríki. Lögð er rík áhersla á að viðhalda neti kjörræðismanna en á árinu 2025 voru 10 nýir kjörræðismenn skipaðir og 11 létu af störfum.



27 Sendiskrifstofur

23 Ríki

204 Kjörræðismenn

100 Ríki

Sendiráð
Fastanefnd
Aðalræðisskrifstofa
Kjörræðismaður

Sendiráð Íslands í Berlín

Öryggis- og varnarmál í brennidepli á annasömu ári

Meginverkefni sendiráðsins er að rækta stjórnmálasamband Íslands og Þýskalands, þ.m.t. í öryggis- og varnarmálum. Enn fremur styður sendiráðið við viðskipta- og menningarstarf fyrirtækja og listamanna, og veitir þeim fjölmörgu Íslendingum sem búa í Þýskalandi, og umdæmisríkinu Tékklandi, borgaraþjónustu.

Í febrúar á síðasta ári sóttu utanríkisráðherra og forsætisráðherra öryggisráðstefnuna í München. Auk tvíhliða funda tók forsætisráðherra þátt í pallborðsumræðum um öryggisumhverfi Evrópu og utanríkisráðherra í fundum er sneru að öryggismálum á norðurslóðum. Atvinnuvegaráðherra sótti eina stærstu ferðaþjónustukaupstefnu heims, ITB Berlín, sem haldin er í mars. Í maí var menningar-, nýsköpunar-, og háskólaráðherra heiðursgestur á menningarhátíðinni Nordischer Klang í Greifswald. Utanríkisráðherra átti tvíhliða fund með utanríkisráðherra Þýskalands í Berlín í desember.

Samstarf í varnarmálum jókst á árinu og sendiráðið tók þátt í að undirbúa heimsóknir ráðuneytisstjóra varnarmálaráðuneytis Þýskalands til Íslands í janúar og yfirmanns þýska heraflans í ágúst. Varnarmálaráðherra Þýskalands heimsótti Ísland í október þar sem undirrituð var sameiginleg viljayfirlýsing um aukið samstarf í öryggis- og varnarmálum.

Sendiherra norðurslóða heimsótti Berlín í september og fundaði með þýskum stjórnvöldum um samstarf í málaflokknum. Sama gerði sérstakur erindreki á sviði jafnréttismála sem kom til Berlínar í október í tengslum við sýningu heimildarmyndarinnar um Kvennafrídaginn. Forsetafrú Þýskalands og ráðherra jafnréttismála í ríkisstjórn Þýskalands voru meðal gesta.

Yfirmenn EES-mála frá Íslandi, Noregi og Liechtenstein funduðu í Berlín í mars og hittu þýsk starfssystkin. Þau tengsl nýttust síðar á árinu þegar sendiráðið sinnti erindrekstri vegna tollaákvörðunar ESB á kísiljárn. Sendiráðið sinnti margvíslegri viðskiptaþjónustu á árinu og tók m.a. þátt í kynningu á íslenskum fiski á Grüne Woche, studdi við þátttöku um 30 ferðaþjónustufyrirtækja á ITB, hélt áfram samvinnu við þýska jarðhitasambandið og heimsótti íslensk fyrirtæki í Þýskalandi.

Sem fyrr stóð sendiráðið fyrir fjölda menningarviðburða á árinu, þar á meðal í norrænni sýningu um barnabókmenntir og studdi við þátttöku Íslands á bókmenntasýningunum í Leipzig og Frankfurt. Sendiráðið tók þátt í tónlistarráðstefnum í Hamborg og Bremen, og menningarviðburðurinn „Sögur“, sem fram fór í annað skipti í desember, hefur fest sig í sessi sem lokaviðburður starfsársins.

Á síðasta ári var samkomulag undirritað um nýtt fjármögnunartímabil Uppbyggingarsjóðs EES í Tékklandi. Tékkland sinnti loftrýmisgæslu á Íslandi í maí og júní 2025 og fylgdu því ráðherraheimsóknir til Íslands.



Sendiherra
Auðunn Atlason (2024)

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
1952 (Bonn), 1999 (Berlín)

Umdæmisríki
Þýskaland og Tékkland

Fjölþjóðasamstarf
Sameiginlegt sendiráðssvæði
með Norðurlöndunum

Fjöldi útsendra diplómata
2

Fjöldi staðarráðinna
4

Sendiráð í Brussel

Öflug hagsmunagæsla á óvissutímum

Meginverkefni sendiráðsins í Brussel er að sinna hagsmunagæslu Íslands gagnvart Evrópusambandinu. Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á að styrkja þessa hagsmunagæslu á öllum sviðum, einkum með góðum samskiptum við helstu ráðamenn Evrópusambandsins. Árið 2025 voru þessi tengsl ræktuð af krafti, meðal annars með fundum forsætisráðherra Íslands með forseta framkvæmdastjórnar ESB, Ursulu von der Leyen, og forseta leiðtogaráðs þess, Antonio Costa, auk heimsóknar von der Leyen til Íslands. Utanríkisráðherra átti jafnframt fundi með utanríkismálastjóra ESB, Kaju Kallas, og Maros Sefcovic, viðskiptastjóra sambandsins, og tók þátt í óformlegum fundi utanríkisráðherra sambandsins.

Ísland fór með formennsku af hálfu EFTA-ríkjanna í EES-samstarfinu á síðari hluta ársins 2025 og stóð fyrir fjölbreyttum viðburðum í því samhengi. Sendiráðið skipulagði þannig – í samvinnu við dönsku formennskuna í ráði ESB – pallborðsumræður sem fram fóru í tengslum við fund EES-ráðsins í nóvember. Þar var fjallað um mikilvægi samstarfs innan EES til þess að efla öryggi og viðnám þeirra grunngilda sem lýðræðislegt stjórnarfar byggist á, réttarríkisins og mannréttindaverndar. Utanríkisráðherra tók þátt í umræðunum ásamt utanríkisráðherrum Noregs, Liechtenstein og Evróputáðherra Danmerkur, auk fulltrúa frá framkvæmdastjórn og utanríkisþjónustu ESB.

Þá fór hin árlega ráðstefna Our Climate Future fram í Brussel í október í samvinnu við sendiráðið. Þar var sjónum beint að nýtingu jarðhita í Evrópu og tóku Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis- auðlinda- og loftslagsráðherra, og Dan Jörgensen, orkumálastjóri ESB, til máls. Þá stóð sendiráðið fyrir vinnustofu um áhrif langtímafjárhagsáætlunar ESB á þátttöku EFTA-ríkjanna í rannsóknarstarfi sambandsins.

EES-samstarfið hefur ekki farið varhluta af vaxandi spennu í alþjóðamálum og deilum um alþjóðaviðskipti. Ísland, Liechtenstein og Noregur lögðu því ríka áherslu á að tryggja að aðgangur EFTA-ríkjanna að innri markaði ESB yrði fyrir sem minnstu áhrifum af þessari þróun og þeirri stefnu sambandsins að styrkja efnahagslegt öryggi sitt og vernda evrópskan iðnað. EFTA-ríkin andmæltu þannig af krafti þegar framkvæmdastjórn ESB ákvað að virkja verndarákvæði 112. gr. EES-samningsins til að styðja við járnblendisframleiðslu innan sambandsins. Í formennskutíð sinni hafði Ísland frumkvæði að því að efla og samræma sameiginlega hagsmunagæslu EFTA-ríkjanna í Brussel.

Sendiráðið í Brussel sinnir einnig tvíhliðasamskiptum við Belgíu, Holland og Lúxemborg.

Sendiherra
Stefán Haukur Jóhannesson (2025)

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
1967

Umdæmisríki
Belgía, Lúxemborg og Holland

Fjölþjóðasamstarf
Sendiráðið er jafnframt sendiráð Íslands gagnvart Evrópusambandinu

Fjöldi útsendra diplómata
5 útsendir diplómatar, 11 sérfræðingar frá öðrum ráðuneytum og 1 sérfræðingur í hlutastarfi tímabundið

Fjöldi staðarráðinna
3



Sendiráð í Freetown

Jafnrétti og valdefling kvenna í öndvegi

Árið 2025 var annað starfsár sendiráðs Íslands í Freetown. Haldið var áfram að styrkja viðveru Íslands í landinu og rækta tengsl við stjórnvöld, alþjóðastofnanir og aðra samstarfsaðila. Meginhlutverk sendiráðsins er að sinna þróunarsamvinnu þar sem áhersla er lögð á jafnrétti, mannréttindi og umhverfis- og loftslagsmál.

Á árinu 2025 voru jafnrétti og valdefling kvenna í öndvegi í verkefnum sendiráðisins. Þrír íslenskir sérfræðingar tóku þátt í vinnustofu um konur, frið og öryggi í tengslum við málefni hafsins í byrjun árs. Þá skipulagði sendiráðið og hélt utan um vinnuheimsókn jafnréttis- og barnamálaráðherra Síerra Leóne til Íslands í nóvember en ráðherrann tók þátt í Heimsþingi kvenleiðtoga í Reykjavík auk þess sem hún átti tvíhliða fundi með forseta Íslands og öðrum ráðamönnum á Íslandi.

Áfram var unnið að því að útrýma fæðingarfistli (e. obstetric fistula) í samstarfi við Mannfjöldasjóð SÞ (UNFPA), en fistill er alvarlegt og viðvarandi vandamál í þróunarlöndum sem einkum fátækar og jaðarsettar stúlkur og konur þjást af. Áhersla var lögð á að efla mæðravernd sem fyrirbyggjandi aðgerð og var aðbúnaður bættur á alls ellefu afskekktum heilsugæslustöðvum sem þjóna hátt í 200 þúsund manns. Einnig fór af stað samstarfsverkefni með UNFPA um að uppræta kynfæralimlestingar kvenna og stúlkna, en þessi skaðlega siðvenja á sér djúpar rætur í menningu landsins og því afar útbreidd. Ýtarlegar er fjallað um þessi mál í kaflanum um þróunarsamvinnu.

Þá studdi sendiráðið stjórnvöld við innleiðingu nýlegrar jafnréttislöggjafar á sveitastjórnarstigi, í samstarfi við UN Women og Þróunaráætlun SÞ (UNDP). Sendiráðið tók þar að auki virkan þátt í málsvarastarfi um kynjafnrétti, þ.á m. alþjóðlegu 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi sem leitt var af jafnréttis- og barnamálaráðuneyti landsins og UN Women. Þá var félagasamtökunum Girls Advocacy Development Network veittur sérstakur styrkur til að halda landsmót stúlkna sem sótt var af 500 þátttakendum frá öllum 16 héruðum Síerra Leóne.

Í samstarfi Íslands og Barnahjálpar SÞ (UNICEF) á sviði vatns- og hreinlætismála þar sem sérstök áhersla er lögð á velferð kvenna og barna bar hæst að byggingu níu leikskóla í afskekktum sjávarþorpum lauk á árinu sem mun stórbæta umönnun og menntun um eitt þúsund barna.



Forstöðumaður
Ásdís Bjarnadóttir

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
2024

Umdæmisríki
Síerra Leóne

Fjölþjóðasamstarf
UNICEF, UNFPA, UN Women, WFP, UNDP,

Fjöldi útsendra diplómata
3

Fjöldi staðarráðinna
5

Sendiráð í Helsinki

Ríkisheimsókn forseta Íslands og tvíhliða yfirlýsing um varnarmál

Árið 2025 var viðburðarríkt hjá sendiráði Íslands í Helsinki. Finnar sinntu formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2025 og sóttu margir íslenskir ráðherrar fundi í Finnlandi á árinu. Á haustmánuðum fór forseti Íslands í ríkisheimsókn til Finnlands og við það tilefni undirrituðu utanríkisráðherra Íslands og varnarmálaráðherra Finnlands tvíhliða yfirlýsingu um varnarmál. Þá fylgdi forsetanum einnig viðskiptasendinefnd sem skipuð var fulltrúum 25 íslenskra fyrirtækja á sviði orkumála, hátækni og leikjaiðnaðar.

Innráðsarstríð Rússlands í Úkraínu hefur áfram talsverð áhrif á störf sendiráðsins. Öll fjögur umdæmisríkin – Finnland, Eistland, Litáen og Lettland – eiga landamæri að Rússlandi og eru þau öll í NB8-samstarfinu. Öryggis- og varnarmál eru því í öndvegi og fjölmargir samstarfsfundir NB8-ríkjanna sóttir í umdæmisríkjum öllum. Þar er megináhersla lögð á samstarf ríkjanna átta um varnir og aðstoð við Úkraínu. Sendiráðið sinnti um 130 fundum er varða stjórnmál og öryggis- og varnarmál á árinu.

Sendiráðið vann einnig ötullega með íslenskum fyrirtækjum á árinu 2025. Ber þar hæst að nefna sprota- og tækniráðstefnuna Slush þar sem fjölmörg íslensk fyrirtæki tóku þátt, áðurnefnda heimsókn viðskiptasendinefndarinnar sem fylgdi forseta Íslands, ferðaviðburð með Icelandair, opnun AtNorth gagnavers í Helsinki, kaup Landsbjargar á björgunarskipum frá Kokkola og margt fleira. Sendiráðið vann einnig að hagsmunagæslu vegna tolla Evrópusambandsins á kísiljárn á fjölmörgum fundum í Finnlandi og Eystrasaltsríkjunum þremur, sem öll studdu Ísland á endanum.

Sendiráðið tók þátt í Helsinki Design Week, íslenskar kvikmyndir voru sýndar á kvikmyndahátíðum, íslenskir kórar sungu, sendiráðið kynnti íslensk leikskáld á viðburði í samstarfi við sviðslistamiðstöð og rithöfundar tóku þátt í spjalli við aðdáendur. Sendiráðið stóð fyrir sjö myndlistarsýningum, með tólf listamönnum, og tvennum tónleikum í Gallerie Käytävä í sendiherrabústaðnum. Sendiráðið stóð einnig fyrir jafnréttisviðburði í Kino Regina, sýndi heimildarmyndina Dagurinn sem Ísland stöðvaðist og Sigrún Gyða Sveinsdóttir framdi gjörning. Ræðismaður Íslands í Vilníus opnaði íslenska myndlistarsýningu.

Þá opnaði sendiherra samsýningu í Narva í Eistlandi á vegum Norræna hússins á Íslandi, sýningu Ragnars Kjartanssonar í Tallinn, afhjúpaði útilistaverk Ólafs Elíassonar í Helsinki og mætti á yfirlitssýningu Rúríar í Vilníus.

Sendiherra
Harald Aspelund (2022)

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
1997

Umdæmisríki
Finnland, Eistland, Lettland og Litháen

Fjöldi útsendra diplómata
1

Fjöldi staðarráðinna
4 (3,6 stöðugildi)

Sendiráð í Kampala

Afmælisárið markar tímamót í samstarfinu

Allt frá því að tvíhliða þróunarsamtarf við Úganda hófst fyrir 25 árum hefur Ísland lagt áherslu á bætt lífskjör í fiskisamfélögum við Viktoríuvatn. Tugþúsundir hafa fengið aðgang að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu, aðstaða til náms hefur tekið stakkaskiptum og stutt hefur verið við heimamenn til að byggja á grunni héraðsverkefna. Við lok afmælisársins 2025 stóð samvinnan á tímamótum. Samstarfi lauk við Buikwe-hérað sem staðið hafði í rúman áratug, ný verkefni í Namayingo-héraði í farvatninu og val á fleiri samstarfshéruðum yfirstandandi. Horfur eru á að 2026 styðji Ísland við þrjú héraðsverkefni í Úganda.

Önnur verkefni í Úganda taka mið af áhersluatriðum í þróunarsamvinnu Íslands: mannréttindum, kynjajafnrétti og umhverfis- og loftslagsmálum. Ísland hefur verið bakhjarl mannréttindasamtakanna DefendDefenders sem berjast meðal annars fyrir réttindum hinsegin fólks í heimshlutanum. Í ársbyrjun 2025 hóf Ísland samstarf við samtökin Ipas um bætta þjónustu við konur í kjölfar þungunarrofs og nýverið var samið við samtökin FIDA um verkefni um lagalega valdeflingu kvenna í fiskisamfélögum. Þá hefur skólamáltíða- og loftslagsverkefni með Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna í Karamoja, fátækasta svæði landsins, verið framlengt.

Úganda er það Afríkuríki sem tekur á móti flestu flóttafólki; hátt í tvær milljónir manna frá grannríkjum leita þar skjóls. Ísland hefur um árabil stutt við flóttafólk og viðtökusamfélög í norðurhluta landsins með samstarfi við Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) á sviði vatns- og hreinlætismála. Annað verkefni með UNICEF í vesturhluta Úganda miðar að því að hjálpa mæðrum á unglingsaldri og börnum þeirra til að brjótast úr fátækt. Verkefnið hefur verið framlengt til fjögurra ára.

Ísland leggur í auknum mæli áherslu á kyn- og frjósemisheilbrigði og réttindi í Úganda, meðal annars með samstarfi við Mannfjöldasjóðinn (UNFPA) um aðgerðir gegn fæðingarfistli í Namayingo. Þá miðar nýtt verkefni með Hollandi að því að valdefla ungt fólk og konur á barneignaraldri á Kalangala-eyjum í því skyni að þær geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigin framtíð og hlotið bætta þjónustu.

Menntamál eru svo sem endranær í öndvegi og til marks um það er nýtt verkefni með alþjóðlegu félagasamtökunum VVOB sem leiða á til betri námsárangurs skólabarna í héruðum við Kyogavatn.



Forstöðumaður
Hildigunnur Engilbertsdóttir

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
Umdæmisskrifstofa ÞSSÍ var opnuð árið 2000 og árið 2004 fékk skrifstofan diplómatísk réttindi og breyttist í sendiráð.

Umdæmisríki
Úganda

Fjölþjóðasamstarf
UNICEF, UNFPA, UNHCR, WFP

Fjöldi útsendra diplómata
3

Fjöldi staðarráðinna
3

Sendiráð í Kaupmannahöfn

Annasamt ár fyrir danska stjórnsýslu, menningardagskrá í Tívolí og nýsköpun

Árið var viðburðarríkt fyrir dönsku stjórnsýsluna enda gegndu Danir formennsku í Evrópusambandinu og áttu sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna á sama tíma og Grænland tók við formennsku í Norðurskautsráðinu fyrir hönd danska konungsríkisins. Veigamikill þáttur í starfsemi sendiráðsins hefur því verið að fylgjast með og greina þróun mikilvægra mála í Danmörku, sem varða hagsmuni Íslands. Má þar nefna verndartolla Evrópusambandsríkjanna á járnblendi, áframhaldandi innrásarstríð Rússa í Úkraínu og „Grænlandsmálið“.

Auk þess að hlúa að stjórnmálasamskiptum Íslands og Danmerkur sinnti sendiráðið borgaraþjónustu ötullega enda eru um 15 þúsund Íslendingar búsettir í Danmörku og á Skáni. Þá nýta margir íslenskir ferðalangar sér þjónustu sendiráðsins sömuleiðis. Þannig er borgaraþjónustan drjúgur þáttur í starfsemi sendiráðsins.

Viðskipta- og menningarviðburðir settu mikinn svip á starfsemi sendiráðsins árið 2025. Skráðir gestir í sendiráðið og sendiráðsbústaðinn voru um hálft annað þúsund og viðburðir sendiráðsins á menningar- og viðskiptasviðinu fjölmargir. Þar ber hæst glæsilega jólatónleika íslensku kóranna í Kaupmannahöfn í Kristjánsborgarhallarkirkju. Hennar hátign Benedikte prinsessa var sérstakur heiðursgestur tónleikanna.

Þá kom sendiráðið að skipulagningu fjölbreyttrar menningardagskrár í Tívolí í tilefni af þjóðhátíðardegi Íslands. Karlakórinn Fóstbræður tók lagið ásamt íslensku kórunum í Kaupmannahöfn og íslensk fyrirtæki nýttu tækifærið til að kynna starfsemi sína. Tvær myndlistarsýningar voru opnaðar í sýningarrými sendiráðsins á árinu, auk þess sem hönnunarsýning var sett á laggir í samvinnu við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs og Íslandsstofu. Sýningin var hluti af hönnunarhátíðinni 3daysofDesign, sem hefur fest sig í sessi sem ein stærsta hönnunarhátíð Norðurlanda. Fjölmörg vel sótt bókmennta- og kvikmyndakvöld voru haldin í samvinnu við Norðurbryggju og Nordatlantisk Hus í Óðinsvéum. Haldnar voru þó nokkrar móttökur fyrir íslensk fyrirtæki sem hyggjast sækja á danskan markað, þar á meðal fyrir þau rúmlega fimmtíu íslensku fyrirtæki sem tóku þátt í sprota- og nýsköpunarviðburðinum TechBBQ. Viðburðurinn hefur skipað sér mikilvægan sess í nýsköpunarumhverfinu á Norðurlöndunum og metþátttaka var í ár.



Sendiherra
Pétur Ásgeirsson

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
1920

Umdæmisríki
Konungsríkið Danmörk og Grikkland

Fjölþjóðasamstarf
Uppbyggingasjóður EES

Fjöldi útsendra diplómata
1

Fjöldi staðarráðinna
5

Sendiráð í Lilongwe

Góður árangur fyrir konur í Nkhotakota og minningarsjóður

Forseta- og þingkosningar í Malaví í september lituðu starf sendiráðsins á síðari hluta ársins 2025. Uppi voru áhyggjur af mögulegum róstum kringum kosningarnar og brestum í framkvæmd þeirra en kjördagur fór að lokum friðsamlega fram og stjórnarandstaðan vann afgerandi sigur. Valdaskipti gengu snurðulaust fyrir sig og almennt var litið svo á að kosningarnar hefðu sýnt fram á virkt og gott lýðræði í landinu. Ný ríkisstjórn tók við í október og brýnasta verkefni hennar verður að koma á stöðugleika í efnahagsmálum. Staða þeirra er enda grafalvarleg; gjaldeyri skortir tilfinnanlega, fjárlagahalli er ótæpilegur og verðbólga um 30%.

Í starfsemi sendiráðsins voru mannréttindi og jafnréttismál áfram í forgrunni. Tveimur verkefnum í þessum málaflokki lauk á árinu. Annars vegar var um að ræða verkefni sem miðaði að aukinni kosningaþátttöku kvenna og hins vegar verkefni sem fólst í að styðja við lögbundið hlutverk Mannréttindastofnunar Malaví. Þá beindust kraftar sendiráðsins einnig mikið að verkefnum á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis. Samstarfsverkefni með UNFPA og Ipas héldu áfram og skiluðu áþreifanlegum árangri fyrir konur í Nkhotakota. Kvenlækningadeild héraðsspítalans var jafnframt gerð upp og formlega opnuð í nóvember.

Í tilefni Kvennaársins 2025 og 50 ára afmælis kvennaverkfallsins á Íslandi tók sendiráðið þátt í Evrópsku kvikmyndahátíðinni í Lilongwe í júní þar sem heimildarmyndin Dagurinn sem Ísland stöðvaðist var sýnd. Í framhaldinu var myndin sýnd í fjórum af stærstu háskólum landsins í samstarfi við Mannréttindastofnun Malaví. Snemma á haustmánuðum efndi sendiráðið til viðburðar í samvinnu við UN Women Malaví til að minnast Senior Chief Theresa Kachindamoto. Hún féll frá í ágúst. Íslensk stjórnvöld höfðu starfað með henni um árabil í baráttunni gegn barnahjónaböndum. Á viðburðinum var jafnframt tilkynnt um að minningarsjóður í hennar nafni verði settur á laggir.

Á árinu 2025 var einnig unnið að því að renna tryggari stoðum undir þróunarsamvinnu í héruðum Malaví. Undir lok árs var skrifað undir yfirlýsingu um samstarf í þremur nýjum héruðum landsins. Þá vann sendiráðið einnig að því að styrkja enn frekar tengsl Íslands og Malaví utan hefðbundinnar þróunarsamvinnu, meðal annars með því að gera samning við Ascent Soccer fótboltaakademíuna um jafnréttisverkefni.



Forstöðumaður
Davíð Bjarnason

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
2004

Umdæmisríki
Malaví

Fjölþjóðasamstarf
UNDP, UNFPA, WFP, UNOPS, UN WOMEN, UNICEF

Fjöldi útsendra diplómata
3

Fjöldi staðarráðinna
9

Sendiráð í London

Samstarfi í varnarmálum vex fiskur um hrygg

Samstarf Íslands og Bretlands á sviði öryggis- og varnarmála var áfram veigamikill partur af starfsemi sendiráðsins árið 2025, ekki síst í tengslum við þátttöku Íslands í sameiginlegu viðbragðssveitinni (e. Joint Expeditionary Force, JEF). Aukið samstarf þjóðanna á þessu sviði og staða alþjóðamála voru því í brennidepli á reglulegu tvíhliða samráði Íslands og Bretlands, sem fram fór í London í maí. Stuttu síðar fór David Lammy, þáverandi utanríkisráðherra Bretlands, í vinnuheimsókn til Íslands og fundaði með utanríkisráðherra á öryggissvæðinu í Keflavík. Á fundinum var lögð rík áhersla á öryggis- og varnarmál og náið samstarf þjóðanna í þeim efnum auk þess sem tvíhliða samskipti ríkjanna, samband þeirra við Evrópusambandið, málefni Úkraínu og Atlantshafsbandalagsins og staða alþjóðamála voru á dagskrá.

Á haustmánuðum heimsótti sendiherra verkefnið Operation Interbow í York, Englandi þar sem bráðatæknar frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins taka þátt í þjálfun úkraínskra hermanna í fyrstu hjálp á vígvellinum undir stjórn breska hersins. Þátttaka Íslands í verkefninu er hluti af varnartengdum stuðningi Íslands við Úkraínu og grundvallast á beiðni úkraínskra stjórnvalda til Atlantshafsbandalagsins um sértækan stuðning.

Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, átti einkafund með Karli III Bretakonungi í Buckingham-höll í nóvember þar sem þau ræddu meðal annars alþjóðamál, jarðvarma, orkuskipti og heilsu hafsins. Forseti heimsótti einnig háskólana London Business School og King‘s College í ferðinni.

Írland er umdæmisríki sendiráðsins og í nóvember var forseta Alþingis boðið í opinbera heimsókn þangað ásamt sendinefnd þingmanna. Í sama mánuði tók sendiherra þátt í dagskrá þegar heimildarmyndin Dagurinn sem Íslands stöðvaðist var sýnd þar í landi í tilefni af því að 50 ár voru liðin frá kvennaverkfallinu á Íslandi.

Menningarverkefni voru áberandi í starfi sendiráðsins árið 2025 og bar þar hæst þátttöku Íslands í samnorrænu sýningunni Nordic Noir í British Museum. Sendiráðið stóð einnig fyrir og tók þátt í fjölda menningartengdra viðburða, sem haldnir voru til þess að vekja athygli á íslenskri menningu í Bretlandi og styrkja menningartengslin milli landanna.

Mikil aukning var í útgáfu vegabréfsáritana vegna ferðalaga til Íslands og var áritunardeild sendiráðsins stækkuð til að koma til móts við fjölgun umsókna. Sendiráðið sinnti að vanda fjölda borgaraþjónustuverkefna ásamt því að gæta hagsmuna Íslands á sviði utanríkis- og viðskiptamála.

Sendiherra
Sturla Sigurjónsson

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
1940

Umdæmisríki
Bretland, Írland og Malta

Fjölþjóðasamstarf
Sendiráðið er fastanefnd Íslands gagnvart Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) í London. Sameiginlega viðbragssveitin (JEF)

Fjöldi útsendra diplómata
3

Fjöldi staðarráðinna
6

Sendiráð í Madríd

Nýtt sendiráð, aukin viðskiptatengsl og sterkari borgaraþjónusta

Sendiráð Íslands í Madríd var opnað með viðhöfn á fullveldisdaginn 1. desember 2025. Utanríkisráðherra sótti opnunina ásamt ráðuneytisstjóra og tók þátt í tveimur viðburðum sem efnt var til. Sá fyrri fór fram í viðhafnaraðsetri utanríkisráðuneytis Spánar og var helgaður tvíhliða samstarfi ríkjanna. Utanríkisráðherrar Íslands og Spánar lögðu línurnar í upphafi en síðan fóru fram pallborðsumræður um norðurslóðir annars vegar og samstarf undir merkjum mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna hins vegar þar sem bæði ríkin eiga sæti.

Seinni viðburðurinn var helgaður umræðu um aukin viðskiptatengsl landanna tveggja. Spánn er meðal mikilvægustu útflutningslanda okkar og viðskipti með saltfisk þangað eiga sér langa og farsæla sögu. Tvennar pallborðsumræður fóru fram á þessum viðburði. Hinar fyrri snerust um bláa hagkerfið og aukið samstarf um sjálfbæra nýtingu á auðlindum hafsins og hinar seinni um grænar lausnir – bæði löndin eru enda leiðandi á sviði orkumála, nýsköpunar og sjálfbærrar ferðaþjónustu.

Bæði íslensk og spænsk fyrirtæki tóku þátt í viðburðinum. Sautján íslensk fyrirtæki mynduðu viðskiptasendinefnd sem utanríkisráðherra fór fyrir. Báðir viðburðirnir heppnuðust vel og höfðu fjölmörg viðskiptatækifæri í för með sér, til dæmis á sviði framleiðslukeðjunnar í sjávarútvegi, nýsköpunar í lyfjageiranum og sjálfbærrar ferðaþjónustu. Reynsla Spánverja á síðastnefnda sviðinu getur verið afar gagnleg og áhugaverð fyrir okkar ört vaxandi markað og sendiráðið í Madríd getur liðkað þar fyrir tvíhliða samstarfi.

Borgaraþjónustan er mikilvægur þáttur í starfseminni sem sinna þarf af alúð og árvekni. Um fjórðungur íslensku þjóðarinnar ferðast til Spánar á hverju ári og töluverður fjöldi hefur þar aðsetur í lengri eða skemmri tíma. Við eigum því láni að fagna að búa að öflugu neti kjörræðismanna á Spáni sem löngum hafa verið útverðir okkar á þessum stöðum. Sendiráðið í Madríd getur nú veitt þeim betri stuðning en þeir hafa áður notið. Fulltrúar sendiráðsins munu jafnframt leitast við að veita fjölmennum samfélögum Íslendinga betri þjónustu, s.s. með því að fara reglulega til þeirra og gera fólki kleift að greiða atkvæði í kosningum, sækja um vegabréf og fleira.

Sendiráðinu sjálfu hefur verið valinn staður miðsvæðis í Madríd, nálægt torgi Kristófers Kólumbusar og í grennd við hin norrænu sendiráðin. Þar vinna fjórir starfsmenn auk sendiherra.

Sendiherra
Kristján Andri Stefánsson

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
2025

Umdæmisríki
Spánn, Andorra, Argentína, Síle, Kólumbía, Perú og Venesúela

Fjöldi útsendra diplómata
2

Fjöldi staðarráðinna
3 (2 í fullu starfi, 1 í hálfu starfi)

Sendiráð í Nýju-Delí

Efnahags- og fríverslunarsamningur markar tímamót

Árið 2025 markaði tímamót í samskiptum Íslands og Indlands með gildistöku efnahags- og fríverslunarsamnings Indlands og EFTA, Trade and Economic Partnership Agreement (TEPA), þann 1. október.

Samningurinn er afar mikilvægur fyrir EFTA-ríkin og kveður á um vilja þeirra til þess að fjárfesta á Indlandi fyrir allt að 100 milljarða bandaríkjadala á næstu fimmtán árum. Indversk stjórnvöld hafa jafnframt skuldbundið til þess að liðka fyrir viðskiptum milli ríkjanna, m.a. með því að setja á laggir sérstaka EFTA-þjónustumiðstöð kringum verkefnið.

TEPA felur í sér verulegar tollaívilnanir fyrir íslenskt atvinnulíf, þar á meðal afnám eða lækkun tolla á iðnaðarvörum, sjávarafurðum og landbúnaðarafurðum. Þetta skiptir íslensk fyrirtæki í matvælaiðnaði og sjávarútvegi máli í ljósi þess að samningurinn greiðir fyrir auknum aðgangi þeirra að neytendamarkaði 1,4 milljarða manna þjóðar. Þá nýtur þjónustugeirinn einnig ávinnings af samningnum, meðal annars á sviði upplýsingatækni, viðskiptaþjónustu, menntunar og faglegrar ráðgjafar.

Til að kynna samninginn fyrir indversku viðskiptalífi sótti sendiráðið um og hlaut styrk frá Norrænu ráðherranefndinni. Kynningarstarfið innan Indlands mun vara út árið 2026. Sendiráðið leiðir verkefnið í samstarfi við norska sendiráðið. Helstu áherslur sendiráðsins í viðskiptasamstarfi beinast að sjávarafurðum, jarðhita og grænum loftslagslausnum. Á sviði jarðhitamála hefur sendiráðið unnið náið með ÍSOR, Verkís og Geotropy að verkefnum og sinnt tæknilegri samvinnu og þekkingarmiðlun til Indlands, sem hefur sett sér metnaðarfull markmið um uppbyggingu endurnýjanlegrar orku fyrir árið 2030.

Einnig hefur verið unnið markvisst að því að fjölga indverskum ferðamönnum til Íslands í samstarfi við Íslandsstofu og Icelandair. Umsóknum um vegabréfsáritanir til sendiráðsins fjölgaði um 87% milli ára frá 2024 til 2025 og af þeim sökum hefur útsendum starfsmönnum verið fjölgað í þrjá.

Pólitískrar ólgu gætti í Nepal, sem er eitt umdæmisríkja sendiráðsins, þegar mótmæli brutust út á haustmánuðum 2025 í kjölfar samfélagsmiðlabanns. Mótmælin voru að mestu leyti skipulögð af ungu kynslóðinni í landinu. Svo fór að K. P. Sharma Oli, forsætisráðherra, sagði af sér ásamt fleiri ráðherrum. Þingkosningar fóru fram í mars 2026 og eru taldar mikilvægur prófsteinn á stöðu lýðræðisins í landinu og það hvort stjórnvöld geta brugðist við óánægju almennings og kröfum unga fólksins.

Sendiherra
Benedkt Höskuldsson

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
2006

Umdæmisríki
Indland, Ástralía, Nepal, Nýja Sjáland og Sri Lanka

Fjölþjóðasamstarf
International Solar Alliance

Fjöldi útsendra diplómata
3

Fjöldi staðarráðinna
9

Sendiráð í Osló

Vel heppnuð forsetaheimsókn og traustur bústaður kvaddur eftir 73 ára þjónustu

Dagana 8.-10. apríl kom forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, í ríkisheimsókn til Noregs. Heimsóknin lukkaðist vel og vakti talsverða eftirtekt í Noregi, ekki síst þar sem hún var fyrsta heimsóknin sem Ingrid Alexandra prinsessa tók formlega þátt í. Fyrsta opinbera heimsóknin sem hún tók óformlega þátt í var einmitt þegar hún heimsótti Ísland árið 2004 með foreldrum sínum, krónprinshjónunum, þá aðeins fimm mánaða gömul. Heimsóknin styrkti einstakt samband ríkjanna menningarlega, viðskiptalega og sögulega. Auk Oslóar heimsótti forsetinn Þrándheim.

Frá 1952 hefur embættisbústaður sendiherra í Noregi verið á Bygdøy. Bústaðurinn hefur því hýst ógrynni viðburða allt frá árdögum lýðveldisins og á þessum 73 árum hafa sautján sendiherrar búið þar. Húsið á sér einnig sterkar norskar rætur enda reisti það upphaflega Johan Throne-Holst, stofnandi súkkulaðiverksmiðjunnar Freia. Í desember 2025 var flutt í nýjan bústað; nánar tiltekið íbúð í miðborg Osló. Þessi flutningur endurspeglar þarfir nútímans og í honum er talsvert hagræði fólgið. Íbúðin þjónar öllum sömu kröfum og einbýlið á Bygdøy gerði.

Á liðnu ári tók sendiráðið á móti um fjölda umsókna um vegabréf, veitti námsmönnum í fjarnámi frá íslenskum námsstofnunum aðstöðu til að þreyta próf, afgreiddi ótal fyrirspurnir og aðstoðaði Íslendinga sem til sendiráðsins leituðu.

Hátt í þúsund gestir sóttu viðburði sendiráðsins í embættisbústað og annars staðar á árinu 2025. Mikill áhugi er á íslenskri menningu og listum í Noregi og sendiráðið hefur um langt skeið byggt upp traust tengslanet milli landanna. Af þeim fjölmörgu viðburðum sem sendiráðið skipulagði má nefna myndlistarsýningu Rósu Gísladóttur í embættisbústaðnum, fyrirlestur Guðna Th. Jóhannessonar fyrrverandi forseta í Oslóarháskóla, þátttöku sendiráðsins í Nýsköpunarviku Osló, fyrstu árlegu netnámskeiðin um hvernig hefja á rekstur í Noregi, kvikmyndasýningu tengda kvennafrídeginum og hina árlegu móttöku sendiráðsins í tilefni af degi íslenskrar tungu.

Sendiherra
Högni S. Kristjánsson

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
1947

Umdæmisríki
Noregur, Egyptaland, Pakistan og Tyrkland

Fjöldi útsendra diplómata
2

Fjöldi staðarráðinna
3

Sendiráð í Ottawa

Vinsælir veffundir og ráðstefna um öryggis- og varnarmál

Árið 2025 lagði sendiráð Íslands í Kanada áfram áherslu á að efla tvíhliða samvinnu ríkjanna á sviði menningar-, viðskipta-, öryggis- og varnarmála, auk þess að styrkja tengsl við norðurhéruð Kanada. Starfið naut einnig góðs af áframhaldandi og öflugu samstarfi norrænna sendiráða í Ottawa. Kanadísk stjórnvöld hafa aukinn áhuga á því að dýpka samstarf og samskipti við Ísland og Norðurlöndin.

Á vettvangi tvíhliða samstarfs, hóf sendiráðið undirbúning fyrir þriðja tvíhliða samráð Íslands og Kanada, sem fer fram á Íslandi í mars 2026, og hélt áfram með vinsæla veffundi í samstarfi við sendiráð Kanada í Reykjavík. Samstarf sendiráðsins við öldungardeildarþingkonuna Marilou McPhedran (Manitoba) leiddi til stofnunar Kanada-Íslands vinahóps á vettvangi þingsins í Ottawa. Sem merki um vaxandi tengsl ríkjanna ákvað Kanada að samnýta húsnæði með Íslandi tímabundið þegar það opnaði fyrstu ræðismannsskrifstofu sína í Nuuk á Grænlandi í nóvember sl.

Sendiráðið lagði áfram áherslu á að skapa tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki á þremur lykilsviðum: bláa hagkerfinu, endurnýjanlegri orku og grænum lausnum, auk stafrænnar tækni. Sendiráðið gegndi mikilvægu hlutverki í stofnun Kanadísk-íslenska viðskiptaráðsins og kom jafnframt á framfæri áhuga íslenskra stjórnvalda á því að uppfæra fríverslunarsamninginn milli Kanada og EFTA við alþjóðaviðskiptaráðherra Kanada. Önnur verkefni sendiráðsins á sviði viðskipta sneru m.a. að því að taka þátt í sýningum víðs vegar um Kanada, skipuleggja heimsókn íslenskra jarðvarmafyrirtækja til Yukon og undirbúa ráðstefnu um tvíþættar tæknilausnir á Íslandi.

Sendiráðið skipulagði ennfremur þriðju ráðstefnu Íslands og Kanada á sviði öryggis- og varnarmála, sem fram fór í Reykjavík í júní. Á síðari hluta ársins hófust einnig viðræður um mögulega þátttöku Íslands í samstarfi um öryggi á hafi (e. Maritime Security Partnership), auk þess sem rætt var um samvinnu við kandarísku netöryggismiðstöðina.

Loks skipulagði sendiráðið tvo fjarfundi með sendiráði Kanada á Íslandi til að minnast 150 ára afmæli „Nýja Íslands“ í Manitoba og undirbjó þátttöku Höllu Tómasdóttur, forseta Íslands, á Íslendingadeginum í Gimli í ágúst. Einnig lagði sendiráðið sitt af mörkum við að kynna íslenskt listafólk í Kanada í samstarfi við Iceland Music.

Árið markaði einnig upphaf nýs samstarfsverkefnis norrænu sendiráðanna í Ottawa og Norrænu ráðherranefndarinnar, þar sem sendiráðið tók þátt í því að skipuleggja heimsóknir til Nova Scotia.

Sendiherra
Auðbjörg Halldórsdóttir

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
2001

Umdæmisríki
Kanda

Fjöldi útsendra diplómata
1

Fjöldi staðarráðinna
2

Sendiráð og fastanefndir Íslands í París

Leiðtogahlutverk Frakka, samstarf í varnarmálum, jafnrétti og nýsköpun

Á róstusömum tímum hefur Frakkland gegnt lykilhlutverki á alþjóðavettvangi. Snemma árs leiddu Frakkar og Bretar saman evrópska leiðtoga til stuðnings Úkraínu og sótti forsætisráðherra fundi hópsins í París. Frakkland og Sádí-Arabía efndu til fundar um tveggja ríkja lausnina og fóru fyrir hópi ríkja sem viðurkenndu sjálfstæði Palestínu í leiðtogaviku 80. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í New York. Fulltrúar Íslands tóku einnig þátt í fundum um gervigreind, fjölmiðlafrelsi og jafnréttismiðaða utanríkisstefnu sem fram fóru í París sem og þriðju hafráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem að þessu sinni var haldin í Nice í Suður-Frakklandi.

Í ljósi sameiginlegra hagsmuna á alþjóðavettvangi hefur sendiráðið lagt ríka áherslu á að styrkja samband Frakklands og Íslands, sem er einnig lykilþáttur í hagsmunagæslu Íslands innan Evrópska efnahagssvæðisins. Á samráðsfundi ríkjanna í júní var skrifað undir undir samkomulag um aukið samstarf ríkjanna á sviði öryggis- og varnarmála. Þá fór reglubundið samráð stjórnvalda á sviði Evrópumála og alþjóðapólitískra málefna fram í París í desember þar sem m.a. var rætt um leiðir til að styrkja tengsl ríkjanna, jafnt á sviði alþjóða- og Evrópusamstarfs og viðskipta.

Frakkland einn mikilvægasti markaðurinn fyrir íslenska menningu. Sendiráðið stóð fyrir sýningu á verkum Guðnýjar Rósu Ingimarsdóttur og íslenska kvikmyndin Snerting var opnunarmyndin á norrænni kvikmyndahátíð í París. Í lok árs var jafnréttisbaráttan í fyrirrúmi þegar sendiráðið og fastanefndin gagnvart UNESCO efndu til pallborðsumræðna um það bakslag sem orðið hefur í jafnréttisbaráttunni á alþjóðavísu og heimildarmyndin Dagurinn sem Ísland stöðvaðist um kvennafrídaginn 1975 var sýnd fyrir fullum sal. Nýsköpun og tækni á sviði grænna orkuskipta voru í brennidepli á norrænum orkudegi í nóvember. Loks var lokið við gerð samnings Vísindagarða HÍ við nýsköpunar- og tæknigarðinn Sophia Antipolis í Suður-Frakklandi um samstarf á sviði nýsköpunar.

Sendiráðið hefur leitast við að efla tengsl við stjórnvöld í Portúgal og í sumar náðist samkomulag milli Íslands, Liechtenstein, Noregs og Portúgal um nýtt framkvæmdatímabil Uppbyggingarsjóðs EES. Þátttaka íslenskra samstarfsaðila í verkefnum í Portúgal hefur aukist á undanförnum árum og stendur til að bæta enn í á nýju samstarfstímabili sjóðsins. Breyting varð á umdæmisríkjum sendiráðsins þegar Spánn, Andorra og Ítalía færðust til annarra sendiráða en auk Frakklands og Portúgals eru umdæmisríki sendiráðsins Alsír, Líbanon, Marokkó, Mónakó og Túnis, þar sem franska er víða töluð í stjórnsýslunni.

Sendiráðið er jafnframt fastanefnd Íslands hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) sem nánar er fjallað um í köflum 4.6 og kafla 1.5.

Sendiherra
María Mjöll Jónsdóttir

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
1946

Umdæmisríki
Frakkland, Alsír, Líbanon, Mónakó, Portúgal, Túnis, Marokkó.

Fjölþjóðasamstarf
Sendiráðið er jafnframt fastanefnd Íslands gagnvart Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO)

Fjöldi útsendra diplómata
5

Fjöldi staðarráðinna
3

Sendiráð í Peking

Forsetaheimsókn, 30 ára starfsafmæli og Íslandsdagur í Mongólíu

Halla Tómasdóttir forseti Íslands sótti Kína heim 13.–17. október til að ávarpa 30 ára hátíðarfund kvennaráðstefnunnar í Peking. Hún átti jafnframt fund með Xi Jinping, forseta Kína, þar sem þau ræddu farsæl samskipti ríkjanna. Á fundinum ítrekaði forseti afstöðu íslenskra stjórnvalda til alþjóðlegra áskorana og þá einkum loftslagsmála, mannréttinda- og jafnréttismála, árásarstríðs Rússlands í Úkraínu og ástandsins á Gaza. Í för með forseta var dómsmálaráðherra. Forseti hitti einnig fulltrúa íslenskra fyrirtækja í Shanghai. Heimsókninni lauk með tónleikum City Chamber Orchestra of Hong Kong til heiðurs forseta, þar sem flutt voru verk eftir íslensk samtímatónskáld. Vakti heimsóknin mikla athygli og löng viðtöl við forseta birtust í kínverskum fjölmiðlum.

Sendiráðið fagnaði 30 ára starfsafmæli á árinu og stóð fyrir fjölda landkynningarviðburða. Jafnréttismál voru þar áberandi í tilefni þess að 30 ár voru liðin frá kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking. Þar bar hæst fjölsótt samtal við forseta Íslands um jarðvarma og jafnréttismál, en einnig má nefna ráðstefnu um konur, endurnýjanlega orku og grænar lausnir, Norræna málstofu um samhengi kynjajafnréttis og hagsældar, og sýningu á heimildarmyndinni Dagurinn sem Ísland stöðvaðist. Þá stóð sendiráðið fyrir landkynningu og kynningu á íslenskum sjávarafurðum á Vest-Norræna deginum sem haldinn var í annað sinn með sendiskrifstofum Grænlands og Færeyja. Jafnframt skipulagði sendiráðið þátttöku íslenskra fyrirtækja í fimm ferða- og kaupstefnum víða um Kína og stóð fyrir Íslandsdegi í Mongólíu í samvinnu við ræðismann Íslands.

Skrifstofustjóri alþjóðapólitískra mála sótti Kína heim og fundaði með vara-utanríkisráðherra og skrifstofustjóra Evrópumála. Þá fylgdist sendiráðið náið með pólitískri og efnahagslegri þróun í Kína og kom á framfæri afstöðu og sjónarmiðum íslenskra stjórnvalda á fundum með stjórnvöldum, hugveitum, sveitastjórnum og sendiráðum líkt þenkjandi ríkja. Afstöðu íslenskra stjórnvalda var einnig miðlað í viðtölum við kínverska samfélags- og fjölmiðla og með færslum á kínverskri Weibo-síðu sendiráðsins, sem hlaut rúmlega sjö milljónir innlit á árinu og voru fylgjendur hennar 123 þúsund.

Þá heldur straumur ferðamanna frá Kína til Íslands áfram að aukast. Áætlað er að vel rúmlega 100 þúsund Kínverjar hafi sótt landið heim á árinu 2025 og fjölgaði áritunarumsóknum til sendiráðsins í Peking um 82% á árinu.

Sendiherra
Þórir Ibsen

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
1995

Umdæmisríki
Kína, Mongólía og Víetnam

Fjölþjóðasamstarf
Innviðafjárfestingabanki Asíu (AIIB), sendiskrifstofur Sþ, UNICEF, UN WOMEN, UNDP og Alþjóðabankinn

Fjöldi útsendra diplómata
5

Fjöldi staðarráðinna
12

Sendiráð og fastanefnd í Róm

Heimsókn forstjóra FAO og kaup á úkraínsku korni

Fastanefnd Íslands í Róm sinnir fyrirsvari gagnvart Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), Matvælaáætlun SÞ (WFP) og Alþjóðasjóði um þróun landbúnaðar (IFAD) og gætir hagsmuna Íslands á þeim vettvangi.

Árið 2025 átti Ísland sæti í FAO-ráðinu, sem er æðsta stjórnvald stofnunarinnar á milli aðalráðstefna en þær eru haldnar annað hvert ár. Slík ráðstefna var haldin í sumarbyrjun og var þar samþykkt að ráðast í endurskoðun á gervallri starfsemi FAO sem ætlað er að ljúki 2027.

Forstjóri FAO heimsótti Ísland í september sl. ásamt tveimur af þremur aðstoðarforstjórum stofnunarinnar. Við skipulagningu heimsóknarinnar var lögð áhersla á að kynna fyrir yfirstjórn FAO fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar á Íslandi og hvernig þar væri staðið að hafrannsóknum. Atvinnuvegaráðherra, í fjarveru utanríkisráðherra, undirritaði nýjan samstarfssamning Íslands og FAO til fimm ára sem tók gildi í árslok. Í honum eru tilgreind fjögur helstu samstarfssvið Íslands og FAO: (1) málefni og vistfræði hafsins, (2) bláa hagkerfið og nýting auðlinda sjávar, (3) jarðvegstengd málefni og (4) jafnréttismál. Á árinu hófst vinna við framkvæmdaáætlun sem nær til þessara sviða.

Stuðningur Íslands við starf WFP, umsvifamestu stofnun heims á sviði mannúðarstarfsemi, hefur verið aukinn markvisst á undanförnum árum, m.a. með sértækum stuðningi við kaup á korni frá Úkraínu. Á sama tíma og framlög til neyðaraðstoðar hafa minnkað snarlega er víða vaxandi þörf fyrir bráðaaðstoð. Engin önnur stofnun hefur viðlíka getu til að láta til sín taka á svæðum þar sem ríkir hungursneyð eða fæðuóöryggi og kom það berlega í ljós er vopnahléssamkomulag náðist á Gaza-ströndinni, þar sem aðgangur og öflugt dreifikerfi fyrir neyðaraðstoð var lykilatriði.

Á árinu var unnið var að því að endurskilgreina þátttöku Íslands í starfi IFAD og endurskoðun á samstarfssamningi við stofnunina.

Í samræmi við forsetaúrskurð um sendiráð, fastanefndir og aðalræðisskrifstofur frá 8. september 2025 tók sendiskrifstofan í Róm við tvíhliða forsvari og diplómatískum samskiptum gagnvart ítölskum stjórnvöldum og kom sú breyting til framkvæmda þann 9. desember 2025.

Sendiherra
Guðmundur Árnason

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
Sendiráð 2025, Fastanefnd frá 1999

Umdæmisríki
Ítalía og San Marínó

Fjölþjóðasamstarf
FAO, WFP og IFAD.

Fjöldi útsendra diplómata
2

Sendiráð í Stokkhólmi

Áhrifamikil heimsókn forseta og viðskiptasendinefndar

Tengsl Íslands og Svíþjóðar hafa styrkst enn frekar á undanförnum árum, einkum á sviði stjórnmála, viðskipta og menningar. Sendiráð Íslands í Stokkhólmi hefur lagt áherslu á að styðja við margvísleg verkefni á sviði skapandi greina, líftækni, ferðaþjónustu og náttúruafurða.

Mikilvægur þáttur í starfsemi sendiráðsins á árinu 2025 var undirbúningur fyrir þriggja daga ríkisheimsókn forseta Íslands til Svíþjóðar í boði konungshjónanna Karls XVI. Gústafs konungs og Silvíu drottningar. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, utanríkisráðherra og Alma Möller heilbrigðisráðherra tóku þátt í heimsókninni og áttu fundi með sænskum ráðherrum um alþjóðlegt og tvíhliða samstarf. Viðskiptasendinefnd, sem leidd var af Íslandsstofu og skipuð fulltrúum 30 íslenskra fyrirtækja, fylgdi forseta í heimsóknina. Þá tók sendinefnd á sviði sjónvarps- og kvikmyndagerðar þátt í dagskrá sem skipulögð var í samstarfi við Swedish Institute, sænska utanríkisráðuneytið, Kvikmyndamiðstöð Íslands og Film in Iceland. Kokkalandsliðið sá um veitingar úr íslensku úrvalshráefni. Heimsóknin styrkti tengsl ríkjanna og lagði grunn að frekara samstarfi á sviði heilbrigðismála, sjónvarps- og kvikmyndagerðar og öryggismála.

Á sviði menningar og lista stóð sendiráðið að og tók þátt í fjölbreyttum verkefnum árið 2025. Þar á meðal voru kynningar á sænskum þýðingum á íslenskum bókmenntum, meðal annars gegnum bókmenntaverkefnið Läs isländska böcker, sem miðar að því að efla útgáfu íslenskra bóka í Svíþjóð og styrkja tengslin við sænska lesendur.

Tónlistarhátíðin Reykjavík Rising, samstarfsverkefni sendiráðsins og tónlistarkonunnar Önnu Grétu Sigurðardóttur, var haldin í annað sinn. Markmið hennar er að kynna ungt, íslenskt tónlistarfólk fyrir fagaðilum og almenningi í Svíþjóð. Þá kom sendiráðið einnig að myndlistarsýningum, samstarfi gallería, tónleikahaldi og kynningum á íslenskum kvikmyndum og hönnun. Allt menningarstarf sendiráðsins var unnið í nánu samstarfi við kynningarmiðstöðvar listgreinanna á Íslandi og Íslandsstofu.

Viðskiptatengsl Íslands og Svíþjóðar halda áfram að vaxa. Vöruútflutningur til Svíþjóðar hefur aukist á undanförnum árum, einkum sjávarafurðir, aðrar matvörur, ál og álafurðir. Þjónustuviðskipti eru jafnframt áfram mikilvægur þáttur í viðskiptatengslum landanna.



Sendiherra
Bryndís Kjartansdóttir

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
1940

Umdæmisríki
Svíþjóð og Kýpur

Fjölþjóðasamstarf

Fjöldi útsendra diplómata
1

Fjöldi staðarráðinna
3

Sendiráð Íslands í Tókýó

Heimssýning, Taste of Iceland og erindi Jóns Gnarr og Yoko Kamikawa

Sendiráðið starfar á ört stækkandi og sífellt mikilvægari mörkuðum þar sem hagsmunir Íslands í Asíu fara vaxandi. Árið 2025 var lögð áhersla á stuðning við útflutning, að skapa ný tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki og að efla tengsl á sviði menningar, menntunar, nýsköpunar og stjórnmála.

Meginverkefni sendiráðsins á árinu 2025 var þátttaka Íslands í norrænum skála á Expo 2025 heimssýningunni í Osaka, sjá nánar í kafla 4.6. Sendiráðið vann afar náið með Íslandsstofu að skipulagningu viðburða og móttöku sendinefnda bæði forseta Íslands og atvinnuvegaráðherra.

Í maí stóðu sendiráðið og Íslandsstofa fyrir Taste of Iceland hátíð í Tókýó þar sem íslensk matvæli, menning og Ísland sem áfangastaður fyrir ferðamenn og skapandi greinar voru kynnt. Japönsk þýðing bókar um Vigdísi Finnbogadóttur var kynnt sérstaklega.

Sendiráðið stóð einnig fyrir málþingi um jafnréttismál í samstarfi við japanska fjölmiðla og Norrænu ráðherranefndina. Þar fluttu Jón Gnarr og Yoko Kamikawa, fyrrverandi utanríkisráðherra Japans, erindi. Jafnframt voru heimildarmyndin Dagurinn þegar Ísland stöðvaðist, bókin Sprakkar eftir Elizu Reid og barnabók Lindu Ólafsdóttur. Ég þori, ég get, ég vil, í japönskum þýðingum kynntar. Viðburðurinn vakti mikla athygli og hefur verið fylgt eftir með frekari kynningum.

Að auki skipulagði sendiráðið heimsókn rithöfundanna Yrsu Sigurðardóttur og Ragnars Jónassonar og kynningu á japönskum þýðingum á bókum þeirra í samstarfi við norræn sendiráð í Japan og Expo þáttökuna.

Sendiráðið stóð þannig fyrir eða kom að skipulagningu á tæplega 50 menningar- og viðskiptatengdum viðburðum á árinu 2025 í Tókýó, Osaka og víðar.

Á árinu varð sú breyting á starfsemi sendiráðs Íslands í Tókýó að Taíland bættist við umdæmi þess, en Austur-Tímor færðist frá sendiráðinu til utanríkisráðuneytisins. Fyrir eru í umdæminu Suður-Kórea, Filippseyjar, Indónesía og Singapúr. Stefnt er að því að árið 2026 verði sendiráðið miðstöð fyrir útgáfu Schengen-vegabréfsáritanna í Suðaustur-Asíu.

Fimm ára samstarf við Tama-borg í Tókýó um kynningu á Íslandi hélt áfram. Borgarstjórinn var heiðraður fyrir samstarfið og viljayfirlýsing um frekara samstarf var undirrituð við Reykjavíkurborg.

Sendiherra
Hreinn Pálsson

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
2001

Umdæmisríki
Japan, Suður-Kórea, Filippseyjar, Indónesía, Singapúr og Taíland

Fjölþjóðasamstarf
ASEAN - Samtök Suðaustur Asíuríkja

Fjöldi útsendra diplómata
3

Fjöldi staðarráðinna
6,5

Sendiráð í Varsjá

Minningarathöfn í Auschwitz og fjölgun umdæmislanda

Árið 2025 fór hratt af stað með opinberri heimsókn utanríkisráðherra til Úkraínu á fyrstu dögum ársins. Sendiráðið í Varsjá fer með málefni Úkraínu og hefur öll umsýsla og vinnuheimsóknir sendiráðsstarfsfólks þangað aukist jafnt og þétt frá opnun sendiráðsins í desember 2022.

Í lok janúar var utanríkisráðherra fulltrúi Íslands á minningarathöfn í Auschwitz þar sem þess var minnst að 80 ár voru liðin frá frelsun Auschwitz-Birkenau útrýmingarbúða nasista. Utanríkisráðherra fundaði í kjölfarið með utanríkisráðherra Póllands og öðrum ráðamönnum í Varsjá.

Árásarstríð Rússlands á Úkraínu litar daglegt líf og umræðu í Póllandi og öryggis- og varnarmál eru ráðamönnum ofarlega í huga. Vegna nálægðar við Úkraínu er landið miðstöð margvíslegrar aðstoðar vesturlanda við Úkraínu og hefur vægi Póllands, ekki síst innan Atlantshafsbandalagsins, aukist í samræmi við það hlutverk.

Pólverjar gengu til kosninga í maí og Karol Nawrocki var kjörinn forseti. Aukins titrings hefur gætt í innanríkismálum síðan hann tók við embætti í ágúst enda hefur stjórnartíðin einkennst af beitingu neitunarvalds gegn lagafrumvörpum.

Pólland leiddi ráðherraráð Evrópusambandsins fyrri hluta árs 2025. Atvinnuvegaráðherra og fyrrverandi menntamálaráðherra funduðu af því tilefni með pólskum ráðamönnum í Varsjá vorið 2025.

Utanríkismálanefnd sótti Pólland heim í lok september og fundaði með pólskum kollegum sínum og aðstoðarutanríkisráðherra Póllands. Í framhaldi tóku formaður utanríkismálanefndar og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra þátt í Warsaw Security Forum.

Biskup Íslands fór í opinbera heimsókn til Úkraínu ásamt höfuðbiskupum Norðurlandanna í lok september til að styrkja tengsl milli norrænna og úkraínskra kirkna.

Umsvif sendiráðsins í Varsjá jukust á árinu með fjölgun umdæmislanda. Fyrir sinnti sendiráðið í Varsjá Póllandi, Úkraínu, Búlgaríu og Rúmeníu en Georgía og Moldóva bættust við síðla árs.

Pólland, ásamt Búlgaríu og Rúmeníu, eru mikilvæg samstarfsríki Uppbyggingarsjóðs EES. Ísland leggur áherslu á verkefni á sviði sjálfbærni og endurnýjanlegra orkugjafa, lýðræðisþróunar og jafnréttismála á vettvangi sjóðsins og sendiráðið sinnir verkefnum hans eftir þörfum.

Í tilefni 50 ára afmælis kvennafrídagsins 1975 blés sendiráðið til jafnréttispallborðs með þátttöku Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og sýningar heimildarmyndarinnar Dagurinn sem Ísland stöðvaðist.



Sendiherra
Friðrik Jónsson

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
2022

Umdæmisríki
Pólland, Úkraína, Rúmenía, Búlgaría, Moldóva og Georgía

Fjölþjóðasamstarf
Uppbyggingarsjóður EES vegna Póllands, Rúmeníu og Búlgaríu, Eystrasaltsráðið (CBSS), ODIHR, Frontex

Fjöldi útsendra diplómata
2

Fjöldi staðarráðinna
3,5

Sendiráð og fastanefnd í Vín

Helskini-sáttmálinn 50 ára, stuðningur við Úkraínu og öryggi á ÖSE-svæðinu

Stríðið í Úkraínu og áherslur Íslands á lýðræði, réttarríkið, mannréttindi og jafnrétti voru þungamiðja í öllum málflutningi og starfsemi sendiskrifstofunnar í Vín á árinu 2025. Málflutningur Íslands á vettvangi ÖSE tekur mið af sérstöðu Íslands sem herlauss bandalagsríkis Atlantshafsbandalagsins og samstöðu Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna.

Fimmtíu árum eftir samþykki Helsinki-sáttmálans, sem markaði upphaf Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, hefur allsherjarinnrás Rússlands í Úkraínu áfram verið megin viðfangsefni stofnunarinnar. Ísland hefur sýnt Úkraínu afdráttarlausan stuðning. Fastanefndin fylgist einnig náið með stöðu mála á öðrum átakasvæðum ÖSE-svæðisins og á síðasta ári lýsti Ísland áhyggjum af ástandinu í Belarús og Georgíu. Í tilefni af 50 ára afmæli Helsinki-sáttmálans var Helsinki+50 ferlinu ýtt úr höfn til að ræða hvernig tryggja megi öryggi og stöðugleika á ÖSE-svæðinu. Ísland tók virkan þátt frá upphafi ásamt öðrum aðildarríkjum. Nýr vegvísir ÖSE um árangursríkari framkvæmd ályktunar öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið og öryggi var kynntur til leiks og gekkst Ísland undir skuldbindingar þess efnis. Fastanefndin nýtti einnig tækifæri á árinu til að styrkja sambandið við ýmis aðildaríki ÖSE, t.d. við Mið-Asíuríkin ásamt Norðurlöndunum. Þá fór Ísland með formennsku í samráðsnefnd samningsins um opna lofthelgi (OSCC) í byrjun síðasta árs.

Auk þess að vera fastanefnd gagnvart fjórum alþjóðastofnunum í Vín, er sendiskrifstofan einnig tvíhliða sendiráð gagnvart fimm ríkjum. Þrír starfsmenn hennar gegna því stóru og fjölbreyttu hlutverki en vinna þeirra sem fastanefnd gagnvart ÖSE nýtur forgangs. Fastanefndin fer einnig með fyrirsvar gagnvart Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA), Undirbúningsnefnd Samningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn (CTBTO) og stofnunum Sameinuðu þjóðanna í Vín (UNOV/UNODC). Auk Austurríkis eru Króatía, Slóvakía, Slóvenía og Ungverjaland í umdæmi sendiráðsins. Þau eru viðtökuríki uppbyggingarsjóðs EES og sinnir sendiráðið sérstaklega verkefnum undir hatti tvíhliða sjóðanna, sem nýtist jafnframt til að styrkja tvíhliða samskipti þess við umdæmisríkin. Auk sjóðsins leggur sendiráðið áherslu á að fylgjast með stjórnmálum í Austurríki og umdæmisríkjunum og sinna borgaraþjónustu sem ávallt er í forgangi. Áhersla á menningar- og viðskiptamál tekur mið af langtímastefnu stjórnvalda fyrir íslenskan útflutning.



Sendiherra
Helga Hauksdóttir

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
1999 (fastanefnd), 2001 (sendiráð)

Umdæmisríki
Austurríki, Króatía, Slóvakía, Slóvenía og Ungverjaland

Fjölþjóðasamstarf
Sendiskrifstofan er einnig fastanefnd Íslands gagnvart, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE/OSCE), Skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Vín (UNOV), Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA), Skrifstofu samningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnorkuvopn (CTBTO)

Fjöldi útsendra diplómata
1

Fjöldi staðarráðinna
2

Sendiráð í Washington

Rætt við Rubio og tengslin ræktuð á ýmsum sviðum

Bandaríkin eru lykilsamstarfsríki Íslands á sviði öryggis-, varnar- og viðskiptamála. Meginverkefni sendiráðsins er að hlúa að langvarandi tengslum ríkjanna, gæta íslenskra hagsmuna og treysta stjórnmálasamskipti og samstarf á þessum sviðum.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, utanríkisráðherra, ræddi við Marco Rubio, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, á hliðarlínum utanríkisráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins í maí. Þá voru tvíhliða samskipti, viðskiptamál og tollar í forgrunni fundar ráðherra í New York í september með Brendan Hanrahan, sem fer með málefni Evrópu í bandaríska utanríkisráðuneytinu. Í maí fór fram í Washington reglubundið samráð embættismanna ríkjanna um öryggis- og varnarmál.

Tengsl við Bandaríkjaþing eru mikilvægur þáttur í starfi sendiráðsins. Íslandsvinahópur þingmanna í fulltrúadeildinni kom saman í mars, en hann var stofnaður 2023 af þeim Chellie Pingree frá Maine og Greg Murphy frá Norður-Karólínu. Þá skipa norðurslóðir mikilvægan sess í starfi sendiráðsins og það er í virkum samskiptum við formenn vinahóps norðurslóða í öldungadeildinni, þau Lisu Murkowski frá Alaska og Angus King frá Maine.

Orkumál voru í öndvegi í kynnisferð fyrir hóp starfsmanna Bandaríkjaþings til Íslands sem sendiráðið skipulagði í september. Slíkar ferðir, sem Norræna ráðherranefndin fjármagnar, eru jafnan farnar annað hvert ár og hafa styrkt tengsl sem gagnast við hagsmunagæslu og aukið erindi og sýnileika Íslands gagnvart þinginu. Markvisst hefur verið unnið að því að rækta samstarf við einstök ríki Bandaríkjanna á sviði orku-, viðskipta- og menningarmála. Á árinu var stofnað til tengsla við Nýju-Mexíkó og Texas með nýtingu jarðvarma í forgrunni. Einnig hefur verið efnt til slíks samstarfs við Utah og Colorado.

Sendiráðið tók þátt í World Pride-viðburðum í Washington í júní. Atvinnuvegaráðherra ávarpaði mannréttindaráðstefnu og tók þátt í pallborði með formönnum Samtakanna 78 og Hinsegin daga og sendiherra stýrði umræðum. Norrænu sendiráðin héldu pallborð um málefni LGBTQ+, og tóku þátt í Pride-göngu að vanda. Sendiráðið stóð fyrir tveim sýningum á heimildamyndinni Dagurinn sem Ísland stöðvaðist og ræddi sendiherra kynjajafnrétti við ýmis fleiri tækifæri, þ.m.t. á viðburði í Austin, Texas á alþjóðlegum baráttudegi kvenna.

Sendiráðið tók á móti 188 umsækjendum um íslensk vegabréf og nafnskírteini árið 2025. Umsóknir til sendiráðsins um Schengen-vegabréfsáritanir voru 7708, þar af 6192 frá Bandaríkjunum og 1516 frá Kanada.



Sendiherra
Svanhildur Hólm Valsdóttir

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
1941

Umdæmisríki
Bandaríkin, Brasilía og Mexíkó

Fjölþjóðasamstarf
Sendiráðið fer með fyrirsvar gagnvart Samtökum Ameríkuríkja (e. Organization of American States, OAS) sem Ísland er áheyrnarríki að.

Fjöldi útsendra diplómata
5

Fjöldi staðarráðinna
3

Fastanefnd hjá Atlantshafsbandalaginu í Brussel

Aukin ábyrgð Evrópu og norðurslóðir í brennidepli

Tímamót urðu á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Haag í júlí sl. þegar ákveðið var að stórauka framlög til varnarmála, úr 2% í 5%, á næstu tíu árum, ekki síst til að bregðast við aukinni ógn frá Rússlandi. Á árinu jókst enn frekar spenna í samskiptum bandalagsins og Rússlands í kjölfar tíðra lofthelgisbrota, drónaatvika, netárása og skemmdarverka. Bandalagið hefur m.a. brugðist við með auknu eftirliti og bættum loftvörnum. Þá hafa varnaráætlanir verið uppfærðar og í lok síðasta árs voru öll Norðurlöndin sameinuð undir herstjórninni í Norfolk.

Norðurslóðir hafa fengið aukinn sess á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og voru mjög umleikis í heimsókn Mark Rutte, framkvæmdastjóra bandalagsins, til Íslands í nóvember sl. Rutte kynntist aðstæðum á Íslandi vel, þ.m.t. á öryggissvæðinu í Keflavík, og varð tíðrætt um stöðu Íslands sem augu og eyru bandalagsins á norðurslóðum.

Það reyndi á Atlantshafstengslin á síðasta ári en Bandaríkin hafa kallað eftir því að Evrópa axli aukna ábyrgð á öryggi álfunnar og stuðningi við Úkraínu. Evrópuríki og Kanada hafa svarað því kalli og juku framlög sín til varnarmála verulega á síðasta ári. Á sama tíma var kappkostað að viðhalda öflugum stuðningi við Úkraínumenn, m.a. í því augnamiði að þeir geti samið um réttlátan frið út frá sterkari stöðu á vígvellinum.

Málefni Kína og Indó-Kyrrahafssvæðisins taka sífellt meira rými í umfjöllun Atlantshafsbandalagsins sem og suðurjaðar þess, en næsti leiðtogafundur bandalagsins verður haldinn í Tyrklandi í júlí nk.

Framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins er sem fyrr vel metið og ríkur skilningur á sérstöðu Íslands sem aðildarríkis án eigin hers. Ísland er hins vegar ekki undanskilið þeim þrýstingi að halda áfram að bæta í varnartengd framlög sín og uppfylla þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, er snúa m.a. að getumarkmiðum, varnaráætlunum og gistiríkjastuðningi.

Fastanefnd sinnir daglegri hagsmunagæslu Íslands við stefnumótun og málarekstur. Lykilþáttur starfsins snýr að málafylgju vegna áherslumála Íslands, þ.m.t. gagnvart ógninni frá Rússlandi og varnarbaráttu Úkraínu. Aðrar áherslur Íslands lúta m.a. að innviðuppbyggingu á Íslandi og öryggi á norðurslóðum, áfallaþoli samfélaga og virðingu fyrir alþjóðalögum.

Fastafulltrúi
Jörundur Valtýsson

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
1952

Fjölþjóðasamstarf
Fastanefnd fer með fyrirsvar gagnvart Atlantshafsbandalaginu

Fjöldi útsendra diplómata
7

Fjöldi staðarráðinna
3

Fastanefnd og sendiráð í Genf

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna, formennska í EFTA og Evrópumót í fótbolta

Fastanefndin fer með fyrirsvar Íslands gagnvart alþjóðastofnunum í Genf og er einnig sendiráð Íslands gagnvart Sviss, Liechtenstein og Páfagarði.

Árið 2025 voru verkefni tengd Sameinuðu þjóðunum (SÞ) og alþjóðaviðskiptamál að venju þeir málaflokkar sem vógu þyngst í starfsemi fastanefndarinnar. Aukin togstreita innan alþjóðakerfisins, fjármögnunarkrísa SÞ og vinna við að auka skilvirkni (UN80) hafa sett mikinn svip á alþjóðlega samvinnu í Genf.

Í upphafi árs 2025 tók Ísland 2025 sæti í mannréttindaráði SÞ til þriggja ára og hefur starfsemi fastanefndarinnar verið endurskipulögð og styrkt til að takast á við verkefnið. Ísland leggur áherslu á algildi mannréttinda, jafnréttismál, málefni hinsegin fólks, málefni barna, tengsl mannréttinda og umhverfismála og afnám dauðarefsinga. Þá leiðir Ísland einnig starf ráðsins í málefnum Írans.

Ísland tók við formennsku EFTA-ráðsins í júlí en á vettvangi EFTA voru fjórir nýir fríverslunarsamningar undirritaðir á árinu við Kósovó, Taíland, Malasíu og Mercosur-ríkin. Fríverslunarviðræður við Víetnam hófust á ný og undirritaður var samningur við Singapúr um reglur stafræna hagkerfisins. Þá var fríverslunarsamningur EFTA og Úkraínu uppfærður.

Samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um bann við skaðlegum ríkisstyrkjum í sjávarútvegi tók gildi í september. Ísland átti ríkan þátt í að koma því máli á dagskrá WTO á sínum tíma og fastafulltrúi Íslands leiddi samningaviðræður um viðbótarákvæði við samninginn frá 2022–2025. Áherslur WTO eru nú á umbætur á stofnuninni en þar leggur Ísland áherslu á skilvirkari ákvarðanatöku og mikilvægi alþjóðaviðskipta sem byggja á skýru regluverki.

Mannúðarmál héldu áfram að skipa stóran sess í störfum fastanefndarinnar en nú í skugga yfirstandandi fjármögnunarkrísu. Fastanefndin tók virkan þátt í því að undirbúa heimsókn Filippo Grandi, flóttamannafulltrúa SÞ, til Íslands á haustmánuðum.

Fastanefndin vaktaði einnig hagsmuni Íslands gagnart WHO, ILO og öðrum stofnunum í Genf. Í samræmi við þingsályktun um framkvæmd barnasáttmála SÞ frá 2021, hefur fastanefndin jafnframt lagt aukna áherslu á réttindi barna.

Í störfum sendiráðsins bar hæst Evrópumót kvenna í knattspyrnu sem forseti Íslands, utanríkisráðherra og barna- og menntamálaráðherra sóttu öll ásamt fulltrúum sendiráðsins. Þá sinnti sendiráðið einnig mikilvægum borgaraþjónustuverkefnum.

Sendiherra
Einar Gunnarsson

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
1970 fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum í Genf
og 2018 sendiráð Íslands gagnvart Sviss

Umdæmisríki
Sviss, Liechtenstein og Páfagarður

Fjölþjóðasamstarf
Fastanefndin fer með fyrirsvar Íslands gagnvart hinum fjölmörgu alþjóðastofnunum sem hafa aðsetur í Genf, m.a. skrifstofu SÞ í Genf, skrifstofu mannréttindafulltrúa SÞ, skrifstofu flóttamannafulltrúa SÞ, Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, Alþjóðavinnumálastofnuninni, Alþjóðaráði Rauða krossins, Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) og EFTA

Fjöldi útsendra diplómata
7

Fjöldi staðarráðinna
3

Fastanefnd í New York

Hriktir í stoðum alþjóðakerfisins á afmælisárinu

Það hrikti í stoðum alþjóðakerfisins árið 2025 og Sameinuðu þjóðirnar og stofnanir þeirra fóru ekki varhluta af því. Þær risu úr öskustó seinni heimsstyrjaldar árið 1945 undir dyggri forystu stórveldanna og var því áttatíu ára afmæli þeirra fagnað á þessu sama ári. En viðhorf nýrra stjórnvalda í Bandaríkjunum til grundvallarmála í stofnsáttmálanum og samstarfsins, samhliða kröfum um niðurskurð og hagræðingu, hafa nú veruleg áhrif á starfsemina og framgang mála – bæði á vettvangi öryggisráðsins og allsherjarþingsins. Grafið hefur verið undan þeim alþjóðalögum og þjóðréttarlegu skuldbindingum, sem ríki heims hafa um langt skeið sammælst um.

Áfram var viðvarandi spenna vegna innrásarstríðsins í Úkraínu og mikillar togstreitu gætti vegna stöðu Palestínu og þeirra hryllilegu hörmunga sem átökin á Gaza hafa leitt af sér. Gríðarlegt mannfall óbreyttra borgara og þær hömlur sem Ísrael setti á mannúðarstarf á svæðinu voru reglulega til umræðu og kallað var eftir aðgerðum, neyðaraðstoð og vopnahléi.

Í júlí fór fram utanríkisráðherrafundur allsherjarþingsins um tveggja ríkja lausn fyrir Palestínu. Fundur þessi, sem utanríkisráðherra Íslands sótti, markaði tímamót því þar lýsti fjöldi vestrænna ríkja yfir vilja sínum til að viðurkenna sjálfstæði Palestínu. Leiðtogar ríkjanna staðfestu svo viðurkenninguna í upphafi 80. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, sem forsætis- og utanríkisráðherra sóttu. Í nóvember samþykkti öryggisráðið svo ályktun um frið á Gaza, sem leiddi til vopnahlés, aukinnar mannúðaraðstoðar og gerði íbúum kleift að snúa aftur heim til sín.

Árlegur fundur um samninginn um réttindi fatlaðra var sóttur af félagsmálaráðherra í apríl. Í ávarpi sínu áréttaði ráðherra að Ísland ætlaði sér að lögleiða sáttmálann síðar á árinu og nú hefur það verið gert. Þá leiddi dómsmálaráðherra sendinefnd Íslands á árlegu kvennanefndarþingi í marsmánuði. Fastanefndin tók virkan þátt í umræðum og atkvæðagreiðslum um afvopnunar-, þróunar-, mannréttinda- og alþjóðalagamál í allsherjarþinginu og nefndum þess. Þá leiddi hún ályktun um landgræðslu auk þess sem fulltrúar utanríkisráðuneytis, með stuðningi fastanefndar, tóku þátt í árlegum viðræðum um gerð hafréttar- og fiskveiðiályktana, ásamt undirbúningsfundum fyrir gildistöku nýs samnings undir hafréttarsáttmálanum (BBNJ) sem Ísland fullgilti í desember síðastliðnum.

Fastafulltrúi
Anna Jóhannsdóttir

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
1965 (þ.e. sem sjálfstæð fastanefnd í New York, 1946-1965 sinnt frá Washington)

Umdæmisríki
Dóminíska lýðveldið og Kúba

Fjölþjóðasamstarf
Fyrirsvar gagnvart Sameinuðu þjóðunum

Fjöldi útsendra diplómata
6

Fjöldi staðarráðinna
2

Fastanefnd í Strassborg

Rússar verði dregnir til ábyrgðar fyrir brot á alþjóðalögum

Fastanefndin í Strassborg sinnir ýmsum verkefnum og samráði á vegum Evrópuráðsins og vinnur að framgangi þeirra gilda sem liggja til grundvallar störfum ráðsins. Markmiðið er að efla samvinnu aðildarríkjanna og standa vörð um mannréttindi, lýðræði og grundvallarreglur réttarríkisins. Fastafulltrúi Íslands situr allt árið í ráðherranefndinni sem fer með ákvarðanatöku Evrópuráðsins og utanríkisráðherra sækir reglulega ráðherrafundi ráðsins.

Undir Evrópuráðið heyra Mannréttindadómstóll Evrópu, þing Evrópuráðsins og þing sveitar- og héraðsstjórna í Evrópu auk fjölmargra sérfræðinganefnda. Um 50 íslenskir sérfræðingar taka þátt í störfum þessara nefnda og er þátttaka annarra ráðuneyta og þingmanna er því alla jafna meiri í störfum Evrópuráðsins en flestum öðrum alþjóðastofnunum.

Árið 2025 einkenndist af umræðum um allsherjarinnrás Rússa í Úkraínu þar sem áhersla var lögð á samstöðu með Úkraínumönnum og að draga Rússa til ábyrgðar fyrir brot á alþjóðalögum. Á leiðtogafundinum í Reykjavík 2023 var lagður grunnur að alþjóðlegu skaðabótakerfi, sem miðar að því að tryggja fórnarlömbum innrásarinnar skaðabætur. Fyrsti áfanginn í því ferli er tjónaskrá fyrir Úkraínu. Árið 2025 náðist verulegar árangur með skráningu rúmlega 100 þúsund bótakrafna. Í desember var Ísland meðal þeirra ríkja sem undirritaðuðu stofnsamning sérstakrar bótanefndar á ráðstefnu í Haag. Undirbúningur að því að setja á laggir sérstakan dómstól fyrir Úkraínu er langt kominn.

Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins lagði fram áætlun um hvernig styrkja megi lýðræði og stuðla að frekari þróun þess, bæði innan og utan álfunnar, meðal annars með auknum sýnileika ráðsins og nánara samstarfi við alþjóðlegar stofnanir. Þá gerðist Ísland aðili að tveimur vinahópum, annars vegar um samstarf við frjáls félagasamtök og hins vegar um réttindi LBGTQ, og studdi enn fremur tvær yfirlýsingar sem samþykktar voru, annars vegar um þátttöku ungs fólks og mannréttindi intersex fólks hins vegar.

Á fundi dómsmálaráðherra í desember var samþykkt tillaga um að hefja samningaviðræður um yfirlýsingu um mál innflytjenda, sem stefnt er á að verði samþykkt á ráðherrafundi 2026. Yfirlýsingin frá leiðtogafundinum í Reykjavík í maí 2023 er mikilvægur grundvöllur starfsemi Evrópuráðsins og er vísað til hennar á öllum stigum samstarfsins.

Fastafulltrúi
Gréta Gunnarsdóttir

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
1997

Fjölþjóðasamstarf
Fastanefndin gegnir fyrirsvari gagnvart Evrópuráðinu.

Fjöldi útsendra diplómata
1

Fjöldi staðarráðinna
1

Aðalræðisskrifstofa í Nuuk

Sterkari tengsl þjóna hagsmunum beggja ríkjanna

Á árinu 2025 fóru fram tvær mikilvægar heimsóknir íslenskra ráðherra til Grænlands. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, utanríkisráðherra, heimsótti fyrst landið í september. Hún átti tvíhliða fund með Vivian Motzfeldt, utanríkisráðherra Grænlands, þar sem rætt var um öryggis- og varnarmál, áskoranir og tækifæri á norðurslóðum, auk möguleika á frekara samstarfi ríkjanna í ört breytilegum heimi. Ráðherra fylgdist einnig með alþjóðlegu varnaræfingunni Arctic Light. Þorgerður Katrín lagði áherslu á mikilvægi þess að rækta tengslin við Grænland og nágranna í Norður-Atlantshafi, auk þess að styrkja eftirlit og viðbragðsgetu á svæðinu.

Í október heimsótti svo Kristrún Frostadóttir, forsætisráðherra, Grænland, þar sem hún fundaði með Jens-Frederik Nielsen, formanni grænlensku landsstjórnarinnar, og heimsótti stofnanir, skóla og fyrirtæki í Nuuk. Á fundinum lögðu leiðtogarnir áherslu á áframhaldandi starf á grundvelli samstarfsyfirlýsingar Íslands og Grænlands frá 2022 og ræddu meðal annars möguleikann á að flýta undirbúningsvinnu fyrir gerð viðskiptasamnings milli landanna. Í sameiginlegri yfirlýsingu var áréttað að Ísland og Grænland vinni áfram náið saman í norrænu samstarfi og á vettvangi Norðurskautsráðsins til að stuðla að sjálfbærri efnahagsþróun á Norður-Atlantshafssvæðinu.

Í sama mánuði tók Vivian Motzfeldt utanríkisráðherra Grænlands, þátt í Hringborði norðurslóða í Reykjavík. Hún lagði áherslu á virkt hlutverk Grænlands í alþjóðlegu samstarfi og undirstrikaði mikilvægi þess að íbúar og stjórnvöld á norðurslóðum hafi sjálf áhrif á ákvarðanir sem varða framtíð svæðisins. Hún tók þátt í umræðum um loftslagsmál, umhverfi hafsins, sjálfbæra þróun og rannsóknir – mál sem skipta Grænlendinga miklu máli. Þátttaka hennar var einnig tækifæri til að kynna formennsku Grænlands í Norðurskautsráðinu og styrkja samráð við bæði nágrannalönd og alþjóðlega samstarfsaðila.

Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að styrkja tengsl Íslands og Grænlands enda þjónar traust samstarf hagsmunum beggja landanna þegar sjónir manna beinast í auknum mæli að norðurslóðum og vaxandi óvissu gætir á hinu alþjóðlega sviði.

Þá hyggja Kandamenn á að opna sína fyrstu ræðismannsskrifstofu í Nuuk og buðu íslensk stjórnvöld þeim að samnýta tímabundið húsnæði með Íslandi.

Aðalræðismaður
Þórður Bjarni Guðjónsson

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
2013

Fjöldi útsendra diplómata
1

Fjöldi staðarráðinna
1

Aðalræðisskrifstofa í Winnipeg

Nýja-Ísland 150 ára

Á árinu 2025 voru 150 ár liðin frá því að Nýja-Ísland varð til við strönd Winnipeg-vatns í Manitóba. Árið 1875 kom fyrsti stóri hópur Íslendinga vestur um haf og settist að þar sem nú er bærinn Gimli. Þessi tímamót mörkuðu upphaf fólksflutninga sem stóðu yfir meira og minna fram að fyrri heimsstyrjöld. Áfanganum var fagnað með margvíslegum hátíðarhöldum yfir allt stórafmælisárið. Hápunktur ársins var án efa heimsókn forseta Íslands, frú Höllu Tómasdóttur, á Íslendingadagshátíðina í Gimli. Heimsóknin vakti töluverða athygli. Forseti tók þátt í skrúðgöngu hátíðarinnar og flutti minni Kanada á heiðursdagskrá hennar. Einnig ferðaðist forseti um Íslendingaslóðir og þótti áhrifamikið að sjá af hversu mikilli alúð afkomendur íslenskra innflytjenda varðveita arfleifð sína.

Á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, var í Kanada formlega opnað stafrænt safn með yfirliti um útgefnar bækur, blöð, tímarit og fleira á íslensku allt frá því að Íslendingar settust að í Manitóba 1875. Stafræn sagnadeild sögusafns Kanada hýsir safnið og veitti styrk til útgáfunnar. Safnið er á þremur tungumálum, ensku, frönsku og íslensku, og er merkileg heimild um viðleitni íslenskra innflytjenda til að varðveita íslenska tungu í Vesturheimi.

Ekki er hægt að telja upp alla þá viðburði er áttu sér stað á árinu, en þó má nefna Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Gimli, sem haldin var í 25. sinn, og var þar lögð áhersla á að sýna íslenskar kvikmyndir. Einnig heimsóttu íslenskir tónlistarmenn Manitóba á árinu, auk þess sem Eliza Reid kynnti nýjustu bók sína.



Aðalræðismaður
Vilhjálmur Wiium (2022)

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
1999

Umdæmisríki
Fylkin Manitóba, Saskatchewan og Alberta í Kanada

Fjöldi útsendra diplómata
1

Fjöldi staðarráðinna
1

Aðalræðisskrifstofa í Þórshöfn

Blómlegt menningarlíf og gróska í viðskiptum

Færeyjar eru meðal nánustu samstarfsríkja Íslands enda eiga grannþjóðirnar tvær margvíslega hagsmuni sameiginlega. Pólitísk samskipti hafa aldrei verið meiri og gagnkvæmar heimsóknir forystufólks tíðar.

Aksel V. Johannesen, lögmaður Færeyja, bauð Kristrúnu Frostadóttur, forsætisráðherra, í opinbera heimsókn til Færeyja í maí. Þetta var fyrsta opinbera heimsókn forsætisráðherra erlendis og kynnti hún sér sérstaklega uppbyggingu samgönguinnviða, laxeldi og auðlindastefnu. Forsætisráðherra fundaði einnig með leiðtogum Færeyja, Grænlands, Danmerkur og Noregs um stöðu öryggis- og varnarmála í Norður Atlantshafi. Vægi þess málaflokks hefur aukist mjög í kjölfar aukinna umsvifa skuggaflota Rússlands á nærsvæðum Norðurlanda og ummæla Bandaríkjaforseta um yfirtöku Grænlands. Færeyingar koma nú í auknum mæli að stefnumótun Dana á sviði öryggis-og varnarmála á norðurslóðum.

Alræðisskrifstofan sinnir blómlegu mennta- og menningarsamstarfi af elju. Tónlistarfólk frá Íslandi tekur reglulega þátt í færeyskum tónlistarhátíðum og eftirspurn er eftir rithöfundum frá Íslandi til þátttöku í bókmenntaviðburðum. Aðalræðisskrifstofan tók m.a. þátt í því að undirbúa alþjóðlega bókmenntahátíð, sem var sú fyrsta sinnar tegundar í Færeyjum. Á vordögum hélt Katrín Jakobsdóttir, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrirlestur um íslenska menningu á vegum Norræna félagsins og Ari Eldjárn tróð upp á vel sóttum skemmtikvöldum.

Fróðskaparsetur og Háskóli Íslands héldu fjölsótta háskólahátíð í Þórshöfn í september og af því tilefni var Guðni Th. Jóhannesson, fyrrverandi forseti Íslands, sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við hátíðlega athöfn. Nú er unnið að því að þétta enn samstarf Fróðskaparseturs við íslenskrar háskólastofnanir.

Á Degi íslenskrar tungu hinn 16. nóvember skipulagði aðalræðisskrifstofan sérstaka bókmenntadagskrá í samstarfi við Norðurlandahúsið í Þórshöfn.

Þá er mikil gróska í viðskiptum Íslands og Færeyja. Þessi aukning byggist ekki síst á Hoyvíkursamningnum frá 2006, víðtækasta fríverslunarsamningi sem þjóðirnar hafa undirritað. Nú liggur fyrir ákvörðun utanríkisráðherra landanna um að farið verði í endurskoðun á samningnum síðar á þessu ári samhliða heildarendurskoðun á gagnkvæmum fiskveiðisamningum, bæði er varðar kvótaskipti og aðgang að lögsögu.



Aðalræðismaður
Hannes Heimisson

Hvaða ár sendiskrifstofan hóf störf
2007

Útsendir starfsmenn
1

Fjöldi staðarráðinna
1

Nýr sendiherra Japans á Íslandi, Keizo Takewaka, ásamt forseta Íslands á Bessastöðum. Mynd: Embætti forseta Íslands.

7.2 Samskipti við sendiskrifstofur erlendra ríkja

Prótókollskrifstofa hefur umsjón með málefnum erlendra sendiráða og sendiskrifstofa á Íslandi, þar á meðal útgáfu dvalarleyfa, persónuskilríkja, kennitalna og atvinnuleyfa fyrir erlenda sendierindreka og aðstandendur þeirra. Alls starfa um 75 diplómatar erlendra ríkja hér á landi.

Skrifstofan fer einnig með málefni íslenskra kjörræðismanna erlendis og erlendra ræðismanna á Íslandi.

Skrifstofan stýrir samskiptum ráðuneytisins við embætti forseta Íslands og hefur umsjón með afhendingum trúnaðarbréfa fyrir erlendra sendiherra gagnvart Íslandi og veitingu trúnaðarbréfa fyrir íslenska sendiherra.

Skrifstofan sér um útgáfu og umsýslu opinberra vegabréfa og sinnir samskiptum við íslensk stjórnvöld varðandi skráningu, skilríki og almenna þjónustu fyrir erlent sendiráðsfólk. Auk þess tryggir skrifstofan að erlend sendiráð og starfsfólk þeirra njóti þeirra réttinda og verndar sem kveðið er á um í Vínarsamningnum um stjórnmálasamband.

Á vef ráðuneytisins er að finna diplómatalista (e. Diplomatic and Consular List) þar sem erlendir sendierindrekar (diplómatar) eru skráðir, auk kjörræðismanna erlendra ríkja á Íslandi. Alls eru 143 ríki með skráðar sendiskrifstofur gagnvart Íslandi, auk sendiskrifstofa Grænlands og Færeyja – en 19 erlendar sendiskrifstofur eru staðsettar á Íslandi.

Skrifstofan sinnir mikilvægu leiðbeinandi hlutverki vegna skipulags opinberra athafna á Íslandi og vinnur með lögreglu og öðrum aðilum að skipulags- og öryggismálum tengdum opinberum heimsóknum og erlendum sendinefndum.

1. ágúst 2025 voru málefni menningar og viðskiptaþjónustu færð á viðskiptaskrifstofu ráðuneytisins.

Afhending trúnaðarbréfa

Alls afhenti 21 sendiherra erlendra ríkja forseta Íslands trúnaðarbréf árið 2025, þar af tveir með aðsetur á Íslandi, sendiherrar Finnlands og Japans. Í árslok 2025 höfðu 89 sendiherrar afhent trúnaðarbréf og um 20 til viðbótar hlotið samþykki en ekki enn afhent.

Ræðisskrifstofur erlendra ríkja á Íslandi

Á Íslandi starfa 62 kjörræðismenn fyrir hönd 53 ríkja, flestir íslenskir ríkisborgarar. Þeir gæta hagsmuna viðkomandi ríkja og ríkisborgara þeirra á Íslandi auk þess að starfrækja Félag kjörræðismanna á Íslandi.

Sendiráð Íslands, fastanefndir gagnvart alþjóðastofnunum og aðalræðisskrifstofur Íslands

Ísland starfrækir 27 sendiskrifstofur í 23 ríkjum, og skiptast þær í sendiráð, fastanefndir gagnvart alþjóðastofnunum og aðalræðisskrifstofur.

Í forsetaúrskurði frá 2025 um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og aðalræðisskrifstofur er sagt til um staðsetningu íslenskra sendiskrifstofa en á árinu 2025 var sendiráð opnað í Madríd á Spáni og fastanefnd Íslands í Róm uppfærð í sendiráð.

Ræðismenn Íslands erlendis

Ísland er með 204 ólaunaða kjörræðismenn í 102 ríki. Lögð er rík áhersla á að viðhalda neti kjörræðismanna en á árinu 2025 voru 10 nýir kjörræðismenn skipaðir og 11 létu af störfum.

Utanríkisráðherra ásamt sendiherrum erlendra ríkja á þjóðhátíðardegi Íslendinga 17. júní 2025. Mynd: Utanríkisráðuneytið.

Skammstafanir

AMMR Asylum Migration Management Regulation
Reglugerð um málsmeðferðarreglur umsókna um alþjóðlega vernd

BBNJ Agreement under the United Nations Convention on the Law of the Sea on Marine Biodiversity
Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni sjávar

BEAC Barents Euro-Arctic Council
Barentsráðið

BFC Blue Food Coalition
Bláfæðubandalagið

BIS Bank for International Settlements
Banki fyrir alþjóðlegar greiðslur

BMVI Border Management and Visa Policy Instrument
Landamærasjóður Evrópusambandsins um innra öryggi, landamæri og útgáfu vegabréfsáritana

CAFF Conservation of Arctic Flora and Fauna
Verndun gróðurs og dýralífs á Norðurslóðum

CBD Convention on Biological Diversity
Samningur um líffræðilega fjölbreytni

CBSS Council of the Baltic Sea States
Eystrasaltsráðið

CCDCOE NATO Cooperative Cyber Defence Centre of Excellence
Öndvegissetur Atlantshafsbandalagsins um netvarnir í Tallinn

CEDAW Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women
Samningur um afnám mismununar gagnvart konum

CERF Central Emergency Response Fund
Neyðarsjóður Sameinuðu þjóðanna

CFE Treaty on Conventional Armed Forces in Europe
Samningurinn um hefðbundinn herafla í Evrópu

CITES Convention on International Trade in Endangered Species of Wild Fauna and Flora
Samningur um alþjóðaverslun með tegundir í útrýmingarhættu

CoE Council of Europe
Evrópuráðið

COP Conference of the Parties
Ráðstefna aðildarríkja

CTBT Comprehensive Nuclear-Test-Ban Treaty
Samningurinn um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn

DAC Development Assistance Committee
Þróunarsamvinnunefnd

EBU European Broadcasting Union
Samband evrópskra sjónvarpsstöðva

ECB European Central Bank
Seðlabanki Evrópu

ECOSOC United Nations Economic and Social Council
Efnahags- og félagsmálanefnd Sameinuðu þjóðanna

EES European Economic Area
Evrópska efnahagssvæðið

EFTA European Free Trade Association
Fríverslunarsamtök Evrópu

EIB European Investment Bank
Evrópski fjárfestingarbankinn

ESA European Space Agency
Evrópska geimferðastofnunin

ESB European Union
Evrópusambandið

ESTA Electronic System for Travel Authorization
Rafræn ferðaheimild

ETIAS European Travel Information and Authorisation System
Evrópskt upplýsingakerfi um ferðaheimildir

EUIPO European Union Intellectual Property Office
Hugverkastofa Evrópusambandsins

FAO United Nations Food and Agriculture Organization
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna

FATF Financial Action Task Force
Alþjóðavinnuhópur um aðgerðir gegn peningaþvætti

GRÓ GRÓ - Centre for capacity development, sustainability and societal change
GRÓ - Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu

HCCH The Hague Conference on Private International Law
Haag-ráðstefnan um alþjóðalög

IAEA International Atomic Energy Agency
Alþjóðakjarnorkumálastofnunin

ICAO International Civil Aviation Organization
Alþjóðaflugmálastofnunin

ICC International Criminal Court
Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn

ICJ International Court of Justice
Alþjóðadómstóllinn í Haag

ICRC International Committee of the Red Cross
Alþjóðaráð Rauða krossins

IDA International Development Association
Alþjóðaframfarastofnunin

IDAHOT International Day Against Homophobia, Transphobia and Biphobia
Alþjóðlegur dagur gegn fordómum gagnvart hinsegin fólki

IFAD International Fund for Agricultural Development
Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar

IIBA Indo-Icelandic Business Association
Íslensk-indversku viðskiptasamtökin

ILO International Labour Organization
Alþjóðavinnumálastofnunin

IMF International Monetary Fund
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

IMO International Maritime Organization
Alþjóðasiglingamálastofnunin

INTERPOL Interpol
Alþjóðalögreglan

IOC-UNESCO Intergovernmental Oceanographic Commission
Alþjóðahaffræðinefnd Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna

IPDC International Programme for the Development of Communication
Milliríkjaráð alþjóðaáætlunar um þróun fjölmiðlunar

IRENA International Renewable Energy Agency
Alþjóðastofnun um orkumál

ISA International Seabed Authority
Alþjóðahaffræðinefnd

ITU International Telecommunication Union
Alþjóðafjarskiptasambandið

JEF Joint Expeditionary Force
Sameiginlega viðbragðssveitin

NATO North Atlantic Treaty Organization
Atlantshafsbandalagið

NCIA NATO Communications and Information Agency
Netöryggismiðstöð Atlantshafsbandalagsins

NCM Nordic Council of Ministers
Norræna ráðherranefndin

NIH Nordic Innovation House
Norræn nýsköpunarhús

NORDEFCO Nordic Defence Cooperation
Norrænt varnarsamstarf

NPT Treaty on the Non-Proliferation of Nuclear Weapons
Samningur um takmörkun á útbreiðslu kjarnavopna

OCHA United Nations Office for the Coordination of Humanitarian Affairs
Samræmingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu
þjóðanna í mannúðarmálum

ODIHR Office for Democratic Institutions and Human Rights
Mannréttinda- og lýðræðisstofnun Öryggis- og
samvinnustofnunar Evrópu

OECD Organisation for Economic Co-operation and
Development
Efnahags- og framfarastofnunin

OHCHR United Nations Human Rights Council
Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna

OPCW Organisation for the Prohibition of Chemical Weapons
Efnahvarnastofnunin

PAC Partnership for Atlantic Cooperation
Samtök strandríkja við Atlantshafið

SACEUR Supreme Allied Commander Europe
Yfirhershöfðingi Atlantshafsbandalagsins

SOFF Systematic Observations Financing Facility
Kerfi fyrir skipulega vöktun

StratCom Strategic Communications
Stefnumiðuð samskipti

UDCG Ukraine Defense Contact Group
Ríkjahópur sem styður varnarbaráttu Úkraínu

UN Women United Nations Entity for Gender Equality and the
Empowerment of Women
Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti
og valdeflingu kvenna

UNCTAD United Nations Conference on Trade and Development
Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og þróun

UNDP United Nations Development Programme
Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna

UNEA United Nations Environment Assembly
Umhverfisþing Sameinuðu þjóðanna

UNECE United Nations Economic Commission for Europe
Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu

UNEP United Nations Environment Programme
Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna

UNESCO United Nations Educational, Scientific and Cultural
Organization
Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Sameinuðu
þjóðanna

UNFCCC United Nations Framework Convention on Climate Change
Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar

UNFPA United Nations Population Fund
Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna

UNHCR United Nations High Commissioner for Refugees
Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna

UNICEF United Nations Children's Fund
Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna

UNIDO United Nations Industrial Development Organization
Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna

UNITAR United Nations Institute for Training and Research
Þjálfunar- og rannsóknastofnun Sameinuðu þjóðanna

UNODC United Nations Office on Drugs and Crime
Skrifstofa Sameinuðu þjóðanna um eiturlyf og glæpi

UNRWA United Nations Relief and Works Agency for Palestine
Refugees in the Near East
Palestínuflóttamannaaðstoð Sameinuðu þjóðanna

UPR Universal Periodic Review
Jafningarýni

UPU Universal Postal Union
Alþjóðapóstsambandið

USAFE United States Air Forces in Europe
Flugher Bandaríkjanna í Evrópu

WCO World Customs Organization
Alþjóðatollamálastofnunin

WEOG Western European and Others Group
Vesturlandahópurinn

WFP United Nations World Food Programme
Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna

WHO World Health Organization
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin

WIPO World Intellectual Property Organization
Alþjóðahugverkastofnunin

WMO World Meteorological Organization
Alþjóðaveðurfræðistofnunin

WTO World Trade Organization
Alþjóðaviðskiptastofnunin

ÖSE Organization for Security and Co-operation in Europe
Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

Atriðisorðaskrá

Ábyrgðarskylda 6, 11, 15, 24

Aðalræðisskrifstofa 115, 116, 132, 142, 143, 144, 146
Nuuk 46, 61, 129, 142
Winnipeg 143
Þórshöfn 144

Afganistan 21, 24, 26, 72, 81, 82, 84

Afríka 24, 30, 57, 72, 78, 80, 81, 103

Afvopnunarmál 7, 22, 63, 64, 140

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna 22, 48, 140

Ályktun öryggisráðsins nr. 1325, sjá einnig konur, friður og öryggi 19, 21, 100, 136

Alþingi 11, 12, 16, 17, 19, 30, 34, 41, 49, 50, 54, 57, 70, 91, 93, 96, 107, 125

Alþjóðabankinn 8, 12, 72, 78, 82, 91, 131

Alþjóðadómstóllinn í Haag, ICJ 48, 148

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF 148

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO 139, 149

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA 136, 148

Alþjóðalög 3, 4, 5, 10, 11, 14, 15, 16, 17, 22, 23, 27, 38, 44, 46, 48, 51, 72, 138, 140, 141, 148

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands 86, 110

Alþjóðastofnun um endurnýjanlega orkugjafa, IRENA 29, 30, 91, 148

Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO 97, 139, 149

Alþjóðlega hugverkastofnunin, WIPO 149

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn 6, 46, 47, 148

Argentína 94, 126

Asía 44, 45, 60, 103, 131, 134

Ástralía 57, 95, 96, 127

Atlantshaf 6, 56, 60, 68

Atlantshafsbandalagið, NATO 3, 4, 6, 9, 10, 11, 13, 14, 15, 21, 35, 38, 39, 41, 44, 52, 53, 54, 55, 56, 57, 58, 59, 60, 61, 62, 64, 65, 66, 67, 68, 69, 70, 109, 125, 135, 136, 137, 138, 148, 149

Átök fyrir botni Miðjarðarhafs 6, 16, 37, 48, 109

Atvinnulíf 7, 8, 44, 48, 70, 72, 90, 93, 95, 98, 127

Auðlindamál 11, 33, 49, 98, 119, 126, 132

Baltic Sentry 56, 65

Bandaríkin 3, 6, 10, 11, 14, 22, 35, 41, 42, 54, 55, 56, 58, 59, 61, 62, 65, 67, 69, 70, 90, 93, 102, 103, 107, 108, 137, 138, 140, 149

Bangladess 90

Barentsráðið 36, 148

Barnaheill 86, 87, 89

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF 7, 8, 13, 71, 72, 73, 77, 80, 83, 87, 120, 122, 124, 131, 149

Belarús 50, 136

Belgía 67, 69, 102, 103, 119

Berlín 9, 59, 100, 118

Borgaraþjónusta 9, 105, 106, 107, 109, 118, 123, 126, 136

Bosnía-Herzegovina 58

Brasilía 29, 30, 50, 94, 95, 96, 137

Bretland 6, 32, 42, 60, 61, 62, 65, 96, 102, 103, 125

Buikwe 7, 79, 122

Buikwe, samstarfshérað Íslands 7, 79, 122

Búlgaría 41, 135

Chile 50, 126

Danmörk 6, 8, 10, 35, 36, 37, 48, 56, 61, 92, 94, 102, 103, 110, 119, 123, 144

Dómsmálaráðuneyti 21, 66, 70

Dynamic Mongoose 67

Eastern Sentry 57

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD 8, 84, 95, 97, 130, 149

EFTA, Fríverslunarsamtök Evrópu 3, 6, 8, 11, 17, 42, 44, 47, 48, 50, 51, 92, 93, 94, 95, 102, 119, 127, 129, 139, 148

Egyptaland 128

Eistland 57, 63, 64, 95, 121

Ekvador 95

El Salvador 85

Embætti ríkislögreglustjóra 55, 64, 65, 66, 67, 69

Endurnýjanleg orka 6, 29, 30

Evrópa 3, 4, 6, 8, 11, 12, 14, 18, 28, 35, 36, 38, 41, 52, 53, 55, 57, 58, 59, 60, 61, 64, 70, 93, 94, 95, 102, 103, 118, 119, 136, 137, 138, 141, 148, 149

Evrópska efnahagssvæðið, EES 3, 8, 38, 41, 42, 47, 48, 51, 62, 63, 92, 93, 94, 103, 110, 118, 119, 123, 130, 135, 136, 148

Evrópuráðið, CoE 6, 15, 18, 27, 28, 41, 141, 148

Evrópusambandið, ESB 3, 6, 12, 15, 31, 32, 37, 38, 39, 41, 47, 48, 49, 57, 58, 59, 62, 64, 65, 82, 93, 94, 96, 97, 103, 109, 118, 119, 121, 123, 125, 135, 148

Eyðimerkurmyndun 22

Eystrasaltsráðið, CBSS 36, 41, 65, 135, 148

Eystrasaltsríkin 6, 11, 25, 34, 38, 60, 64, 69, 82, 121, 136

Eþíópía 86, 87

Færeyjar 31, 32, 36, 38, 61, 94, 102, 110, 131, 144, 145

Farandfólk 97

Farendur 24

Fastanefnd 26, 27, 84, 115, 116, 117, 125, 130, 132, 136, 138, 139, 140, 141, 146

Fastanefnd › New York 6, 22, 140

Fastanefnd › Róm 132

Fastanefnd › Strassborg 20, 27, 141

Fastanefnd › Vín 136

Fátækt 72, 79, 86, 90, 97, 122

Félag Sameinuðu þjóðanna 87

Félagasamtök 8, 12, 13, 21, 25, 26, 29, 32, 72, 73, 76, 77, 79, 82, 83, 86, 87, 88, 91, 141

Ferðamenn 43, 44, 107, 131, 134

Ferðaþjónusta 94, 100, 126, 133

Finnland 6, 28, 29, 34, 35, 36, 37, 38, 56, 59, 60, 61, 62, 63, 64, 67, 69, 98, 102, 121, 146

Fiskeldi 78, 104

Fiskimál 78

Fiskveiðisamningar 6, 31, 144

Fjárfestingar 8, 12, 34, 44, 55, 70, 82, 90, 91, 95, 97

Fjármála- og efnahagsráðuneytið 95

Fjölmiðlafrelsi 18, 26, 110, 130

Fjölþáttaógnir 7, 34, 36, 53, 56, 57, 61, 62, 64, 65, 66, 69

Flóttafólk 13, 21, 122

Flóttamannabúðir 73

Flóttamannafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, UNHCR 13, 17, 81, 122, 149

Fólksflutningar 66, 97, 143

Forsætisráðherra 9, 11, 17, 19, 22, 23, 37, 38, 39, 40, 46, 54, 57, 62, 118, 119, 127, 130, 142, 144

Forsætisráðuneyti 17, 21, 66

Forseti Íslands 9, 17, 18, 19, 34, 37, 43, 44, 45, 46, 62, 98, 99, 120, 121, 125, 128, 129, 131, 133, 134, 139, 143, 144, 145, 146

Frakkland 6, 31, 32, 33, 34, 40, 61, 62, 65, 102, 103, 130

Freetown 9, 77, 120

Friðar- og öryggismál, sjá einnig öryggismál 11, 13, 21, 22, 23, 55, 60, 64, 72

Fríverslun 5, 93

Fríverslunarsamningur 11, 42, 44, 50, 93, 94, 95, 102, 127, 139, 144

Frumbyggjar 35

Fullveldi 5, 11, 14, 46, 110

Gaza 11, 16, 17, 18, 22, 23, 26, 48, 72, 81, 86, 90, 131, 132, 140

Georgía 94, 135, 136

Gervigreind 63, 130

Grænar lausnir 98, 126, 131

Grænland 6, 11, 31, 35, 36, 37, 38, 46, 61, 102, 110, 123, 129, 131, 142, 144, 145

Grænvangur 30

Grikkland 123

GRÓ - Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu 8, 12, 21, 72, 84, 85, 86, 148

Hafréttarmál, BBNJ 33, 50, 140, 148

Hafréttarsamningurinn 50

Hagsmunagæsla 5, 9, 36, 42, 76, 92, 93, 119, 121, 130, 137, 138

Hamas, hryðjuverkasamtök 16

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna 22, 26, 34, 84, 85, 87

Heimsmarkmiðasjóður 90

Héraðsverkefni 122

Hergagnaflutningar 7, 64

Hernaðarlegur stuðningur við Úkraínu 14

Hernaðaruppbygging 61

Hjálparstarf **kirkjunnar** 86

Hlýnun jarðar, sjá einnig loftslagsbreytingar 36

Hoyvíkursamningurinn 144

Hreinlætismál 73, 74, 77, 80, 83, 122

Hringborð norðurslóða 38, 46

Hryðjuverk 48, 49, 56

Indland 6, 44, 50, 85, 93, 94, 107, 108, 127

Indónesía 108, 134

Innrásarstríð Rússlands 3, 15, 26, 28, 41, 65, 101, 123

Írak 86, 88

Íran 11, 17, 24, 50, 63, 139

Íslandsstofa 8, 18, 34, 45, 48, 70, 98, 99, 100, 123, 127, 133, 134

Íslensk hönnun 99, 123, 133

Íslensk tónlist 99, 100, 143, 144

Íslenskar bókmenntir 40, 99, 100, 121, 123

Ísrael 17, 23, 48, 140

Ítalía 68, 103, 130, 132

Jafnrétti 9, 10, 26, 45, 72, 73, 76, 86, 101, 120, 130, 136

Japan 6, 44, 45, 46, 57, 96, 99, 100, 102, 103, 108, 134, 145, 146

Jarðhiti 12, 44, 49, 82, 85, 86, 119, 127

Jarðvarmi 43, 44, 125, 131, 137

Jemen 72, 81

Jórdanía 50, 57, 82
Kafbátaleit 42, 67, 68

Kalangala 79, 122

Kanada 6, 34, 46, 55, 61, 62, 70, 96, 102, 103, 107, 129, 137, 138, 143

Keflavíkurflugvöllur 39, 56, 59, 62, 67, 68, 69

Kína 6, 19, 35, 43, 44, 56, 57, 58, 61, 63, 85, 94, 102, 103, 107, 108, 131, 138

Kjarnaframlög 18, 21, 29, 81, 83, 84

Kjarnavopn 63, 136, 149

Kjörræðismenn 106, 107, 116, 117, 126, 145, 146

Konur, friður og öryggi 19, 21

Kósovó 50, 58, 94, 139

Króatía 136

Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna 19

Kyn- og frjósemisheilbrigði 5, 13, 72, 73, 84, 122

Kynferðislegt ofbeldi 19, 86

Kynjajafnrétti, sjá einnig jafnrétti 5, 6, 8, 13, 18, 21, 24, 25, 72, 76, 81, 82, 83, 84, 122, 137, 149

Landgræðsla 140

Landgrunnsmál 49, 50

Landhelgisgæsla Íslands 14, 21, 46, 55, 57, 60, 65, 67, 68, 69, 70

Leiðtogafundur Evrópuráðsins 15, 27
Lettland 63, 64, 95, 121

Liechtenstein 38, 48, 51, 94, 118, 119, 130, 139

Líffræðileg fjölbreytni 31, 33, 148

Listir, sjá einnig menningarmál 86, 91, 100, 128, 133

Litáen 14, 63

Loftferðasamningar 94, 95

Loftrýmiseftirlit 56, 66

Loftrýmisgæsla 66, 67

Loftslagsbreytingar 6, 29, 32, 56, 80, 96, 149

Lýðræði 3, 11, 23, 27, 28, 29, 66, 71, 124, 136, 141

Lýðstjórnarlýðveldið Kongó 24, 80, 86

Madríd 9, 40, 105, 106, 115, 116, 126, 146

Mæðradauði 73

Mæðravernd 73, 74, 76, 78, 120

Mahsa Amini 24

Malasía 50, 94, 107, 139

Malaví 7, 30, 72, 73, 74, 76, 85, 86, 87, 88, 124

Málefni hafsins 6, 11, 31, 82, 84, 120

Málþing 18, 19

Mangochi, samstarfshérað Íslands 7, 73, 74, 76, 77

Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA 7, 12, 21, 72, 73, 77, 78, 83, 84, 120, 122, 124, 149

Mannréttinda- og lýðræðisstofnun ÖSE, ODIHR 135, 149

Mannréttindamál 6, 11, 18, 22, 23, 24, 25, 26, 27, 28, 29, 38, 72, 73, 81, 86, 120, 124, 136, 141

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna 23, 24, 25, 26, 84, 139, 149

Mannúð 4, 5, 47

Mannúðaraðstoð 6, 8, 12, 13, 16, 17, 48, 72, 80, 81, 83, 84, 86, 87, 88, 91, 109, 140

Mannúðarmál 11, 13, 17, 22, 72, 80, 81, 87, 139, 149

Mannúðarréttur 48

Mansal 36

Mark Rutte 9, 56, 57, 109, 138

Markaðssetning 48

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO 8, 84, 132, 148

Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna, WFP 7, 13, 17, 72, 73, 74, 75, 77, 81, 120, 122, 124, 132, 149

Matvælaframleiðsla 30

Matvæli 8, 84, 132, 134, 148

Menningarmál, sjá einnig listir 9, 40, 101, 118, 123, 125, 128, 133, 137

Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO 6, 26, 27, 32, 85, 101, 130, 148, 149

Menntamál 26, 42, 74, 75, 76, 77, 80, 81, 83, 97, 120, 122, 127, 134

Mercosur-ríkin 93, 94, 95, 139

Miðausturlönd 57

Milliríkjaviðskipti 45

Moldóva 13, 34, 65, 135

Mongólía 8, 22, 85, 131

Myanmar 22

N5, samstarf norrænu utanríkisráðherranna 34

Namayingo, samstarfshérað Íslands 73, 75, 79, 91, 122

Náttúruauðlindir 49, 72

NB8, samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja 14, 34, 37, 60, 121

Netárásir 47, 48, 49, 53, 64, 138

Netöryggi 7, 46, 57, 64

Netöryggismál 69, 148

Neyðaraðstoð, sjá einnig mannúðaraðstoð 16, 72, 86, 87, 132, 140

Neyðarsjóður Sameinuðu þjóðanna, CERF 81, 148

Neyðarsjúkrahús 75, 90

Neyðarvegabréf 106

Nkhotakota, samstarfshérað Íslands 7, 9, 75, 76, 124

Norðlæga víddin 36

Norður-Kórea 50, 63

Norðurlönd 6, 14, 24, 26, 34, 36, 61, 64, 90, 103, 123, 144

Norðurskaut 35

Norðurskautsráðið 35, 36, 37, 123, 142

Norðurskautsráðið, CAFF 148

Norðurslóðanet 36

Norðurslóðir 6, 11, 35, 36, 37, 38, 40, 42, 46, 53, 56, 58, 59, 60, 61, 62, 66, 67, 68, 70, 99, 118, 126, 137, 138, 142, 144, 148
Noregur 6, 10, 26, 30, 31, 32, 34, 36, 37, 38, 48, 51, 56, 60, 61, 62, 64, 67, 76, 94, 98, 102, 103, 106, 118, 119, 128, 130, 144

Norræn samvinna 34

Norræna ráðherranefndin 34, 137, 149

Norræna varnarsamstarfið, NORDEFCO 6, 59, 60, 149

Norrænt samstarf 34, 37, 110, 142

Nýja-Sjáland 34, 57, 94, 96

Nýsköpun 8, 9, 11, 32, 34, 70, 90, 95, 98, 99, 100, 101, 112, 118, 123, 126, 130, 134

Öndvegissetur um fjölþáttaógnir 69

Operation Legio 14

Orkumál 6, 11, 12, 29, 30, 38, 84, 90, 99, 121, 126, 137, 148

Orkuskipti 96, 125, 130

Öryggi neðansjávarinnviða 7, 49, 56, 61, 65

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE 6, 18, 28, 29, 136, 149

Öryggismál 9, 22, 34, 37, 38, 39, 40, 52, 53, 54, 58, 59, 60, 61, 62, 64, 66, 69, 112, 118, 133, 145

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna 16, 22, 136, 140

Pakistan 85, 128

Palestína 11, 17, 20, 23, 24, 40, 48, 81, 82, 88, 130, 140

Palestínuflóttamannaaðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNRWA 17, 48, 81, 149

Paragvæ 94

Parísarsamningurinn 85

Plastmengun 31, 44

Pólland 6, 14, 34, 36, 41, 57, 60, 63, 102, 103, 135

ProBlue 82

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar 148

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, UNFCCC 29, 30, 91, 149

Rauði krossinn, RKÍ 86, 90

Réttindi barnsins 24, 36, 80, 89, 139

Réttindi hinsegin fólks 5, 18, 19, 21, 23, 24, 26, 72, 76, 79, 82, 122, 137, 139, 148

Rúanda 87, 88

Rússland 3, 11, 12, 14, 15, 22, 24, 26, 27, 28, 29, 31, 34, 35, 36, 41, 44, 49, 52, 53, 55, 56, 57, 58, 60, 61, 62, 63, 65, 84, 95, 101, 121, 123, 131, 135, 136, 138, 141, 144

Sádi-Arabía 50, 96

Salernismál 76, 77

Sameiginlega viðbragðssveitin, JEF 6, 59, 60, 65, 67, 125, 149

Sameinuðu arabísku furstadæmin 107
Sameinuðu þjóðirnar 6, 12, 22, 29, 140

Samfélagsmiðlar 109

Samhæfingarherstjórn Atlantshafsbandalagsins fyrir Úkraínu, NSATU 14, 21, 55, 69

Samhæfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum, OCHA 13, 81, 149

Samstarfssjóður utanríkisráðuneytisins og atvinnulífsins 72

Schengen 8, 38, 96, 97, 134, 137

Sendiráð 9, 14, 40, 41, 42, 45, 46, 59, 62, 72, 77, 78, 85, 98, 106, 107, 114, 115, 116, 117, 118, 119, 120, 121, 122, 123, 124, 125, 126, 127, 128, 129, 130, 131, 132, 133, 134, 135, 136, 137, 139, 145, 146
- **Berlín** 9, 118
- **Brussel** 9, 119
- **Helsinki** 9, 121
- **Kaupmannahöfn** 9, 123
- **Lilongwe** 85
- **London** 9, 107, 125
- **Ottawa** 62
- **Peking** 85, 107
- **Stokkhólmur** 133
- **Tókýó** 134
- **Varsjá** 41
- **Washington** 5, 107, 137

Sendiskrifstofur, sjá einnig sendiráð, fastanefnd og aðalræðisskrifstofa 9, 18, 19, 21, 34, 98, 100, 106, 107, 109, 112, 115, 116, 117, 119, 121, 123, 125, 127, 129, 131, 133, 135, 137, 139, 141, 143, 145, 146, 147

Serbía 58

Síerra Leóne 7, 72, 73, 74, 77, 78, 79, 83, 85, 86, 88, 89, 120

Sjálfbærni 41, 71, 74, 96, 99, 135

Sjávarútvegur 44, 78, 82, 97, 98, 126, 127, 139

Skapandi greinar 100, 134

Slóvenía 136

Sómalía 86, 88

SOS Barnaþorpin á Íslandi 86, 87

Spánn 6, 9, 18, 40, 41, 67, 83, 84, 98, 102, 103, 105, 106, 107, 108, 115, 116, 126, 130, 146

Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar 54

Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, UN Women 8, 13, 21, 72, 78, 82, 83, 87, 120, 124, 131, 149

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar 36

Strandríki 31

Strassborg, sjá einnig Fastanefnd, Strassborg 20, 27, 141

Suður-Afríka 24

Suður-Ameríka 93

Suður-Súdan 80

Svæðasamstarf 72

Sviss 94, 96, 102, 103, 139

Svíþjóð 6, 35, 36, 37, 56, 60, 61, 65, 67, 68, 98, 102, 103, 106, 133

Sýrland 17, 50, 63, 72, 81, 86, 88

Tansanía 86, 87, 88, 95

Tékkland 118

Tjáningarfrelsi 26, 66

Tjónaskrá fyrir Úkraínu 15, 27, 141

Tógó 87, 88

Trúnaðarbréf 9, 115, 146

Tvísköttunarsamningar 8, 95

Tyrkland 18, 128, 138

Úganda 7, 8, 71, 72, 73, 74, 75, 79, 80, 81, 84, 86, 87, 88, 122

Úkraína 3, 4, 6, 9, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 18, 21, 22, 24, 25, 26, 27, 28, 29, 34, 35, 36, 37, 38, 40, 41, 44, 49, 50, 52, 53, 55, 56, 57, 59, 60, 61, 62, 63, 65, 66, 69, 72, 81, 82, 83, 84, 86, 87, 88, 94, 95, 101, 109, 121, 123, 125, 130, 131, 132, 135, 136, 138, 139, 140, 141, 149

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra 29, 31

Umhverfismál 24, 29, 31, 46, 77, 81, 96, 139

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna, UN Environment 6, 29, 149

Umhverfisþing Sameinuðu þjóðanna, UNEA 31, 149

Ungverjaland 102, 136

Uppbyggingarsjóður EES 41, 118, 135, 136

Upplýsingamiðlun 21, 34, 46, 56, 109

Upplýsingaóreiða 7, 53, 64, 65, 66, 110

Úrúgvæ 94

Utanríkismálanefnd 17, 41, 49, 57, 135

Utanríkisviðskipti 5, 8, 92, 93, 94, 95, 97, 99, 101, 103, 112, 114

Útflutningseftirlit 7, 63, 64

Útflutningsmarkaðir 40, 70, 94, 95, 119, 134

Útflutningur, sjá einnig utanríkisviðskipti 9, 43, 44, 49, 63, 98, 102, 103

Útgjöld 9, 55, 114

Úttekt 24, 74, 84, 89

USS Newport News 58, 59

Varnaræfing 7, 40, 61, 62, 67

Varnarmál, sjá einnig öryggismál 3, 4, 6, 9, 11, 14, 21, 35, 36, 37, 38, 39, 40, 41, 42, 46, 47, 52, 53, 54, 55, 56, 57, 58, 59, 60, 61, 62, 63, 64, 65, 66, 67, 68, 69, 70, 93, 110, 112, 114, 118, 121, 125, 129, 130, 135, 137, 138, 142, 144

Varnarstefna 6, 54

Varsjá 41, 135

Vatnsmál 7, 12, 42, 72, 73, 74, 76, 77, 80, 81, 83, 120, 122, 143

Vegabréf 106, 126, 128, 137, 145

Vegabréfsáritanir 9, 106, 107, 108, 125, 127, 137, 148

Vestnorrænt samstarf 38, 110

Vesturlönd 135

Viðskiptafulltrúi 98

Viðskiptaráð Íslands 98, 99

Viðskiptatækifæri 126

Viðskiptaþing 46

Viðskiptaþjónusta 8, 98, 104, 118, 127, 145

Víetnam 94, 131, 139

Vísindasamstarf 35

Vistkerfi 33, 55, 84

Vöruviðskipti 102

Yfirhershöfðingi Atlantshafsbandalagsins, SACEUR 56, 57, 59, 149

Þjóðaröryggisstefna 63

Þjónustuviðskipti 9, 36, 102, 133

Þróunarfræ 90

Þróunarsamvinna 4, 7, 8, 12, 18, 21, 23, 29, 30, 37, 71, 72, 73, 74, 75, 76, 77, 79, 81, 82, 83, 84, 85, 86, 87, 89, 90, 91, 110, 112, 114, 120, 122, 124, 148

Þróunarsamvinnunefnd OECD, DAC 84, 148

Þvingunaraðgerðir 6, 11, 15, 38, 46, 47, 48, 49, 50, 56, 57

Þýskaland 6, 14, 18, 21, 24, 34, 38, 40, 61, 62, 67, 69, 96, 102, 103, 118

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál
Utanríkisráðuneytið
Reykjastræti 8 – 101 Reykjavík
545 9900 | utn@utn.is

Apríl 2026

Ábyrgðarmaður: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Umsjón: Utanríkisráðuneytið
Prentun: Pixel prentþjónusta
@ 2026 – Utanríkisráðuneytið

stjornarradid.is

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál 2025

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið